


**4**

**Verð á dreifingu rafmagns í dreifbýli hefur hækkað um 275% frá 2005**

**26**



**Mýkt lambsullarinnar skapar ný tækifæri**

**28–29**



**Bændur og aðrir eiga að geta vaktað sín eigin lönd í framtíðinni**


# Bændablaðið

23. tölublað 2020 ● Fimmtudagur 3. desember ● Blað nr. 576 ● 26. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is





Nokkrar konur í Kvenfélaginu Einingu koma reglulega saman á Hvolsvelli til að prjóna vegna söfnunar áheita til styrktar góðum málefnum. Kannski er erfitt að þekkja þær á myndinni með grímurnar vegna COVID-19 faraldursins, en á bak við grímurnar eru samt, talið frá vinstri: Þórunn Ólafsdóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Brynja Bergsveinsdóttir, Jóhanna Elín Christensen, Rósalind Ragnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Sigþrúður Sigurjónsdóttir. Kvenfélagið Eining var stofnað 1926 og meðlimir eru 37. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Áheitaprjón á Hvolsvelli

### – Allt fyrir góð málefni

**Kvenfélagið Eining í Hvolhreppi stendur nú fyrir áheitaprjónaskap til styrktar góðum málefnum.**

„Þetta er mjög skemmtilegt verkefni og gefandi, konurnar hamast við að prjóna og það safnast í sarpinn hjá okkur,“ segir Margrét Tryggvadóttir, formaður Kvenfélagsins Einingar.

***Fyrir Kvennaathvarf, Konukot, Frú Ragnheiði og Dagrenningu***

„Markmiðið er að ná að prjóna 300 hluti fyrir 1. febrúar 2021. Allar prjónavörurnar ætlum við síðan að gefa skjólstæðingum Kvennaathvarfsins, Konukotsins og til Frú Ragnheiðar svo eitthvað sé nefnt. Peningar sem safnast svo með áheitum verða gefnir Björgunarsveitinni Dagrenningu hér á Hvolsvelli.“

Söfnunarreikningur áheitaprjónsins er: 0133-15-000289. Kt: 540601-2750. /MHH

### Gott hljóð í sauðfjárbændum á Urriðaá og á Bergsstöðum í Miðfirði:

# Byggja 300 fermetra stálgrindarhús á tveim bæjum til að auka þægindi við sauðburð

### – Eru með metár í fallþunga og bjartsýnir þrátt fyrir lágt afurðaverð

**Ólafur Rúnar Ólafsson og Dagbjört Diljá Einþórsdóttir, bændur á Urriðaá í Miðfirði, eru bjartsýn á framtíð sauðfjárbúskapar. Þau standa í stórræðum við útihúsabyggingar þessa dagana, ásamt nágranna sínum, Ara G. Guðmundssyni, bónda á Bergsstöðum, og konu hans, Elínu Önnu Skúladóttur.**

Þótt mikið hafi verið rætt um slæma afkomu í sauðfjárrækt og áframhaldandi niðurskurð í greininni, þá eru þessir bændur fullir bjartsýni og eru að stækka sinn húsakost.

„Það gengur bara ljómandi vel í sauðfjárbúskapnum,“ sagði Ólafur í samtali við Bændablaðið. Hann segir að lífið gangi sinn vanagang, en lítill sem enginn snjór hafi verið í haust þar til fyrir helgina, en talsvert frost hefur þó verið að undanförnu.

***Eru komin með 700 fjár og að byggja nýtt fjárhús***

„Við erum komin með hátt í 700 fjár og erum núna að byggja nýtt fjárhús. Við erum að byggja hér á tveim bæjum, hér hjá okkur og á þarnæsta bæ við mig á Bergsstöðum hjá Ara



Nýbygging í smíðum við Urriðaá. Myndir / Dagbjört Diljá Einþórsdóttir

Guðmundssyni. Hann er smiður og við höfum að mestu verið tveir að vinna í þessu. Þar er um að ræða alveg eins hús. Við fórum saman í þetta verkefni, að reisa tvö 300 fermetra stálgrindarhús sem eru klædd með yleiningum.“

*– Munið þið þá fjölga enn fénu með tilkomu nýju fjárhúsanna?*

„Við fjölgum ekki mikið meira, en þetta er aðallega hugsað sem vorhús og til að auka plássið sem við höfum.“

Þeir félagar voru að vinna við að klæða húsið á Bergsstöðum í síðustu viku en urðu síðan að stoppa til að bíða af sér veðrið sem gekk yfir fyrir helgina. Vonuðust þeir til að geta haldið áfram við að klæða húsin í þessari viku.

„Svo á eftir að vinna svolítið í húsunum að innan og er ætlunin að þetta verði klárt fyrir sauðburðinn í vor,“ segir Ólafur.

***Metár í fallþunga á Urriðaá og meðalvigt yfir 20 kg***

*– Hvernig var afkoman eftir sumarið og hvernig kom haustslátrunin út hjá ykkur?*

„Það var mjög gott og algjört metár, með fallþunga að meðaltali yfir 20 kíló. Það mætti svo sem alltaf fást meira fyrir afurðirnar, en það er samt ekkert hægt að kvarta. Þegar maður leggur sig allan fram við þetta, þá held ég að það sé vel hægt að hafa eitthvað upp úr þessu.“

Ólafur segir að þau hafi látið slátra sínu fé í næsta sláturhúsi sem er á Hvammstanga.

Sauðfjárbændur víðast um land vinna mikið fyrir utan bú sín og margir hafa rætt um að það geti algjörlega skipt sköpum við að halda rekstri sauðfjárbúa á floti. Sumir eru í verktakavinnu, við skólaakstur og snjómokstur og aðrir í kennslu eða byggingarvinnu. Sú virðist þó ekki alveg raunin á Urriðaá og sýnir uppbyggingin í búrekstrinum að þar er greinilega haldið vel á spöðum. Samt hefur fjölskyldan líka verið að stækka og þau hjón komin með



Fjárhúsbygging á Bergsstöðum.

tvö börn, stelpu og strák, þriggja og eins árs.

*– Þurfið þið þá ekki mikið að vinna fyrir utan búið?*

„Jú, aðeins, við höfum minkað það. Dagbjört hefur ekki farið aftur á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlofið. Ég er í ígripavinnu nokkra daga yfir árið. Búskapurinn hefur gengið vel og í raun komið okkur verulega á óvart,“ segir Ólafur.

***Bætir burðaraðstöðu***

Ari G. Guðmundsson, húsasmiður og bóndi á Bergsstöðum, og fjölskylda hans, er með 620 fjár. Hann segir að með byggingu á húsinu sé ekki ætlunin að fjölga fé, heldur aðeins að bæta aðstöðuna.

„Við höfum verið að nýta vélageymsluna og hlöðu undir sauðburðinn á vorin, en með tilkomu á þessu húsi þurfum við þess ekki lengur,“ segir Ari.

Hann segir að stefnt sé að því að klára að loka húsunum fyrir jól. Vissulega megi segja að bygging fjárhúsa í sveitum teljist til tíðinda nú til dags þegar sauðfjárbændur séu líklega frekar að hugsa um að skella í lás. – „Þetta er náttúrlega bilun,“ segir Ari og hlær.

***Metár á Bergsstöðum og fallþunginn um 20 kíló***

Afraksturinn út úr sauðfjárræktinni hjá þeim á Bergsstöðum eftir sumarið var mjög góður líkt og á Urriðaá.

„Fallþunginn var rétt tæp 20 kíló að meðaltali hjá okkur og þetta er algjört metár og ræktunin hefur því verið að koma vel út. Við kvörtum svo sem ekkert, en það er auðvitað galið að skilaverðið til okkar frá afurðastöð sé ekki nema 500 krónur á kílóið. Það má alveg segja að það sé skrítið þegar staðan er orðin sú hjá mörgum sauðfjárbændum að þeir séu að fá meira í stuðningsgreiðslur en þeir fá fyrir afurðir sínar. Það er eitthvað skakkt við slíkt,“ segir Ari G. Guðmundsson. /HKr.

**FRÉTTIR**

## Friðheimar í Reykholti taka í notkun nýtt 5.600 fermetra gróðurhús:

# Mun tvöfalda framleiðsluna og rúmlega það

**Verið er að taka í notkun þessa dagana nýju 5.600 fermetra gróðurhúsbyggingarnar hjá Friðheimum í Reykholti. Byrjað var að færa plöntur inn í uppeldishúsið í fyrri viku, en það er einn hluti af fjórþættri byggingu sem auk uppeldishúss samanstendur af vörumóttöku, pökkun og gróðurhúsi.**

Knútur Rafn Ármann hefur rekur Friðheima ásamt eiginkonunni, Helenu Hermundardóttur, og fjölskyldu frá 1995. Þau fagna því 25 ára afmæli á þessu ári.

Knútur segir að byrjað verði að færa plöntur inn í gróðurhúsið sjálft í þessari viku, en það er tvískipt.



Eitt helsta stolt Friðheima er ræktun á Piccolotómötum sem þykja afar bragðgóðir. Þess má geta að umbúðirnar eru ekki úr plasti heldur náttúruvænu efni sem brotnar auðveldlega niður í náttúrunni.



Nýja gróðurhús Friðheima er hér fremst á myndinni. Það er 5.600 fermetrar að flatarmáli og auk gróðurhúss er þar uppeldishús, pökkun og vörumóttaka. Myndir / Friðheimar

### *Munu tvöfalda framleiðsluna og rúmlega það*

„Með þessari byggingu munum við tvöfalda okkar framleiðslu og rúmlega það. Magnið ræðst af því hvernig við röðum í það plöntum fyrir smátómata og stóra tómata.

Ef við miðum við framleiðslu á hefðbundnum tómötum, þá væri hægt að framleiða þarna um 100 kg á fermetra á ári. Ræktunarrýmin í þessari byggingu eru um 4.600 fermetrar, þannig að framleiðsla á slíkum tómötum gæti verið nærri 500 tonn á ári.“

Knútur segir að ræktun Piccolotómata, eins og þau séu mikið að framleiða, skili kannski um þriðjungi í vigt á við hefðbundna tómata.

„Við munum bæta við ræktunina hjá okkur á Piccolotómötunum og einnig í hefðbundnu tómötunum,“ segir Knútur.



Starfsfólk Friðheima hefur verið í óða önn við að gera nýja gróðurhúsið klárt. Hér er rafvirkinn, Helgi Guðmundsson í Hrosshaga, að tengja dælukerfi hússins sem er mjög öflugt.

### *Leggja áherslu á bragðgæði*

Friðheimar voru útnefndir framúrskarandi fyrirtæki 2020 af Creditinfo og hafa verið útnefndir fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árin 2017, 2018, 2019 og 2020. Friðheimabændur leggja áherslu á að rækta tómata með mestu bragðgæðum sem völ er á og í góðri sátt við náttúruna. Tómatarnir eru ræktaðir allt árið um kring með fullkominni tækni á vistvænan hátt þar sem græn orka, tært vökvunarvatn og lífrænar varnir gera tómatana ferska og heilsusamlega. /HKr.

---

## Ostamálið farið að vinda upp á sig:

# Úttekt á framkvæmd tollamála í burðarliðnum

## – Talið er að málið sé viðamikið og taki margra mánaða rannsóknarvinnu þar sem fleira er undir en innflutningur á ostum

**Alþingi samþykkt undir lok nóvember beiðni níu þingmanna Miðflokksins um að úttekt færi fram á framkvæmd tollamála hjá Skattinum. Skoðun þessara mála var þegar komin í gang hjá sérfræðingum innan tollsins og Ríkisendurskoðun skoðar nú framkvæmd úttektar á málinu.**

Aðdragandi málsins var umræða um meint lögbrot við tollmeðferð vegna innflutnings á ostum og misræmi í upplýsingum frá ESB-löndum um útflutning á ostum og um innflutning á sömu ostum til Íslands á öðrum tollnúmerum.

Bændasamtök Íslands (BÍ) og Landssamband kúabænda (LK) sendu Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra tölvupóst þann 28. maí 2020, þegar rúm tvö ár voru liðin af gildistíma samningsins. Erindið var innflutningur á osti í töluverðu magni sem fluttur var inn á röngu tollnúmeri og þar með tollfrjáls sem jurtaostur, en seldur á Íslandi sem venjulegur ostur. Vísað var til þessa bréfs í umræðum á Alþingi.

### *Starfshópur settur í málið*

Þann 24. september 2020 skipaði fjármála- og efnahagsráðuneytið starfshóp til að skoða hvort misræmi væri að finna milli magns í útflutningstölum úr gagnagrunni Evrópusambandsins og innflutningstölum Hagstofu Íslands vegna ákveðinna tegunda landbúnaðarvara, þ.e. nautakjöts, svínakjöts, kjúklingakjöts og mjólkurafurða. Niðurstöður þess starfshóps voru birtar að morgni 22. október. Þar er m.a. bent á að það þurfi að auka nákvæmni í skjölun og eftirfylgni við tollafgreiðslu.

### *Áframhald boðað á vinnu starfshóps*

„Við viljum fara nánar ofan í þetta og ég hef þess vegna ákveðið að þessari vinnu skuli haldið áfram,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í umræðum á Alþingi þann sama dag. Í framhaldinu fóru níu þingmenn Miðflokksins fram á það að úttekt færi fram á framkvæmd tollamála og var það samþykkt. Úttekt slíkra mála annast Ríkisendurskoðun sem er ein af undirstofnunum Alþingis. Það er því ljóst að úttekt mun fara fram.

### *Gæti snúist um hundruð milljóna króna*

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins er málið mjög viðamikið og talið er að það snúist um að ríkissjóður hafi orðið af hundruðum milljóna króna vegna meintrar rangrar tollmeðferðar við innflutning. Snýst það ekki eingöngu um innflutning á ostum, því ábendingar hafa einnig borist um hugsanlegt misferli við innflutning á kjöti og mögulega fleiri landbúnaðarafurðum.



Það verður væntanlega fleira en innflutningur á ostum sem tollayfirvöld og Ríkisendurskoðun munu gera úttekt á. Mynd / Úr safni

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, sagði í grein sem birtist á vefritinu Vísi 30. nóvember að þarna hefðu evrópskir ostar breytt eðli sínu á leið yfir hafið á leið til Íslands. Þessar eðlisbreytingar höfðu í för með sér gerbreytta tollmeðferð. Ætla mætti að „sparnaður innflytjenda“ vegna þessa hafi numið um 300 milljónum á síðustu tólf mánuðum. Þarna er Þorsteinn samt eingöngu að tala um meint misferli við innflutning á ostum. Í niðurlagi greinar sinnar sagði hann:

„Undanskot gjalda og skatta hafa verið landlægt vandamál á Íslandi ærið lengi. Löngu er kominn tími til að taka á þessari ósvinnu. Ekki einasta verður ríkissjóður af réttmætum tekjum heldur skekkja öll undanskot heilbrigða samkeppni. Von mín stendur til að ráðherra fjármála og þingmeirihluti hans sjái loks ljósið og samþykki hærri fjárheimildir til tolleftirlits við fjárlagaafgreiðslu nú fyrir jólin.“

### *Tollurinn skoðar málið*

Samkvæmt fyrirspurn blaðsins til tollayfirvalda í sumar, var tollurinn þá þegar byrjaður að skoða málið og í svari sem barst í júlí kom fram að ábendingarnar væru til skoðunar af sérfræðingum embættisins en fjöldi mála sem vísað verður í feril fyrir endurákvörðun aðflutningsgjalda samkvæmt tollalögum lægi ekki fyrir. Vonir stæðu til að staðan skýrist töluvert á haustmánuðum eftir vinnu sérfræðinga.

„Reynast ábendingarnar réttar gætu fyrstu málin sem byggja á ábendingum verið kynntar innflytjendum á þessu ári. Við meðferð mála er nauðsynlegt að standa rétt að málsmeðferðarreglum skv. tollalögum og stjórnsýslulögum,“ sagði m..a í svarinu.

### *Allavega margra mánaða vinna að mati Ríkisendurskoðunar*

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi sagði aðspurður síðastliðinn mánudag, að þegar forkönnun á málinu væri lokið yrði gerð áætlun hjá Ríkisendurskoðun um úttektina. Ekki væri hægt að meta umfangið fyrr en þetta lægi fyrir, en ljóst væri að slík úttekt tæki allavega nokkra mánuði. /HKr.




VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

KUHN

## Áramótatilboð KUHN og Vélfangs
## Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar



**Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m**




**Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m**

## Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum



**Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m**



**Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m**

# Vertu klár – veldu KUHN



**Múgavélar 3,20 – 14,70 m**




**FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun**

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

Líftæknifyrirtækið Ísteka nýtir blóð úr fylfullum hryssum til framleiðslu á frjósemislyfjum:

# Fyrirtækið í örum vexti og hefur fjórfaldað húsnæðið á þremur árum

**Líftæknifyrirtækið Ísteka nýtir gjafablóð úr fylfullum hryssum til framleiðslu á frjósemislyfjum sem selt er til stórra lyfjafyrirtækja út um allan heim. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og jókst velta fyrirtækisins til muna á síðasta ári, eða um 80% á milli ára. Það óvenjustóra stökk má að miklu leyti þakka erlendu sérverkefni. Slagkraftinn sem þetta veitir fyrirtækinu hyggst það nýta til frekari vaxtar.**


Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka, heldur hér á frystu milliefni úr gjafablóði frá fylfullum, íslenskum hryssum. Myndir / ehg

„Við höfum verið hér í þessu húsi í 20 ár og einbeitt okkur að því að vaxa og styrkjast sem framúrskarandi framleiðandi á mikilvægri prótínafurð til útflutnings. Við einangrum prótínið úr blóði fylfullra hryssa og höfum skapað atvinnutækifæri og orðspor sem við erum afar stolt af. Við byggjum jafnframt á gömlum merg, því frumkvöðullinn Einar Birnir hjá G. Ólafsson hf. lagði grunninn að þessari starfsemi fyrir um 35 árum,“ segir Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en í dag eru um 40 starfsmenn hjá Ísteka.

*Fimm mínútna blóðgjöf*

Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tvær í Reykjavík. Annars vegar á Grensásvegi þar sem húsnæðið hefur á fáeinum árum verið fjórfaldað og hins vegar á Höfðanum þar sem fyrirtækið hefur undanfarin ár fært út kvíarnar.

„Uppi á Höfða erum við með hráefnismóttöku og frumvinnum þar blóðið í blóðplasma sem er upphafsefni framleiðslunnar á Grensásvegi. Við höfum mest verið að fá blóð frá bændum á Suðurlandi, í Húnavatnssýslum og eins úr Skagafirði en einnig eru nokkrir bæir á Vesturlandi og Norð-Austurlandi. Svo höfum við hvatt bændur í öðrum landshlutum til að taka upp þessa búgrein. Í ár hófust blóðgjafir í fyrsta skipti austur á Héraði og því má segja að við höfum lokað hringnum, en hann má enn þétta. Dýralæknar á þessum stöðum sjá um blóðgjafirnar fyrir okkur,“ útskýrir Arnþór og segir jafnframt að „dýralæknarnir staðdeyfi hryssuna fyrir blóðgjöfina sem tekur um fimm til tíu mínútur þannig að á hverju ári er þetta um klukkutíma löng blóðgjöf hjá hryssunni. Hver hryssa gefur að meðaltali 5-6 sinnum og í mesta lagi átta sinnum á sumri og í hvert sinn aldrei meira en fimm lítra af blóði.“

*Sérstaða íslenska hestsins*

Framleiðsla fyrirtækisins og velta hefur vaxið jafnt og þétt hin síðustu ár og tók stökk á síðasta ári. Árið 2016 hagnaðist fyrirtækið um 68 milljónir og hefur afkoman ríflega sjöfaldast á fjórum árum.

„Við tókum að okkur erlent sérverkefni í fyrra sem skýrir þessa miklu veltuaukningu og mun það einnig hafa áhrif á niðurstöðu þessa árs. Vonast er til þess að veltutölur lækki ekki mikið þegar áhrifa þessa verkefnis dvína. Því hyggjumst við ná með áframhaldandi framleiðsluaukningu úr blóði frá íslenskum sveitum. Fyrir allmörgum árum var verksmiðjan skoðuð af Lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) og framleiðsla lyfjaefnisins samþykkt fyrir Bandaríkjamarkað sem var ákveðin viðurkenning fyrir okkur. Starfsemin er einnig undir eftirliti Lyfjastofnunar. Við erum ekki ein um framleiðslu á efninu og eigum í samkeppni við nokkra erlenda aðila. Sérstaða Ísteka felst meðal annars í miklum stöðugleika framleiðsluvörunnar, þökk sé áreiðanlegum framleiðsluferlum, stöðluðum vinnubrögðum, stífu gæðaeftirliti og góðum orðstír sem spannar áratugi. Að auki má nefna að hér er lítið um smitsjúkdóma í hestum og staða og eftirfylgni með dýravelferð er hér mjög góð. Þetta er sem sagt framleitt víða í heiminum og við erum sérfræðingar á þessum sérhæfða markaði,“ segir Arnþór og bætir við:

„Við vinnum á breiðu sviði sem byrjar úti í sveit hjá bóndanum á blóðgjafartímabilinu sem er í ágúst og september ár hvert. Síðan fer blóðið í vinnslu hingað til Reykjavíkur og við vinnum efnið þá mánuði ársins sem blóðgjafir fara ekki fram. Að jafnaði líður um eitt ár frá því að hryssur gefa blóð uns lyfjaefnið er tilbúið til sölu til erlendra lyfjafyrirtækja. Fyrirtækin framleiða úr þessu frjósemislyf í lyfjaglösum sem seld eru til dýralækna um allan heim. Frjósemislyfið virkar í öllum spendýrum.“


Alexander Ingvarsson fylgist hér með hitastigi á lífefninu í sérherbergi þar sem eitt fjölmargra framleiðsluskrefa á sér stað.


Anna María Trang Davíðsdóttir að störfum í vinnslusal fyrirtækisins á Grensásvegi. Meðal framleiðslutími frá blóðgjöf hryssu að lyfjaefni er um eitt ár. Lyfjaefnið er selt til erlendra lyfjafyrirtækja sem nota það í frjósemislyf fyrir spendýr.

*Auka framleiðslugetuna*

„Bændum í samstarfi við okkur hefur fjölgað ár frá ári undanfarin ár og við óskum eftir fleirum. Verðflokkar til bóndans eru nokkrir, frá rúmum 8 þús. krónum og upp í rúmar 11 þús. krónur á hverja blóðgjöf hryssu. Þetta útleggst því sem um 45-70 þús. krónur á hryssu á meðalbúi og einstaka hryssa getur skilað afurðum fyrir yfir 90 þús. krónur fyrir utan virðisaukaskatt, bara af blóðinu. Þá eru verðmæti folaldsins ekki talin með svo þetta er ágætis búbót. Faglega er að öllu staðið og gott eftirlit með skepnunum og blóðgjöfunum. Blóðgjöfin sjálf er framkvæmd af dýralæknum öfugt við það sem þekkst hefur víða annars staðar. Ísteka heldur jafnframt úti sérstöku dýravelferðareftirliti og að sjálfsögðu eru allir sem í þessu eru undir eftirliti Matvælastofnunar. Því segi ég alltaf að það eru vandfundin húsdýr sem hafa það betra en blóðgefandi hryssur. Þær lifa við óvenju mikið frelsi og tiltölulega lítið áreiti frá manninum. Við höfum aukið framleiðslugetu okkar og sjáum fram á áframhaldandi vöxt með enn meira samstarfi við landbúnaðinn við öflun hráefnis til framleiðslunnar. Við óskum því eftir auknu samstarfi við bændur landsins.“

Þess má að lokum geta að verðþróun á blóði til þessarar vinnslu hefur verið langt umfram aðrar landbúnaðarvörur. Verð hefur til langs tíma hækkað á hverju ári. Nýverið ákvað stjórn Ísteka að bjóða samstarfsbændum sínum eingreiðslu að verðmæti 6% af innlögðum afurðum ársins 2020, til að hjálpa þeim að kljást við áhrif kórónuveirufaraldursins sem nú geisar. Útgefin verðskrá með árlegum hækkunum gildir til ársins 2023. */ehg*

Miklar áhyggjur meðal bænda vegna 9,9% boðaðra hækkana Landsnets á verði raforkudreifingar í dreifbýli:

# Verð á dreifingu í dreifbýli hefur hækkað um 275% frá 2005

**Landsnet hefur sent Orkustofnun tillögu að nýrri gjaldskrá sem áætlað er að taki gildi 1. janúar 2021. Fyrirhuguð breyting felur í sér að gjaldskrá til dreifiveitna hækkar um 9,9%. Samband garðyrkjubænda, Sölufélag garðyrkjumanna og Bændasamtök Íslands lýsa miklum áhyggjum af þeim hækkunum á gjaldskrá sem Landsnet hefur boðað.**

Í frétt á heimasíðu segir að Landsnet segi að þar sem kostnaður við flutning til heimila og smærri fyrirtækja er einungis 10–15% af rafmagnsreikningnum þá mun kostnaður þeirra einungis hækka um 1–1,5% vegna þessarar hækkunar.

Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst miklar framkvæmdir í flutningskerfinu sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja íbúum landsins öruggt aðgengi að rafmagni í takt við kröfur samtímans. Í óveðrunum síðasta vetur blöstu veikleikar kerfisins við og Landsnet er undir miklum þrýstingi að ráðast í úrbætur um allt land.

*Áhyggjur af hækkunum á gjaldskrá*

Samband garðyrkjubænda, Sölufélag garðyrkjumanna og Bændasamtök Íslands lýsa miklum áhyggjum af þeim hækkunum á gjaldskrá sem Landsnet hefur boðað frá og með 1. janúar næstkomandi.

Sú hækkun sem boðuð hefur verið til dreifiveitna er 9,9% og mun koma til hækkunar á framleiðslukostnaði í landbúnaði, ekki síst á ylræktuðum garðyrkjuafurðum, þar sem orkukaup eru einn stærsti þátturinn í framleiðslukostnaði, auk launakostnaðar.

Gjaldskrárhækkun á flutnings- og dreifingarkostnaði raforku vegna hækkana Landsnets mun leggjast á framleiðslukostnað til viðbótar þeim hækkunum sem verða vegna aukinna álagna á jarðefnaeldsneyti /flutningskostnað og kjarasamningsbundinna launahækkana.

*275% hækkun frá 2005*

Í yfirlýsingu frá SG, SFG og BÍ segir meðal annars að verð á flutningi og dreifingu raforku í dreifbýli hefur samtals hækkað um 275% frá 2005. Hækkunin er rúm 180% ef tekið er tillit til jöfnunargjalds stjórnvalda. Það er tæplega 179% umfram hækkun almenns verðlags (VNV) á sama tímabili, eða 84% hækkun umfram VNV að teknu tilliti til jöfnunargjaldsins. */VH*





Sú hækkun sem boðuð hefur verið til dreifiveitna er 9,9% og mun koma til hækkunar á framleiðslukostnaði í landbúnaði, ekki síst á ylræktuðum garðyrkjuafurðum. Mynd / HKr.







Sláttuvélar sem hafa slegið í gegn og halda því áfram!
Snúningsvélar, heytætlur eða heyþyrlur! Sama hvað þú kallar það þá veistu til hvers þær eru.
Rakstrarvélar sem múga upp í atvinnumannslega garða!

| SLÁTTUVÉLAR | LÝSING | Vinnslub. Mtr | Listaverð án vsk* |
|---|---|---|---|
| NOVACAT 301 *AM PRO* | FRAMSLÁTTUVÉL | 3,04 | 2.530.000 |
| NOVACAT 351 *AM PRO* | FRAMSLÁTTUVÉL | 3,46 | 2.690.000 |
| NOVACAT 351 *AM ED PRO* | FRAMSLÁTTUVÉL *MEÐ KNOSARA* | 3,46 | 3.270.000 |
| NOVACAT 302 | DISKASLÁTTUVÉL *Á ÞRÍTENGI 540 sn drif* | 3,04 | 1.650.000 |
| NOVACAT 352 | DISKASLÁTTUVÉL *Á ÞRÍTENGI 540 sn drif* | 3,46 | 1.860.000 |
| NOVACAT 352 | MIÐJUHENGD DISKASLÁTTUVÉL *1000 sn drif* | 3,46 | 2.190.000 |
| NOVACAT 402 | MIÐJUHENGD DISKASLÁTTUVÉL *1000 sn drif* | 3,88 | 2.390.000 |
| NOVACAT 442 | MIÐJUHENGD DISKASLÁTTUVÉL *1000 sn drif* | 4,30 | 2.690.000 |
| NOVACAT 352 ED | MIÐJUHENGD DISKASLÁTTUVÉL MEÐ KNOSARA *1000 sn drif* | 3,46 | 2.960.000 |
| NOVACAT 402 ED | MIÐJUHENGD DISKASLÁTTUVÉL MEÐ KNOSARA *1000 sn drif* | 3,88 | 3.280.000 |

| HEYÞYRLUR | LÝSING | Vinnslub. Mtr | Listaverð án vsk* |
|---|---|---|---|
| HIT 4,54 | LYFTUTENGDAR SAMANBROTIN MEÐ VÖKVA | 5,4 | 1.320.000 |
| HIT 6,69 | LYFTUTENGDAR SAMANBROTIN MEÐ VÖKVA | 6,85 | 1.860.000 |
| HIT 8,91 | LYFTUTENGDAR SAMANBROTIN MEÐ VÖKVA | 8,86 | 2.560.000 |
| HIT 6,80 T | DRAGTENGDAR Á VAGNI | 7,85 | 2.450.000 |
| HIT 8,91 T | DRAGTENGDAR Á VAGNI | 8,86 | 2.950.000 |
| HIT 10,11 T | DRAGTENGDAR Á VAGNI | 11 | 3.980.000 |
| HIT 12,14 T | DRAGTENGDAR Á VAGNI | 13,2 | 4.570.000 |

| RAKSTRARVÉLAR | LÝSING | Vinnslub. Mtr | Listaverð án vsk* |
|---|---|---|---|
| TOP 382 | LYFTUTENGD RAKSTRARVÉL | 3,8 | 990.000 |
| TOP 422 | LYFTUTENGD RAKSTRARVÉL | 4,2 | 1.460.000 |
| TOP 702 C | DRAGTENGD MIÐJURAKSTRARVÉL | 6,25 - 6,90 | 3.490.000 |
| TOP 762 C | DRAGTENGD MIÐJURAKSTRARVÉL | 6,75 - 7,5 | 3.690.000 |
| TOP 842 C | DRAGTENGD MIÐJURAKSTRARVÉL | 7,7 - 8,4 | 4.690.000 |
| TOP 962 C | DRAGTENGD MIÐJURAKSTRARVÉL | 8,9 - 9,6 | 5.340.000 |

*Verð miðað við gengið EUR 160







## GERÐU ENN BETRI KAUP!

Pantaðu fyrir 10. janúar 2021 og fáðu aukalegan 5% afslátt af listaverði.

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8, 201 Kópavogi
Hrísmýri 7, 800 Selfoss

kraftvelar@kraftvelar.is
Sími: 535-3500

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Tær snilld

**Enn á ný eru Íslendingar minntir á afleiðingar þess að innleiða hér erlent regluverk í orku- og markaðsmálum af einskærri þrælslund og ótta við að efnahagsrisinn í suðri refsi okkur grimmilega ef við gerum ekki allt eins og hann segir.**

Enn eina ferðina á að hækka verð á dreifingu raforku frá Landsneti í dreifbýli og nú um heil 9,9%. Á sama tíma heyrast þau ánægjulegu tíðindi að raforkuframleiðandinn Landsvirkjun hagnist grimmt af sölu raforkunnar og þar fór eiginfjárhlutfall félagsins í fyrsta sinn yfir 50% á árinu 2019. Reyndar hagnaðist Landsnet líka á síðasta ári eftir skatta um 28 milljónir Bandaríkjadollara.

Landsnet er hlutafélag í 64,73% eigu Landsvirkjunar, RARIK á 22,51%, Orkuveita Reykjavíkur á 6,78% og Orkubú Vestfjarða á 5,98% í félaginu. Allt eru þetta opinber fyrirtæki að langstærstum hluta í sameiginlegri eign allra landsmanna.

Fyrst eignarhaldið á dreifikerfinu og raforkuframleiðslunni eru á sömu hendi, þá kann einhver að spyrja, er ekki einfalt hjá orkuframleiðendunum sem græða vel að flytja peninga yfir í dreifikerfið sem þeir eiga sjálfir? Það hljómar einfalt, en svoleiðis er það alls ekki. Ástæðan er innleiðing endalausra tilskipana ESB um samkeppnis- og orkumál sem eru snyrtilega pökkuð inn í hvern orkupakkann af öðrum.

Í allri umræðunni um orkupakkana hefur verið margítrekað bent á að innleiðing þeirra myndi leiða til hærra heildarverðs á orku á Íslandi. Fyrsta stóra stökkið í þeim efnum var aðskilnaður framleiðslu og dreifingar sem hafði gríðarlegan kostnað í för með sér. Fram að þeim tíma sáu raforkuframleiðendurnir sjálfir um raforkudreifingarkerfið, enda var það byggt upp af þeim.

Við aðskilnað varð raforkuflutningsfyrirtækið sjálft að fara að rukka fyrir sínum kostnaði sem lagðist svo ofan á orkuverðið frá virkjununum. Síðan hefur stöðugt verið bætt í þann pakka.

Alltaf hefur því samt verið haldið fram af áhugafólki og innleiðingaragentum Evrópureglugerða að þetta sé allt gert með hagsmuni neytenda í huga. Mikið afskaplega getur fólk í dreifbýlinu og garðyrkjubændur verið ánægt með slík rök og þá vissu að fá örugglega alltaf að borga hæsta mögulega orkuverðið.

Það er athyglisvert rannsóknarefni hvað hugmyndasmiðum og agentum í fjármálaheiminum hefur tekist einstaklega vel upp í sínum áróðri og auglýsingamennsku að draga saklaust fólk á asnaeyrunum og fá það til að taka þátt í að keyra fyrir sig áróðurmaskínurnar. Þannig hefur það verið með innleiðingu á sameiginlegu orkukerfi Evrópu sem miðar að því að brjóta upp þjóðlegt eignarhald á raforkukerfum og skipta því upp í vel seljanlega orkuvöndla á markaði. Með þessu er búið að setja upp gríðarstórt peningakerfi í orkugeirunum sem leiðir alla daga til þess að hagnaðurinn af orkuframleiðslunni rennur í æ ríkara mæli í vasa vellauðugra fjárfesta.

Það sama er að gerast í nýju kolefnismarkaðskerfi sem lævíslega hefur verið komið á fót í nafni baráttu gegn hlýnun loftslags. Þar hefur áróðursmeisturum tekist á undraverðan hátt að fá fólk, sem telur sig gallharða sósíalista, til að taka stöðu í framlínusveit hörðustu kapítalista sem um getur í sögunni. Kolefnishagkerfið er því miður lítið annað en nýtt peningavöndlakerfi sem miðar að því að fleyta fjármunum í vasa „áhættufjárfesta“ sem svo nefnast á fínu máli. Ekki er nú ónýtt hjá slíku liði að hafa samfélagslega vel meinandi fólk sem hugsar alla dag í grænum lausnum, til að draga fyrir sig áróðursvagninn. – Þetta er tær snilld í markaðssetningu. /HKr.

# Vangaveltur á aðventunni




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Mikil umræða er í okkar samfélagi um gildi kjarasamninga og möguleika vinnandi fólks til atvinnu. Í landbúnaði hafa menn ekki síður áhyggjur af stöðu mála á vinnumarkaði og afkomu þeirra er stunda landbúnað. Talsverðar launahækkanir eru í spilunum um áramót sem samið var um á almennum markaði. Það sem kemur mér verulega á óvart í umræðunni er að á meðan allar þessar hækkanir ganga eftir þá lækkar afurðaverð til bænda fyrir kjöt og afkoma þeirra þar með.**

Á degi hverjum streymir ótrúlegt magn af kjöti og mjólkurafurðum til landsins erlendis frá á grundvelli milliríkjasamninga og hefur það veruleg áhrif á þennan markað. Bændur hafa barist fyrir breyttu fyrirkomulagi á úthlutun þeirra miklu tollkvóta sem í boði eru og nú hefur landbúnaðarráðherra lagt fram frumvarp sem breytir fyrirkomulagi á úthlutun þessara kvóta til fyrra horfs til 2022. Það er ánægjulegt ef þetta verður að veruleika, en það þarf meira til. Eins og staðan er á erlendum mörkuðum þá safnast upp matvæli sem ríki Evrópu eru í vandræðum með. Evrópusambandið borgar birgðastöðvum fyrir að frysta afurðir vegna markaðsbrests og verð hríðfellur.



### *Hvernig náum við sátt?*

Félag atvinnurekenda telur nú að verð til neytenda muni hækka umtalsvert vegna þessa breytta fyrirkomulags, en raunin er að fyrri útboðsleið sem notuð var leiddi hins vegar ekki til lækkunar vöruverðs þegar hún var tekin upp. Hvernig náum við sátt í þessum málum þar sem við keppum við landbúnaðarafurðir sem niðurgreiddar eru í hinni stóru Evrópu? Stundum er eins og stuðningur við íslenskan landbúnað sé eitthvað sérstakt fyrirbrigði á heimsvísu þegar staðreyndin er sú að flestar þjóðir heims standa með innlendri framleiðslu og landbúnaði þar með talið. Það sem bændasamfélagið hefur nefnt með endurskoðun á samningum við ESB þá viljum við leiðréttingu á þessu mikla magni sem flutt er inn ofan í innanlandsframleiðslu. Hlutdeild innflutnings á móti innanlandsframleiðslu á markaði eru um 20% en þessu getum við mætt hér heima með aukinni framleiðslu, tala nú ekki um nú þegar enginn er ferðamaðurinn, sem var hluti af rökstuðningi á auknum innflutningi til landsins.

### *Tryggjum störf í landbúnaði*

Landbúnaður og tengdar greinar eru að öllu jöfnu byggðar upp af atvinnurekendum. Framleiðendur eru um 3.000 og afleidd störf um 10.000. Það munar um minna. Skiptir það ekki máli í okkar litla hagkerfi og öryggi til matvælaframleiðslu að tryggja þessi störf? Sömu aðilar standa undir störfum í hinum dreifðu byggðum og reyndar ekki síður í þéttbýli en það er athyglisvert að frumframleiðsla landbúnaðarvara er um 20% á höfuðborgarsvæðinu. Með þessum gegndarlausa innflutningi er verið að grafa undan framleiðslu hér heima og setja okkar eigin framleiðslu í gríðarlegan vanda sem erfitt verður að snúa við.

### *Raforkuverð*

Landsnet hefur tilkynnt að frá og með áramótum muni flutningskostnaður á raforku hækka um 9,9% fáist til þess heimildir. Þetta eru enn einar álögurnar á íslenskar framleiðslugreinar og sérstaklega í dreifbýli. Hækkun raforkuverðs til garðyrkjunnar hefur veruleg neikvæð áhrif bæði til hins almenna neytanda og eins á rekstur þar sem raforkan er á milli 20 til 30% af rekstrarkostnaði garðyrkjustöðva. Þessar álögur koma til viðbótar hækkunum á aðföngum til bænda sem hafa verið umtalsverðar vegna falls krónunnar. En á sama tíma lækkar afurðaverð til bænda nánast í öllum greinum landbúnaðar.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Kálfatjörn og Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd. Kálfatjarnarkirkja er í Tjarnarprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Hún var byggð á árunum 1892–93 og vígð 11. júní 1893 af biskupi, herra Hallgrími Sveinssyni. Kirkjan er byggð úr timbri, járnvarin á hlöðnum grunni, eins metra háum. Kirkjusmiður og höfundur kirkjunnar var Guðmundur Jakobsson húsasmíðameistari, en honum til aðstoðar var Sigurjón Jónsson kennari. Magnús Árnason, steinsmiður frá Holti á Vatnsleysuströnd, hlóð grunninn. Kirkja hefur líklega verið á Kálfatjörn allt frá upphafi byggðar. Hún kemur fyrir í kirkjnatali Páls biskups frá 1200 og var hún helguð Pétri postula að kaþólskum sið.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF

## Lambadagatalið gefið út í sjöunda sinn:

# Megintilgangurinn að breiða út fegurð sauðkindarinnar

**Lambadagatal Ragnars Þorsteinssonar, sauðfjárbónda og ljósmyndara í Sýrnesi í Aðaldal, er komið út og er það í sjöunda sinn sem hann sendir frá sér sérstakt lambadagatal.**

Ragnar hefur veg og vanda að útgáfunni líkt og undanfarin ár, hann tekur flestar myndanna á búi sínu í Sýrnesi og vinnur að auki við uppsetningu og hönnun dagatalsins, sér um fjármögnun þess og dreifingu. Samkvæmt venju eru ljósmyndirnar teknar á sauðburði frá árinu áður, þ.e.a.s. á Lambadagatali 2021 eru allar myndirnar teknar á sauðburði 2020 og endurspegla því líka veðurfarið á þeim árstíma.

***Fallegt með þjóðlegum fróðleik***

Að venju prýða dagatalið stórar andlitsmyndir af fallegum, marglitum, nýlega fæddum lömbum í náttúrulegu umhverfi. Dagatalið er í A4 stærð og er hver mánuður á einni blaðsíðu. Það er gormað með upphengju og því auðvelt að hengja það upp þar sem hentar. Á það eru merktir allir hefðbundnir helgi- og frídagar. Einnig eru merkingar fyrir fánadaga, komu jólasveinanna, gömlu mánaðaheitin og ýmsa aðra daga er tengjast sögu lands og þjóðar. Dagatalið er því ekki bara fallegt heldur líka gagnlegt með sínum þjóðlega fróðleik.

***Finn velvild í garð sauðfjárbænda***

Lambadagatölin hafa hlotið góðar viðtökur undanfarin ár og vinahópur Facebook-síðunnar Lamba Lamb er nú rétt að ná þúsund manns. Útgáfan hefur verið fjármögnuð á Karolina Fund þar sem þau eru keypt í forsölu. Að sögn Ragnars er megintilgangur útgáfunnar „að breiða út sem víðast, fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar. Það er líka mjög svo skemmtilegt og gefandi að standa í þessu og finna þá miklu velvild sem er meðal fólks til okkar sauðfjárbænda og íslensku sauðkindarinnar en hún hefur fætt okkur og klætt í gegnum aldirnar og án hennar værum við ekki til sem þjóð í dag,“ segir hann. /MÞÞ







Að venju prýða dagatalið stórar andlitsmyndir af fallegum, marglitum, nýlega fæddum lömbum í náttúrulegu umhverfi.




Lambadagatölin hafa hlotið góðar viðtökur undanfarin ár og vinahópur Facebook-síðunnar Lamba Lamb er nú rétt að ná þúsund manns.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 263

Ingólfur Ómar Ármannsson sendir þættinum nýmeti. Þar er ekki hagað rími með hortittum frekar en vanalega:

*Hagar frjósa, hníga strá,*
*hélurósir skarta.*
*Myrkum ósi merlar á*
*mánaljósið bjarta.*

*Norðanrosinn nístir brá,*
*næðir um kvos og vengi.*
*Hrími flosuð hélustrá*
*hníga á frosið engi.*

Eftir þennan fágæta kveðskap **Ingólfs Ómars** verður samt að víkja frá gleðiefnum, og gera þá sáru játningu, að ekki tókst undirrituðum vel til í síðasta vísnaþætti, þegar hin fallega haustvísa **Óskars Sigurfinnssonar** í Meðalheimi var öðrum eignuð. Sagði ég hana orta af Þór Sigurðarsyni frá Sellandi í Fnjóskadal:

*Grösin sölna, grána fjöll,*
*glöggt er haustsins letur.*
*Svona fara sumrin öll,*
*-senn er kominn vetur.*

**Þór Sigurðarson** er hins vegar afskaplega ljóðelskandi maður og líkt og margir slíkir, þá semur hann afskaplega fallegar náttúrustemmur. Næsta vísa, eftir Þór, er nefnilega ögn svipuð ofanskráðri vísu. Vísuna orti Þór einn frostkaldan morgun austur í Sellandi, umvafinn hinni fágætu fjallasýn sem prýðir heimahaga hans:

*Fjöllin hefur fallið á,*
*frostið bítur neðra.*
*Grámað hélu getur strá*
*gulli verið fegra.*

Þó afsaki ekkert mistök mín, þá þekkjast þess dæmi, að misfarið hafi verið með réttan höfund að vísu. Man þar til, að vísa, sem **Jón heitinn í Garðsvík** samdi, sást á prenti eignuð **Baldri á Ófeigsstöðum** í Köldukinn. Þá orti Jón þessa myndrænu vísu:

*Þekkist enn á okkar jörð*
*ófrjálst takið sauða.*
*Inn í Baldurs björtu hjörð*
*barstu lamb hins snauða.*

Í sárabætur fær svo öðlingurinn aldni, **Óskar Sigurfinnsson** í Meðalheimi, það sem lifir þáttar. Nú styttist til fengitíðar hjá sauðfjárbændum. Á fengitíð ársins 1954 orti Óskar:

*Fengitíminn fer í hönd,*
*flestir þessu kvíða.*
*Hrútar slíta hlekkjabönd,*
*-hver á öðrum ríða.*

*Erfitt verkið á mig fær,*
*ekki skal þó súta.*
*Bardagi við blæsma ær*
*og blóðmannýga hrúta.*

Svo þarf líka að bæta á í reykkofanum:

*Leggur reyk í lungu mér,*
*lendi í stórum vanda,*
*Ótilneyddur enginn fer*
*inn í þennan fjanda.*

Þessa mánuði er mikið um umsóknir og styrkveitingar vegna COVID-ástandsins. Ríkisstjórnin mokar peningum inn í samfélagið. Næstu þrjár vísur Óskars, ortar á árunum 1957–'58, lýsa vel styrkveitingum þess tíma:

*Öllu hjálpa völdin virk,*
*vilja engan pretta.*
*Til að fæðast fá menn styrk;*
*-fallega byrjar þetta.*

*Styrk í vöggu, styrk við nám,*
*styrk í raun og baga,*
*styrk á leirburð, styrk á klám,*
*styrk til ellidaga.*

*Verið ekki í máli myrk,*
*margt til bóta sjáið,*
*við fáum bráðum stóran styrk,*
*styrk til að geta dáið.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

**FRÉTTIR**



Trausti Jóhannesson, skógarvörður á Suðurlandi, með öskju af könglum en hægt er að kaupa þá í Byko, Garðheimum og hjá markaði Farfugla í Laugardal.

# Jólakönglar frá Skógræktinni

**Starfsmenn Skógræktarinnar á Suðurlandi voru duglegir í haust að tína köngla af trjám og safna þeim saman. Könglarnir fóru síðan í fangelsið á Litla-Hrauni þar sem fangar fengu það hlutverk að pakka könglunum í sérstakar jólaöskjur, sem eru seldar í verslunum.**

Þá hafa fangarnir líka séð um að setja trjágreinar í búnt, sem starfsmenn skógræktarinnar hafa klippt, aðallega af furu, og eru m.a. seldar sem jólaskreytingar eða leiðisskreytingar. Á meðfylgjandi mynd er Trausti Jóhannesson, skógarvörður á Suðurlandi, með öskju af könglum en hægt er að kaupa þá í Byko, Garðheimum og hjá markaði Farfugla í Laugardal.

*/MHH*

## Farga þurfti geitahjörð á Grænumýri:

# Ekki stætt á öðru en að farga geitunum

## – segir Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir

**Í kjölfar nýlegra riðutilfella á sauðfjárbúum í Skagafirði vakti Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, athygli á því að einnig hefði þurft að skera niður stóra hjörð geita á Grænumýri, þrátt fyrir að riða hafi aldrei verið staðfest í íslenskum geitum. Skoða þurfi hvort nauðsynlegt sé að skera niður geitahópa í slíkum tilfellum, þar sem íslenski geitastofninn sé mjög viðkvæmur og í útrýmingarhættu.**


Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Mynd / Aðsend

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að geitur geti í öllu falli borið smitefni og því hafi ekki verið annar kostur í stöðunni.

Anna María sagði í umfjöllun í síðasta Bændablaði að hingað til hefðu gilt sömu reglur um niðurskurð varðandi geitfé og sauðfé, þrátt fyrir að ekki hafi verið sannað að riðan smitaðist á milli. Það þyrfti að skoða alvarlega reglur um niðurskurð. Íslenskar geitur væru öðruvísi en sauðfé, meðal annars hvað varðar genasamsetningu.


Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir.

*Rannsóknir skortir*

„Þekkt er að geitur geta fengið riðu þó svo ekki hafi greinst riða í geitum hér á landi enn þá. Ekki er hægt að taka undir fullyrðingar þess efnis að íslenskar geitur séu svo sérstakar að þær fái ekki riðu, því rannsóknir skortir. Í öllu falli geta geitur borið riðusmitefni og geitur þær sem skornar voru á Grænumýri nýlega voru í miklum samgangi við sauðféð á bænum og því ekki stætt á öðru en að farga þeim, því miður," segir Sigurborg.

Hún bætir við að ráðherra hafi boðað að núverandi fyrirkomulag forvarna og aðgerða gegn riðu verði tekið til endurskoðunar á komandi misserum og þá muni þetta mál örugglega koma inn í þá vinnu."

*/smh*

## Hrísey:

# Díoxín-menguð landnámshænuegg

**Matvælastofnun varar við neyslu á eggjum frá Landnámshænum ehf. í Hrísey. Fyrirtækið hefur með aðstoð Matvælastofnunar innkallað allar lotur í varúðarskyni af eggjum vegna þess að eiturefnið díoxín hefur mælst yfir leyfilegum mörkum í þeim.**

Matvælastofnun biður fólk sem hefur keypt slík egg að neyta þeirra ekki heldur skila þeim þangað sem þau voru keypt, gegn fullri endurgreiðslu.

Á Facebook-síðu Landnámseggja segir að ástæða þessa sé líklega mengun úr jarðvegi vegna eldsvoða sem varð í Hrísey síðastliðið vor.

„Hænurnar okkar hafa nú verið inni frá miðjum október og er von okkar að gildi sýna sem tekin voru 26. nóvember hafi lækkað en þeirrar niðurstöðu er að vænta í kringum 10. desember nk.," segir enn fremur.




## Frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

# Gamla útboðsleiðin fyrir tollkvóta búvara verði tímabundin tekin upp

## – á að lágmarka áhrif kórónuveirufaraldursins á innlenda framleiðslu

**Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerir ráð fyrir að núverandi fyrirkomulag útboða fyrir tollkvóta búvara verði lagt af tímabundið og eldra fyrirkomulag tekið upp að nýju til 1. febrúar 2022. Verði frumvarpið samþykkt verður tollkvóta fyrst úthlutað til hæstbjóðanda komi til útboðs á þessu tímabili, svo til þess er næsthæst bauð og síðan koll af kolli. Tilgangurinn er að lágmarka áhrif kórónuveirufaraldursins á innlenda framleiðslu landbúnaðarafurða.**

Frá þessu er greint á vef Landssambands kúabænda (LK). Þar er forsaga þessara breytinga á lagaumhverfinu rakin. „Forsagan er sú að 1. janúar 2020 var tekið upp nýtt fyrirkomulag um útboð tollkvóta, svokölluð hollensk leið. Með hollensku leiðinni stýrir lægsta boð verði á tollkvóta og var stuðst við það fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta fyrir seinni helming þessa árs. Með nýrri úthlutunaraðferð lækkaði verð á tollkvótum fyrir nautgripakjöt um 40% frá fyrra útboði, úr 331 krónu í 200 krónur á kílóið. Verð á tollkvótum fyrir osta lækkaði um 5,5% frá fyrra útboði.

Verði frumvarpið samþykkt verður aftur tekið upp eldra fyrirkomulag útboðs á tollkvóta og verður honum því fyrst úthlutað til hæstbjóðanda, svo til þess er næsthæst bauð og þannig koll af kolli uns tiltækum kvóta hefur verið úthlutað að fullu og greiða bjóðendur tilboðsfjárhæðina að fullu.


Verð á tollkvótum fyrir nautgripakjöt hefur lækkað um 75% frá ársbyrjun 2019 og með nýrri úthlutunaraðferð lækkaði verð um 40% frá fyrra útboði í ársbyrjun 2020.

*Innlend framleiðsla tekur höggið af fækkun ferðamanna*

Í greinargerð með framlögðu frumvarpi segir m.a.: „Lagabreytingin var þannig lögð fram í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríktu. Meðal annars var horft til þess að hér á landi yrðu um tvær milljónir ferðamanna á ári hverju. Nú er hins vegar staðan talsvert breytt vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Áhrifanna gætir víða en samkvæmt upplýsingum á vef Ferðamálastofu hefur erlendum gestum t.d. fækkað gríðarlega milli ára. Í samanburði við árið 2019 var fækkun erlendra gesta um 53% í mars, um 99% í apríl og maí, 97% í júní, 80% í júlí, 75% í ágúst og 95% í september. Í ljósi framangreinds er ljóst að eftirspurn eftir matvælum hefur dregist talsvert saman en innflutningur samkvæmt tollkvótum hefur á sama tíma haldist óbreyttur. Það er innlend matvælaframleiðsla sem tekur það högg og við því þarf að bregðast." [...]

Á aðalfundi Landssambands kúabænda 2020 var því beint til landbúnaðarráðherra að fallið yrði frá þeirri nýju úthlutunaraðferð á tollkvótum sem tók gildi um mitt þetta ár.

Þegar innleiðing þess kerfis var í umræðunni vöruðu forsvarsmenn bænda mjög við því að það myndi veikja tollvernd innlendra búvara enn frekar, á sama tíma og tollkvótar væru að stóraukast.

Verð á tollkvótum fyrir nautgripakjöt hefur lækkað um 75% frá ársbyrjun 2019 og með nýrri úthlutunaraðferð lækkaði verð um 40% frá fyrra útboði í ársbyrjun 2020.

Verð á tollkvótum fyrir osta lækkaði um 5,5% frá fyrra útboði í byrjun árs 2020 og hefur frá byrjun árs 2019 lækkað um 12%.

Miklar verðlækkanir hafa dunið á íslenskum nautakjötsframleiðendum á sama tíma og ef fer sem horfir er hætta á að sá árangur sem náðst hefur í greininni undanfarin ár verði fyrir bí.

Frá ársbyrjun 2018 hafa tollkvótar ESB fyrir nautgripakjöt aukist úr 100 tonnum í 647 tonn og munu fara í 696 tonn við næstu áramót.

Frá ársbyrjun 2019 hefur verð á tollkvótum farið úr 797 krónum í 200 krónur.

Við upptöku hollensku leiðarinnar fór verðið úr 331 krónu í 200 krónur. Tollvernd er því nánast að engu orðin.

Í kjölfar úthlutunar tollkvóta með hollensku leiðinni um mitt ár 2020 lækkuðu allir sláturleyfishafar verð til bænda umtalsvert en mestu lækkanirnar námu um 30%.

Augljóst er að slíkar verðlækkanir hafa umtalsverð áhrif á afkomu kúabænda. Þá lækkaði verð á tollkvótum fyrir osta úr 719 krónum í ársbyrjun 2020 í 680 krónur við síðustu úthlutun en í byrjun árs 2019 var verð á tollkvótum fyrir osta 774 krónur," segir á vef LK.

*/smh*

# LANDSTÓLPI 20 ára
—2000—2020—

## SPRENGITILBOÐ
SJÖ VALIN TÆKI MEÐ
**20% AFSLÆTTI Í DESEMBER**
**Aðeins eitt af hverri gerð**

Samtals **3.226.600 kr** afsláttur!

**Giant - SK252D -Skid Steer**
Verð 3.290.000 kr.
(**Verð með afsl. - 2.632.000 kr.**)




# Dúndurafsláttur í desember!

**Við sláum botn í tvítugsafmælisárið okkar með stæl og bjóðum 20% afslátt af verði sjö gæðatækja af jafnmörgum gerðum til landbúnaðarverka. Þannig gerum við okkur dagamun og viðskiptavinir njóta þess svo um munar.**

**Sendum viðskiptavinum hátíðarkveðjur með þakklæti fyrir góðar viðtökur á viðburðarríku afmælisári. Þökkum einnig birgjum okkar frábært samstarf í gegnum tíðina.**

## Fyrstur kaupir, fyrstur fær!




Verð 2.990.000 kr.
(**Verð með afsl. - 2.392.000 kr.**)




Verð 3.190.000 kr.
(**Verð með afsl. - 2.552.000 kr.**)




Verð 1.614.000 kr.
(**Verð með afsl. - 1.291.200 kr.**)




Verð 3.390.000 kr.
(**Verð með afsl. - 2.712.000 kr.**)




Verð 669.000 kr.
(**Verð með afsl. - 535.200 kr.**)




Verð 990.000 kr.
(**Verð með afsl. - 792.000 kr.**)

***Öll verð eru án vsk.**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

FRÉTTIR

### Sala á kjöti frá afurðastöðvum dróst saman í heildina um 10,5% í októbermánuði:

# Kindakjötssala dróst saman um 23,5% en 17,9% aukning var í svínakjöti og 39,8% í hrossakjöti

## – Heildarsamdráttur í sölu yfir 12 mánaða tímabil nemur 5% en framleiðslan dróst saman um 2,4% og mest í alifuglakjöti

**Sala á kjöti frá afurðastöðvum dróst saman um 10,5% í októbermánuði miðað við sama mánuð í fyrra. Þá hafði sala dregist saman á síðasta ársfjórðungi um 9,8%, en um 5% ef miðað er við 12 mánaða tímabil samkvæmt tölum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.**

Einnig var 2,4% samdráttur í framleiðslu á kjöti í heild á Íslandi á tólf mánaða tímabili.



Þrátt fyrir að mestur samdráttur hafi verið í sölu á kindakjöti, þá hefur samdrátturinn í framleiðslu verið mestur í alifuglakjöti.

***Mikill samdráttur í sölu kindakjöts frá afurðastöðvum***

Ef skoðuð er sala á einstökum tegundum, þá hefur langmestur samdráttur verið í október á sölu kindakjöts, eða 23,5%. Þá var 14% samdráttur í sölu nautgripakjöts og 9,3% samdráttur í sölu á alifuglakjöti frá afurðastöðvum.

***Hrossakjötssalan jókst um nær 40%***

Önnur athyglisverð tíðindi voru þau að hrossakjötssalan jókst um 39,8% og salan á svínakjöti jókst líka verulega, eða um 17,9%.

***25,5% samdráttur í sölu á kindakjöti frá ágústbyrjun til októberloka***

Án efa má rekja verulegan hluta þessa samdráttar til lokana og takmarkaðs aðgengis að hótelum og veitingastöðvum vegna COVID-19 faraldursins. Síðastliðna 12 mánuði var 5% samdráttur. Á síðasta ársfjórðungi nam samdrátturinn í kjötsölunni 9,8%. Þar af var 25,5% samdráttur í sölu á kindakjöti, 9,6% samdráttur í alifuglakjöti og 4% samdráttur í sölu á nautgripakjöti. Aftur á móti var 22,5% aukning í sölu á hrossakjöti og 6,8% aukning í sölu á svínakjöti.

***Minni útflutningur***

Hluti skýringar á minni sölu á kjöti frá afurðastöðvum undanfarið ár felst líka í verulegum samdrætti í útflutningi, eða um 26% í heildina. Þar hefur sala á kindakjöti nær alveg lagst af.

***Tólf mánaða salan dróst saman um 5%***

Þegar skoðaðar eru tölur yfir tólf mánaða tímabil kemur í ljós að heildarsamdrátturinn í sölu frá afurðastöðvum nam 5%. Þar af var mestur samdráttur í sölu á kindakjöti, eða 11,4%. Þá var 6,8% samdráttur í sölu á alifuglakjöti og 3,1% samdráttur í sölu á nautgripakjöti. Hins vegar jókst salan á hrossakjöti um 3,1% á þessu tímabili og um 2,4% í svínakjöti.

***Mestur samdráttur í framleiðslu á alifuglakjöti***

Samdráttur var í framleiðslu á kjöti frá októberlokum 2019 til októberloka 2020 samkvæmt tölum frá afurðastöðvum. Framleidd voru samtals tæp 30.984 tonn.

Mest var framleitt af kindakjöti, eða um 9.409 tonn, sem er 30,4% af heildar kjötframleiðslunni. Kindakjötsframleiðslan hefur verið að dragast saman á undanförnum áratugum og samdrátturinn frá októberlokum 2019 til október 2020 nam 3,2%.

Þá voru framleidd 9.140 tonn af alifuglakjöti, eða 29,5% af heildinni. Var samdráttur mestur í framleiðslu á alifuglakjöti yfir heilt ár, eða um 4,5%.

Svínakjötið var í þriðja sæti með 6.731 tonn og 21,7% af heildinni. Þar var hins vegar aukning í framleiðslu, eða um 2,1%.

Nautgripakjötið var í fjórða sæti með rúm 4.647 tonn og 15% af heild. Þar var samdráttur í framleiðslu upp á 3,1%.

Hrossakjötsframleiðslan rak svo lestina með rúm 1.057 tonn, eða 3,4% hlutdeild af heildarframleiðslunni. Þar var örlítill samdráttur á tólf mánaða tímabili, eða 0,2%.

***Hrossakjötsframleiðslan tók stökk upp í rúm 30% á síðustu mánuðum***

Þrátt fyrir að hrossakjötsframleiðslan hafi dregist lítillega saman á 12 mánaða tímabili, þá var framleiðsluaukningin í þeirri grein veruleg á síðustu mánuðum tímabilsins. Þannig jókst hrossakjötsframleiðslan á síðustu þrem mánuðum, frá ágústbyrjun til októberloka, um 30,6% og um 34,4% í októbermánuði. Var hrossakjötið hástökkvarinn á því tímabili, en svínakjötsframleiðslan jókst um 6,2% á þriggja mánaða tímabilinu og um 16,9% í október. /HKr.




### Um 11% söluaukning á osti í Noregi í COVID-19:

# Allt að 40% aukning í sumum tegundum

## – Á Íslandi er samdráttur í sölu MS til veitingahúsa

**Eftir margra ára niðursveiflu í sölu á mjólk og mjólkurvörum í Noregi virðist kórónuveirufaraldurinn hafa snúið við þeirri þróun því á þriðja ársfjórðungi jókst sala á osti um rúm 11 prósent í landinu.**

Mesta aukningin er í sölu á rjómaosti um rúm 40 prósent og á gratínosti um tæp 18 prósent. Söluaukningin á sér skýringar í því að Norðmenn ferðuðust meira innanlands í sumar vegna faraldursins og að verslun á landamærum Svíþjóðar hefur hrunið.

Athyglisvert er að á sama tíma fer innflutningur á osti upp í Noregi um níu prósent en hvert sjötta kíló af osti sem Norðmenn neyta er innflutt. Nú er hlutfall innflutts osts í Noregi 16,5 prósent af matvörunni sem Norðmenn neyta á ári hverju en á síðasta ári voru fluttir inn ostar til landsins fyrir um 15 milljarða íslenskra króna.

Hjá Mjólkursamsölunni sjá menn breytingu í neyslumynstri landans. Þrátt fyrir samdrátt í sölu til veitingastaða og hótela hefur sala til dæmis á samlokuosti aukist töluvert á árinu.

„Aðstæður hér eru talsvert frábrugðnar Noregi, sérstaklega varðandi innkaup Norðmanna í Svíþjóð sem hafa lagst af. Íslenski markaðurinn hefur vitanlega gefið lítillega eftir þar sem mikill fjöldi ferðamanna hefur gert meira en að bæta upp ferðalög Íslendinga erlendis og þar með skila stærri markaði en ella,“ útskýrir Sunna Gunnars Marteinsdóttir, samskiptastjóri Mjólkursamsölunnar, og bætir við:

„Íslendingar sem eru heima í COVID-19 ástandinu virðast borða brauð með osti og hafa það huggulegt með ostabakka. Sala á osti til verslana hefur verið góð á árinu enda er fólk meira heima við en áður.

Mikið hefur einnig verið að tilboðum til neytenda. Samlokuosturinn er þar vinsælli en venjulega og líklega eru margir Íslendingar heima að fá sér ristað brauð með osti og Kókómjólk. Við kynntum á árinu endurhönnun á rjómaostunum sem heppnaðist vel og hefur salan verið framar vonum. Einnig komu á markað Goðdalsostarnir sem eru vinsælir.

Fyrirtæki landsins hafa mörg hver viljað gleðja sitt fólk og sent því góðgæti í körfum og pokum, þar sem mygluostarnir eru vinsælir.

Á heildina litið hefur þó verið fjögurra prósenta samdráttur í sölu á osti á árinu og skýrist það helst af samdrætti í sölu til hótel- og veitingageirans,“ segir Sunna. /ehg

### Umhverfisstofnun:

# Innflutningur á plöntuverndarvörum dróst saman milli ára

**Umhverfisstofnun tekur saman upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara fyrir ár hvert sem byggja á eftirlitsverkefnum meðal annars um innflutning og sölu plöntuverndarvara.**

Samkvæmt samantekt Umhverfisstofnunar var mun minna af plöntuverndarvörum sett á markað á árinu 2019 miðað við fyrri ár. Þannig nam magnið um 8,3 tonnum, sem er um 54% samdráttur frá árinu 2018. Líkt og fyrri ár voru illgresiseyðar enn stærsti hluti plöntuverndarvara á markaði 2019, eða um 71%.




***Sveiflur milli ára***

Talsverðar sveiflur eru á milli ára af innflutningi plöntuverndarvara og er meginástæðan sú að teknar eru inn stórar sendingar af vörum sem getur tekið nokkur ár að selja. Önnur ástæða fyrir því að magn varanna á markaði minnkar er sú að markaðsleyfi einstakra vara falla úr gildi og því ekki mögulegt að markaðssetja þær lengur.

Árið 2019 féllu markaðsleyfi nokkurra illgresiseyða úr gildi og hurfu því af markaði. Einnig var mun minna sett á markað af illgresiseyðum sem innihalda virka efnið glýfosat en á fyrri árum.

***Kaupendur með leyfi aldrei verið fleiri***

Við sölu á notendaleyfisskyldum vörum þurfa einstaklingar að framvísa gildu notendaleyfi sem gefið er út af Umhverfisstofnun. Notendaleyfisskyldar vörur eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni en ekki í sölu til almennings, þar sem möguleg hætta getur stafað af meðferð þeirra á heilsu og umhverfi og því nauðsynlegt að notendur þessara vara hafi aflað sér þekkingar á öruggri meðferð þeirra.

Hlutfall þeirra sem voru með notendaleyfi í gildi við kaup á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum á árinu 2019 var 97% og hefur aldrei verið jafn hátt frá því að eftirlit Umhverfisstofnunar hófst. /VH

# Bjargráðasjóður fær 500 milljónir vegna kal- og girðingatjóna

## – nægir ekki til að bæta allt tjón síðasta vetrar, sem var óvenju mikið

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun bæta 500 milljónum króna við Bjargráðasjóð vegna kal- og girðingatjóna síðasta vetur.**

Það mun þó ekki nægja til að bæta allt tjón frá síðastliðnum vetri, sem var óvenju mikið. Samanlagt tjón er metið á 960 milljónir króna, 800 milljón króna kaltjón og 160 milljón króna girðingatjón, og fyrir í Bjargráðasjóði voru um 200 milljónir króna.

Kristján sagði í svari við fyrirspurn Þórunnar Egilsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, á Alþingi í byrjun október að hann ætlaði að beina því til þingsins við meðferð fjárlaga að öllum óskum um bætur yrði mætt.

Bjargráðasjóður er í dag sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins en var til ársins 2016 að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Bjargráðasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 49/2009 og er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk hans er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, meðal annars vegna tjóns á girðingum og vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka og kals. /smh


PÖNTUNARÁFSLÁTT
Í DESEMBER
KTL HÁGÆÐA RYÐVÖRN
2 ÁRA ÁBYRGÐ
FRÁBÆR REYNSLA
SaMASZ
Búvís
Búvís ehf.
Grímseyjargötu 1
600 Akureyri
Sími: 465 1332
Sjáðu meira í www.buvis.is


Forsala á granít garðbekkjum
STEINSMIÐJA AKUREYRAR
Kynningartilboð til áramóta - afhending í byrjun maí.
Viðhaldsfríir garðbekkir úr graníti. 130 cm breiðir ca 140 kg. 3 litir.
Hægt að grafa letur eða logo í bak eða sessu gegn aukagjaldi.
Forsöluverð 200.000 (280.000) - frír flutningur um allt land.
Staðfestingargjald 100.000
steinsmidjaakureyrar.is
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

### Viðskiptahraðallinn Til sjávar og sveita:

# Níu frumkvöðlaverkefni kynnt á uppskeruhátíð

**Níu frumkvöðlaverkefni viðskiptahraðalsins Til sjávar og sveita voru kynnt á uppskeruhátíð í beinni útsendingu í gegnum vef verkefnisins á föstudaginn. Af verkefnunum níu voru sex matvælaverkefni, eitt snýst um framleiðslu á heilsuvörulínu, annað um framleiðslu á niðurbrjótanlegum vörum í stað plasts og svo var kynnt stafræn þjálfunardagbók fyrir hesta.**

Viðskiptahraðlinum er ætlað að hraða ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til vara er komin á markað. Hann býður upp á vettvang til vöruþróunar fyrir verkefni sem snúa að hátækni í matvælaiðnaði, nýjum lausnum í landbúnaði og haftengdum iðnaði. Lagt er upp með betri nýtingu hráefna þar sem sjálfbærni og nýsköpun eru höfð að leiðarljósi. Þetta er í annað sinn sem hraðallinn fer fram, en unnið er að verkefnunum í tíu vikur áður en kemur að uppskeruhátíðinni.

Umsjón með verkefninu er í höndum Icelandic Startups í samstarfi við Íslenska sjávarklasann. Bakhjarlar verkefnisins eru Matarauður Íslands, Nettó, Landbúnaðarklasinn og atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið. Verkefnið er einnig unnið í samstarfi við Matís og Eldstæðið.

Verkefnin sem kynnt voru á föstudaginn eru eftirfarandi, með lýsingum á þeim sem er að finna inni á vef Til sjávar og sveita (tilsjavarogsveita.is):




*Broddur:*

Broddur framleiðir Heilsuskot úr broddmjólk mjólkurkúa, sem er fyrsta mjólkin sem kýrin framleiðir. Hver kýr framleiðir um 20 lítra af slíkri mjólk. Broddmjólk er næringarrík fæða sem hefur jákvæð heilsufarsleg áhrif. Broddmjólk inniheldur örveruevðandi og græðandi þætti og er uppfull af efnum sem viðhalda heilbrigðum meltingarveg. Miklu magni broddmjólkur er fargað í dag.

Þau Birna G. Ásbjörnsdóttir og Guðmundur Ármann kynntu verkefnið sem þau standa saman á bak við.

*Jöklavin:*

Jökla er fyrsti íslenski rjómalíkjörinn sem er framleiddur að megninu til úr innlendum hráefnum. Hráefni sem annars væri hent eru nýtt í framleiðslu. Pétur Pétursson er frumkvöðullinn en hann er sérlegur áhugamaður um vinnslu á mjólk og landbúnað á Íslandi. Pétur er í teymi með Sigríði Sigurðardóttur viðskiptafræðingi.

*Sauðagull:*

Sauðagull vinnur matarafurðir úr íslenskri sauðamjólk. Ann-Marie Schlutz kynnti verkefnið en þau Gunnar Gunnarsson, maður hennar, eiga og reka fyrirtækið sem framleiðir sauðaosta og konfekt. Sauðamjólkin kemur frá Egilsstaðabúinu í Fljótsdal, sem Gunnar Jónsson rekur, en þar eru um 350–400 ær.

*Eylíf:*

Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylífar sem framleiðir heilsuvörulínu sem samanstendur af hreinum íslenskum hráefnum sem framleidd eru á Íslandi með sjálfbærum hætti. Meðal hráefna sem notuð eru í vörur Eylífar eru kalkþörungar frá Bíldudal, smáþörungar frá Reykjanesbæ, kísill frá Heillisheiðarvirkjun, íslenskar jurtir, kollagen frá Sauðárkróki og rækjuskel frá Siglufirði.

*Marea:*

Marea notar sjávarþang sem fæst á Íslandi sem grunnefni í framleiðslu á niðurbrjótanlegum vörum sem koma í stað einnota plasts. Julie Encausse framkvæmdastjóri kynnti verkefnið, sem er unnið í samstarfi fjögurra kvenna.




*Sælkerar:*

Sælkerar rækta mismunandi tegundir sveppa og míkrógrænmeti ásamt því að stefna þeir að því að fara í þróunarvinnu á byggðarræktun. Emil Már Magnússon kynnti verkefnið en með honum í teymi eru þeir Eskil Daði Eðvarðsson og Steinar Ernir Knútsson. Er stefnan tekin á ræktun fjögurra sveppategunda; Shiitake, Shimeji, Lion's Mane og Oyster.




*HorseDay:*

HorseDay er stafræn þjálfunardagbók fyrir hesta, í formi smáforrits, sem styðst við æfingasafn viðurkenndra þjálfunaraðferða frá Háskólanum á Hólum. Þau Marta Rut Ólafsdóttir og Oddur Ólafsson kynntu verkefnið, en þau eru í teymi með þeim Ólafi H. Einarssyni, hrossaræktanda og -þjálfara, og Magnúsi Inga Óskarssyni tölvunarfræðingi.

*Nielsen Restaurant:*

Nielsen Restaurant framleiðir salatolíur úr vannýttum íslenskum villtum jurtum. Þau Kári Þorsteinsson og Sólveig Edda Bjarnadóttir reka veitingastaðinn Nielsen Restaurant á Egilsstöðum og eru saman í þessu frumkvöðlaverkefni. Fyrsta varan til að fara á markað frá þeim er grænolía sem bragðbætt er með ferskri íslenskri hvönn.




*Vegangerðin:*

Vegangerðin framleiðir matvöru, sem inniheldur engar dýraafurðir, úr hráefni í nærumhverfi til að halda niðri kolefnisspori hennar. Fyrst verður boðið upp á að fá matarpakka tilbúna til eldunar, heimsent eða sótt. Því næst verður farið í að framleiða græna matvöru til heildsölu, eins og til dæmis ferskt Tempeh. Kristján Thors kynnti verkefnið en Atli Stefán Yngvason er með honum í teymi. /smh



Frá byggakrinum í Bjálmholti í Holtum.

### Eimverk sækir um vernd fyrir íslenskt viskí:

# Ræktar bygg á 30 hekturum til framleiðslunnar

### – Komið með nokkuð traustan markað í Þýskalandi

**Hjá Matvælastofnun er nú til umfjöllunar umsókn frá Brugghúsinu Eimverki um að afurðaheitið „Íslenskt viskí" verði skráð sem verndað afurðaheiti á Íslandi á grundvelli uppruna. Eimverk sækir eitt um þessa vernd en umsóknin var þó unnin í samstarfi við viskíframleiðendurna Thoran distillery og Reykjavík distillery. Eimverk bruggar viskí úr 120 tonnum af íslensku byggi árlega og er með eigin ræktun.**




Vörulína Eimverks. Sex tegundir af maltviskíi, brennivín, gin og baiju.

Eva María Sigurbjörnsdóttir er framleiðslustjóri hjá Eimverki. Hún segir að þau vilji að það viskí sem er stimplað íslenskt sé sannarlega framleitt á Íslandi.

„Við höfðum evrópsku og skosku löggjöfina til hliðsjónar. Stærsta krafan í umsókninni er að við viskíframleiðsluna fari mesking, gerjun, eiming og öldrun fram á Íslandi," segir Eva.

„Við vissum að Thoran distillery og Reykjavík distillery stefna að því að framleiða „Íslenskt viskí" og því ákváðum við að hafa samráð við þau brugghús í umsóknarferlinu."

***Sex mismunandi einmöltungs-tegundir***

Eimverk var stofnað 2011 og verksmiðjan standsett 2013, fyrstu vörur komu á markaðinn 2014.

„Í dag framleiðum við 15 missmunandi vörur í fjórum flokkum; viskí, gin, brennivín og baiiju.

Flóki er íslenskur einmöltungur (single malt) og kemur núna í sex mismunadi útgáfum; standard, taðreyktur (byggið taðreykt), úr sérrítunnu, úr bjórtunnu sem við fáum í gegnum samstarf við önnur íslensk brugghús og birkilegið. Síðan kemur reglulega út blár miði sem er eitthvað alveg sérstakt," segir Eva.

Að sögn Evu notar Eimverk eingöngu íslenskt hráefni, íslenskan spíra, íslenskt bygg og íslenskt vatn. Þau eru með eigin ræktun á um 30 hekturum – á þremur ólíkum landsvæðum.

„Við ákváðum að dreifa ræktuninni á þrjá staði á Suðurlandi, til að auka líkurnar á því að við fáum viðunandi uppskeru ár hvert. Þannig að við erum með ræktun á okkar landi í Bjálmholti í Holtum, auk þess sem við leigjum akra á Læk og í Gunnarsholti. Þarna eru mjög mismunandi jarðvegsgerðir sem henta ólíku tíðarfari," segir Eva, sem sjálf er með háskólapróf í líffræði.



Eva María Sigurbjörnsdóttir er framleiðslustjóri hjá Brugghúsinu Eimverki.

„Við höfum að mestu staðið ein í ræktuninni og aflað okkur fróðleiks, en leitað okkur ráðgjafar hjá sérfræðingum eins og Jónatan Hermannssyni og Björgvini Harðarsyni þegar við höfum þurft á því að halda," bætir hún við.

***Um 100 tonna árleg byggþörf***

Í fyrra var uppskeran með besta móti úr byggræktun Eimverks, eða um 125 tonn. Í ár var hún ekki nema um helmingur þess. „Við notum um 100 tonn árlega sem þýðir að við þurfum að kaupa íslenskt bygg eftir þetta sumar og við höfum átt í viðskiptum við bændurna á Þorvaldseyri og einnig Sandhóli."

Um 90 prósent af viskísölu Eimverks fer úr landi – að langmestu leyti til Þýskalands. Eva segir að það sé gleðilegt að finna að framleiðsla þeirra sé æ betur að festa sig í sessi meðal ákveðinna viðskiptamannahópa þar.

Umsóknin frá Eimverki er sú þriðja sem berst Matvælastofnun um vernd afurðaheita. Áður hafa umsóknir fyrir afurðaheitin „Íslensk lopapeysa" og „Íslenskt lambakjöt" verið samþykktar.

Nokkur fjöldi evrópskra afurðaheita nýtur verndar á Íslandi samkvæmt alþjóðasamningum. Hugmyndin er að íslensk verndуð afurðaheiti fái einnig vernd innan Evrópusambandsins, en dráttur hefur verið á því að innleiða það ákvæði í íslenska löggjöf.

„Mér finnst bara að stjórnkerfið verði að koma þessu í lag, maður verður bara að geta treyst því að það verði gert sem fyrst, svo ekki verði hægt að selja til dæmis lélega erlenda viskíframleiðslu sem íslenskt viskí," segir Eva að lokum. /smh

# Nám er tækifæri

**Háskólinn á Hólum hefur opnað fyrir innritun í eftirfarandi námsleiðir á vorönn 2021.**

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. DESEMBER 2020

### Ferðamáladeild
- Diplóma í viðburðastjórnun
- Diplóma í ferðamálafræði
- BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta
- BA í ferðamálafræði
- MA í ferðamálafræði

### Fiskeldis- og fiskalíffræðideild
- Diplóma í fiskeldisfræði
- MS í sjávar- og vatnalíffræði

**Námið er hluti af verkefninu Nám er tækifæri skv. reglugerð 919/2020 en er einnig opið þeim sem ekki falla undir það.**

**Umsóknir og frekari upplýsingar á www.holar.is og í síma 4556300**
**Fyrirspurnir um skráningu og fylgiskjöl: kennslusvid@holar.is**

www.holar.is



**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**
Hólum í Hjaltadal 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is

nýprent | 112020






# KYNNINGARAFSLÁTTUR Á HEYVINNUTÆKJUM!

BÚVÉLAR

BÚVÉLAR ER UMBOÐSAÐILI MASSEY FERGUSON
**BUVELAR.IS**

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // buvelar@buvelar.is

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS




# Marghliða hugtak um mat

**Fæðuöryggi er til staðar þegar allir menn, á öllum tímum, hafa raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þeirra til að lifa virku og heilsusamlegu lífi. Þetta er skilgreining Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá árinu 1996 og segir allt sem segja þarf þegar spurt er: Hvað er fæðuöryggi? Á næstu vikum mun Guðrún Hulda Pálsdóttir blaðamaður fjalla um fæðuöryggi í nokkrum hlaðvarpsþáttum á Hlöðunni.**


Guðrún Hulda þáttastjórnandi.

„Áhugi á matjurtarækt og sjálfbærni heimilisins fékk mig ofan í þá kanínuholu sem þessir þættir mínir eru afsprengi af. Ég hef velt fyrir mér hversu hátt hlutfall af mat heimilisins ég gæti raunhæft borið í hús frá ætigarðinum mínum og gert smá tilraunir til þess. Ég hef líka velt fyrir mér matvælum sem Íslendingar flytja inn, en gætu kannski mögulega ræktað og framleitt hér á landi sjálfir. Það er ótrúlega gaman að sjá frumkvöðla þróa og framleiða nýjungar, sjá eldhuga byggja upp vistræktargarða, það er jafn rosalega áhugavert að hverfa aftur til fortíðar og sjá að það er ekki meira en ein kynslóð síðan við vorum í raun sjálfbærari en við erum í dag. En handan útópískrar hugmyndar um Ísland sem sjálfbæra matarkistu minnir hvimleiður raunveruleikinn okkur á að við erum eyland á norðurhjara veraldar. Við erum hluti af heimi og háð aðflutningi, við erum rúm 300.000 einstaklingar í heimi sem þarf að fæða 7 billjónir. Loftslagsbreytingar, pólitík, viðskipti, heimsfaraldrar, allt hefur þetta áhrif. Ég ætla að gera atlögu að því að tækla öll þessi mál á sem aðgengilegastan hátt í þáttunum," segir Guðrún Hulda sem fær til sín fjölda viðmælenda sem á einn eða annan hátt tengjast fæðuöryggi.

Í þáttunum hyggst hún m.a. fjalla um þætti fæðukeðjunnar frá landbúnaðarframleiðslu, matvælavinnslu, flutninga og verslun og neyslu.

***Það sem sagan kennir okkur***

Hún fer einnig ofan í sögu fæðuöryggis í íslenskri fjölmiðlaumræðu en í þau fáu skipti sem fjallað var um fæðuöryggi í fjölmiðlum á síðustu öld var það oftast einn maður, dr. Björn Stefánsson, sem mundaði pennann.

„Ég er sannfærður um, að yfirleitt þyrfti ekki nema nokkurra mínútna mál til að skýra þetta fyrir útlendingi, svo að hann skildi, að það væri óvitaskapur að nýta ekki gæði landsins til að tryggja fæðuöryggi. Það er stutt að líta til Grænlands. Þar er lítil sem engin fóðurræktun og engar mjólkurkýr og ekki garðyrkja. Þar þyrfti ekki langa stöðvun aðdrátta til að fólk yrði hungurmorða. Það er óvitaskapur að gera sér ekki grein fyrir þessu," segir Björn m.a. í aðsendri grein í Tímanum árið 1991.

Í forvitni sinni fletti Guðrún Hulda upp dr. Birni í símaskránni og hringdi í hann. Það varð úr að hann arkaði til hennar í Bændahöllina og þáði kaffispjall sem heyra má í fyrsta þættinum.

***Matvælastefna kynnt***

Vopnfirðingurinn Kári Gautason búfjárerfðafræðingur ræddi um fæðuöryggi frá fjölbreyttum hliðum í öðrum þætti hlaðvarpsins.

Samræður spunnust meðal annars um eldsneyti og orkugjafa, laukrækt, tilgátur að smáforritum, danska verslunarhegðun og birgðastöður einstaklinga og þjóðar. Tilefni samtalsins var vinna verkefnahóps, sem Kári sat í, um mótun matvælastefnu fyrir Ísland, sem hefur verið í mótun síðustu misserin. Stefnunni er ætlað að flétta saman málefni matvæla þverfaglega og fjallar hún um tengsl þeirra við lýðheilsu, byggðarmál og stöðu neytenda sem og samspili matvælaframleiðslu og loftslagsbreytinga um leið og henni er ætlað að efla ímynd Íslands sem matvælalands.

Formaður verkefnahópsins, Vala Pálsdóttir, mun kynna efni stefnunnar í hlaðvarpinu samhliða útgáfu hennar.

*Fæðuöryggi kemur út aðra hverja viku og má hlusta á þættina á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is sem og á öllum helstu streymisveitum.*

FRÉTTIR


Miðaldadagar hafa verið haldnir á Gáseyri frá árinu 2003. Í núgildandi aðalskipulagi Hörgársveitar er gert ráð fyrir að á Gásum verði uppbygging tengd miðaldakaupstaðnum sem þar var í eina tíð. Myndir / Minjasafnið á Akureyri

Fyrirhugað að byggja upp gestaaðstöðu á minjastaðnum á Gáseyri í Eyjafirði:

# Stefnt er að því að reisa tilgátuþorp á svæðinu

**Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti nýverið að auglýsa tillögu að deiliskipulagi minjastaðar á Gáseyri. Ætlunin er að byggja upp aðstöðu á svæðinu svo hægt verði að taka á móti gestum á minjastaðnum. Stefnt er að því að reisa tilgátuþorp á svæðinu.**

Skipulagssvæðið í heild er 33,6 hektarar að stærð og er að hluta til um að ræða friðlýst minjasvæði hins forna verslunarstaðar á Gáseyri. Innan skipulagssvæðisins er fyrirhugað að útbúa aðstöðuhús, kirkju, koma upp salernum, auk þess sem gert verður bílastæði og lagðir göngustígar um svæðið þannig að það verði aðgengilegra fyrir gesti og gangandi.

Í núgildandi aðalskipulagi Hörgársveitar er gert ráð fyrir að á Gásum verði uppbygging tengd miðaldakaupstaðnum sem þar var í eina tíð.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Hörgársveitar til 21. desember næstkomandi en er einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. /MÞÞ


Um 2.000 manns hafa árlega ferðast aftur til fortíðar með því að sækja miðaldadaga heim. Engir Miðaldadagar voru þó haldnir á liðnu sumri vegna kórónuveirufaraldurs en stefnt að því að halda þá á ný dagana 16.–17. júlí næsta sumar.

# Hríseyjarviti 100 ára

**Hríseyjarviti varð 100 ára í byrjun nóvember, en fyrst var kveikt á vitanum 6. nóvember árð 1920 og hann formlega tekinn í notkun fyrir sjófarendur.**

Fyrirhugað var að halda upp á daginn en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ákveðið að geyma það til vors.

***Fimm metra hár og friðaður***

Á vef Hríseyjar segir að Hríseyjarviti sé 5 metra hár steinsteyptur turn. Þann 1. desember árið 2003 var vitinn friðaður af menntamálaráðherra. Tilgangur Hríseyjarvitans er að vera leiðbeiningarmerki fyrir siglingar inn og út Eyjafjörðinn og merkja greiða leið sem hægt er sigla eftir án þess að lenda í ógöngum og rekast á sker og boða.

Hann varar sjófarendur með lituðum hættuhornum um svæði sem ekki skal sigla á, og hvítu ljósi þar sem hreinan sjó er að finna og skipin laus við hættur. /MÞÞ


Hríseyjarviti er hundrað ára en ekki ekki var hægt að halda upp á tímamótin vegna aðstæðna í samfélaginu. Hríseyingar gera sér þess í stað dagamun næsta vor.

# Hamar ehf. hefur formlegt samstarf við Alfa Laval Nordic A/S

## – Íslenskum sjávarútvegi og matvælaframleiðslu veittur aðgangur að nýju og sterku samstarfi

**Hamar ehf. hefur formlegt samstarf við Alfa Laval Nordic A/S og mun með því renna enn styrkari stoðum undir þjónustu fyrirtækisins við íslenskan sjávarútveg og matvælaframleiðslu**

Markmið Hamars er að vera leiðandi fyrirtæki í þjónustu við sjávarútveg á Íslandi. Er þetta einn hlekkur í áætlunum Hamars á þeirri vegferð.

Frá og með 1. desember 2020 er í gildi samkomulag á milli Hamars ehf. og Alfa Laval Nordic A/S, food and water division, um að hið fyrrnefnda verði formlegur umboðsaðili á Íslandi. Í þessu samstarfi falla saman tvö sterk fyrirtæki á sínu sviði sem mun skila sér í öflugri þjónustu til viðskiptavina beggja fyrirtækja á Íslandi. Hamar ehf. mun sjá um sölu og ráðgjöf á vörulínu Alfa Laval Nordic A/S, food and water division. Hamar mun einnig veita viðgerðarþjónustu og útvega Alfa Laval varahluti.

„Hamar hefur á liðnum árum státað af úrvals þjónustu við viðskiptavini og er þetta skref liður í að efla þá þjónustu sem fyrir er. Hamar ehf. sinnir þjónustu við íslenskan sjávarútveg og viljum við meina að Alfa Laval sé eitt besta og áreiðanlegasta merki í skilvindum, mjölvindum og varmaskiptum. Við erum ákaflega spennt fyrir því að geta nú verið hluti af þeirri löngu og merkilegu sögu sem tengist Alfa Laval.“

Að sögn Kára Pálssonar, framkvæmdastjóra og annars stofnenda Hamars, er mikil tilhlökkun fólgin í þessari tilkynningu.

„Með þekkingu Hamars, færni og getu í sambland við vörulínu og sérfræðiþekkingu Alfa Laval er íslenskum sjávarútvegi og matvælaframleiðslu veittur aðgangur að nýju og sterku samstarfi. Við erum þess vegna full eftirvæntingar og hlökkum til samstarfs við Alfa Laval með það í huga að efla enn frekar þjónustu við okkar viðskiptavini.“

Lars Bloch Area, sölustjóri hjá Alfa Laval Nordic, er einnig ákaflega ánægður með að þessi samvinna sé komin á það stig sem nú hefur verið náð.

Að sögn Lars, sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu og þjónustu Alfa Laval á Íslandi, mun það styrkja stöðu þeirra á Íslandi að vera í sambandi við Hamar ehf. Lars segir einnig að það hafi verið ásetningur þeirra lengi að verða meira áberandi á Íslandi og það mun verða raunin með því samkomulagi sem hefur verið undirritað og mun færa Alfa Laval nær sínum viðskiptavinum á Íslandi. */HKr.*




Landnámshænan:

# Fróðleikur um fiðurfé

**Nýtt tölublað af Landnámshænunni, blaði eigenda og ræktendafélags landnámshænsna, er komið út og er það 1. tölublað ársins 2020. Að vanda eru í blaðinu áhugaverðar, skemmtilegar og fræðandi greinar sem höfðar til alls áhugafólks um íslensku landnámshænunnar og ræktun hennar.**

Í formála segja ritstjórar að blaðið sé frábrugðið síðasta blað að því leyti að lítið sé af fréttum af félagsstarfinu enda hafi það verið í lágmarki á þessu ári. Þrátt fyrir það er blaðið efnismikið og fjölbreytt.

Fjallað er um samkomulag Eigenda og ræktendafélags landnámshænsna og Slow Food-samtakanna sem felst í því að félagið hefur fengið leyfi til að nota Rauða snigilinn, merki samtakanna, á afurðir sínar.

Í blaðinu er einnig fjallað um fiðurfellingu og drykkjarvatn fyrir hænur og landnámshænur í Hrísey. Brigitte Brugger, dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá Matvælastofnun, ritar grein um frjóegg sem geta borið sjúkdóma og bendir á að gríðarleg áhætta geti fylgt því að smygla eggjum til landsins.

Einnig er í blaðinu að finna grein sem fjallar um félagslíf og hvort það sé mögulegt að hænum leiðist. */VH*

**Bændablaðið**
Kemur næst út
17. desember
Auglýsingar
56-30-300



# STEKKUR

## Illir að eðlisfari

**Síðasti jólasveinninn kemur til byggða á aðfangadag og á jóladag leggur sá fyrsti af stað aftur til síns heima. Einu sinni á ári gera þessir skrýtnu kallar sér ferð í bæinn með tilheyrandi hlátrasköllum, hurðaskellum og fíflalátum.**

Jólasveinarnir eru synir Grýlu og Leppalúði er að öllum líkindum faðir þeirra, en Grýla var ekki við eina fjölina felld því áður en hún kynntist Lúða átti hún vingott við Bola og Gust og átti með þeim fjölda tröllabarna. Í dag eru flestir sammála um að jólasveinarnir séu þrettán og heiti Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottasleikir, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnari sagði að jólasveinarnir væru í mannsmynd, klofnir upp í háls, með klær fyrir fingrum, kringlótta fætur og engar tær. „Þeir eru illir að eðlisfari og líkastir púkum og lifa mest á blótsyrðum manna og óvönduðum munnsöfnuði og eru rógsamir og rángjarnir, einkum á börn."

Í dag líkjast þeir fremur fíflalegum miðaldra offitusjúklingum, hallærislegum trúðum eða búðarfíflum en ógnvekjandi tröllum.

Nöfn jólasveinanna hafa ekki alltaf verið þau sömu og í dag og áður gengu þeir undir ýmsum nöfnum sem oft voru staðbundin. Í Fljótunum koma fyrir nöfn eins og Pönnuskuggi, Guttormur, Bandaleysir, Lampaskuggi og Klettaskora. Í Mývatnssveit þekktust nöfnin Flórsleikir og Móamangi.

Á Ströndum voru jólasveinarnir þrettán eða fjórtán og báru önnur nöfn.Tífall, Tútur, Baggi, Lútur, Rauður, Redda, Steingrímur, Sledda, Lækjaræsir, Bláminn sjálfur, Blámans barnið, Litlipungur, Örvadrumbur, Tífall og Tútur, Baggi og Hrútur, Rauður og Redda, Steingrímur og Sledda, sjálfur Bjálfinn og Bjálfans barnið, Bitahængir, Froðusleikir,, Gluggagægir og Styrjusleikir.

Að sögn Sigfúsar Sigfússonar koma jólasveinarnir til landsins í byrjun jólaföstunnar á „selskinnsbátum vestan frá Grænlandsóbyggðum eða, að sumra sögn, austan frá Finnmörk og kalla sumir byggðarlag þeirra Fimnam. Þeir leggja að landi í leynivogum undir ófærum og geyma báta sína í hellum og halda huldu yfir þeim uns þeir fara aftur nærri þrettánda."

Sigfús segir jólasveinana skipta sér á bæi þegar þeir koma að landi og „hér þekkjast þeir oft varla frá púkum og grimm af verknaði sínum og eru illkaldir sem hafís og heljur. Jólasveinar eiga kistur sem þeir bera menn á brott í."

Upp úr miðri síðustu öld fara jólasveinarnir að taka á sig alþjóðlega mynd rauðhvíta jólasveinsins. Þeir verða vinir barnanna og færa þeim gjafir í skóinn síðustu dagana fyrir jól og eru ómissandi á jólaskemmtunum.

Íslensku jólasveinarnir hafa haldið þeim sið að vera hávaðasamir og hrekkjóttir og ekki er laust við að börn séu enn hrædd við þá. Hræðsla barnanna er fullkomlega eðlileg. Fullorðið fólk hikar ekki við að segja börnunum að þessir ókunnugu ríflega miðaldra offitusjúklingar, sem ganga um í skrýtnum rauðum fötum, komi í herbergið til þeirra á nóttinni og taki óþekk börn og þau sem ekki vilja fara snemma í rúmið. Einn þeirra er meira að segja þekktur gluggagægir. */VH*

---

**NYTJAR HAFSINS**

# Hremmingar síldarinnar



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Síldveiðiskip að veiðum skammt frá landi við Grundarfjörð haustið 2007. Mynd / Guðlaugur J. Albertsson

**Íslenski sumargotssíldarstofninn á sér merkilega sögu. Hann hefur mátt þola þung áföll síðustu áratugina: hrun í kringum 1970, fjöldadauða af völdum súrefnisskorts fyrir tæpum áratug og alvarlega sýkingu af náttúrunnar völdum sem verið hefur viðvarandi árum saman. Enn þá er stofninn þó talsvert mikilvæg stoð undir sjávarútvegi landsmanna.**

Rétt er að minna á strax í upphafi að hin rómuðu síldarævintýri Íslendinga á öndverðri 20. öld byggðust ekki á íslenska sumargotssíldarstofninum heldur á norsk-íslensku vorgotssíldinni sem gekk hingað til lands frá Noregi á sumrin (og gerir enn). Stöku sinnum gekk íslenska sumargotssíldin þó grindhoruð eftir hrygningu á norðurmið og veiddist þá með spikfeitri vorgotssíldinni, hinni frægu „Íslandssíld". Jakob Jakobsson, fiskifræðingur og lengi forstjóri Hafrannsóknastofnunar, ritaði grein í Morgunblaðið árið 2001 um íslensku sumargotssíldina og byggist það sem hér er sagt um síldina fram til síðustu aldamóta að mestu á henni.

### *Ofveiði og hrun*

Veiðar á sumargotssíldinni voru lítt stundaðar framan af 20. öldinni. Sunnanlands var sumargotssíldin einkum veidd í reknet vor og haust til beitu og síðar til söltunar. Undantekning á því var hið mikla síldarmok í Kollafirði og Hvalfirði veturna 1946/47 og 1947/48, en þá var síldin veidd í herpinót eins og tíðkaðist við Norðurland á sumrin.

Jakob bendir á að um 1960 hafi nútíma hringnótaveiðar hafist með mikill tæknivæðingu síldveiðiskipanna. Farið var að stunda síldveiðar árið um kring og jókst þá afli sumargotssíldarinnar úr 20-30 þúsund tonnum í 100-130 þúsund tonn á fyrri hluta 7. áratugarins. Þessu fylgdi aukið veiðiálag og á tímabilinu 1965-1969 var ókynþroska smásíld verulegur hluti aflans. Þessi ofveiði ásamt lélegri nýliðun olli því að stofninum hrakaði ört. Jakob segir að um 1970 hafi svo verið komið að aðeins hafi fundist tvær torfur á vetursetustöðvunum við Hrollaugseyjar. Þá hafi hrygningarstofninn verið áætlaður aðeins 10-15 þúsund tonn en hafi verið um 300 þúsund tonn um og upp úr 1960 þegar hringnótaveiðar hófust sunnanlands. Þegar hér var komið sögu var gripið til þess ráðs að banna síldveiðar í hringnót og tók bannið gildi í ársbyrjun 1972.

> **Það segir sína sögu að áður en sýkingin kom upp var veiðikvóti síldarinnar kominn upp í 150 þúsund tonn. Á þessu fiskveiðiári er kvótinn tæp 35 þúsund tonn.**

### *Endurreisn síldarstofnsins*

Það er skemmst frá því að segja að þessar ráðstafanir báru tilætlaðan árangur. Síldarstofninn rétti fljótt úr kútnum og haustið 1975 þegar takmarkaðar hringnótaveiðar voru leyfðar á ný var stofninn orðinn 100 þúsund tonn. Til þess að varna því að sagan endurtæki sig og stofninn hryndi aftur var mótuð sú nýtingarstefna að ekki mætti veiða meira en 20% af veiðistofninum. Síldarstofninn efldist svo hægt og bítandi og þegar leið að aldamótum var hann orðinn 400-500 þúsund tonn eða mun stærri en hann var fyrir hrunið.

Jakob Jakobsson var stoltur af því hve vel tókst til við endurreisn síldarstofnsins og þreyttist ekki á að minna á þennan góða árangur þegar umræða stóð um það löngu seinna að setja hliðstæða aflareglu fyrir þorsk. Það var gert árið 1995 og var markið sett við 25% af veiðistofni.

### *Breytilegar vetursetustöðvar*

Síldin hefur þann háttinn á að safnast saman og leggjast í dvala hluta vetrar og velur sér þá gjarnan kalda staði sem gera henni kleift að hægja á líkamsstarfsemi sinni. Jafnframt gæti hún verið að skapa sér næði til þess að forðast afrán því hún þolir betur seltuminni sjó en þeir fiskar sem éta hana. Hins vegar snýr síldin fiskimennina ekki eins auðveldlega af sér.

Fyrstu fimm árin eftir að síldveiðar voru leyfðar á ný (1975-79) voru vetursetustöðvarnar og þar með veiðisvæðið í bugtunum við sunnan- og suðaustanvert landið, þ.e. í Meðallandsbugt, Mýrarbugt og Lónsbugt. Á árunum 1980-1989 hélt síldin sig inni á Austfjörðum á veiðitímanum og þá gátu íbúar þessara staða fylgst með flotanum athafna sig út um gluggana heima hjá sér, eins og marga rekur sjálfsagt minni til. Eitt sinn á þessu tímabili, í desember 1981, kólnaði sjórinn reyndar svo í fjörðunum eystra að síldin hélst ekki við og fannst svo skömmu fyrir jól suður við Þorlákshöfn. Á tíunda áratugnum voru vetursetustöðvar síldarinnar á ýmsum stöðum 40-60 mílur austur af landinu. Eftir 1997 urðu menn varir við að síldarmagnið á Austfjarðamiðum fór minnkandi og árið eftir kom skýringin í ljós. Meginhluti stofnsins hafði valið sér vetursetustöðvar á gömlum síldarmiðum úti af Snæfellsnesi.

### *Færði sig inn á Breiðafjörð*

Þegar nokkur ár voru liðin af nýrri öld tók síldin sig enn á ný upp og færði vetursetustöðvar sínar inn á Breiðafjörð. Hún hreiðraði um sig inni á Grundarfirði þar sem Hafrannsóknastofnun mældi yfir 600 þúsund tonn af fullorðinni síld haustið 2006 þegar hrygningarstofninn í heild mældist 750 þúsund tonn. Megnið af stofninum var sem sagt komið inn á þennan eina litla fjörð. Sjómenn fögnuðu því auðvitað að geta gengið að síldinni á vísum stað í skjóli fyrir veðri og vindum en veiðarnar voru þó ekki vandalausar vegna grynninga og margir máttu þola veiðarfæratjón af. Seinna færði síldin sig svo áfram í átt að Stykkishólmi þar sem einnig var á köflum erfitt að athafna sig. Á þessum slóðum var hægt að ganga að síldinni í nokkur ár.

### *Síldardauðinn í Kolgrafafirði*

Haustið 2012 gerðist svo atburður sem skaut þjóðinni skelk í bringu. Um 300 þúsund tonn af síld eða 70% af hrygningarstofninum leitaði inn á Kolgrafarfjörð sem er á milli Grundarfjarðar og Stykkishólms. Þar lokaðist hún inni og náði ekki að forða sér út þegar ís myndaðist á firðinum. Talið er að 30 þúsund tonn af síld hafi drepist vegna súrefnisskorts þann 14. desember 2012 og 22 þúsund tonn til viðbótar aðeins rúmum mánuði síðar af sömu ástæðu. Alls 175 milljónir sílda eða 12% af hrygningarstofninum fóru forgörðum. Yfir fjórir milljarðar króna í útflutningsverðmæti.

En hver var ástæðan fyrir því hvernig fór? Árið 2004 hafði verið byggð brú ásamt vegfyllingu í mynni Kolgrafafjarðar og var upphaflega talið að þessi þrenging á mynninu hefði átt hlut að máli með því að takmarka vatnsskipti við sjóinn úti fyrir firðinum. Niðurstaða sameiginlegrar rannsóknar Hafrannsóknastofnunar og Háskólans á Akureyri studdi ekki þá kenningu en hins vegar var ekki fyrir það tekið að þrengingin á fjarðarmynninu og sterkir straumar undir brúna hafi torveldað flótta síldarinnar. Við athugun á veðurfari dagana fyrir síldardauðann kom í ljós að verið hafði mikil stilla og slíkar aðstæður draga mjög úr því að súrefni berist úr andrúmsloftinu í sjóinn auk þess sem ís myndaðist á hluta fjarðarins sem dró enn frekar á að súrefni kæmist í sjóinn. Þar sem mjög mikið var af síld á firðinum fór svo að súrefnismettun sjávar varð mjög lág og leiddi til þess að tugir þúsunda tonna af síld drápust vegna súrefnisskorts.

### *Langvinn sýking*

Nokkrum árum fyrir áfallið í Kolgrafafirði eða haustið 2007 fór að bera á sýkingu í síldarstofninum sem átti eftir að hafa miklar afleiðingar í för með sér. Sams konar sýking hafði komið upp í norsk-íslenska síldarstofninum árið 1990 en gengið yfir á tveimur til þremur árum. Menn voru því vongóðir um að það sama myndi gerast hér. Annað hefur komið á daginn. Nú 13 árum síðar hamlar sýkillinn enn vexti og viðgangi íslenska síldarstofnsins. Það segir sína sögu að áður en sýkingin kom upp var veiðikvóti síldarinnar kominn upp í 150 þúsund tonn. Á þessu fiskveiðiári er kvótinn tæp 35 þúsund tonn. Óhætt er að fullyrða að sýkingin hafi haft gríðarlega áhrif á stofninn þótt ekki sé hægt að útiloka að nýliðunarbrestur hafi orðið á sama tíma en það er talin langsóttari skýring.

### *Staðan í dag*

Í nýjustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar er síldarstofninn metinn um 290 þúsund tonn og áætlað að hann muni stækka á næstu árum vegna bættrar nýliðunar. Áfram sé þó óvissa um áhrif sýkingarinnar á þróun stofnstærðar. Metið sýkingarhlutfall er 13-35% í fjögurra ára síld og eldri en 5% í yngri síld. Rannsóknir benda til að um þriðjungur sýktrar síldar drepist af völdum sýkingarinnar.



Síldveiðar í Grundarfirði 28. október 2007. Mynd / Guðlaugur J Albertsson.

## Hafrannsóknastofnun:

# Eldislax fóðraður á timbri

**Eldisstöð Hafrannsóknastofnunar í Grindavík vinnur að tilraunaverkefni fyrir Matís, þar sem lax er alinn á fóðri sem upprunnið er úr timbri. Verkefnið er hluti af Evrópuverkefninu Sylfeed sem er alþjóðlegt fjögurra ára verkefni sem snýst um að búa til prótein úr aukaafurðum frá skógariðnaði.**

Auk Matís taka alls 10 stofnanir og fyrirtæki þátt í samstarfinu, þar á meðal fyrirtækin Arbiom, Norske Skog Golbey (í Frakklandi) og Fóðurverksmiðjan Laxá.

*Aukaafurðum breytt í prótein*

Ragnar Jóhannsson, sviðsstjóri fiskeldis og fiskiræktunar hjá Hafrannsóknastofnun, segir í frétt á heimasíðu stofnunarinnar: „Að sjálfsögðu er ekki mikið prótein í timbri sem fiskar gætu melt en verið er að þróa aðferð þar sem aukaafurðum, svo sem sagi úr vinnslu lauftrjáa, er umbreytt í fásykrur sem ákveðin gerð gersveppa getur nýtt sér og myndar úr þeim svokallað einfrumuprótein. Þetta einfrumuprótein hefur hagstæða amínósýrusamsetningu sem jafnast á við fiskimjöl."

Hafrannsóknastofnun vinnur nú að fóðurtilraunum á stórum skala þar sem eldislax er alinn á þessu fóðri og mælingar gerðar á vexti og fóðurnýtingu.

*Dýraprótein takmörkuð auðlind*

Ragnar segir einnig að til að ala fisk, og reyndar fleiri dýr svo sem kjúkling og svín, þarf próteinríkt fóður. „Stór hluti fóðurs í dag er úr jurtapróteini, gjarnan sojamjöli. Lax getur þó ekki verið jurtaæta eingöngu og verður að fá hluta próteins úr dýraríkinu og þá er notað fiskimjöl. Fiskimjöl er unnið með bræðslu uppsjávarfiska sem er takmörkuð auðlind og uppsjávarfiskar fara í auknum mæli beint til manneldis. Mjölið sem framleitt er í þessu verkefni getur uppfyllt vaxandi þörf fyrir dýraprótein til fiskeldis og annarrar matvælaframleiðslu."

Í Evrópu eru möguleikar á að framleiða mjög mikið magn af einfrumupróteini með þessum aðferðum og stuðla þannig að auknu matvælaöryggi álfunnar. /VH



Verið er að gera tilraun með að ala eldisfisk á aukaafurðum úr timbri.



## Grásleppuveiðar:

# Endurheimta MSC-vottun

**Gefið hefur verið út skírteini sem staðfestir að grásleppuveiðar hafa endurheimt MSC vottun um sjálfbærar veiðar. Skírteinið gildir í fimm ár, frá 17. nóvember 2020 til 16. nóvember 2025.**

Samkvæmt frétt á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að erfiðlega hafi gengið að selja grásleppuhrogn frá síðustu vertíð og ætti vottunin að liðka til í þeim efnum en þar segir einnig að ljóst sé að COVID-19 sé þar stærsti orsakavaldurinn.

Að sögn Kristins Hjálmarssonar, verkefnisstjóra hjá ISF, Icelandic Sustainable Fisheries, vó aðkoma sjómanna um stjórn veiðanna þungt í þessum efnum. „Þeir lögðu til við stjórnvöld lokun svæða þar sem líkindi voru á að selur veiddist sem meðafli og nákvæm, áreiðanleg skráning alls afla sé mikilvæg fyrir eftirlit og vísindi. Niðurstaðan sem nú er fengin hefði ekki náðst nema með sterkri aðkomu og samvinnu allra aðila, stjórnvalda, LS, Hafrannsóknastofnunar og framleiðenda."

Á heimasíðunni segir að rétt sé að taka fram að þó þessi áfangi hafi náðst sé nauðsynlegt að halda áfram umbótum þar sem mikilvægt sé að allir vinni saman að því að minnka meðafla við grásleppuveiðar.

Skírteini um sjálfbærni veiðanna er gefið út með skilyrðum fyrir umbótum sem leiði til þess að áhrif þeirra hindri ekki uppbyggingu á stofnum viðkvæmra tegunda. /VH


CLAAS

CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki







**CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður**
Þar sem afköst, magn og gæði fóðurs í rúllum skipta máli.

**CLAAS Disco sláttuvélar**
Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.

CLAAS heyvinnutækin eru þekkt fyrir framúrskarandi hönnun, gæði og áreiðanleika.





**CLAAS Volto heytætlur**
Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.

**CLAAS Liner múgavélar**
Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.

VÉLFANG - VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

# Íslenskt lambakjöt markaðssett innanlands

**Fyrsta innanlandsherferð Icelandic Lamb birtist í lok nóvember, en frá árinu 2016 hefur markaðssetning á sauðfjárafurðum eingöngu verið í höndum framleiðenda en ekki á vegum sameiginlegs vettvangs bænda og afurðastöðva. Bændablaðið ræddi við Hafliða Halldórsson, framkvæmdastjóra Icelandic Lamb og Markaðsráðs kindakjöts, sem segir að um stór tímamót sé að ræða. Mikilvægt sé að keyra öfluga markaðsherferð og bregðast við breyttu landslagi í kjölfar heimsfaraldurs.**

„Með breyttum áherslum í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem samþykktur var árið 2016 stöðvaðist öll miðlæg markaðssetning á sauðfjárafurðum til Íslendinga. Allur kraftur var settur í að auka sölu til erlendra ferðamanna og árangur átaksverkefnisins hefur á síðastliðnum árum farið fram úr okkar björtustu vonum. Samkvæmt síðustu niðurstöðum úr ferðamannapúlsi Gallup eru ferðamenn sem þekkja merki og skjöld Icelandic Lamb 19% líklegri til þess að kaupa lambakjöt og helmingi líklegri til þess að gera það oftar en einu sinni.“



Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic Lamb og Markaðsráðs kindakjöts.

### *Flestir erlendir ferðamenn hafa smakkað lambakjöt*

Hafliði segir mikilvægt að horfa á tölurnar á bak við prósenturnar, 19% af heildarfjölda erlendra ferðamanna árið 2019 voru 380 þúsund einstaklingar.

„Allar okkar mælingar sýna töluverða jákvæðni og ánægju gagnvart félagamerkinu okkar og lambakjöt er sú íslenska matvara sem flestir erlendir ferðamenn segjast hafa smakkað.“

Þrátt fyrir velgengni átaksverkefnisins urðu vatnaskil í starfsemi markaðsstofunnar þegar heimsfaraldur kórónuveiru setti ferðalög fólks á ís.

„Við vorum fljót að bregðast við breyttum aðstæðum í byrjun árs. Við nýttum óvissuna í að vinna verkefni sem setið höfðu á hakanum, funduðum með veitingamönnum sem venjulega höfðu lítinn tíma í fundarhald og gengum frá verkfærakistu fyrir veitingastaði. Við hófum strax samræður við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um viðauka við samninginn sem við störfum eftir. Til að hægt væri að nýta markaðsefnið okkar og mannauðinn áfram til góðra verka fyrir okkar umbjóðendur í breyttum aðstæðum.“

### *Herferð á innanlandsmarkaði*

Í september var skrifað undir viðauka við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar og var allur kraftur markaðsstofunnar settur í að undirbúa markaðsherferð fyrir innanlandsmarkað.

„Markaðsstofan var og er í raun og veru vel undirbúin til þess að takast á við þetta nýja verkefni. Við stöndum á góðum grunni, búið er að vinna mikla undirbúningsvinnu og var hægt að vinna markaðsefnið hratt og endurnýta margt.

„Þegar ég tók við sem framkvæmdastjóri í lok árs 2018 var mitt fyrsta verk að vinna merkishandbók fyrir félagamerki Icelandic Lamb. Niðurstaðan er 150 blaðsíðna verkfærakista sem markaðsherferð okkar innanlands er unnin upp úr. Töluverð forvinna var þegar unnin, síðastliðin 3 ár hefur Icelandic Lamb látið kanna viðhorf Íslendinga til lambakjöts og neysluhegðun svo hægt sé að hafa hana til hliðsjónar við greiningu á sölutölum innanlands. Það auðveldaði okkur alla markhópagreiningu fyrir innanlandsmarkað.“

### *Upprunavottun matvæla*

Merkishandbók og viðhorfskannanir eru ekki einu verkfærin sem Icelandic Lamb hefur getað nýtt sér við ímyndarherferðir á innanlandsmarkaði. Telur Hafliði aðalmarkmið átaksins að auðkenna íslenskar sauðfjárafurðir, þær spila mikilvægt hlutverk, og vekja athygli á sérstöðu afurðanna og verðmætum fólgnum í sérstöðunni.

„Áherslan á verndun afurðaheitis og uppruna hefur skilað okkur fyrstu og einu íslensku upprunavottun matvæla og beðið er eftir afgreiðslu Evrópusambandsins á PDO vottun fyrir íslenskt lambakjöt.“

PDO, eða Protected Designation of Origin, er sérstakt gæðakerfi. Tilgangur þess er að vernda afurðaheiti til að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti en upprunavottanirnar eru þrjár og gera ólíkar kröfur til tengsla afurðarinnar við uppruna og framleiðslu.

Verði umsóknin samþykkt geta framleiðendur merkt íslenskt lambakjöt með sérstöku vottunarmerki Evrópusambandsins PDO. Merkið er ekki aðeins þekkt innan Evrópusambandsins heldur víða um heim.



Þekktustu afurðaheiti heims eru vernduð með slíkum vottunarmerkjum, þ.á m. Prosciutto di Parma, Champagne, Parmigiano Reggiano og önnur sælkeramatvæli en vörur sem merktar eru með upprunamerkjunum PDO, PGI og TSG seljast að meðaltali á 10-20% hærra verði í smásölu. Telur Hafliði vottunina geta nýst vel við markaðssetningu erlendis sem og á innlendum markaði samhliða félagamerki Icelandic Lamb.

### *Fyrsta herferðin fór vel af stað*

Aðspurður segist Hafliði hlakka til framhaldsins.

„Fyrsta herferðin fór vel af stað, við höfum fengið jákvæðar viðtökur og ég fengið skilaboð úr öllum áttum þar sem vinir og kunningjar segjast hafa keypt lambakjöt undanfarna viku eftir að hafa séð auglýsingar frá okkur. Markmiðið er að vekja áhuga yngri kynslóða á fjölbreytileika íslensks lambakjöts, við fylgjumst vel með birgðastöðu í lok mánaða og viljum kynna betur þá bita sem ekki virðast rata í matarkörfuna.“

Á Hafliði þá við vinsældir lambahryggjar og læri, sem hann segir auðvelt að markaðssetja, en fái auðvitað sína athygli líka.

„Til að vinna markvisst að því að auka vinsældir bita sem minni eftirspurn er eftir verðum við að auka áhuga Íslendinga á fjölbreyttari bitum. Lömb eru ekki með nema einn hrygg og tvö læri, við verðum að tryggja jafnari nýtingu á kjötinu.“

Á næstu vikum verður sérstök áhersla lögð á jólin og jólahefðir Íslendinga. Segir Hafliði næg tækifæri felast í hátíðarhöldunum jafnvel þótt margir telji óþarfa að markaðssetja lambakjöt sérstaklega í kringum jólin.

„Desember er mánuður hangikjötsins og viljum við sýna Íslendingum hvernig hægt sé að bjóða upp á hangikjöt á fjölbreyttan hátt. Orðatiltækið eins manns dauði er annars brauð á líka vel við í ár enda lítið framboð á rjúpum. Þar er markhópur sem þarf kannski að endurskoða jólasteikina og verður lambakjöt náttúrlega fyrsti kostur.“

### *Íslenskt lambakjöt er matvara í hæsta gæðaflokki*

Hefur Hafliði ekki áhyggjur af samkeppni innfluttrar villibráðar um jólin.

„Íslenskt lambakjöt er matvara í hæsta gæðaflokki og höfum við lagt áherslu á að markaðssetja hana sem slíka til erlendra ferðamanna og á mörkuðum erlendis. Okkur hér heima hefur e.t.v. sést yfir hversu einstök þessi vara okkar er og tekið sem gefnu að fá að njóta. Við ætlum að halda áfram að markaðssetja hana sem háendavöru til Íslendinga og gera íslensku lambakjöti hærra undir höfði en áður hefur tíðkast. Okkar frábæru sauðfjárbændur eiga líka hrós skilið fyrir sína óeigingjörnu vinnu og elju, gæði lambakjötsins sem þau bjóða okkur neytendum eiga sér enga hliðstæðu. Glöggt er gests augað, og erlendir ferðamenn taka vel eftir lambinu okkar og þeim óviðjafnanlegu gæðum sem það býr yfir.“

### *Samfélagsleg ábyrgð*

Hlakkar Hafliði sérstaklega til þess að nýta mismunandi miðla til markaðssetningarinnar og gefa lambakjötinu það pláss sem það á skilið á auglýsingamarkaði.

„Samfélagsleg ábyrgð er okkur ofarlega í huga við gerð markaðsáætlana, áherslan er lögð á að nýta íslenska fjölmiðla og nýta samfélagsmiðla takmarkað en á fjölbreyttan hátt. Markmiðið er að nýta sjálfsprottna dreifingu á samfélagsmiðlum með matreiðslu- og fræðsluþáttum í beinni útsendingu. Í streymisþáttunum Náttúrulega hreint – beint eldar landsliðskokkurinn Snædís Jónsdóttir lambakjöt í beinni útsendingu, gefur góð ráð og fær góða gesti í heimsókn. Þættinum er streymt út á Facebooksíðum Icelandic Lamb, Lambakjöts, Bændablaðsins og Veitingageirans og nær til yfir 50 þúsund manns sem fá tilkynningu þegar streymið byrjar og reglulega meðan á því stendur.

Hágæðaefni eins og streymið tryggir okkur meiri sjálfsprottna dreifingu á efninu okkar. Þannig höldum við birtingarkostnaði á samfélagsmiðlum í lágmarki, náum til breiðs hóps í gegnum íslenska miðla og styðjum við innlenda atvinnustarfsemi án þess að gleymast á samfélagsmiðlum.“

Segir Hafliði mikilvægt að markaðsstofan setji sér slíka stefnu, enda sé markmið kynningarherferðar Icelandic Lamb að hvetja neytendur til þess að styðja við íslenska framleiðslu í auknum mæli.

„Við ætlum að halda áfram að vinna á okkar trausta grunni, auk markaðsherferðar í desember verða þættirnir Náttúrulega hreint – beint á þriðjudögum í desember frá næstu viku, 8.12. Þar setjum við áherslu á auðveldar lambakjötsuppskriftir og notum önnur íslenskt hráefni sem ýta undir einstakt bragð íslensks lambakjöts. Ég hvet sauðfjárbændur til þess að fylgjast vel með og sjá hvernig matreiðslumenn í hæsta gæðaflokki elda og tala um lambakjötið þeirra,“ segir Hafliði.

**FRÉTTIR**




# Hrunamannahreppur hækkar sorpeyðingargjald um 9%

**Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir 9% hækkun að jafnaði frá árinu 2020 á sorpeyðingargjaldi.**

Er gjaldið sagt tilkomið vegna mikillar kostnaðaraukningar við meðhöndlun og eyðingu og síðan hækkar sorphirðugjald líka um 2,7% árið 2021.

Sorphirðugjald íbúðarhúsa verður því kr. 42.100 í stað kr. 41.000. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa hækkar úr kr. 24.700 í kr. 26.900, frístundahúsa úr kr. 23.500 í kr. 28.200 og atvinnuhúsnæðis úr kr. 60.400 í 65.800. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 9%. Leiga á gámum og blátunnukörum hækkar um 2,7%. */MHH*




**Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun eru í samstarfi um það verkefni að fjölga áfangastöðum ferðamanna þar sem talið er, en næsta vor verður lokið við að setja upp teljara á alls 24 stöðum á landinu.**

## Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun:

# Ferðamenn taldir á 24 stöðum á landinu

### – Gögn nýtast til að meta álag á náttúru og innviði

**Í kjölfar þess að eftirspurn eftir rauntímagögnum um fjölda ferðamanna og dreifingu þeirra um landið hefur aukist undanfarin ár fóru Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun í samstarf um það verkefni að fjölga áfangastöðum ferðamanna þar sem talið er. Þau gögn sem þar verða til nýtast við að meta álag ferðamanna á náttúru og innviði, ásamt því að meta dreifingu ferðamanna í rauntíma.**

Áður en verkefnið hófst var talið á sex áfangastöðum en þegar því lýkur á vormánuðum næsta árs verður talið á alls 24 áfangastöðum.

Fyrsta áfanga verkefnisins lauk um miðjan október með uppsetningu á teljurum við Hvítserk, Dynjanda, Súgandisey, Saxhól, Hraunfossa og Seltún.

Annar áfangi verkefnisins hófst í byrjun nóvember en í þeim áfanga verða teljarar settir upp við Dettifoss, Stuðlagil, Jökulsárlón, Skaftafell, Fjaðrárgljúfur, Reynisfjöru og í Reykjadal.

Þriðja áfanga verkefnisins er svo áætlað að ljúki á vormánuðum næsta árs en þá verða settir upp teljarar við Fimmvörðuháls, Laugaveginn, Látrabjarg og Hveravelli. Frá þessu er sagt á vef Ferðamálastofu og þar má finna kort með öllum þeim 24 stöðum sem talið verður á. */MÞÞ*

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Við bjóðum úrval vefnaðar- og gjafavara með sterka tengingu við íslenska náttúru í vefverslun okkar
www.tundra.is
Tilvaldar jólagjafir fyrir bændur og búalið
TUNDRA LAGÐUR
Hönnunarfyrirtæki í íslenskri sveit, info@tundra.is, s. 893 0103

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

TRYGG
Nøsted Kjetting as


Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

FRÉTTASKÝRING

## Reiknistuðlar á loftmengun með höfðatöluútreikningi hygla „mikið mengandi“ stórþjóðum á kostnað smáþjóða:

# Þýskaland losar 2.489 tonn af $CO_2$ á ferkílómetra, en Ísland er samt sagt losa meira með 60 tonn á $km^2$

## – Miðað við höfðatölu er hver Íslendingur sagður losa 73% meira af gróðurhúsalofttegundum en meðal-Þjóðverji



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Andrúmsloftið á jörðinni er sameign allra jarðarbúa. Loftmengun er líka alþjóðlegt vandamál og mengun í einu landi skiptir hvern einasta jarðarbúa því jafnmiklu máli. Óháð staðsetningu, kyni, eða litarhætti. Þetta hefur verið viðurkennt af alþjóðasamfélaginu í öllu talinu um loftslagsvá. Hins vegar hefur verið búið til heljarmikið kolefnishagkerfi í kringum þetta þar sem jafnræði milli jarðarbúa er víðsfjarri. Í því kerfi geta stórþjóðir sem menga mjög mikið komið mun betur út en smáþjóðir, vegna niðurdeilingar losunar á $CO_2$ á íbúafjölda.**

Kerfið sem opinberlega er notast við til að gefa út samanburðartölur um losun þjóða á gróðurhúsalofttegundum reiknar mengun út frá hlutfalli losunar $CO_2$ á hvern íbúa í einstökum löndum. Þessi aðferðarfræði gefur stórundarlegar niðurstöður þegar horft er á rauntölur um losun gróðurhúsalofttegunda og í heildarsamhengi hlutanna. Einnig út frá þeirri staðreynd að andrúmsloftið er hreyfanlegur massi sem hringsólar með veðrakerfum umhverfis jörðina.

Ástæðan er að dreifing jarðarbúa er mjög breytileg og flatarmál lands á hvern jarðarbúa mjög mismunandi eftir löndum. Staðsetning mengunarvalda, eins og stórra verksmiðja og kolaorkuvera, er líka mjög breytileg þannig að eitt álver í fámennu og dreifbýlu landi getur gefið því mun hærri mengunarstuðul en 100 álver í fjölmennu og þéttbýlu landi. Því gefur þessi reikniaðferð afar skrýtnar niðurstöður sem líta einstaklega furðulega út gagnvart ríkjum eins og Íslandi sem býr við hreinustu orkuframleiðslu sem völ er á í heiminum.

### *Er meðal-Íslendingur að menga 73% meira en meðal-Þjóðverji?*

Með þessum aðferðum sem íslensk umhverfisyfirvöld tala meðal annars fyrir sem heilagan sannleik, fá menn það út að Íslendingar mengi um 73% meira á mann en meðal-Þjóðverji. Það er þrátt fyrir að tölur Eurostat sýni að Þjóðverjar eru með ótal verksmiðjur, ásamt kola- og olíukyntum raforkuverum að losa 2.489 tonn af $CO_2$ að meðaltali á ferkílómetra lands á meðan Íslendingar eru að losa um 60 tonn.



**Nýjasta kolaorkuver Þjóðverja, Datteln 4, var formlega gangsett 30. maí 2020. Verið, sem framleiðir 1.052 megawött, er í eigu Uniper og er staðsett í Wetphalia í Norður-Rínarhéraði. Það var búið að vera lengi í byggingu en framkvæmdir við það hófust 2007. Þó þýsk yfirvöld hafi gefið það út fyrr á árinu að hætt yrði að brenna kolum í landinu 2038, þá hefur svona kolaorkuver minnst 46 ára líftíma.**

Þetta kemur líka vel fram þegar rýnt er í skýrslur um losun gróðurhúsalofttegunda frá öðrum sjónarhóli en venjulega er gert. Þar má t.d. nefna skýrslu Alþjóðaorkustofnunarinnar (IEA), sem heitir Global Energy Reviw 2019. Einnig skýrslu Eurostat sem byggir á gögnum frá því í júní 2020 og tileinkuð Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Skýrslan ber titilinn „Greenhouse gas emission statistics – emission einvetories“.

### *Helstu drifkraftar losunar $CO_2$ ekki til umræðu*

Í skýrslu Eurostat er tiltekin heildarlosun gróðurhúsalofttegunda að losun vegna flugsamgangna meðtöldum, en fyrir utan losun úr landi (þ.m.t. framræstu landi eða mýrum) losun vegna landnotkunar og losun vegna skógræktar. Það þýðir t.d. að endurheimt votlendis og mokstur í framræsluskurði skiptir ekki nokkru einasta máli í samkomulagi þjóðanna um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda.

Í skýrslunni er líka gengið hreint til verks og sagt að helstu drifkraftar losunar gróðurhúsalofttegunda vegna m.a. aukinnar orkuframleiðslu sé ekki til umræðu í skýrslunni. Þar komast menn samt að því að á árinu 2018 hafi losun gróðurhúsalofttegunda í ESB ríkjunum 27 (þ.e. án Bretlands), verið 21% minni en 1990. Þá hafi samdrátturinn í losun á þessu tímabili numið 1.018 milljónum tonna af $CO_2$ ígildum. Þannig sé ESB að standast þau markmið að draga úr losun um 20% fyrir 2020 og á réttri leið varðandi markmið um 40% samdrátt á losun 2040 miðað við losun 1990 og allt miðað við höfðatölu.

Vissulega eru þetta huggulegar tölur sem lofa góðu. Dæmið lítur hins vegar talsvert öðruvísi út gagnvart einstökum þjóðum ef horft er á hlutina út frá sömu gögnum Eurostat, en á forsendum sem hvergi er talað um í skýrslunni eða opinberri umræðu um losun gróðurhúsalofttegunda.

### *Losun á heimsvísu nam 32,2 gígatonnum árið 2019, eða 4,2 tonnum á hvern jarðarbúa*

Í skýrslu Alþjóðaorkustofnunarinnar (IEA) kemur fram að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á jörðinni hafi verið að aukast flest árin frá 1990. Lítil sem engin aukning hafi þó verið á árunum 2013 til 2016, en síðan talsverð aukning frá 2017. Þannig hafi losunin numið 32,2 gígatonnum (Gt) árið 2019, eða 32,2 milljörðum tonna af $CO_2$ ígildum.

Ef við umreiknum það á alla 7,6 milljarða íbúa jarðarinnar 2019 eins og gert er í viðteknum viðmiðunarútreikningum ESB í loftslagsmálum, þá þýðir það 4,2 tonn á hvern einasta mann á hverju ári. Það er miklu lægri tala en meðaltalið í ESB-ríkjunum og ætti þá líklega að segja ansi mikið um hver er að menga fyrir hverjum. Þegar íbúar eru aftur á móti hólfaðir niður í mismunandi stórum hópum á misstór landsvæði, með mismunandi stórum mengunarvöldum, þá geta komið út ansi skrítnar niðurstöður. Því hlýtur að vera erfitt að rökstyðja að slíkir útreikningar, sem yfirvöld m.a. á Íslandi miða við, standist alltaf vísindalegar kröfur.

### *Með hreinustu orku í heimi en samt mestu mengunarsóðar Evrópu?*

Í þeirri tölfræði sem notuð er í reiknilíkönum Eurostat er beitt þeirri aðferðafræði að umreikna losunartölur yfir á íbúafjölda hinna ýmsu Evrópulanda, líka landa utan ESB. Þessi aðferðafræði er jafnframt eina haldbæra skýringin sem hægt er að finna á því af hverju hið fámenna Ísland með allan sinn hreinleika sýnir eins háar losunartölur á $CO_2$ og raun ber vitni. Þær tölur hafa síðan líka verið notaðar af umhverfisráðherra Íslands nýverið til að rökstyðja hótanir um að Íslandi beri að greiða refsitolla fyrir að standa sig illa í mengunarmálum. Þetta hefur líka verið notað sem röksemd fyrir því að leggja sífellt hærri kolefnisskatta á eigendur bíla með brunahreyflum á Íslandi. Það er þrátt fyrir að viðurkennt sé samkvæmt öllum raunmælingum, að landið sé líklega það umhverfisvænsta í heimi hvað varðar framleiðslu á raforku, með nærri 100% úr endurnýjanlegum orkulindum og



**Braunkohlekraftwerk Schkopau brennir, eins og nafnið bendir til, brúnkolum sem er mun verra eldsneyti en venjuleg kol. Þetta 900 megawatta orkuver (210 MW stærra en Kárahnjúkavirkjun) er í sameiginlegri eigu Uniper í Þýskalandi og Saale Energie GmbH, sem aftur er í eigu tékknesku orkusamstæðunnar EPH. Orkuverið brennir allt að 6 milljónum tonna af þýskum brúnkolum á ári og framleiðir með því gufu og raforku, samkvæmt gögnum Uniper.**

### Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda eftir löndum á árunum 1990 til 2018

*Losun frá flugsamgöngum er innifalin, en losun frá landi og vegna landnotkunar og skógræktar er ekki innifalin*

*Tölur eru í milljónum tonna af $CO_2$ ígildum*

| | 1990 | 1995 | 2000 | 2005 | 2010 | 2015 | 2018 | Share in EU-27* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EU-27 | 4 911.6 | 4 626.5 | 4 543.4 | 4 647.1 | 4.3 | 3.9 | 3 893.1 | 100.0% |
| Belgium | 149.6 | 157.4 | 154.4 | 149.9 | 0.1 | 0.1 | 123.6 | 3.2% |
| Bulgaria | 102.5 | 75.5 | 59.8 | 64.7 | 0.1 | 0.1 | 58.6 | 1.5% |
| Czechia | 199.6 | 158.5 | 151.2 | 150.0 | 0.1 | 0.1 | 129.4 | 3.3% |
| Denmark | 72.6 | 80.5 | 73.6 | 69.3 | 0.1 | 0.1 | 51.3 | 1.3% |
| Germany | 1 261.6 | 1 136.4 | 1 063.0 | 1 016.4 | 1.0 | 0.9 | 888.7 | 22.8% |
| Estonia | 40.4 | 20.2 | 17.3 | 19.2 | 0.0 | 0.0 | 20.2 | 0.5% |
| Ireland | 56.6 | 60.3 | 70.1 | 72.2 | 0.1 | 0.1 | 64.2 | 1.7% |
| Greece | 105.8 | 112.0 | 129.0 | 139.1 | 0.1 | 0.1 | 96.1 | 2.5% |
| Spain | 294.2 | 335.6 | 398.4 | 455.0 | 0.4 | 0.4 | 352.2 | 9.0% |
| France | 556.9 | 553.7 | 567.2 | 570.7 | 0.5 | 0.5 | 462.8 | 11.9% |
| Croatia | 32.4 | 23.0 | 25.9 | 30.2 | 0.0 | 0.0 | 24.4 | 0.6% |
| Italy | 520.4 | 535.3 | 560.5 | 595.1 | 0.5 | 0.4 | 439.3 | 11.3% |
| Cyprus | 6.4 | 7.9 | 9.3 | 10.2 | 0.0 | 0.0 | 9.9 | 0.3% |
| Latvia | 26.6 | 13.1 | 10.6 | 11.6 | 0.0 | 0.0 | 12.2 | 0.3% |
| Lithuania | 48.4 | 22.5 | 19.6 | 22.9 | 0.0 | 0.0 | 20.6 | 0.5% |
| Luxembourg | 13.1 | 10.7 | 10.6 | 14.3 | 0.0 | 0.0 | 12.4 | 0.3% |
| Hungary | 94.5 | 75.9 | 74.0 | 76.2 | 0.1 | 0.1 | 64.1 | 1.6% |
| Malta | 2.8 | 3.0 | 3.1 | 3.2 | 0.0 | 0.0 | 2.7 | 0.1% |
| Netherlands | 226.3 | 239.3 | 229.7 | 225.7 | 0.2 | 0.2 | 200.5 | 5.1% |
| Austria | 79.4 | 80.7 | 82.0 | 94.4 | 0.1 | 0.1 | 81.5 | 2.1% |
| Poland | 475.7 | 447.5 | 396.7 | 405.4 | 0.4 | 0.4 | 415.9 | 10.7% |
| Portugal | 60.2 | 70.4 | 83.7 | 88.0 | 0.1 | 0.1 | 71.6 | 1.8% |
| Romania | 248.8 | 187.9 | 143.6 | 151.8 | 0.1 | 0.1 | 116.5 | 3.0% |
| Slovenia | 18.7 | 18.7 | 19.1 | 20.5 | 0.0 | 0.0 | 17.6 | 0.5% |
| Slovakia | 73.6 | 53.4 | 49.3 | 51.4 | 0.0 | 0.0 | 43.5 | 1.1% |
| Finland | 72.2 | 72.7 | 71.3 | 71.2 | 0.1 | 0.1 | 58.8 | 1.5% |
| Sweden | 72.5 | 74.6 | 70.1 | 68.6 | 0.1 | 0.1 | 54.6 | 1.4% |
| United Kingdom | 809.7 | 768.1 | 742.5 | 726.6 | 0.6 | 0.5 | 498.7 | 12.8% |
| Iceland | 4.0 | 3.8 | 4.6 | 4.5 | 0.0 | 0.0 | 6.2 | 0.2% |
| Lichtenstein | 0.2 | 0.2 | 0.2 | 0.3 | 0.0 | 0.0 | 0.2 | 0.0% |
| Norway | 52.1 | 52.2 | 56.0 | 56.3 | 0.1 | 0.1 | 53.8 | 1.4% |
| Switzerland | 57.3 | 56.8 | 58.0 | 59.1 | 0.1 | 0.1 | 52.1 | 1.3% |
| Turkey | 219.9 | 248.6 | 300.4 | 340.5 | 0.4 | 0.5 | 533.0 | 13.7% |

*Share in EU-27 total in year 2018

*Source:* European Environment Agency (online data code: env_air_gge)

*Tafla úr skýrslu Eurostat*

eurostat

### Losun gróðurhúsalofttegunda á mann 2018 í tonnum af $CO_2$ ígildum

| | | |
|---|---|---|
| European Union - 27 countries (from 2020) | 8.7 | (ep) |
| European Union - 28 countries (2013-2020) | 8.6 | (ep) |
| Belgium | 10.8 | |
| Bulgaria | 8.3 | |
| Czechia | 12.2 | |
| Denmark | 8.9 | |
| Germany (until 1990 former territory of the FRG) | 10.7 | |
| Estonia | 15.3 | |
| Ireland | 13.2 | (e) |
| Greece | 9.0 | |
| Spain | 7.5 | |
| France | 6.9 | (p) |
| Croatia | 6.0 | |
| Italy | 7.3 | |
| Cyprus | 11.3 | |
| Latvia | 6.3 | |
| Lithuania | 7.4 | |
| Luxembourg | 20.3 | |
| Hungary | 6.6 | |
| Malta | 5.5 | |
| Netherlands | 11.6 | |
| Austria | 9.2 | |
| Poland | 11.0 | |
| Portugal | 7.0 | |
| Romania | 6.0 | |
| Slovenia | 8.5 | |
| Slovakia | 8.0 | |
| Finland | 10.7 | |
| Sweden | 5.4 | |
| United Kingdom | 7.5 | |
| Iceland | 17.5 | |
| Liechtenstein | 4.8 | |
| Norway | 10.1 | |
| Switzerland | 6.1 | |
| Turkey | 6.5 | |

*Tafla úr gögnum Eurostat*

kyndingu húsnæðis með jarðhita og hreinni raforku.

Vissulega skyggir það á hreinleikamynd orkuframleiðslu á Íslandi að héðan selja íslensk orkufyrirtæki aflátsbréf sem þau kalla hreinleikavottorð um uppruna orku. Komið hefur fram í fréttum að þessi aflátsbréf hafa verið notuð, m.a. í Hollandi, til að blekkja neytendur þar sem fyrirtæki geta sagst vera að framleiða vöru með hreinni orku frá Íslandi sem eru hrein ósannindi. Enda er það útilokað þar sem engir raforkuflutningar fara fram frá Íslandi til annarra landa. Öðru máli gæti gegnt ef hér væri framleitt vetni með raforku frá íslenskum vatns- eða vindorkuverum og það síðan selt til útlanda. Þá væri hægt að láta slíku vetni fylgja vottorð um hreinan uppruna. Sala á aflátsbréfunum eða hreinleikavottorðunum þýðir að Orkustofnun á Íslandi verður að taka inn í upprunaskráninguna á Íslandi mengun frá upprunalandi kaupenda bréfanna. Þannig stóð einungis eftir að 9% raforku á Íslandi á árinu 2019 var sögð framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Samt heldur sama stofnun því fram að 99,9% raforkunnar sé framleidd með endurnýjanlegum hætti og viðurkennir þannig að sala upprunavottorða sé blekkingaleikur.

Það sem skekkir líka þessa mynd um mengun í heiminum er að mestu mengunarvaldarnir, eins og orkuframleiðsla og stóriðnaður, eru fyrir utan sviga þegar rætt er um aðgerðir og refsingar í loftslagsmálum.

### *Losun $CO_2$ sögð nema 8,7 tonnum á íbúa í ESB*

Í skýrslu Eurostat kemur fram að losun gróðurhúsalofttegunda í ESB ríkjunum 27 var samtals 3.893.100.000 tonn í $CO_2$ ígildum (um 3,9 milljarðar tonna) á árinu 2018. Það gerir 8,7 tonn á hvern einasta íbúa að meðaltali og hafði lækkað um 1,9 tonn á íbúa frá árinu 2000. Það eru tölur án Bretlands, en útganga þess þýðir að losun gróðurhúsalofttegunda í ESB ríkjunum eykst að meðaltali um 0,1 tonn á hvern einasta íbúa. Það þýðir að Bretar voru þá að losa minna en meðaltal ESB ríkja sýnir. Þarna er verið að nota tölur samkvæmt mælikerfi sem gengið var út frá við gerð Parísarsamkomulagsins þar sem stóru tölurnar eru utan sviga.

### *Þýskaland með 2.489 tonna losun á $CO_2$ á ferkílómetra en 10,8 tonn á mann*

Ef tölur um losun á $CO_2$ eru skoðaðar í öðru ljósi og settar í samhengi við land, raunverulega losun, fjölda verksmiðja og orkuvera og stærð ríkja í ferkílómetrum, þá lítur dæmið allt öðruvísi út. Samkvæmt tölum Eurostat nam losun Þýskalands á gróðurhúsalofttegundum 2018 samtals 888,7 milljónum tonna ígilda $CO_2$. Ef því er deilt niður á stærð landsins, um 357.340 ferkílómetra, þá nemur losunin rétt tæpum 2.487 tonnum á ferkílómetra.

Ef þessu er hins vegar deilt niður á hvern einasta af um 82 milljónum íbúa Þýskalands, þá voru þeir að meðaltali að losa um 10,8 tonn af $CO_2$ á ári hver um sig (10,7 samkvæmt Eurostat).

### *Ísland með 60 tonna losun af $CO_2$ á $km^2$, en 17,8 tonn á mann*

Samkvæmt sömu tölum í sömu skýrslu var heildarlosun Íslands 6,2 milljónir tonna af $CO_2$ á árinu 2018.

Ef því er deilt niður á flatarmál landsins (102.775 $km^2$), þá gerir það um 60,3 tonn á ferkílómetra, eða aðeins um 2,4% af losuninni í Þýskalandi.

Ef þessu er hinsvegar deilt niður á hvern íbúa Íslands 2018 (348.450) þá nam losunin um 17,8 tonnum á mann, eða um 73% meira en losunin var í Þýskalandi. Talan er reyndar 17,5 samkvæmt Eurostat og þá væntanlega miðað við eldir íbúatölu og hafði aukist um 1,2 tonn á íbúa frá árinu 2000.

Einungis Luxemborg er sögð með meiri losun á mann eða 20,3 tonn af $CO_2$ ígildum. Þetta er síðan borðið á borð fyrir þjóðina af stjórnvöldum og ESB sem staðreynd um sóðaskap Íslendinga í loftslagsmálum og að við stöndum okkur næst verst allra Evrópuþjóða!

Ef við tökum síðan einungis heildar kolefnislosunina á Íslandi eins og hún er gefin í skýrslu Eurostat, og reiknum það í hlutfalli af heildarlosuninni í Þýskalandi án allra annarra viðmiðana, þá er útkoman margfalt ýktari. Þjóðverjar voru að losa rúmlega 143 sinnum meira en Íslendingar. Samt ætlast umhverfisráðherra til að við borgum refsiskatt fyrir okkar losun.

### *Fljótvirkasta leiðin til að lækka $CO_2$ losunartölur á Íslandi er að fjölga íbúum*

Það hefur vakið athygli að á meðan Íslendingar búa við þá margsönnuðu staðreynd að raforka hér á landi er nær 100% framleidd með endurnýjanlegum hætti, þá eru Íslendingar eigi að síður sæmdir þeim vafasama heiðri af Evrópusambandinu að vera næstmestu sóðarnir í losun á koltvísýringi út í andrúmsloftið, næst á eftir Lúxemborg. Það er að vísu miðað við höfðatölu og vega álverin á Íslandi þar langþyngst í þessu ríflega 360 þúsund manna þjóðfélagi. Ef íbúar hér væru talsvert fleiri, þá væri staðan allt önnur.

Augljósasta og fljótlegasta leiðin fyrir Íslendinga til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, eða öllu heldur til að lækka losunartölur samkvæmt framangreindum útreikningum, væri því að fjölga íbúum Íslands snarlega. Við þurfum ekki að fara nema í 610.000 íbúa til að „menga minna“ en Þjóðverjar. Við gætum meira að segja náð því marki fyrr með því að fá kannski 100.000 Þjóðverja til að skrá lögheimili sitt á Íslandi sem myndu þá dragast frá íbúatölu Þýskalands. Þá gætum við líka greitt þeim fyrir slíkan flutning á ríkisfangi með smá hluta af þeim refsisköttum sem ráðherra hyggst láta Ísland greiða til óskilgreindra útlendinga og áhættufjárfesta vegna kolefniskvótakaupa fyrir að standa sig ekki í loftslagsmálum.

Með sömu aðferðafræði og ríki heims leyfa sér að nota í útreikningum á kolefniskvótum og viðmiðunum í losun gróðurhúsalofttegunda, þá gætu íbúar á Akureyri eða Reykjavík skellt nær allri skuldinni af loftmengun Íslendinga vegna rekstrar álvera á Reyðfirðinga, Hafnfirðinga og íbúa Hvalfjarðarsveitar og verið bara í fínum málum.

Það eitt og sér sýnir vel í hvaða ógöngum þjóðir heims eru með mengunartölur sem síðan eru notaðar til að búa til algjörlega nýja huglæga söluvöru sem eru kolefniskvótar. Slíka kvóta eru fjársterkir aðilar farnir grimmt að fjárfesta í til að hagnast á síðar.

## Kolefniskvótar ganga kaupum og sölum

**Fyrsti markaðurinn á viðskiptum með kolefniskvóta er runnin undan rifjum sérfræðinga ESB og heitir The EU emissions trading system (EU ETS). Er þetta kerfi sagt vera „hornsteinn“ stefnu ESB í baráttunni við loftslagsbreytingar.**

Þetta kerfi gefur mönnum möguleika á að menga út í það óendanlega svo lengi sem menn eru viljugir til að kaupa losunarkvóta á móti losun á $CO_2$. Einhver þarf á endanum að borga fyrir þetta og það gerist með því að kvótakaupunum er auðvitað velt út í verðlagið og almenningur borgar brúsann. – sniðugt? Allavega finnst uppfinningamönnum kolefnishagkerfisins það.

### *Kolefnishagkerfi aðeins að hluta nýtt í baráttu gegn losun $CO_2$*

Í Skýrslu Alþjóðabankans frá því í maí 2020, „State and Trends og Carbon Pricing 2020“, kemur fram að kolefniskvótaviðskiptakerfi ESB, „European Union Emissions Trading System (EU ETS)“, hafi leitt til innleiðingar á 61 aðgerð, þar af 31 vegna kvótaviðskipta og 30 vegna setninga kolefnisskatta í hinu ýmsu ríkjum, þar á meðal Íslandi. Þetta nái yfir 12 gígatonna losun á $CO_2$. Þá segir líka í skýrslu sjóðsins að ríkisstjórnir víða um heim hafi í gegnum þetta skattlagningakerfi náð sér í tekjur upp á 45 milljarða dollara á árinu 2019.

Um 40% af þessum tekjum fór ***ekki í aðgerðir til að draga úr loftmengun***, heldur beint í ríkishítina á hverjum stað. Samt er fullyrt að þetta kolefnisviðskiptakerfi sé alfarið hannað til að standa undir aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þarna liggur það fyrir svart á hvítu í skýrslu Alþjóðabankans, að með innleiðingu á þessu kolefnisviðskiptakerfi er verið að blekkja almenning.

### *Spáð að tonnið af $CO_2$ fari í 80 dollara 2020 og í 100 dollara árið 2030*

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að þótt kolefnisverð hafi verið að hækka, þá sé það of lágt á sumum svæðum til að standa undir kröfum Parísarsamkomulagsins. Æðsti kjarni þeirra sem fjalla um kolefnisverði áætla að kolefnisverðið á þessu ári nái að minnsta kosti 40-80 dollurum á tonn af $CO_2$ og verði komið í 50-100 dollara á tonnið árið 2030.

Í ágúst 2020 birtist frétt í Financial Times um kolefniskvótakerfi Evrópusambandsins. Þar kemur fram að lengi hafi verið torvelt að búa til verðmiða á kolefniskvóta sem síðan var ætlað að vinna gegn losun $CO_2$. Allt í einu áttuðu stærstu áhættufjárfestingasjóðir (hedge funds) í olíubransanum sig á að þarna gæti verið verslunarvara sem hægt væri að hagnast verulega á. Í kjölfarið fór verðið að hækka og var kolefnistonnið í haust komið í 30 evrur (35-36 dollarar). Var þetta talið hafa áhrif á verðlag hjá raforkufyrirtækjum, stáliðjuverum og fleiri greinum. Þetta er samt talsvert undir væntingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem spáði í vor að verðið færi í 40-80 dollara á tonnið.

### *Þróun á kolefnisverði á skjön við markaðslögmál*

Þróun verðs á kolefniskvótum hefur á síðustu mánuðum verið þvert á öll eðlileg markaðslögmál, því að vegna lokunar fyrirtækja í COVID-19, minni eftirspurn og efnahagskreppu þá ætti kolefniskvótaverð að lækka að mati Financial Times. Það hefur hins vegar ekki gerst á undanförnum mánuðum, þvert á móti. Verðið hefur verið að hækka. Að vísu kom nokkurt bakslag í upphafi COVID-faraldursins en síðan rauk verðið upp aftur.

### *Áhættufjárfestar uppgötva ný gróðatækifæri í kolefnisviðskiptum*

Blaðið segir að þetta skýrist af því að ný tegund fjárfesta sé komin inn á markaðinn sem hafi engar áhyggjur af skammtímaáhrifum á markaði. Þeir kaupa kolefniskvóta á háu verði til að selja síðar á enn betra verði. Enda vita þeir að búið er að stilla fyrirtækjum og ríkisstjórnum upp við vegg af kolefnishagkerfinu þannig að þeir sem mælast með mikla mengun verða skyldaðir til að kaupa kolefniskvóta til að mæta þeirri mengun. Afleiðingin verður svo auðvitað hærra vöruverð og þannig græða allir á þessu nýja kolefnishagkerfi. Nema almenningur sem borgar brúsann á endanum eins og venjulega.

## 76,9% af raforku ESB er framleidd með óendurnýjanlegum orkugjöfum

**Einungis 11,6% af orkuframleiðslu Evrópusambandsins var á árinu 2018 framleiddur í vatnsorkuverum og 11,5% í vindorkuverum. Þá voru 18,2% framleidd með kolum og brúnkolum. Af níu ríkjum sem framleiða brúnkol var Þýskaland langstærst með 45% af framleiðslunni. Á áttunda áratug síðustu aldar voru t.d. forsíður helstu blaða í Evrópu og aðrir fréttamiðlar uppfullir af fréttum af súru regni vegna kolabruna og einkum vegna bruna á hinum óhreinu brúnkolum sem losaði mikið af brennisteinsdíoxíði út í andrúmsloftið.**

Samkvæmt úttekt Evrópusambandsins sem gefin var út af Euostat, hagstofu þeirra í ESB, þann 14. desember síðastliðinn, var 76,9% af orkugjöfum sambandsins óendurnýjanlegir á árinu 2018. Nýrri tölur virðast ekki fyrirliggjandi. Af þessu eru 9,3% kol og 8,9% með brúnkol, sem er jafnframt langversti mengunarvaldurinn af öllum orkugjöfum sem völ er á í heiminum.

### *Austur-Evrópubúar ekki verstir í nýtingu brúnkola*

Það vekur athygli að þvert á það sem flestir halda þá eru það ekki Austur-Evrópuríkin sem eru mestu sóðarnir í vinnslu og brennslu brúnkola, heldur velmegunarlandið Þýskaland. Það er hins vegar líka fjölmennasta ríki ESB með 82 milljónir íbúa svo hvert tonn í losun á $CO_2$ og ýmsum öðrum skaðlegum lofttegundum hefur háan útþynningarstuðul.



# Íslensk blóm um jólin




**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is


**Jólin eru á næsta leiti og því ekki úr vegi að fjalla lítillega um jólablómin. Jólastjörnur eru líklega þær pottaplöntur sem flestir tengja við jólin en riddarastjörnur fylgja þar fast á eftir. Fjöldi annarra tegunda er líka í boði og um að gera að kaupa blóm sem ræktuð eru innanlands.**

Íslenskir blómaframleiðendur eru ekki síður iðnir við blómaræktunina fyrir jólin en á öðrum árstímum. Meðal blóma sem ræktuð eru fyrir jólin hér á landi eru jólastjörnur, hýasintur, rauðir ástareldar og rauðar begóníur, Amarillys eða riddarastjarna, rauðir túlípanar og sígræn bergflétta á vírboga.

### *Jólastjörnur eru kuldaskræfur*

Jólastjörnur eru ekki auðveldustu plönturnar til að halda lifandi en langt frá því að vera þær erfiðustu. Jurtin þrífst best við 16 til 21°C en endist best við neðri mörkin. Í dag eru allar jólastjörnur á Íslandi ræktaðar án eiturefna.

Þegar jólastjarna er keypt skal láta pakka henni inn og það má alls ekki geyma þær lengi úti í köldum bíl, þar sem þær fá kuldasjokk og því ráðlegt að fara með plönturnar strax í hús.

Best er að undirvökva jólastjörnur lítið en oft og með volgu vatni. Moldin má aldrei þorna alveg og það má ekki heldur láta pottinn standa í vatni. Látið því pottinn standa í djúpri pottahlíf sem fyllt er í botninn með vikri eða möl. Þannig stendur jólastjarnan ekki í vatni en nýtur góðs af uppgufun og loftraki leikur um hana. Það má þó alls ekki standa vatn lengi í pottahlífinni og gott að hella því af eftir um það bil tvo klukkutíma.

Jólastjörnur þurfa góða birtu og þrífast best í björtu herbergi eða í austur- eða vesturglugga.

Jólastjörnur geta valdið ofnæmi eða ertingu í húð hjá fólki sem er viðkvæmt fyrir slíku en plantan er ekki eitruð eins og stundum er haldið fram. Rannsóknir sýna að blöð jólastjörnunnar geta valdið uppköstum sé þeirra neytt í miklum mæli. Þess utan er engin ástæða til að setja hana í jólasalatið þar sem hún er sögð mjög bragðvond.

### *Amaryllis í öllu sínu veldi*

Riddarastjarna, eða amaryllis, er stórglæsilega laukplanta og sómir sér vel um jólin þegar sterklegur og kjötmikill stöngullinn skartar stórum rauðum, hvítum, bleikum eða tvílitum blómum. Plantan er einnig auðveld í ræktun og blómviljug.

Gott er að vökva plöntuna reglulega og gefa áburð hálfsmánaðarlega á meðan hún er í blóma. Klippa skal blómstöngulinn af eftir blómgun og draga úr vökvun og hvíla plöntuna í þrjá mánuði á svölum stað eftir blómgun.

Plantan er upprunnin á vesturodda Suður-Afríku og breiddist þaðan út sem pottaplanta á átjándu öld vegna þess hversu harðger og auðveld hún er í ræktun. Amaryllis er fjölær og getur blómstrað ár eftir ár og getur blómstrað tvisvar á ári sé hlúð vel að henni. Vitað er um riddarastjörnu sem blómstraði árlega í 75 ár.

Amaryllis-laukar þrífast best í næringarríkum og vel framræstum moldarjarðvegi við 15 til 20 °C.



Þegar jólastjarna er keypt skal láta pakka henni inn og það má alls ekki geyma þær lengi úti í köldum bíl.



Hýasintur fást í fjölda lita, bláar, rauðar, bleikar og hvítar, allt eftir smekk.



Rauður ástareldur getur farið vel um jólin.



Jólastjörnur þurfa góða birtu og þrífast best í björtu herbergi eða í austur- eða vesturglugga.

### *Riddarastjörnu er einnig hægt að rækta í glervasa til jólanna*

Setjið hvern lauk í 15 sentímetra pott og látið um helming lauksins standa upp úr. Fyllið vel með pottamold milli rótanna án þess að þjappa henni of fast. Vökvið lítillega og varlega í fyrstu en aukið vökvunina eftir að fara að koma blöð og blómstöngull úr lauknum. Látið pottinn standa á björtum stað og gjarnan yfir miðstöðvarofni.



Riddarastjarna eða amaryllis er stórglæsilega laukplanta og sómir sér vel um jólin.



Jólatúlípana þekkja allir enda falleg afskorin blóm sem standa lengi.

Riddarastjörnur blómstra yfirleitt við stofuhita á fjórum til átta vikum eftir gróðursetningu.

### *Hýasintur eru sígildar*

Hýasintur eru löngu orðnar sígild jólablóm enda þykir mörgum ilmurinn af þeim góður og þær eru fallegar í skreytingar. Ekki skemmir heldur fyrir að að þær fást í fjölda lita, bláar, rauðar, bleikar og hvítar, allt eftir smekk.

Auðveldast er að rækta hýasintur í grunnum glervasa sé ætlunin að hafa þær í blóma yfir jólin. Fylla skal vasann með volgu vatni upp að þrengingunni eða þannig að vatnsborðið leiki við neðri hluta lauksins án þess að snerta hann. Einungis ræturnar eiga að ná niður í vatnið. Séu laukarnir hafðir í skreytingu er gott að láta þær standa í rökum mosa. Eftir að laukurinn er kominn í vasa eða skreytingu skal koma honum fyrir á björtum stað við stofuhita og gæta þess að ræturnar séu alltaf rakar.

Samkvæmt grískum goðsögnum lét ungur og fallegur drengur lífið, Hyasintos, þegar hann varð fyrir kringlu guðsins Apólon þegar þeir léku saman kringlukast. Upp af blóði piltsins uxu þessar liljur sem síðan eru við hann kenndar og oft kallaðar hýasintur. Upprunni hýasinta eða goðalilja er á Balkanskaga.

Hægt er að fá forræktaðar goðaliljur fyrir jólin.

### *Rauð og sígræn blóm vinsæl yfir jólin*

Vinsældir blóma eru árstíðabundnar og eins víst og að gul blóm séu vinsæl um páskana þá eru rauð blóm og sígrænar plöntur vinsælar um jólin. Dæmi um plöntur sem íslenskir garðyrkjubændur rækta fyrir jólin er rauðblómstrandi begóníur, ástareldur og túlípanar.

Begóníur eða skáblað eru með elstu pottaplöntum í ræktun og er plantan góðkunningi íslenskra pottaplönturæktenda. Plantan er harðgerð og fellur best við stofuhita milli 15 og 22 °C. Yfir jólin er best að hafa hana á björtum stað en í hálfskugga yfir sumarið.

Rauður ástareldur getur farið vel um jólin. Plantan er með falleg blöð og ekki síst glæsileg blóm sem eru fáanleg í nokkrum litum. Plöntur með rauð blóm eru að sjálfsögðu viðeigandi um jólin. Annað heiti plöntunnar er kóraltoppur og til að fá hana til að blómstra fyrir jólin þarf að stilla daglengd í tíu klukkustundir í góðan mánuð á haustin.

Jólatúlípana þekkja allir enda falleg afskorin blóm sem standa lengi og eru íslenskir túlípanaræktendur í óða önn að drífa þá og gera klára fyrir jólaborðið.

Sígrænar plöntur eins og bergflétta á vírboga eru einnig að verða meira áberandi sem pottaplanta um jólin enda upplagt að hengja á þær kúlur og skreyta með borðum. Bergflétta er skuggþolin og harðgerð planta sem er til í fjölda afbrigðum með ólíkri blaðlögun og blaðstærð og blaðlit og þær vaxa víða utandyra hér á landi.

BÆKUR & MENNING

## Heilsubók Jóhönnu:

# Manngerð eiturefni hluti af daglegu lífi

**Manngerð eiturefni af ýmsu tagi eru orðin hluti af daglegu lífi okkar. Stundum vitum við af þeim en oftar eru þau ósýnileg í vörum sem við höldum að séu skaðlausar.**




Þessi efni er að finna víða. Þau eru í matvælum, drykkjarvatni, leikföngum, húsgögnum, snyrtivörum og fatnaði, svo eitthvað sé nefnt. Í bókinni er farið yfir hvar þessi efni er að finna, hvaða áhrif þau hafa á okkur og lífríkið almennt. Einnig er fjallað um þann mikla vanda sem taumlaus framleiðsla og notkun á plasti skapar.

Jóhanna Vilhjálmsdóttir hefur á undanförnum árum sökkt sér niður í fjölda rannsókna um þessi málefni. Hér veitir hún innsýn í heim þar sem öflug hagsmunaöfl takast á við óháða vísindamenn og samtök sem berjast gegn óhóflegri notkun eiturefna. /VH

## Miðbæjarrottan:

# Utanbæjarrotta týnist í Reykjavík

**Auður Þórhallsdóttir hefur sent frá sér borgarsögu sem hún kallar Miðbæjarrottan. Auður er höfundur bæði texta og mynda.**




Sagan segir frá Rannveigu sem er lattelepjandi miðbæjarrotta sem elskar fátt meira en borgarlífið. Þegar Karlotta frænka hennar, utanbæjarrotta úr sveitinni, týnist í Reykjavík, læðist að henni efi um að borgin sé góður staður fyrir rottur. Rannveig leitar aðstoðar hjá styttum bæjarins, sem margar muna tímana tvenna. Bókin hlaut styrk úr Barna- og ungmennabókasjóðnum Auði.

Útgefandi er Skriða bókaútgáfa sem var stofnuð árið 2019 og er staðsett í Holti menningarsetri á Hvammstanga. Birta Ósmann Þórhallsdóttir hjá Skriðu segir að útgáfan sérhæfi sig í örsögum, smásögum og ljóðum. Auk þess sem hún gefur út vandaðar barnabækur og þýðingar úr erlendum málum yfir á íslensku. „Okkur er annt um fegurðina í smáatriðunum og handverkinu og að bækurnar séu úr góðum pappír.“ /VH




**Lely Center Ísland**



**STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla**

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

STRÚKTÚR

Nú á allt að seljast.
Eigum þessar lengdir á lager.

**Litað bárujárn**
Þykkt: 0,60 mm
Breidd: 1045 mm
Klæðir: 988 mm
*3.600 kr m² m/vsk.*

**48% afsláttur meðan birgðir endast 1.872 kr m² m/vsk.**




RAL 8012 Dumbrautt
Lengd: 6.700 mm 148 stk
Lengd: 5.900 mm 41 stk
Lengd: 6.940 mm 24 stk

RAL 9005 Svart
Lengd: 3.300 mm 19 stk
Lengd: 4.800 mm 151 stk

Plata = 6,7 * 0,988 = 6,62 m²

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf - Stangarhyl 7 - 110 Reykjavík - struktur@struktur.is - sími: 588 6640




# Hefur þú fengið eintak?

Verðlista yfir helstu heyvinnutæki frá KUBOTA árið 2021 hefur nú verið dreift á öll lögbýli landsins.

Hafir þú ekki fengið eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2021 um hæl.

Einnig er hægt að hlaða honum niður af vefsíðu okkar: *www.thor.is*

ÞÓR HF

| REYKJAVÍK: | AKUREYRI: | Vefsíða: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Baldursnes 8 | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |

Bændablaðið *Auglýsingar 56-30-300*

**Smáframleiðendur matvæla**

**Áhugi og eftirspurn eftir vörum smáframleiðenda eykst stöðugt:**

# Samtök smáframleiðenda matvæla eru ársgömul

## – Margt áunnist á fyrsta starfsári

**Þann 5. nóvember síðastliðinn urðu Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) eins árs. Af því tilefni stakk framkvæmdastjóri þeirra niður penna og fór yfir umgjörð og helstu áherslumál samtakanna á liðnu ári.**

Ekki er hægt að segja annað en að árið hafi verið viðburðaríkt og margt áunnist. Félagsmönnum með fulla aðild hefur fjölgað jafnt og þétt, eru í dag á annað hundrað. Að auki er á fimmta tug með aukaaðild sem er fyrir þá sem styðja markmið samtakanna en eru ekki smáframleiðendur.

Framkvæmdastjórinn er eini starfsmaðurinn, en fjölbreytt stjórn veitir honum ráð og stuðning og beitir sér eftir þörfum. Að auki eru samtökin með ráðgjafaráð sem einstaklingar með reynslu og þekkingu á sviði samtakanna sitja í sem bæði eflir þau og styrkir. Það gerir einnig aðild þeirra að Samtökum iðnaðarins. Í gegnum hana eru félagsmenn sjálfkrafa með aðild og hafa þannig aðgang að þeirri þjónustu sem þau veita sínum félagsmönnum.

Við viljum nota tækifærið og þakka bakhjörlum okkar, Matarauði Íslands og Landbúnaðarklasanum, fyrir sinn þátt í að samtökin komust á koppinn. Þau tóku virkan þátt í undirbúningsferlinu og veittu samtökunum myndarlega styrki. Verkefnastjóri Matarauðs Íslands sér samtökin taka að hluta til við þeim áherslum Matarauðs að þétta samvinnu smærri framleiðenda og mynda þannig hreyfiafl til framfara, ásamt því að halda á lofti íslenskri framleiðslu og matarhandverki.

### *Fjölbreytt flóra*

Fyrsta stóra verkefnið var að koma upp vef fyrir samtökin sem er uppfærður reglulega, en þar má meðal annars finna lista yfir félagsmenn sem eru ótrúlega fjölbreyttir. Þvílík flóra af flottum matarfrumkvöðlum um land allt sem spanna allt litrófið. Við erum sífellt að rekast á nýja frumkvöðla með spennandi nýjungar. Tengingin við neytendur er svo í gegnum „like-síðu“ samtakanna á Facebook og Instagramreikning.



**Matarbúrið Krónunni Lindum.** Mynd / Arnþór Birkisson.

### *Afsláttarkjör og tilboð*

Í gegnum samtakamáttinn höfum við getað samið um tilboð og afslætti frá ólíkum aðilum sem smáframleiðendur skipta gjarnan við, en félagsmenn geta nálgast upplýsingar um það og fleira inn á læstu svæði fyrir félagsmenn á vefnum okkar.


**Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri SSFM.**

### *Fjölbreyttar söluleiðir*

Mikil áhersla er á að þróa og kynna söluleiðir sem eru sérstaklega fyrir smáframleiðendur, en þeim fer sífellt fjölgandi í takt við áhugann og eftirspurnina.

Stærsta samstarfsverkefnið því tengdu er með Krónunni. Það gengur út á að setja upp sérstök svæði í völdum verslunum sem eru merkt „Matarbúr - hnossgæti frá íslenskum smáframleiðendum“. Árinu er skipt upp í sex tímabil. Á þessu tímabili, nóvember-desember, eru 28 félagsmenn með samtals 95 vörur í Matarbúrinu, sem er í tveimur verslunum, Lindum og Selfossi.


**Jólakarfa smáframleiðenda af Héraði.** Mynd / Anna Birna Jakobsdóttir

Við gerðum einnig samstarfssamning við Kjörbúðina, en vinna honum tengdum hefst á næsta ári. Hann gengur út á að gera staðbundnar vörur smáframleiðenda sýnilegri í verslunum þeirra og stuðla að því að þær vörur sem framleiddar eru á hverju svæði séu seldar í þeim verslunum. Fyrirmyndin tengist Cittaslow hreyfingunni á Djúpavogi. Í Kjörbúðinni þar margfaldaðist sala þeirra vara eftir að þær voru merktar sérstaklega og úrvalið aukið.

Vinna tengd samstarfssamningi við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi hefst á næsta ári, en markmið hans er að auka sölu og efla söluleiðir smáframleiðenda matvæla á Suðurlandi.

Við höfum svo átt í farsælu samstarfi við forsvarsmenn Gott og blessað sem er vefverslun og lítil kjörbúð í Hafnarfirði. Þau sérhæfa sig í að selja og keyra heim vörur frá smáframleiðendum um land allt og valdar „gourmet“ vörur. Félagsmenn hafa tekið vel í þessa nýjung, á fjórða tug þeirra selja nú vörur sínar í gegnum þau.

Við erum einnig í nánum tengslum við Matarbúðina Nándina í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í plastlausum vörum. Félagsmenn hafa einnig tekið vel í þá nýjung og selja vel á þriðja tug félagsmanna vörur sínar hjá þeim. Þau undirbúa nú opnun vefverslunar.

Nýlega ákvað vefverslunin Austurlands Food Coop – sem sérhæfir sig í innflutningi á lífrænt vottuðum ávöxtum og grænmeti – að bjóða einnig vörur frá íslenskum smáframleiðendum og hafa nokkrir félagsmenn þegar nýtt sér það, en þau eru bæði með lager á Seyðisfirði og í Reykjavík.

Á vef Beint frá býli, sem margir okkar félagsmanna sem eru á lögbýlum selja í gegnum, er hægt að senda fyrirspurn – um þær vörutegundir sem áhugi er fyrir – á þá framleiðendur sem bjóða þær vörur.

Smáframleiðendur á Norðurlandi vestra eru svo með sína eigin vefverslun í gegnum Vörusmiðjuna BioPol og keyra pantanirnar út á sérmerktum bíl smáframleiðenda sem hefur gefist afar vel.

Eins eru til bæði Facebook-síður og hópar sem eru eins konar markaðstorg, til dæmis fyrir veitingamenn sem hafa áhuga á að kaupa vörur smáframleiðenda. Má þar helst nefna hina svokölluðu REKO hringi sem ganga út á milliliðalaus viðskipti milli neytenda og smáframleiðenda. REKO Reykjavík hópurinn hefur sem dæmi verið með mánaðarlegar afhendingar frá upphafi og REKO Vesturland annan hvern mánuð. Svo má ekki gleyma því að allir félagsmenn okkar eru með eigin Facebook-síðu og oft líka Instagram og vef sem margir selja í gegnum.

### *Upplagt í jólapakkann og á jólaborðið*

Fyrir þessi jólin hafa smáframleiðendur á ólíkum svæðum á landinu tekið sig saman og sett saman jólakörfur eða jólapakka og auglýst sérstaklega og svo eru sumir með sína eigin.

Við sendum hvatningu til félagsmanna að skoða þann möguleika, þar sem þessi jólin er lítið um matarmarkaði og hvetjum neytendur jafnframt til að styðja smáframleiðendur með að setja matvæli frá þeim í jólapakkann og á jólaborðið.

### *Matarhandverk*

Í vor skrifuðum við undir samstarfssamning við Matarauð Íslands um að festa matarhandverk og matarhandverkskeppnir í sessi í þeim tilgangi að efla skilning á verðmæti matarhandverks og menningarlegri sérstöðu. Fyrirmyndin er Eldrimner, miðstöð matarhandverks í Svíþjóð og þeirra vottun.

Í kjölfar mikillar undirbúningsvinnu settum við saman fimm hópa, skipaða félagsmönnum sem framleiða vörur í ólíkum flokkum. Hóparnir funduðu tvisvar til að ræða markmiðin og hvernig ætti að skilgreina matarhandverk almennt og í þeirra flokki. Þátttaka var framar vonum, á fimmta tug félagsmanna tók þátt í vinnunni.

### *Samskipti, samstarf og samtakamáttur*

Stór hluti af starfi framkvæmdastjóra er að vera í beinu sambandi

NÝIR STYRKIR TIL KOLEFNISBINDINGAR:
Vorviður
Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka
UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR:
www.skogur.is/vorvidur
skógræktin



við félagsmenn tengt þeim verkefnum sem við erum að vinna og svo tengt almennri ráðgjöf og stuðningi. Í gegnum þau samskipti koma svo alls kyns hugmyndir og tækifæri.

Fyrir utan póstlistann, sem er nýttur til að koma upplýsingum til félagsmanna, erum við með lokaðan Facebook-hóp og ólíka Messenger hópa í kringum tiltekin verkefni, þar sem samskipti milli félagsmanna eiga sér stað. Þeir eru einnig í auknum mæli farnir að eiga bein samskipti sín á milli. Það er ómetanlegt að upplifa hvernig við eflum hvert annað með samtali, samstarfi og miðlun upplýsinga sem var einmitt eitt af meginmarkmiðunum með stofnun samtakanna.

Við fáum líka reglulega fyrirspurnir frá ólíkum aðilum sem vilja komast í samband við smáframleiðendur, til dæmis varðandi sérstök verkefni og verkefnahópa sem verið er að mynda, sameiginleg tækjakaup og slíkt og höfum þá getað haft milligöngu um það. Eins hefur verið töluverður áhugi á að fá samtökin sem samstarfsaðila á styrktarumsóknir.

Mikill ávinningur hefur svo náðst af nánum og góðum samskiptum við aðila eins og Eldstæðið – sem er atvinnueldhús fyrir matarfrumkvöðla og smáframleiðendur – en allir þeirra framleiðendur í dag eru félagsmenn.

***Styðja og efla félagsmenn***

Margir félagsmenn SSFM hafa stigið stór skref í sinni framleiðslu til að geta nýtt þær söluleiðir sem fjallað hefur verið um. Í tengslum við það keyptum við sem dæmi skjal og leiðbeiningar frá Matís sem auðveldar fólki að reikna út næringargildi. Í síðustu viku buðum við upp á Zoom örnámskeið með Óla Jóns hjá Jóns markaðsráðgjöf og einstaklingsmiðaða stafræna úttekt. Í janúar 2021 kemur svo á vefinn rafræn gæðahandbók sem verður aðgengileg félagsmönnum, en hún er samstarfsverkefni félagsins og Vörusmiðjunnar BioPol, styrkt af Matarauði Íslands.

***Regluverk***

Við höfum einnig beitt okkur í málum eins og örsláturhúsamálinu, en tveir stjórnarmenn sitja í aðgerðarhópi bænda því tengdu og verkefnastjóri þess situr í ráðgjafaráði.

Þá höfum við líka beitt okkur í máli sem snýst um það að bændur sem eru með nokkra fiska í tjörn eða vatni á sínu landi eru skilgreindir sem fiskeldisstöð og heyra undir sama regluverk og stóru sjókvíaeldin og þurfa að greiða hátt í hálfa milljón í leyfisgjald. Við höfum bent á að í Svíþjóð þurfi ekki einu sinni að sækja um leyfi. Þar stunda fjölmargir bændur eldi í tjörnum og vötnum og vinna svo verðmætar handverksafurðir úr fisknum.

Þess ber einnig að geta að við erum á lista yfir umsagnaraðila og fáum því, þegar við á, beiðnir um að skila inn umsögn og erum kölluð inn á fundi sem hafa með okkur að gera, eins og mótun landbúnaðarstefnu.

***Skilningur á mikilvægi smáframleiðenda***

Við lítum björtum augum til framtíðar. Áhugi og eftirspurn eftir vörum smáframleiðenda eykst stöðugt sem og skilningur fólks á mikilvægi þeirra til að tryggja framþróun, fjölbreytni og fæðuöryggi í landinu, draga úr kolefnisspori, stuðla að byggðafestu, fjölga atvinnutækifærum og halda á lofti matarhandverki sem er hluti af menningararfinum okkar og endurspeglar hefðir og samtíma nýsköpun.

Á listanum eru fjölmörg mál og tækifæri sem við ætlum okkur að nýta og tengjast meginmarkmiði samtakanna sem er að stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt og megin tilganginum sem er að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða.

*Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri SSFM, ssfm.is.*

LÍF & STARF


Hundurinn Aska sleppir ekki loppu af Bændablaðinu þegar í það næst. Hann virðist líka sammála eiganda sínum Þóri Kristinssyni um að Bændablaðið sé best, en hann sendi blaðinu þessa mynd því til sönnunar.










Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

# Mýkt lambsullarinnar skapar ný tækifæri

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



**Undanfarin þrjú ár hefur fyrirtækið Varma þróað nýtt íslenskt lambsullarband í samstarfi við Ístex sem unnið er úr ull af ásetningum. Markmiðið með verkefninu var að þróa band sem væri mýkra en hefðbundið einband sem notað er í vélprjón og um leið auka virði afurða íslenskra sauðfjárbænda. Nú eru ýmsar vörur frá VARMA úr bandinu komnar á markað og hefur þeim verið vel tekið auk þess sem ýmis þekkt íslensk vörumerki eru farin að láta VARMA framleiða fyrir sig vörur úr nýja lambsullarbandinu.**

„Eftir margháttaðar prófanir og endurbætur í öllu ferlinu frá bónda til vöru hefur tekist að ná frábærum árangri. Þetta er mál sem margir bændur tengjast og enn fleiri hafa áhuga á. Það hafði alltaf verið þessi gagnrýni með íslenska ullarbandið að það stingi svo mikið, svo ég fór á fjörur Ístex í von um samstarf með að þróa mýkra band sem svo sannarlega tókst," segir Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri og eigandi VARMA.

### *Minna þvermál lambsháranna*

Textílverkfræðingur Ístex, Sunna Jökulsdóttir, kom með góða þekkingu inn í þróunarvinnuna.

„Við höfðum áður skoðað möguleikana á að skilja að togið og þelið en það eru ekki til neinar vélar sem gera það nógu vel þegar þarf að gera það í einhverju magni. Þá fengum við þá hugmynd að prófa lambsullina, en þvermál háranna þar er mun minna en á fullorðnu fé. Eftir því sem þvermálið eykst því harðara prjónavoð fær maður og því meira stinga togshárendarnir sem standa út úr. Það er talað um míkrón-þvermál í þessu og á meðan íslensk ærull er um 34 míkrón þá er til dæmis merínóull í kringum 20 míkrón. Við náðum íslensku lambsullinni niður í 24 míkrón og erum því ansi nálægt merínóullinni í mýkt," útskýrir Páll og segir jafnframt:

„Lambsullin sem nýtist í þessu ferli er af ásetningum, það er þau lömb sem fá að lifa og eru rúin eftir að þau eru sett í hús á haustin. Langstærstur hluti af mjúkri ull í heiminum er af lömbum og er til dæmis uppistaðan í merínó-ullarframleiðslu í löndum eins og Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Vegna veðurfars er hægt að rýja öll lömb þar áður en þau fara í slátrun svo þar er mun meira magn af mjúkri ull í boði."

### *Ullar- og þvottaferli*

Það var að ýmsu að huga í ferlinu frá bónda til fullunninna vara hjá VARMA og segir Páll undanfarin ár í þróunarvinnunni bæði hafa verið krefjandi og skemmtileg.

„Það sem hefur skipt gríðarlega miklu máli er að lágmarka allt í ferlinu sem gerir ullina, bandið og prjónavoðina harða. Þar eru til dæmis rúningurinn, þvotturinn og þurrkunin mjög mikilvægir þættir sem og að öll efni og þurrkun séu þannig að ullin verði sem mýkst og meðfærilegust í vinnslu. Einnig þarf að passa upp á að ullarfitan sé ekki öll þvegin úr og lagði Ístex til heilmikla vinnu við að finna út úr þáttum sem að því snúa. Við gerðum líka heilmargt og skiptum til dæmis alfarið yfir í náttúruleg efni við þvott og mýkingu og breyttum þurrkunarferli voðarinnar ásamt ýfingu hjá okkur til að fá meiri fyllingu inn í bandið þegar búið var að þvo voðina," segir Páll og bætir við:

„Síðan prófuðum við að láta Ístex lita í nokkrum litum hluta af fyrstu kembunni, sem var 300 kíló, og komumst að því að litunin hefur áhrif á mýktina svo þá hófst ferli í kringum það að minnka þau áhrif. Vorið eftir voru framleidd 900 kíló af bandi sem við framleiddum alls kyns VARMA-vörur úr og prófuðum okkur áfram. Eftir það var bandið orðið eins mjúkt og við töldum okkur geta náð því og þá hófst alvöru magnframleiðsla á lambsullarbandi fyrir okkur hjá Ístex og erum við nú komin með band í 18 litum. Þannig að þetta er búið að vera mikil þróunarvinna og í raun tímamótaverkefni sem hefur kostað okkur yfir 15 milljónir króna. Við fengum styrk úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins en Rannís hefur hafnað okkur í þrígang, sem er mjög sérstakt finnst okkur."



Sólveig Davíðsdóttir var iðin á sníðaborðinu hjá Varma þegar blaðamaður Bændablaðsins leit við á dögunum. Hér sníðir hún flíkur fyrir hönnunarmerkið MAGNEA. Myndir / ehg



Hér sýnir Birgir Einarsson prjónameistari vörur með Páli eiganda.



Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri og eigandi Varma, segir að framleiðsla fyrir íslensk þekkt vörumerki hafi aukist verulega á árinu með tilkomu bands úr lambsull en hér sýnir hann peysur sem framleiddar eru fyrir Herrafataverslun Kormáks & Skjaldar.



Unnið við að sauma vörur í framleiðslusal fyrirtækisins í Ármúla í Reykjavík.



Úr Pop-up verslun VARMA á Skólavörðustíg sem var opnuð nýverið.

### *Tengja saman hönnun og markaðssókn*

Fyrirtækið hefur ekki farið varhluta af ástandinu sem tengist heimsfaraldrinum á þessu ári en í upphafi árs störfuðu 20 manns hjá VARMA. Tveir þriðju hlutar veltunnar hafa undanfarin ár komið frá sölu til erlendra ferðamanna.

„Við erum með um 140 vörunúmer í yfir 500 útfærslum í dag og um 65% af VARMA-vörunum okkar eru úr íslenskri ull. Eftir að lambsullarbandið var endanlega tilbúið fórum við og kynntum það fyrir ýmsum fyrirtækjum og höfum í kjölfar þess aukið framleiðslu hjá okkur verulega fyrir sérmerki eins og Cintamani, Ellingsen, Epal, Farmers Market, Kormák & Skjöld, Rammagerðina og ýmsa fleiri, sem og ýmsa hönnuði eins og Magneu, Helgu Lilju, Sigrúnu Unnars og fleiri, sem hafa tekið íslenska lambsullarbandinu afbragðs vel. Við erum líka byrjuð að kynna nýja lambsullarbandið fyrir ýmsum erlendum aðilum, sem hafa verslað við okkur í gengum tíðina. Okkar markmið með lambsullarverkefninu er að vinna með ullina á nýjan hátt með áherslu á sjálfbærni og umhverfismeðvitaðan hátt og nú erum við komin á þann stað að fara að tengja hönnun og markaðssókn saman," útskýrir Páll og segir jafnframt:

„Minn draumur hefur alltaf verið að allar VARMA-vörurnar séu úr íslenskri ull og þetta er stórt skref í þá átt. Minn metnaður er að skipta þeim vörum sem við framleiðum úr innfluttu bandi yfir í íslenskt lambsullarband. Það hefur verið megintilgangurinn með þessari vegferð sem og að tengja okkur meira við íslenskan landbúnað, sauðfjárbúskap, hönnuði og íslenska náttúru, því það eru mikil lmarkaðstækifæri í því, sem við ætlum að nýta á næstu árum."

/ehg

LÍF & STARF



**Fyrir hvert keypt jólatré er hægt að gróðursetja önnur 50 tré.** Mynd / Skógræktarfélag Reykjavíkur

## Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur með breyttu sniði:

# Áhersla á upplifun utandyra

**Líkt og áður stendur Skógræktarfélag Reykjavíkur fyrir fjölbreyttum viðburðum á aðventunni með markaðsstemningu og jólatrjáasölu, við Elliðavatn, á Hólmsheiði og nú bætist við sala á trjám á Lækjartorgi. Áherslan verður meira á upplifun utandyra.**

Jólaskógar annarra skógræktarfélaga um allt land verða líka opnir almenningi, þeim sem vilja sækja sér tré sjálf í skóginn. Upplýsingar um jólaskógana og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um jólatré má finna á vef Skógræktarfélags Íslands (skog.is).

***Jólamarkaður allar aðventuhelgar***

Jólamarkaður við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk er haldinn allar aðventuhelgarnar. Þá verður einnig jólatrjáasala við Elliðavatnsbæinn alla virka daga frá 13.00–17.00, til og með 20. desember.

***Utandyra upplifun***

Á vef Skógræktarfélags Reykjavíkur (heidmork.is) kemur fram að vegna COVID-19 verði jólamarkaðurinn með breyttu sniði. Kaffisala verður utandyra og meiri áhersla á upplifun utandyra. Eru gestir hvattir til að klæða sig vel og nýta það einstaka útivistarsvæði sem Heiðmörk er. Út frá Elliðavatnsbænum sé fjöldinn allur af gönguleiðum sem sjá má á korti inn á heidmork.is.

Ævintýraleg stemning verður í Rjóðrinu þar sem varðeldur mun loga á meðan markaðurinn er opinn.

***Jólatrjáasala – sjálfbær og vistvæn***

Megnið af jólatrjánum sem Skógræktarfélag Reykjavíkur selur í ár, kemur úr Heiðmörk sem er 70 ára á þessu ári. Öll trén sem boðið er upp á á markaðnum eru íslensk og eru því mun vistvænni en innflutt tré. Kolefnisspor þeirra er margfalt minna en influttra trjáa og þau eru ræktuð án skordýraeiturs.


**Jólamarkaðsstemning við Elliðavatnsbæinn.** Mynd / smh

***Tröpputré, greinabúnt og eldiviður***

Einstök jólatré eru tré með mikla sérstöðu og koma í allskonar stærðum, gerðum, formum og tegundum. Á vef Skógræktarfélagsins segir að margir fastakúnnar komi sérstaklega vegna þessara trjáa og skemmti sér við að valið.

***Jólamarkaðstré***

Á hverju ári býður Skógræktarfélagið myndlistarmanni eða hönnuði að skreyta jólamarkaðstréð. Hönnuðurinn Hanna Whitehead sér um það í ár.

Fyrir torgtréð var hannað sér jólaskraut en það var afhjúpað við opnun markaðarins 28. nóvember.

***Handverksmarkaðurinn***

Á vef Skógræktarfélags Reykjavíkur segir að á handverksmarkaðnum sé hægt að finna einstakar jólagjafir unnar af handverksfólki, bændum í matvælavinnslu og listamönnum. „Hraundís skógarbóndi verður með ilmkjarnaolíur sem hún vinnur úr skóginum sínum í Borgarfirði. Þau Berglind og Svavar í Havarí verða með sitt fjölbreytta vöruúrval – allt frá Boppi í Líf ertu að grínast boli og plakót. Bændurnir frá Ytri-Hólmi verða með ekta hangilæri eins og þau voru upprunalega framleidd hér áður fyrr. Einstakar smíðavörur verða einnig á markaðnum og margt fleira.

Til þess að tryggja að farið sé að fjöldatakmörkunum og fjarlægðarmörkum á handverksmarkaði, verður handverksfólki fækkað og einstefna í gegnum rýmið. Rétt er að taka fram að handverksmarkaðurinn verður aðeins haldinn ef samfélagslegar aðstæður leyfa,“ segir á vefnum. /smh

IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR



**Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli**

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími
- háþróuð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

NASSAU CE - merkt framleiðsla

Byggðu til framtíðar með hurðum frá Idex

IDEX

idex.is - sími: 412 1700

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Gámur er góð geymsla



**Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu**

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.



Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



Til að komast að staðsetningu vöktunarreita þarf oft að ganga 1-2 km, þá er gott að vera með góða bakpoka undir allan búnað. Mynd / Bryndís Marteinsdóttir

## GróLind, spennandi verkefni um heildaryfirlit um stöðu gróðurs- og jarðvegsauðlinda:

# Bændur og aðrir eiga að geta vaktað sín eigin lönd í framtíðinni með hjálp snjallforrits í snjallsíma

## – segir Bryndís Marteinsdóttir, sérfræðingur hjá Landgræðslunni

**GróLind byggir á samkomulagi milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands, Landgræðslunnar og Landssamtaka sauðfjárbænda. Verkefnið er fjármagnað til 10 ára í gegnum núverandi búvörusamning og Landgræðslan hefur yfirumsjón með framkvæmd þess. Í verkefninu eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins vaktaðar með það að markmiði að meta ástand þeirra og breytingar þar á.**

Verkefnið er unnið í samvinnu við vísindasamfélagið, landnotendur og aðra hagsmunaaðila. Lögð er áhersla á að verkefnið verði byggt á traustum vísindalegum grunni og muni nýtast landnotendum við að ná markmiðum um sjálfbæra landnýtingu. Bændablaðið ræddi við Bryndísi Marteinsdóttur um þetta verkefni, en hún er sérfræðingur hjá Landgræðslunni og verkefnisstjóri GróLindar.

„Ég er fædd og uppalin í Mosfellsbæ. Eftir menntaskóla fór ég í líffræði við Háskóla Íslands, staðráðin í að verða erfðafræðingur, eins og svo margir aðrir, enda Íslensk erfðagreining nýstofnuð á þessum tíma.“

### *Heillaðist mjög fljótlega af leyndardómum plantna*

„Ég heillaðist mjög fljótlega af leyndardómum plantna og hlutverki þeirra í vistkerfum og ákvað að sérhæfa mig í því frekar. Mín fyrsta vinna tengd náminu var að rannsaka landnám birkis á Skeiðarársandi sumarið 2004, og þó að allir hafi tekið eftir þeim gífurlega skógi sem er að vaxa upp á Skeiðarársandi núna var svar fólks við því þegar ég sagði þeim hvað ég var að gera oftast „ha – ertu ekki að ruglast eitthvað? Skeiðarársandur er bara auðn“. Í dag stoppar sama fólk mig á förnum vegi til að tala við mig um skóginn á Skeiðarársandi. Svona getur náttúran verið öflug.

Ég fór svo út til Svíþjóðar í doktorsnám og fjallaði verkefnið mitt um hvaða þættir stjórna því hvernig plöntur raðast saman í plöntusamfélög. Eftir að ég kom heim fékk ég nýdoktorastyrk við Háskóla Íslands og starfaði þar í þrjú ár, m.a. við rannsóknir á Skeiðarársandi og við að rannsaka þau áhrif sem beit sauðfjár hefur á íslensk vistkerfi. Ég byrjaði svo að vinna hjá Landgræðslunni 2017, þegar ég tók við starfi sem verkefnisstjóri GróLindar.“



Bryndís Marteinsdóttir að störfum, en allar mælingar eru skráðar beint inn í spjaldtölvu og færast svo sjálfkrafa inn í gagnagrunn Landgræðslunnar. Með þessu sparast mikill tími enda óþarfi að færa skráningar af blöðum inn í tölvu eftir á. Sömuleiðis eru spjaldtölvurnar vatnsheldar og rifna ekki þegar þær blotna. Mynd / Áskell Þórisson

### *Verkefnið GróLind á sér langa sögu*

*– Hvernig kom hugmyndin að verkefninu og var nauðsynlegt að koma því á að þínu mati?*

„Þetta verkefni á langa sögu, ýmsir hafa í gegnum tíðina bent á það að við þurfum svona vöktun, bæði vísindasamfélagið og landnotendur, en það var ekki fyrr en 2017, þegar ákveðið var, að áeggjan Landssamtaka sauðfjárbænda, að leggja hluta af því fé sem fer í búvörusamningana í verkefni sem síðar fékk nafnið GróLind.

Fram til ársins 2017 höfðu gróður- og jarðvegsauðlindir landsins ekki verið vaktaðar á heildstæðan hátt og sú vöktun sem var í gangi var aðallega á svæðum sem verða fyrir áhrifum frá stóriðju og raforkuframleiðslu. Það hafði þó farið fram mat og flokkun á ástandi lands m.a. í rofkortlagningunni frá 1997 og í Nytjalandinu. Það er í raun mjög furðulegt að á Íslandi, þar sem stór hluti landsins er nýttur til beitar, og þar sem við eigum við vandamál að stríða vegna landhnignunar, að það hafi ekki verið fyrir löngu farið í að vakta þessar auðlindir heildstætt. Flest lönd í kringum okkur hafa verið að vakta sín lönd í tugi ára, t.d. hafa beitarlönd í Ameríku verið vöktuð í hátt í 90 ár og í Ástralíu í hátt í 50 ár. En í dag erum við loks að byrja og það er mín trú og von að með GróLind séum við að leggja grunninn að vöktun þessara auðlinda um ókomna tíð,“ segir Bryndís.



Kornastærð jarðvegs á vöktunarsvæðinu er metin eftir stöðluðum aðferðum. Mynd / Áskell Þórisson

### *Í reglulegum samskiptum við forsvarsfólk Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands*

*– Þið eruð í miklu samstarfi við bændur, út á hvað gengur það samstarf?*

„Já, verkefnið safnar gögnum sem meta ástand auðlindanna og stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Við verðum því að tryggja að gögnin sem við söfnum og aðferðafræðin okkar uppfylli ekki eingöngu strangar fræðilegar kröfur heldur séu einnig þannig að þær nýtist bændum. Þannig að í þróunarferlinu höfum við verið með fundi víða um land þar sem við kynnum verkefnið fyrir bændum og öðrum og fáum athugasemdir og hugmyndir frá þeim sem við notum svo til að þróa verkefnið áfram. Við erum einnig í reglulegum samskiptum við forsvarsfólk Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands, sem eru aðilar að verkefninu, sem og þverfaglega faghópinn sem stendur á bak við verkefnið. Við viljum nefnilega með GróLind skapa upplýsingar sem nýtast og þá er mikilvægt að vinna með þeim sem eiga að nýta gögnin ásamt því að tryggja að gögnin standist kröfur vísindasamfélagsins.“

*– Snjallsímar tengjast verkefninu, hvernig þá?*

„Það er rétt, við erum að þróa aðferðafræði til að bændur og aðrir geti metið ástand og vaktað sín eigin lönd með hjálp snjallforrits í snjallsíma. Þannig verða bændur þátttakendur í vöktuninni, gögnin nýtast ekki aðeins bændum til að fylgjast með breytingum í sínu eigin landi heldur verða þau einnig notuð sem hluti af gagnasafni GróLindar til að meta ástand lands heildrænt. Við kortlögðum svo beitarsvæði landsins í samstarfi við bændur á hverjum



Kind með GPS-tæki, ásamt lömbum sínum. Gögnin úr tækinu gefa innsýn í atferli sauðfjár í sumarhögum, geta m.a. sagt til um í hvernig land sauðfé sækir helst, hve stórt svæði hver kind nýtir og hvernig þessir þættir breytast t.d. eftir ástandi lands, veðurfari og landsvæðum. Mynd / Sigurjón Einarsson



Vöktunarreitir eru settir út í mismunandi vistkerfum en í melum taka mælingar oft stuttan tíma.
Mynd / Bryndís Marteinsdóttir

stað, fyrsta útgáfa af því korti kom út núna í júní. Nú í fyrsta skipti höfum við kort sem sýnir hvaða svæði á Íslandi eru nýtt til beitar og hvaða svæði ekki. Og nú þegar þetta kort liggur fyrir verður hægt að fara að safna upplýsingum um fjölda sauðfjár á hverju beitarsvæði.“

*Samstarfið við bændur hefur gengið mjög vel*

*– Hvernig hefur samstarfið við bændur gengið?*

„Það hefur gengið mjög vel, þeir eru mjög áhugasamir um verkefnið og hafa komið með margar góðar athugasemdir og tillögur. Í sumar vorum við í sambandi við tugi bænda um að fá að setja upp vöktunarreiti á þeirra landi og alltaf var okkur tekið vel og fólk almennt mjög áhugasamt. En það er kannski ekki skrítið, þetta verkefni er okkur öllum til hagsbóta enda viljum við öll það sama, við viljum að landið sé í góðu ástandi og að það sé nýtt á sjálfbæran hátt og við viljum geta sýnt fram á breytingar sem verða vegna aðgerða okkar,“ segir Bryndís.

*– Þið eruð að vakta og meta ástand gróður- og jarðvegsauðlinda landsins, hvernig fer þessi vöktun fram?*

„Við erum að setja út fasta vöktunarreiti (50 x 50 m) úti um allt land. Í hverjum reit eru metnir þættir sem gefa til kynna hvert ástand gróður- og jarðvegsauðlindarinnar er. Þessir þættir eru t.d. jarðvegsgerð, jarðvegsdýpt, gróðurhæð, gróðurþekja, tegundasamsetning, jarðvegsrof og hrjúfleiki yfirborðs. Aðferðafræðin byggir mikið á þeirri aðferðafræði sem hefur verið nýtt og prófuð m.a. í Bandaríkjunum og Ástralíu en aðlöguð að íslenskum veruleika.

Unnið verður að uppsetningu vöktunarreitanna næstu sumur og er áætlað að setja um 200 vöktunarreiti út á ári. Við stefnum að því að setja upp a.m.k. 1.000 vöktunarreiti í allt og áætlað er að endurmæla hvern reit á 5 ára fresti sem hluti af vöktun auðlindanna.“

*Nota GPS-staðsetningartæki til að fylgjast yfir 100 lambám*

*– Þið hafið verið að nota sauðfé með GPS-tækjum, hvað getur þú sagt mér um það og hvernig hafa kindurnar tekið verkefninu og hvaða niðurstöður eiga tækin á þeim að gefa?*

„Það er rétt, síðustu þrjú árin höfum við nýtt staðsetningartæki til að fylgjast með notkun yfir 100 lambáa, frá mismunandi landsvæðum, á beitarsvæðum sínum. Tækin gefa okkur staðsetningu kindanna á 6 tíma fresti og höfum við á þessum þremur sumrum safnað upp gífurlegu gagnasafni. Gögnin gefa okkur innsýn í atferli sauðfjár í sumarhögum m.a. geta þau sagt til um í hvernig land sauðfé sækir helst, hve stórt svæði hver kind nýtir og hvernig þessir þættir breytast t.d. eftir ástandi lands, veðurfari og landsvæðum.

Við erum rétt svo byrjuð að vinna úr gögnunum en þau munu vera mikil uppspretta fróðleiks í framtíðinni. Eftir því sem við best vitum hefur aldrei verið gerð rannsókn á ferðum sauðfjár á þeirri stærðargráðu sem áætlað er í þessari rannsókn. Þessi rannsókn er því einstök á alþjóðavísu auk þess sem hún er fyrst sinnar tegundar á Íslandi. Niðurstöðurnar munu nýtast jafnt innan og utan Landgræðslunnar, í að bæta beitarstjórnun. En þess má geta að verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem er að hætta núna um áramótin,“ segir Bryndís og bætir við: „Fyrir utan vísindalegt gildi rannsóknarinnar þá er þetta alveg rosalega skemmtilegt verkefni. Kindurnar og eigendur þeirra hafa tekið verkefninu vel, m.a. eru nokkrar sögur um að tækin hafi hjálpað til við að finna eftirlegukindur sem hafa farið í ævintýraferð.“

*Eigum þó enn þá stórt verkefni fyrir höndum*

*– Heilt yfir, hvernig metur þú ástand gróðurs og jarðvegsauðlinda Íslands á þessum tíma, erum við á réttri leið eða er allt í skötulíki hjá okkur?*

„Þegar stórt er spurt, jú, jú, það hefur ýmislegt batnað á síðustu árum og áratugum en við eigum þó enn þá stórt verkefni fyrir höndum til að ástandið verði eins og best verður á kosið. Samkvæmt fyrsta stöðumati GróLindar, sem unnið er upp úr fyrirliggjandi gögnum, lendir aðeins 25% landsins í tveimur bestu ástandsflokkunum á meðan um 45% lands lenda í tveimur verstu ástandsflokkunum sem einkennast af svæðum þar sem virkni vistkerfa er takmörkuð og/eða rof mjög mikið. Þó að eitthvað af þessum svæðum í verstu ástandsflokkum séu náttúrlega með litla virkni og/eða mikið rof, t.d. áreyrar eða svæði mjög hátt yfir sjó, er töluvert af svæðum þar sem ástandið gæti verið mun betra. Við erum einmitt að vinna að því núna að aðgreina þessi svæði.“

*Full bjartsýni*

*– Ertu bjartsýn eða svartsýn á stöðu mála?*

„Ég er full bjartsýni, það eru margir hlutir að breytast í rétta átt og GróLind er eitt atriðið í þeirri vegferð. Ástand lands er oft verra en það gæti verið en þetta er bara vandamál sem þarf að leysa og það er fullt af lausnum, við þurfum bara að koma öll saman að borðinu og finna þessar lausnir. Lausnir sem bæði eru til góða fyrir þessar auðlindir en einnig einstaklinga sem lifa af þessum auðlindum, búsetu í landinu og samfélagið í heild, en til þess að það gerist þurfum við öll að koma með opinn hug að borðinu en einnig þurfa stjórnvöld að tryggja að regluverkið geri okkur kleift að nýta þessar lausnir. Ég myndi t.d. vilja sjá í framtíðinni að við værum með stétt endurheimtabænda sem fengju greitt fyrir að bæta þessar auðlindir, það myndi draga úr kostnaði þjóðarinnar vegna skuldbindinga okkar í loftslagsmálum, styrkja lífsskilyrði í dreifðari byggðum og tryggja búsetu í landinu.“

*– Í hvað á svo að nýta gögnin?*

„Gögn um ástand lands og um staðsetningu beitarsvæða er hægt að nýta á margs konar hátt. Þær gagnast bændum við að skipuleggja beitarnýtingu, við skipulagningu leita og til að sjá hvaða áhrif mismunandi landnýting hefur. Þær munu verða nýttar í starfi Landgræðslunnar m.a. í skipulagningu og forgangsröðun endurheimta aðgerða. Þær gagnast sveitarstjórnum og skipulagsyfirvöldum í skipulagningu svæða undir þeirra umsjón og þær gagnast stjórnvöldum m.a. í því að meta losun frá landi. Þær munu einnig gera okkur kleift að sýna fram á ávinning aðgerða okkar m.a. í landbótum. Þar að auki erum við að byggja upp gríðarlegt gagnasafn sem mun nýtast vísindamönnum framtíðarinnar að svara spurningum m.a. um áhrif hlýnunar á auðlindirnar og árangur þeirra endurheimtaaðgerða sem við erum í í dag.



Í hverjum vöktunarreit er hlutfall mismunandi plöntuhópa og óvarins jarðvegs mæld á línu innan reitsins með því að setja niður pinna og skrá alla þá plöntuhópa sem snerta pinnann. Alls eru gerðar 200 pinnamælingar í hverjum reit. Mynd / Áskell Þórisson

Kannski er þó mikilvægasta hlutverk GróLindar að gefa hlutlaust mat á stöðu auðlindanna hverju sinni og breytingar á stöðunni – mat sem við getum notað til að taka upplýstar ákvarðanir um að taka næstu skref,“ segir Bryndís.

*Ættum að geta gefið út ástandsmat eftir nokkur ár*

*– Niðurstöður verkefnisins, hvenær munu þær liggja fyrir og hvers konar niðurstöður megum við búast við?*

„Fyrstu niðurstöður verkefnisins lágu fyrir í sumar, þegar við gáfum út stöðumat af ástandi auðlindanna. Þar nýttum við okkur fyrirliggjandi kort til að meta ástandið á grófum kvarða.

Að nokkrum árum liðnum, þegar við höfum náð að safna nægilegu magni á gögnum, ættum við að geta gefið út ástandsmat byggt á samþættingu gagnanna sem við söfnum, bæði í vöktunarreitum og með vöktun landnotenda, og gervitunglamyndum. Með þeim niðurstöðum munum við fá nákvæmara mat á ástandi lands og einnig geta séð hvernig ástandið er að breytast frá einum tíma til annars. Þá er hægt að fara að tengja breytingar m.a. tengdar landnýtingu og veðurfari við breytingar á ástandi lands. Við gáfum líka út fyrstu útgáfu af kortlagningu beitarsvæða sauðfjár á sama tíma. Við erum núna að vinna í því að bæta þessa kortlagningu og á áætluninni er að kortleggja einnig beitarsvæði annarra grasbíta sem hafa áhrif á auðlindirnar t.d. hrossa, hreindýra og gæsa.“

*GróLind er mikilvæg fyrir landið í heild*

*– Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?*

„Já, ég vil bara undirstrika hvað verkefni eins og GróLind er mikilvægt, ekki eingöngu fyrir landnotendur og vísindasamfélagið heldur fyrir Ísland sem heild. Okkur ber skylda að fara vel með auðlindir landsins og grunnurinn að því að það sé hægt er þekking eins og GróLind skapar. GróLind mun sýna okkur, svart á hvítu, hvar við erum að gera vel og hvar við þurfum að bæta okkur,“ sagði Bryndís að lokum.

/MHH

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FLÓKI

Tvær góðar að vestan




Suðureyri – Athafnasaga

- Frá Suðureyri í Tálknafirði stunduðu Norðmenn hvalveiðar í tvo áratugi
- Kópur BA 138 var gerður út á selveiðar í Íshafinu
- Íslensk hvalveiðistöð var í fimm ár á Suðureyri
- Selveiðar í íshafinu frá Austfjörðum og víðar

Falleg kilja, 196 bls.




Nótabátur leggst í víking

Sögur og sagnir að vestan

- Víkingaskipið á Þjóðhátíð Vestfirðinga 1974,
- Mótun Vestfirðingsins
- Í grautarskóla hjá Þorbjörgu
- Sr. Jón Kr. Ísfeld og fleira og fleira

Innbundin í vandaðri kápu, 175 bls

Fást í bókabúðum og beint frá forlagi
Sími 892 0855, flokiforlag@internet.is

**FRÉTTASKÝRING**

## Síðustu regnskógarnir í Asíu:

# „Skógurinn er farinn og við búum við fátækt“

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Frumskógum er eytt í Papúa Nýju-Gíneu og víðar í Indónesíu til að rúma fyrir ræktun á olíupálma.

**Kóreskt stórfyrirtæki í vinnslu á pálmaolíu hefur undanfarin ár verið að kaupa upp gríðarstór svæði í Indónesíu sem eru hluti af stærstu eftirstandandi regnskógunum í Asíu. Áreiðanlegar heimildir sýna að eldar af manna völdum hafi brennt tugþúsunda hektara af frumskógum í landinu.**

Innfæddir, sem tilheyra Mandobo-ættflokknum á Papúa-svæði í Indónesíu, segja að fyrir sex árum hafi fulltrúar suður-kóreska pálmaolíuframleiðslufyrirtækisins Korindo og stjórnvöld í landinu haft samband við höfðingja ættflokksins og beðið hann að sannfæra sitt fólk og tíu aðra ættflokka um að selja fyrirtækinu landið sem það býr á. Korindo, sem er risafyrirtæki á sviði framleiðslu á pálmaolíu, bauð innfæddum 8 bandaríkjadala fyrir hektarann, eða rétt rúmar 550 krónur íslenskar.

### *Her og lögregla*

Fyrirtækið hafði áður aflað sér heimildar til kaupanna frá stjórn Indónesíu og lagði áherslu á að kaupin gengju hratt fyrir sig. Svo hratt að lögreglan og herinn voru send til að sækja höfðingjann og fara með hann á fund með fulltrúum Korindo og stjórnvalda og honum hótað öllu illu ef hann kæmi ekki.

Á fundinum var höfðingjanum lofað að hann persónulega myndi fá nýtt hús, með rennandi vatni og að skólagjöld yrðu greidd fyrir börnin hans og því um hreinar mútur að ræða.

Höfðinginn sat frammi fyrir ákvörðun sem myndi breyta lífi hans og samferðafólks hans að eilífu. Hann tók boðinu.

### *Stærsti útflytjandi pálmaolíu í heiminum*

Indónesía er stærsti útflytjandi pálmaolíu í heiminum og Papúa nýjasta ræktunarsvæði olíupálma í landinu og um leið það svæði í heiminum þar sem eyðing frumskóga er mest um þessar mundir. Nú þegar hafa stór svæði þar með regnskógum verið brennd og í stað þeirra plantað olíupálmum í beinum röðum.



Í frumskógum Nýju-Gíneu, sem nú er eytt af stórfyrirtækjum, hafa frumbyggjar búið í hundruð ef ekki þúsundir ára í sátt við náttúruna. Mynd / Steppes travel



Ástralía og Indónesía og hluti Suðaustur-Asíu.




Guli liturinn sýnir áætlaða eyðingu frumskóga í Papúa Nýju-Gíneu og til vesturs yfir landamærin frá 1980 til 2020. Mynd / WWF

Viðskipti með pálmaolíu eru gríðarmikil í heiminum og olían notuð í nánast allt sem snýr að snyrti- og matvöru og margt fleira.

Þar til fyrir skömmu hafði Papúa-svæðið staðið utan við þessi ósköp og frumskógurinn þar fengið að standa að mestu óskertur, eða þar til stjórnvöld í Indónesíu opnuðu fyrir aðgang fjárfesta að svæðinu sem er með því fátækasta í landinu.

Korindo er sú erlenda fyrirtækjasamstæða sem á mest land í Indónesíu og hefur nú þegar rutt um 60 þúsund hektara af skóglendi með samþykki stjórnvalda og er olíupálmaræktarinnar þar gætt af öryggissveitum úr her landsins.



### *Íkveikjur til að eyða frumskógum*

Eins og framleiðslu á pálmaolíu er háttað í dag eru frumskógar á stórum svæðum ruddir eða brenndir og olíupálmum plantað í staðinn. Samkvæmt lögum er bannað að brenna skóga í Indónesíu vegna mengunarinnar sem slíkt veldur en þrátt fyrir það er bruni algengasta leiðin sem notuð er í landinu til að fella skóga fyrir olíupálmaræktun.

Talsmenn Korindo hafa lengi þvertekið fyrir að fyrirtækið hafi eða standi fyrir íkveikjum í frumskógum og samkvæmt skýrslu Forest Stewardship Council frá 2018, sem Korindo er meðlimur að, eru engar sannanir sem benda til að svo sé.

Nýjar upplýsingar frá Goldsmiths University í London og Greenpeace International, sem birtar voru í samvinnu við BBC, sýna aftur á móti að Korindo hefur tengst fjölmörgum íkveikjum í mörg ár í þeim tilgangi að eyða skógum til framleiðslu á pálmaolíu. Upplýsingarnar byggja meðal annars á skoðun á loftmyndum frá NASA sem sýna skógareyðingu á svæðum sem Korindo hefur keypt eða hefur til yfirráða.

Loftmyndirnar sýna greinileg mynstur og það hvernig eldurinn breiðist skipulega út og slíkt bendir eindregið til að um íkveikjur sé að ræða.

Heimamenn í Papúa segja einnig að starfsmenn fyrirtækisins kveiki reglulega elda til að brenna niður skógana. Atferlinu er lýst þannig að starfsmenn Korindo koma fyrir trjábolum í 100 til 200 metra löngum röðum og hella yfir bensíni og kveikja í.

Að sögn talsmanna Greenpeace International er Korindo ekki eina fyrirtækið sem stundar þetta og að fyrirtækin komist upp með íkveikjurnar þar sem stjórnvöld geri ekkert í málinu. Íkveikjurnar eru árlegar og reykurinn frá þeim svo mikill að hann hefur legið yfir stórum svæðum í Suðaustur-Asíu þar sem hann veldur gríðarlegri mengun og hefur truflað flugsamgöngur. Áætlað er að losun skaðlegra efna út í andrúmsloftið vegna brunanna jafnist á við nokkurra mánaða losun Bandaríkja Norður-Ameríku og að mengunin hafi valdið dauða um 90 þúsund manns í Asíu árið 2015. Fyrir utan þann skaða sem eldurinn veldur í dýra- og gróðurríkinu.

### *Skýrsla FSC*



Jarðvegsútskolun vegna skógareyðingar í norðanverðri Papúa Nýju-Gíneu. Mynd / www.abc.net.au.

Þrátt fyrir að sagt sé að í úttekt Forest Stewardship Council og skýrslunni frá 2018 hafi ekkert komið fram sem bendi til að Korindo tengist íkveikjum til að ryðja skóga var skýrslan aldrei birt opinberlega enda hótaði Korindo málshöfðun yrði það gert. Vert er að geta þess að vottun frá Forest Stewardship Council á að jafngilda því að fyrirtæki vinni vörur úr timbri á sjálfbæran og siðferðislegan hátt.

BBC komst yfir eintak af skýrslunni og segir í grein um hana að þar komi skýrt fram að Korindo hafi brennt um 30 þúsund hektara af frumskógum þvert á reglur Forest Stewardship Council. Einnig segir að fyrirtækið hafi gerst sekt um fjölda mannréttindabrota gagnvart innfæddum í skógunum með hjálp indónesíska hersins í þeim tilgangi að auka hagnað sinn.

Í skýrslunni var mælst til þess að Korindo yrði vikið úr Forest Stewardship Council. Því var hafnað og hefur haft þær afleiðingar að trúverðugleiki FSC hefur dvínað. Auk þess sem fjöldi umhverfisverndarsamtaka hefur lýst vantrausti á Forest Stewardship Council og segjast þau draga í efa að vottanir þess standist skoðun.

Viðbrögð Korindo við uppljóstruninni var að neita harðlega að fyrirtækið hefði á nokkurn hátt átt þátt í að mannréttindi væru brotin en viðurkenndi að eflaust mæti bæta ýmsa starfshætti þegar kæmi að því að ryðja skóga. Í yfirlýsingunni sagði líka að fyrirtækið hefði greitt innfæddum rausnarlegt verð fyrir landið, 8 bandaríkjadali fyrir hektarann, og að auki aðra 8 bandaríkjadali vegna trjánna sem þeir misstu og að upphæðin hafi verið í samræmi við óskir ríkisstjórnarinnar í Indónesíu. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa staðfest að upphæðin sé rétt en neita að hún hafi verið ákveðin í samráði við Korindo.

### *Svikin loforð að sögn heimamanna*

Þrátt fyrir hástemmd loforð um alls kyns úrbætur á Papúa-svæði hefur lítið orðið um efndir og að sögn margra innfæddra fylgdi komu fyrirtækisins ekki velsæld heldur óeining og átök sem hafa kostað mannslíf.

„Skógurinn er farinn og við lifum í fátækt,“ er haft eftir konu sem missti bróður sinn í átökum vegna svikinna loforða um að reisa nýjan skóla. Á sama tíma segja talsmenn Korindo að fyrirtækið hafi lagt 14 milljónir bandaríkjadala til uppbyggingar-, mennta-, heilbrigðis- og félagsmála á svæðinu.

Höfðinginn sem tók tilboði Korindo viðurkennir að hann hafi fengið um 42 þúsund bandaríkjadali fyrir aðkomu sína að málinu. Hann segist ekki enn hafa fengið húsið sem til stóð að byggja fyrir hann. Í dag segist hann vera fátækari en hann var fyrir. Peningarnir eru búnir, hann allslaus og fullur af eftirsjá og kennir ríkisstjórn landsins um að hafa blekkt sig.

*Byggt á greininni The burning scar: Inside the destruction of Asia's last rainforests á vef BBC. Höfundar Ayomi Amindoni & Rebecca Henschke.*

LESENDABÁS

# Tækifærin í landbúnaði

**Síðastliðin föstudag var kynning hjá Icelandic Startup á 9 frumkvöðlafyrirtækjum sem undanfarnar 10 vikur hafa tekið þátt í viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita og vil ég hvetja alla til að taka sér smá stund í að horfa á þessar kynningar og finna orkuna og sköpunarkraftinn sem býr í þessu fólki og skynja um leið þau fjölbreyttu og óendanlegu tækifæri sem felast í eflingu og nýsköpun í landbúnaði. Formleg dagskrá Hraðalsins hefst á 27 mín. Slóðina má finna hér: https://www.facebook.com/tilsjavarogsveita/videos/376150730325172**

Það er mikið frumkvöðlaeðli og sköpunarkraftur í genum okkar Íslendinga enda hefðu forfeður okkar varla þraukað hér í gegnum aldirnar án þess. Mörg okkar erum samt þannig gerð að við þorum ekki að fylgja þeim hugmyndum eftir sem við fáum og óttumst að þær séu ekki nógu góðar og/eða við verðum að athlægi meðal félaga og kunningja ef hugmyndin er ekki nógu góð. Við ykkur vil ég segja, ekki hvika frá því að fylgja draumum ykkar eftir. Það er eðlilegt í öllum þróunarferlum að eitthvað mistakist. Mistökin greinir maður og finnur leiðir til að bæta hugmyndina og þróa áfram þangað til að hugmyndin er tilbúin til að fara í loftið. Mistökin geta verið þungbær og nagað mann, það þekki ég vel af eigin raun en það er enn verra að bregðast sjálfum sér og fylgja ekki sinni innri sannfæringu eftir.

Það er ekki einfalt að vera frumkvöðull og mikið af góðum hugmyndum sem verða aldrei að veruleika því frumkvöðlana skorti úthald, fjármagn og aðstoð til að klára verkið. En áframhaldandi og aukinn stuðningur við frumkvöðla er gríðarlega mikilvægur til að breyta og lyfta íslenskum landbúnaði upp á næsta þrep.

### *Gríðarleg óbeisluð auðlind*

Staðreyndin er að innan landbúnaðarins býr gríðarleg óbeisluð auðlind og við getum með samstilltu átaki marfaldað framleiðsluverðmæti landbúnaðar sem er í dag á bilinu 50-60 milljarðar króna (framleiðsluverðmæti sjávarútvegs er í dag um 140 milljarðar) og þannig gert landbúnað að stærri atvinnugrein en sjávarútveg. Hvernig er þetta hægt kann einhver að spyrja og svarið við því er einfalt.

Horfum ca 40-50 ár til baka á stöðu sjávarútvegs á þeim árum. Afurðaverð var lágt og meðferð sjávaraflans var mjög ábótavant sem leiddi af sér lágt verð, lélega nýtingu hráefnis og mjög slaka almenna afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi þrátt fyrir að veiðin væri oft og tíðum meiri en er í dag.

Hvað breyttist? Jú, aðgangur að auðlindinni var takmarkaður og því neyddust menn til að fara að hugsa um hvernig þeir hámörkuðu ávinninginn af hverju veiddu kg í stað þess að reyna bara að veiða fleiri kg. Þetta hefur svo leitt af sér að íslenskur sjávarútvegur er í dag meðal þeirra allra fremstu í heiminum og söluverð á flestum afurðum með því hæsta ef ekki það hæsta sem markaðurinn borgar fyrir slíkar vörur þar sem ímynd vörunnar í hugum neytenda er mjög sterk og er táknmynd hreinleika, gæða og sjálfbærni. Samhliða hefur vaxið hér upp fjöldi hátæknifyrirtækja sem sérhæfa sig í hönnun og framleiðslu búnaðar fyrir sjávarútveg sem er seldur um allan heim.

### *Sömu tækifæri og í sjávarútvegi*

Íslenskur landbúnaður hefur nákvæmlega sömu tækifæri og sjávarútvegurinn hefur og margir myndu jafnvel halda fram að tækifæri landbúnaðarins væru mun meiri þar sem fjölbreytni afurða sem rúmast undir regnhlíf landbúnaðarins er miklum mun fjölbreyttara en sjávarútveginum hefur úr að spila.

Menn eyða oft löngum tíma og mörgum orðum í að karpa um að útflutningur afurða landbúnaðar sé draumsýn og muni aldrei skila ásættanlegu verði, auk þess sem framleiðsla okkar sé svo smá að við munum aldrei afkasta neinni eftirspurn að ráði. Ég er sammála því að við verðum seint magnútflytjendur af landbúnaðarafurðum en fyrir okkur liggja mikil tækifæri á ýmsum sértækum mörkuðum þar sem gæði og ímynd vörunnar skiptir mun meira máli en verð. Með tilkomu sölu í gegnum alþjóðleg vöruhús eins og Amason opnast nýjar víddir fyrir örþjóð eins og okkar til að koma framleiðslu á framfæri því ekki þarf lengur að birgja upp hundruð vöruhúsa með dýrum lagerum heldur er ýmist hægt að senda vöruna frá framleiðanda við pöntun eða koma vörum fyrir á lagerum í 2-3 vel staðsettum vöruhúsum í Evrópu, Asíu og Ameríku.

Ekki má heldur gleyma því að landbúnaður snýst ekki bara í dag um „feitt ket og smjör“ með fullri virðingu fyrir þeirri framleiðslu, heldur eru áskoranir í loftslagsmálum og betri nýtingu matvæla að opna alveg nýjar víddir fyrir vörur og hugmyndir hvort sem það lýtur að t.d. bindingu $CO_2$ eða bættri nýtingu ýmiss konar auka- og hliðarafurða. Þarna er fjöldi tækifæra fyrir vísindasamfélagið að koma inn og þróa lausnir á hnattrænum vanda sem síðan er hægt að selja áfram um allan heim.

Framtíð landbúnaðarins er björt ef við þorum að taka nauðsynleg skref til móts við framtíðina – framtíð sem hrópar á vörur og lausnir sem við getum verið virkir þátttakendur í að skapa og kynna fyrir heiminum.

***Finnbogi Magnússon***


EKTA JÓLABÓK!

JENNY COLGAN HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI.

ANGÚSTÚRA






- Vélageymslur og fóðurskýli í öllum stærðum.
- Mjög hagstætt verð.

PROTEC

Lambhagavegi 13
113 Reykjavík
S. 840-6800
tomas@protec.is

BETRI LOFTRÆSING
MIKIÐ ÚRVAL BLÁSARA Á LAGER



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS
ÍSMAR

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874

# TAKK SAUÐFJÁRBÆNDUR

## FYRIR ÍSLENSKA LAMBAKJÖTIÐ

Íslenska lambakjötið er engu líkt. Þar spilar saman aldalöng ræktunaraðferð íslenskra bænda og óspillt íslensk náttúra þar sem hreint vatn, iðjagrænt gras, lyng, ber og villtar kryddjurtir eru á matseðlinum.

Íslenska lambakjötið er hrein og holl íslensk náttúruafurð, rík af Omega-3 og járni og matreiðslumeistrar víða um heim eru sammála um að hvergi í heiminum sé lambakjötið betra, bæði hvað varðar áferð og bragð.

Íslenska lambakjötið hefur satt okkur og glatt – og í raun haldið í okkur lífi frá upphafi landnáms, í 1146 ár. Fyrir það ber ekki síst að þakka íslenskum sauðfjárbændum.

**Njótum þess besta sem við eigum, og borðum íslenskt – náttúrulega.**



UTAN ÚR HEIMI

# Ástralir hyggjast hefja framleiðslu á vetnisknúnum jeppum, trukkum, rútum og dráttarvélum

## – Fyrirtækið H2X stefnir á að hefja framleiðslu á vetnisknúnum farartækjum í júlí 2021

**Ástralska fyrirtækið H2X kynnti í sumar þau metnaðarfullu markmið að koma í framleiðslu jeppum, trukkum, rútum og dráttarvélum sem búin verði vetnis-efnarafölum sem knýja rafmótora.**

Fyrirtækið hefur þegar smíðað frumgerð jeppa eða jepplings sem heitir Snowy og er með 60 kW vetnis-efnarafal og með heildarafl drifbúnaðar upp á 190 kW, eða sem samsvarar 255 hestöflum. Það eru þó ekki bara fólksbílar sem menn hafa áhuga á að framleiða hjá H2X, því hugur eigenda stefnir líka á hönnun á þungum ökutækjum eins og trukkum, rútum og jafnvel dráttarvélum. Til að knýja þessi stóru tæki verða efnarafalar upp á 300 til 550 kW. Ráðgera forsvarsmenn H2X að framleiðsla geti hafist í júlí 2021.

Ef allt gengur upp mun H2X verða fyrsta fyrirtækið til að framleiða dráttarvél á ástralskri grundu síðan 1986 þegar International Harvester lokaði dráttarvélaverksmiðju sinni í Geeloc, Victoríuríki.

Höfuðstöðvar H2X verða í Port Kembal nærri Wollongong, en þar er einnig staðsett vetnisverksmiðja.



Frumgerð af vetnisknúna jepplingnum Snowy frá H2X í Ástralíu.

Yfirmenn H2X eru síður en svo nýgræðingar í bílaframleiðsluheiminum. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins heitir Brendan Norman, en lykilmaður og hönnuður með honum er Chris Reitz, sem starfað hefur m.a. með Audi, VW, Nissan og Fiat. Hönnuður drifbúnaðarins er Peter Zienau, sem starfað hefur með General Motors. Tæknistjórinn er Ian Thompson, sem á sinn bakgrunn í bílaiðnaði hjá Lotus og Aston Martin. Þá sér Alan Marder um stefnumörkun fyrirtækisins, en hann starfaði áður hjá Toyota. */HKr.*



Svona sjá hönnuðir H2X í Ástralíu að vetnisknúin dráttarvél geti litið út. Þeir veðja á að vetnið verði framtíðareldsneyti fyrir trukka, rútur og þungar vinnuvélar í framtíðinni og hyggjast hefja framleiðslu á einhverjum þessara hugverka sinna næsta ári. Mynd / H2X



Ný New Holland dráttarvél sem kynnt var í Hollandi 3. október gengur fyrir dísilolíu sem blönduð er með sérstökum búnaði í 30–60% hlutfalli með vetni.

# Tvíeldsneytis-dráttarvél úr smiðju New Holland

## – Gengur fyrir blöndu af dísilolíu og vetni

**Fyrsta tvíeldsneytis-dráttarvélin (duel fuel) frá New Holland var kynnt í Hollandi 3. október síðastliðinn. Þessi dráttarvél er óvenjuleg að því leyti að hún gengur fyrir dísilolíu sem blönduð er með sérstökum búnaði í 30-60% hlutfalli með vetni.**

Vélin er hönnuð af New Holland í samvinnu við Blue Fuel Solutions. Hún er með fimm vetnistanka á þakinu sem rúma 11,5 kg af vetni, eða sem samsvarar 470 lítrum af vatni. Vetnisblandan er mismunandi eftir álagi og í sterkustu hlutfalli þegar dráttarvélin er undir litlu álagi í akstri. Eftir því sem álagið eykst minnkar vetnishlutfallið í eldsneytisblöndunni. Með slíkri álagsstýringu telja sérfræðingar New Holland að vetnistankarnir eigi að duga út einn vinnudag.

Kostnaðurinn við þetta kerfi er ansi hár, eða nærri 70.000 evrur á hverja dráttarvél, sem gerir rúmar 11,3 milljónir íslenskar krónur. Líklegt er að það eitt og sér fæli menn snarlega frá að gera tilraun með þennan búnað, auk þess sem óljóst er hvaða áhrif eldsneytisbruni sem væntanlega er við mun hærri hita með vetninu hefur á endingu mótoranna. Arjan Verweij hjá New Holland í Hollandi er samt ekki mjög svartsýnn og telur að opinberir styrkir sem fást fyrir að draga úr losun koltvísýrings ($CO_2$) geti lækkað þennan kostnað verulega. */HKr.*

**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**17. desember**

# Vélaframleiðandi Yanmar hefur keypt Solis-dráttarvélaverksmiðjuna í Tyrklandi

**Vélaframleiðandinn Yanmar, sem íslenskir útgerðarmenn þekkja vel, hefur nú lokið við kaup á dráttarvélaverksmiðju Solis Traktör Sanayi A.Ş. í Izmir Menderes ITOB í Tyrklandi. Með kaupunum styrkir Yanmar enn frekar stöðu sína í Tyrklandi.**

Iðnfyrirtækið Yanmar var stofnað í Osaka í Japan árið 1912 og var fyrst til að ná árangri í smíði dísilvélar af hagnýtri stærð árið 1933. Hafa dísilvélar síðan verið hornsteinn í framleiðslu fyrirtækisins.

Yanmar er mjög framsækið fyrirtæki og vinnur nú m.a. að hönnun vetnisvéla í samvinnu við Toyota í Japan. Þá hefur Yanmar líka verið í fararbroddi fyrirtækja sem framleiða vélar sem brenna bæði fljótandi gasi (LNG) og dísilolíu, eða það sem kallað er „dual fuel“.

Yanmar hóf starfsemi í Tyrklandi árið 2017 með stofnun á fyrirtækinu Yanmar Turkey Liaison Office, sem hóf starfsemi sína í Izmir árið 2016. Síðan var Yanmar Turkey Makine A.Ş stofnað árið 2017. Þá hefur Yanmar verið hluthafi í Solis síðan 2016.

Yanmar hefur vaxið hratt í Tyrklandi og náð miklum árangri frá 2016. Það hefur nú aukið fjárfestingar sínar í Tyrklandi með því að bæta dráttarvélaverksmiðju inn í reksturinn. Kaupin á Solis Traktör Sanayi A.Ş. voru undirrituð í Istanbúl, en seljandinn er samstarfsaðili Yanmar í Tyrklandi, International Tractor Limited (ITL).



Solis S90 Kabinli, sem er 84.3 hestafla dráttarvél.

### *Einn þekktasti framleiðandi dísilvéla í heimi*

Yanmar bátavélar hafa verið mjög vinsælar hér á landi. Er hægt að fá vélar í stærðum allt frá 6-6.400 hestöfl. Meðal fyrirtækja sem hafa selt Yanmar vélar á Íslandi eru Marás í Garðabæ. Þá hefur Merkúr í Reykjavík m.a. boðið upp á beltagröfur frá Yanmar.

### *Solis líka á Íslandi*

Vallarbraut er með umboð fyrir Solis dráttarvélamerkið og hófst innflutningur þeirra árið 2016, fyrst í gegnum fyrirtækið Vallarnaut. Solis dráttarvélafyrirtækið var stofnað á Indlandi 1969. Solis dráttarvélarnar hafa verið fáanlegar í Evrópu frá 2012 og töluvert hefur selst af þeim. Þá eru þær mikið seldar á Írlandi, Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku en þær hafa selst við góðan orðstír í yfir 80 löndum.

Vélarnar hafa einkum notið vinsælda vegna einfaldleika í hönnun og búnaði.

### *Yanmar mun líka framleiða dráttarvélar undir eigin nafni*

Mun Yanmar halda áfram að framleiða Solis dráttarvél og einnig dráttarvélar undir merki Yanmar.

„Yanmar hefur verið í samstarfi við ITL síðan 2005,“ sagði Mustafa Kemal Erdogan, stjórnarformaður Yanmar Tyrklands Makine A.Ş. Framleiðir Yanmar reyndar þegar nokkrar gerðir lítilla dráttarvéla eins og YT235, YT347 og YT349 sem fæst með 47 til 59 hestafla mótorum. Væntanlega munu nást talsverð samlegðaráhrif með kaupunum á Solis sem framleiðir talsvert breiðari línu dráttarvéla.



Yanmar „dual fuel“ dísilvél sem brennir líka gasi. Hún minnkar $CO_2$ útblástur um 25% miðað við hefðbundna dísilvél, brennisteinsoxíð, SOx, um 99% og NOx um 80%.

„Við höldum áfram þessu samstarfi sem einn af stærstu hluthöfum Solis Traktör frá og með 2016. Við erum ánægð með að Solis Tractor Industry and Trade Inc., sem grundvöllur var lagður að í Izmir árið 2017, hefur nú gengið til liðs við Yanmar,“ sagði Erdogan.

Yanmar hefur verið framleiðandi lítilla og stórra véla fyrir alþjóðlegan atvinnurekstur á sjó og landi. Markmið Yanmar er að koma með lausnir í greinum sem tengjast matvælaiðnaði undir kjörorðunum „Sjálfbær framtíð“. */HKr.*

UTAN ÚR HEIMI



**Eftir að hafa séð gömlum og fallegum miða af límónaðiflösku deilt á samfélagsmiðlum ákvað Fredrik Bäckstrand í Övermark í Finnlandi að endurvekja límónaðiframleiðslu í heimabæ sínum.** Myndir / Úr einkasafni

## Fredrik Bäckstrand í Övermark í Finnlandi:

# Endurvakti einfaldan svaladrykk og notar aldagamla uppskrift

**Fredrik Bäckstrand í Övermark í Finnlandi ákvað fyrir nokkrum árum að endurvekja framleiðslu á handgerðu límonaði eftir aldagamalli uppskrift og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Nú eru bragðtegundirnar orðnar tíu talsins og hefur hann ásamt konu sinni, Micahelu, opnað samkomu- og sölustað á gömlum veitingastað í bænum sem þau gerðu upp.**

Það var fyrir rúmum hundrað árum sem Oskar Eriksson byrjaði að framleiða límonaði og aðra sæta drykki undir merkjum Övermark Läskedrycksfabrik í Övermark í Finnlandi. Sjötíu og sjö árum síðar kviknaði áhugi Fredrik á að hefja framleiðslu á límonaði eftir að hafa séð mynd af flösku með fallegum miða úr upprunalegu verksmiðjunni. Á þessum tíma hafði fjöldinn allur af gömlum límónaðimiðum fundist í veggjum á húsi sem verið var að gera upp, miðar frá Övermark Läskedrycksfabrik, sem notaðir höfðu verið til einangrunar.

### *Byrjaði með Sodastream-tæki í eldhúsinu*

„Gamla nostalgíuhjartað í mér sló mjög ört og mér fannst ég þurfa að endurvekja þessa gömlu framleiðslu eftir að hafa séð myndina á



Fredrik Bäckstrand.

samfélagsmiðlum. Ég hafði samband við son Oskars, sem er á tíræðisaldri, sem gaf mér grænt ljós á að nota nafn hins gamla fyrirtækis og ég fékk alla gömlu flöskumiðana með mér ásamt upprunalegri uppskrift að límónaði,“ segir Fredrik og bætir við:

„Þannig að ég dreif mig heim og byrjaði á tilraunastarfsemi heima í eldhúsi með Sodastream-tækið mitt þar sem ég fann fullkomna blöndu af kolsýru og hugmyndaflugi. Ég gerði fyrstu framleiðsluna fyrir sölu í kringum jólin árið 2017 en þá náði ég að selja um 200 flöskur með granateplabragði. Í grunnuppskriftinni var bæði sítrónusýra og sykur sem ég held mig við en kolsýran á þessum tíma var mýkri og mildari heldur en við þekkjum í dag. Þess vegna notast ég við kolsýru sem notuð er í bjór sem er búinn að gerjast. Þá fáum við ferskt sýrustig sem framkallar bragðið enn betur.“

### *Hráefni úr nágrenninu*

Nú eru bragðtegundirnar orðnar tíu talsins og er Fredrik stöðugt að þróa nýjar bragðtegundir í límónaðið.

„Við höfum minna geymsluþol en flestir drykkir af svipaðri tegund því við setjum engin litar-, bragð- eða rotvarnarefni í þá. Það eina sem við bætum við er sítrónusýran og sykur ásamt örlitlu salti í lok framleiðsluferilsins. Við leggjum aðaláherslu á að nota hráefni hér úr nágrenninu eins og ber og ávexti, blöð af trjám og svo framvegis. Það er í raun hvað náttúran getur boðið okkur á hverjum tímapunkti sem við nýtum í límónaðidrykkina,“ segir Fredrik sem rekur verksmiðjuna með konu sinni, Michaelu, en nýverið keyptu þau húsnæði gamals veitingastaðar í bænum sem þau hafa gert upp og selja nú sínar eigin vörur þaðan ásamt því að vera dugleg að sækja bænda- og matarmarkaði í nágrenni við sig.

*/ehg – Landsbygdens Folk*










Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík






## Málþingið Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa:

# Dæmisögur um kindina og aðlögunarferlið að lífrænni vottun

**Í síðasta Bændablaði var greint frá málþinginu Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa, sem Fagráð í lífrænum búskap stóð fyrir og haldið var 12. nóvember. Tvö síðustu erindi málþingsins komust ekki að þá og því kemur hér umfjöllun um þau. Sveinn Margeirsson, doktor í iðnaðarverkfræði og sveitarstjóri í Skútustaðahreppi, fjallaði um lífræna vottun í samhengi við íslenska sauðfjárrækt og Sunna Hrafnsdóttir, garðyrkjubóndi með lífræna vottun á Ósi í Hörgársveit, veitti innsýn inn í feril lífrænnar aðlögunar.**


Sveinn Margeirsson, doktor í iðnaðarverkfræði og sveitarstjóri.
Myndir / skjáskot frá málþinginu


Sunna Hrafnsdóttir, garðyrkjubóndi með lífræna vottun á Ósi í Hörgársveit.

Yfirskrift erindis Sveins var „Framleiðsla og þjónusta í framtíðarlandinu Íslandi sem byggir á lífrænni vottun: Dæmisagan um kindina“. Upplegg hans var því að nota íslensku sauðkindina sem dæmi fyrir allan landbúnað á Íslandi og möguleika lífrænt vottaðra matvæla. Hann sagði að sú umræða, sem gengur út á að flokka allt lambakjöt sem „eins vöru“ hafi skemmt fyrir, bæði lífrænt vottaðri og „hefðbundinni“ framleiðslu. Ígrunda þyrfti vel alla ímyndarvinnu og markaðssetningu lambakjötsafurða. Gagnsæi framleiðsluaðferða, hin félagslegu áhrif og upplifun væru meðal atriða í allri matvælaframleiðslu að verða æ mikilvægari fyrir neytendur.

### *Taka þarf til í regluverki heimaslátrunar og sölu*

Hann lagði áherslu á að það þyrfti að breyta þeirri staðreynd að bændur og frumframleiðendur matvæla væru með minnsta hluta framlegðar í virðiskeðjunni. Mikilvæg leið út úr þeirri stöðu sé að bændur geti markaðssett sínar vörur sjálfir og haft sem flesta þræði í hendi sér varðandi söluferlana. Taka þurfi verulega til í regluverkinu í kringum heimaslátrun og sölu, ef ekki eigi einfaldlega að leggja sauðfjárræktina af. Sömuleiðis gæti lífræn vottun fyrir íslenskt lambakjöt verið leið til sóknar.

Svo nefndi Sveinn nokkur atriði sem þyrfti til, svo hægt væri að stefna að lífrænni vottun fyrir íslenska sauðfjárrækt. Hann sagði að ekki væri ásættanlegt hvernig gæði á lambakjötsafurðum hefðu þróast, því þyrfti að snúa við og nefndi sérstaklega meyrnina.

### *Lambakjöt er ekki allt eins*

Gleyma þyrfti þeirri goðsögn að allt lambakjöt væri eins, aðgreining á markaði væri grundvallaratriði í nútíma markaðsfræði. Þá þyrfti að virða þarfir og kröfur markaðarins; til dæmis varðandi möguleika á viðskiptum í gegnum netið og í snjalltækjum en einnig kaup á staðbundnum vörum og upprunamerktum með rekjanleika.

Sveinn sagði að með lífrænt vottuðum sauðfjárbúskap væri stuðlað að fæðuöryggi til framtíðar og hann teldi raunar að skilgreina ætti á hverju ári tiltekið lágmarks framleiðslumagn sauðfjárafurða sem við vildum framleiða án allra innfluttra aðfanga. Í því tilliti þyrftum við að huga að því að nýta vel okkar auðlindir og ekki síst lífrænan úrgang.

### *Endurskoða þarf eftirlitskerfið*

Að síðustu talaði Sveinn um þörfina fyrir endurskoðun á eftirlitskerfinu hvað varðar sauðfjárslátrun, það gæti haft gríðarlega mikil áhrif á bændur í lífrænt vottuðum sauðfjárbúskap og jafnvel meiri en hjá bændum í hefðbundnum búskap. Neytendur væru með skýra mynd af lífrænt vottuðum vörum og því betra að ná til þeirra með lífrænt vottaðar sauðfjárafurðir. Því mætti sjá fyrir sér að framleiðsla á slíkum afurðum myndi stóraukast með fullnýtingu afurða, betri þjónustu og sölu beint frá býli, væri eftirlitið ekki eins stíft og það er í dag.

### *Fengu lífræna vottun á síðasta ári*

Sunna kom inn á málþingið með sjónarhorn garðyrkjubónda sem lokið hefur lífrænni aðlögun. Hún stýrir garðyrkjunni á Ósi í Hörgársveit ásamt manni sínum, Andra Sigurjónssyni, og móður, Nönnu Stefánsdóttur, og fengu þau land sitt vottað lífrænt á síðasta ári.

Jörðin var keypt haustið 2016 og hafa þau mest látið að sér kveða í ræktun lífrænt vottaðra gulróta. Sunna útskrifaðist úr Garðyrkjuskólanum vorið 2018 af lífrænni braut skólans, en Nanna, móðir hennar, er skrúðgarðyrkjumeistari og hefur unnið við garðyrkju í meira en 30 ár.

Sunna sagði að á tveggja ára aðlögunartímanum hafi ráðgjöf í lífrænni ræktun skort hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), en þau hefðu mjög þurft á henni að halda fyrst í stað. Hún sé undrandi á því að hún sé ekki enn í boði og henni finnst að það vanti ráðunaut þar í lífrænni ræktun.

### *Uppbygging og fjárfesting*

Frá 2016 hafi verið byggð upp aðstaða á Ósi til að framleiða vörur, bæði vinnslurými í gömlum bragga sem var á jörðinni og svo sé verið að innrétta eldhús þar líka. Þá reistu þau sér 100 fermetra gróðurhús sem þjónar uppeldishlutverki fyrir grænmetið.

Hún segir að fjárfestingarkostnaður sé mikill í byrjun – og eigi eftir að vera það næstu árin – en þau hafi fengið lífrænan aðlögunarstuðning sem hafi breytt miklu í uppbyggingarferlinu, sem hefur líka falist í kaupum á tækjakosti.

Í lífrænt vottaðri garðyrkju fer mikill tími í að uppræta illgresi með höndunum, enda eru hvers kyns eiturefni bönnuð. Sunna segir að það sé kominn til sögunnar alls kyns tæknibúnaður til slíkra verka sem þau séu að skoða kaup á. Þá fer líka mikill tími og fjármagn í að byggja upp frjósemi jarðvegsins og segir hún að þau hafi lært heilmargt með tilraunum og einnig af mistökum í þeim málum – en líklega taki það um tíu ár að læra alveg inn á jörðina ræktunarmöguleikana á henni.

### *Auka þarf beinan stuðning stjórnvalda*

Sunna ræddi því næst gott framtak hjá VOR (samtökum framleiðenda í lífrænt vottaðri framleiðslu) sem boðið hefur nýliðum upp á að fá heimsóknir frá reynslumiklum framleiðendum til ráðgjafar. Þau hafi notið góðs af því síðasta sumar þegar Svanhvít Konráðsdóttir frá Hæðarenda kom til þeirra ásamt Helga Jóhannessyni, garðyrkjuráðunauti hjá RML.

Gulræturnar á Ósi hafa selst vel í verslununum á Norðurlandi frá því í haust. Tíu tonna gulrótauppskera var í ár. Þau hafa einnig verið að prófa sig áfram með fleiri tegundir í ræktun og þau finna fyrir miklum áhuga á lífrænt vottuðum vörum. Því sé mikilvægt að mega setja lífræna vottunarmerkið frá Túni á umbúðirnar.

Sunna telur að stefna stjórnvalda gagnvart lífrænt vottuðum búskap þurfi að breytast til að fólk sjái sér fært að byrja, því mjög erfitt sé að koma sér af stað. Auka þurfi beinan stuðning. /smh

# Rannsókn á forustufé og hjarðhegðun í návígi við rándýr

**Í nýrri grein í Applied Animal Behaviour Science fjalla Emm Brunberga, Emma Eyþórsdóttir, Ólafur R. Dýrmundsson og Lise Grøvad um forustukindur og áhrif þess á hegðun hjarða sauðfjár komist það í návígi við rándýr. Um er að ræða ritrýnda vísindagrein sem kom út í október 2020.**

Fram til þessa hafa erfðarannsóknir og erfðaval í sauðfjárrækt nánast eingöngu beinst að því að auka framleiðslu en litið framhjá atferli og hegðun eins og viðbrögðum fjárins við rándýrum.

### *Forustukindur hafi áhrif á hegðun hópa*

Í greininni kemur fram að íslenskt forustufé hafi verið valið vegna sérstakra hegðunareinkenna eins og að leiða fjárhópa heim af afrétti þegar hætta stafar af. Eiginleikar eins og þessi geta reynst vel á svæðum þar sem mikið er um rándýr og í rannsókninni var kannað hvort viðbrögð og hegðunarmunstur fjárhópa með og án forustufjár væri misjafnt við rask vegna rándýra.

Rannsóknin fór þannig fram að atferli lítilla hópa sauðfjár með og án forustukinda var skoðað á meðan maður, hundur og dróni fór um tilraunasvæðið. Athugunin sýndi að hópar forustukinda eyddu meiri tíma við beit en hópar án forustusauðar og voru auk þess fljótari að jafna sig og taka upp eðlilega hegðun eftir rask af völdum hunda eða manna. Auk þess sem hópur fjár með forustukind staðsetti sig nær flóttaleiðum en hópar án forustukinda og það fellur vel að kenningunni um að forustufé leiði hjörðina heim þegar hætta steðjar að.

Aftur á móti var fé þar sem forustukind var í hópnum meira á ferðinni miðað við hópa án forustukinda þegar dróni var látinn fljúga yfir tilraunareitina.

Ástæða þess kann að vera sú að báðir hóparnir þekktu til manna og hunda en ekki dróna og af þeim sökum jafnað sig fyrr eftir rask hunda eða manna en forustukindur verið meira á varðbergi gagnvart drónanum.

Að rannsókninni lokinni virðist líklegt að vera forustukindar í hópnum hafi áhrif á hegðun hópsins og breyti henni.


Atferliseiginleikar íslensks forystufjár eru einstakir á heimsvísu.

### *Flytja átti forustufé til Noregs*

Ólafur R. Dýrmundsson, einn af aðstandendum rannsóknarinnar, sagði í samtali við Bændablaðið að til hafi staðið að flytja forustukindur til Noregs og kanna hvort þær gætu dregið úr vanhöldum í fjárhópum af völdum rándýra vegna þess hve forystukindur sýna mikla árvekni. „Vísbendingar um slíka verndun voru komnar fram í íslensku fé í Kanada um aldamótin. Því miður var okkur í þessu norsk-íslenska verkefni ekki leyft að flytja forystufé til Noregs og því var sett upp vel skipulögð tilraun á Hesti í Borgarfirði.“ – Hann segir að niðurstöðurnar staðfesti suma þá arfbundnu atferliseiginleika sem einkenni íslenskt forystufé, sem er einstakt á heimsvísu. /VH

UTAN ÚR HEIMI



Mávarnir eru orðnir áræðnari þegar kemur að því að stela mat úr höndunum á fólki og jafnvel steikum af grillinu eins og dæmi eru um hér á landi.

### Klárir fuglar:

# Mávar tímasetja heimsóknir sínar

**Nýlegar rannsóknir Háskólans í Bristol á Englandi benda til að mávar tímasetji komu sína og heimsæki ólíka staði þar sem er von um æti eftir því hvenær ætisvonin er mest. Þetta og aukin lífrænn úrgangur er meðal annars talið geta skýrt gríðarlega fjölgun máva í heiminum síðustu 40 ár.**



Skoðun á atferli mávanna sem var gerð sýndi að þeir áttu það til að koma á skólalóðir skömmu áður en frímínútur hæfust og sérstaklega þær frímínútur sem börnin borðuðu yfirleitt nestið sitt utandyra. Um leið og skólabjallan hringdi inn og frímínútunum lauk helltu mávarnir sér yfir skólalóðina og hirtu afganga eða mat sem börnin skildu eftir. Rannsóknin sýndi einnig að um helgar sætu mávarnir um svæði þar sem líklegast væri æti og sniðgengu skólana.

Í rannsókninni var fylgst með hópi máva sem hafa aðsetur í Bristol með GPS-staðsetningartækjum sem komið var fyrir á fuglunum. Niðurstöður rannsóknanna var birt í IBIS, International journal og Avian science.

Auk þess er talið að mávarnir séu orðnir áræðnari þegar kemur að því að stela mat úr höndunum á fólki og jafnvel steikum af grillinu eins og dæmi eru um hér á landi.

Í kjölfar rannsóknanna bárust aðstandendum hennar fjöldi ábendinga víða að í heiminum um svipaða hegðun og að svo virðist sem hegðun mávanna sé orðin ágengari.

Gríðarleg aukning lífræns úrgangs og hæfileiki mávanna til að læra og aðlagast er meðal annars talin vera ástæða þess að mávum hefur fjölgað gríðarlega í heiminum á síðustu áratugum.

/VH












## Bókin Hestar eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring:

# Myndir og textar haldast í hendur

## – Þjóðlegur fróðleikur og neftóbaksfræði fyrir byrjendur

**Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring hafa endurnýjað kynnin í bókagerð nýrrar „dýrabókar“ sem heitir Hestar, en bókin Fuglar, sem þau gerðu saman árið 2017, fékk góðar viðtökur. Hestar ætti að höfða til alls hestaáhugafólks – en ekki bara hestamanna – því bókin er full af áhugaverðum og skemmtilegum, þjóðlegum fróðleik hestatengdum, í máli og myndum.**

Það er Rán sem teiknar myndirnar en Hjörleifur er höfundur textans. Rán starfar sem teiknari og hugmyndasmiður. Hún myndlýsir bækur og blöð, krotar á veggi og frímerki og snarteiknar allt frá brúðkaupum til ráðstefna. Rán segir að hún eigi sjálf nokkurn bakgrunn í hestamennsku. „Ég byrjaði nú bara á reiðnámskeiðum í Víðidal. Tíu til ellefu ára gömul tók ég við starfi kúsks í reiðskólanum og hestaleigunni Þyrli og vann þar myrkranna á milli í nokkur ár. Gott ef ég á ekki bara alla mína vinnusemi því tímabili að þakka.

Síðan var ég í mörg ár meðfram skóla að ríða út og þjálfa með Ástu Láru og Kjartani sem voru með sína ræktun á Langholtsparti, Markús var þar auðvitað í öndvegi og ómetanlegt að fá að kynnast honum og hans afkvæmum. Ég var tvö sumur í Þýskalandi hjá Styrmi Árnasyni í tamningum og þjálfun og svo einhverjum árum seinna hjá Ingimari og Margréti á Flugumýri í Skagafirði. Það var ævintýralega gaman og lærdómsríkt. Á síðustu árum hefur þetta verið voða gloppótt hjá mér, ég hef mest verið að ríða út sem hobbímanneskja og þá aðallega á Nýja-Sjálandi þaðan sem minn betri helmingur er. Ég ætla samt að taka gamla feita Leik minn á hús eftir jól.“



Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring.

### *Myndir og texti haldast þétt í hendur*

Um samstarf þeirra Hjörleifs segir hún, að það sé „gott og fumlaust“ – en þetta er þriðja bókin sem þau vinna saman. Árið 2018 kom út Sagan um Skarphéðin Dungal sem setti fram nýjar kenningar um eðli alheimsins. „Ferlið okkar er þannig að Hjörleifur byrjar á að rannsaka og safna saman efni og semja texta. Þegar þessi vinna er komin nokkuð vel á veg tek ég við handritinu og raða því upp á opnur og blaðsíður, móta kafla og þemu, bæti við eða breyti því sem mér finnst eiga að vera frásögn í mynd og teikna það sem grípur mig og fangar helst. Þegar mestu skissu- og hugmyndavinnunni er lokið þarf að hreinteikna og síðan fínpússa teikningar og texta svo allt flæði vel saman. Þetta gerum við Hjörleifur í samstarfi við ritstjóra. Myndir og texti haldast þétt í hendur í bókinni og í raun ómögulegt að aðgreina þessa hluta. Samstarfið okkar fer þó alveg furðu orðalaust fram, við sitjum hvort í sínum landshlutanum og skiljum bara hvort annað án þess að þurfa að eyða í það mörgum símtölum eða fundum.“

### *Erfitt að teikna hross*

Rán segir að efniviðurinn sé auðvitað algjör gullkista, því af svo miklu sé að taka. „Það er þó þekkt hvað er erfitt að teikna hross og ég rak mig heldur betur á þann vegg, það eru svo margir vöðvar, bein og óvænt liðamót að það má eyða heilli ævi bara í að stúdera það. Halldór Pétursson er mín helsta fyrirmynd í þessum efnum, hann teiknar hesta með gríðarlega sterka persónuleika og það var það sem ég reyndi að gera í þessari bók – að gefa hestunum karakter í stað þess að einblína á líffærafræðilega nákvæmni.“



BARÓNS-SKJÓNI 121

Það voru stórtíðindi rétt fyrir aldamótin 1900 þegar franskur barón, Charles Gauldrée-Boilleau, fluttist til landsins og hóf nútímalegan kúabúskap í Reykjavík. Hann byggði stórt og glæsilegt fjós sem hýsir nú matvöruverslun. Kúagatan var kölluð Barónsstígur. Hann keypti líka jörðina Hvítárvelli í Borgarfirði og byggði þar herragarð að breskum hætti. Hann keypti búfé í stórum stíl og borgaði í beinhörðum peningum. Einn hestanna var brúnhöttóttur en að mestu hvítur. Borgfirðingar kölluðu hann Baróns-Skjóna. Hann var austan af Rangárvöllum en fluttur með svokölluðum Flóabát frá Reykjavík upp í Borgarnes. Þegar báturinn kom til hafnar í Borgarnesi blés hann í eimpípur en síðan var fólki, farangri og fénaði skipað frá borði. Skjóni var settur í haga á Hvítárvöllum ásamt öðrum reiðhestum barónsins og virtist kunna vel við sig í Borgarfirði.

Einn lognværan sumardag sigldi Flóabáturinn aftur til hafnar í Borgarnesi og tónar eimpípunnar bárust alla leið upp að Hvítárvöllum. Skjóni leit upp, sperrti eyrun og tók svo sprettinn, stökk yfir túngirðingar og hljóp niður að Hvítá. Án þess að hika fleygði hann sér í strauminn og synti yfir fljótið, hélt áfram sprettinum sem linnti ekki fyrr en á bryggjunni í Borgarnesi. Vegalengdin milli Borgarness og Hvítárvalla er um 15 kílómetrar. Ekki komst hann þó um borð í Flóabátinn, því of grunnt var við bryggjuna til að skipið gæti lagst þar að. Verkamenn við höfnina náðu að handsama Skjóna og var hann fluttur heim að Hvítárvöllum.

Liðu nú dagar án tíðinda en næst þegar Flóabáturinn kom með eimpípublæstri til Borgarness leið ekki á löngu áður en Skjóni var kominn á harðaspretti niður á bryggju þar sem hann var gripinn og færður heim. Í þriðja sinn endurtók sagan sig en þá lét Skjóni ekki staðar numið á bryggjunni heldur stökk í sjóinn og var gripinn á sundi, kominn hálfa leið út í skip.

Nú þótti Skjóna fullreynt að fá far með strandferðaskipi til Reykjavíkur. Undi hann sér í haganum og hirti ekki um skipakomur. En dag nokkurn var hann horfinn. Vinnumenn barónsins riðu niður í Borgarnes en þar hafði enginn séð hann. Nokkru síðar spurðist af honum á Hvalfjarðarströnd, síðan í Kjós, svo á Hellisheiði og loks austur á Rangárbökkum.

Þessi saga endar vel, því Skjóni var seldur fyrri eiganda sínum og hljóp upp frá því hress og glaður á sínum heittelskuðu Rangárvöllum.

Baróns-Skjóni til umfjöllunar.

### *Bókin á rætur í verkefni fyrir Landssamband hestamanna*

Hjörleifur Hjartarson er kennari að mennt en starfar jöfnum höndum við ritstörf, tónlist og sviðslistir. Hann stundar sauðfjárbúskap með fimmtán ær en engan hest sem stendur. „Samstarf okkar hófst þannig að konan mín, Íris Ólöf, sem þá var safnstjóri á byggðasafninu Hvoli á Dalvík, fékk Rán með sér í vinnu við að búa til sýningu um sjófugla og ég var fenginn í textamálin. Það þróaðist síðan upp í fuglabókina. Það lá beint við að klára þessa 75-80 fugla sem við getum kallað íslenska.

Hestabókin á raunar líka rætur í öðru verkefni sem ég vann fyrir Landssamband hestamanna. Það var söng- og leikdagskrá um íslenska hestinn sem við settum upp í Hörpu á svokölluðum hestadögum árið 2014. Yfirskriftin var „Hestaat í Hörpu“, mjög metnaðarfullt og glæsilegt dæmi þar sem Hilmir Snær fór á kostum að leika Fjölni Þorgeirsson á kafi í Reykjavíkurtjörn og hljómsveitin Brother grass flutti alþekkt og minna þekkt hestalög í geggjuðum blúgrass-útsetningum. Við áttum von á fullri Hörpu og síðan glóandi símum frá landsmótsnefnd og svo alþjóðlegt meik á heimsmeistaramótinu í Herning í kjölfarið. En það gerðist nú reyndar ekki. Það komu sárafáir í Hörpu, aðallega boðsgestir minnir mig og svo var bara hringt í Helga Bjöss – aftur. En þetta efni átti ég þegar við Rán ákváðum að gera næst bók um hesta. Ekki spillti að Rán er innvígð hestakona þannig að þetta var skrifað í skýin,“ segir Hjörleifur um forsögu bókarinnar.

Hann telur öruggt að þau muni vinna saman aftur að svipuðum verkefnum, en hvað það verður sé leyndó.




### *Ekki hestamaður en lengi umgengist hesta*

„Ég myndi aldrei telja mig hestamann. Ég er bara sveitamaður og hef umgengist hesta frá því ég tuggði smjörið eins og sagt er í Svarfaðardal. Það voru alltaf hestar á Tjörn þar sem ég ólst upp og við fórum mikið á hestbak en það voru held ég bara tveir hnakkar en við vorum sjö systkini. Það var því mikið riðið berbakt. Reiðbuxur sá ég aldrei heima, hvað þá hjálm. Ég fer enn í lengri hestaferðir, helst eina viku á hverju sumri og svo auðvitað göngur á haustin. Þess utan fer ég afar sjaldan á bak,“ segir Hjörleifur þegar hann er spurður af reynslu hans af viðfangsefninu.

Hann segir að bókin sé ekki hugsuð fyrir neinn sérstakan lesendahóp, hún sé fyrir alla; unga sem aldna, hestamenn og þá sem aldrei hafa komið á bak. „Sjálfur er ég veikur fyrir þjóðlegum fróðleik og þetta er einhvers konar svoleiðis bræðingur, neftóbaksfræði fyrir byrjendur. Sumt af efninu er býsna harðneskjulegt fyrir ungar sálir en þannig er nú bara þessi saga. Það vill loða við hestabækur að höfða fyrst og fremst til hestamanna en þetta er tilraun til að brjótast út úr því hestahólfi.

### *Mynd eftir hest í bókinni*

„Já vissulega,“ svarar hann þegar hann er spurður um hvort mikil heimildavinna liggi að baki. „Það hefur gríðarlega mikið verið skrifað um hesta á Íslandi. Vandinn var að takmarka efnisvalið og síðan að tálga textana. Það eru þarna nokkur ljóð en hesturinn í ljóðum og bókmenntum er annars að mestu utan við efni bókarinnar. Sömu sögu er að segja um marga sögulega hesta, fræga gæðinga og kynbótatröll. Okkar hestar eru alþýðlegri – sniðugir karakterar. Við löðum upp með að texti og myndir rynnu saman í eina frásögn. Ljósmyndabækur með myndum af íslenskum hestum í íslenskri náttúru hafa slegið í gegn samfara alþjóðlegum vinsældum íslenska hestsins. Þetta er líka svoleiðis bók – heill kafli með ægifögrum myndum eftir Rán og engum texta.

Svo kveikja kannski myndir texta. Þarna er til dæmis kafli um hestana hans Stefáns í Möðrudal bara af því að myndirnar hans áttu erindi í bókina. Þær eru að vísu endurskapaðar af Rán. En talandi um myndir eftir aðra en Rán, þá er ástæða til að vekja athygli á að í bókinni er að finna mynd eftir hestinn Skugga-Svein úr Hafnarfirði. Líklega er þetta eina hestabókin á markaðnum með mynd eftir hest.“ /smh

LÍF & STARF



Frá undirritun samstarfssamnings um Grænan hraðal á fullveldisdaginn 1. desember. Fremst á myndinni er Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

# Grænn viðskiptahraðall

**Þriðjudaginn 1. desember var formlegur samstarfssamningur um Grænan hraðal undirritaður sem er samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, Orkuveitunnar, Hvalfjarðarsveitar, Faxaflóahafna, Sorpu og Terra auk Þróunarfélags Grundartanga og Breiðar þróunarfélags.**

Markmið Græns hraðals er að á Íslandi rísi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, skapi störf og skili árangri í umhverfismálum. Með því að efla stuðning við sjálfbæra nýsköpun og þróun nýrra lausna á sviði umhverfis- og loftslagsmála má jafnframt stuðla að auknu útflutningsverðmæti sem byggir á hugviti. Umsjón með hraðlinum er í höndum Icelandic Startups sem hefur til fjölda ára veitt aðstoð við þróun viðskiptahugmynda og leitt saman hóp hagaðila með verðmætasköpun að leiðarljósi.

*Vettvangur fyrir vöruþróun*

Nýjum viðskiptahraðli er ætlað að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búin til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum og sækja styrki í Evrópusjóði sem styðja verkefni sem draga úr losun.

Viðskiptahraðallinn byggir á alþjóðlegri fyrirmynd og býður upp á metnaðarfullan vettvang til vöruþróunar og góðan undirbúning fyrir fjármögnun. Þungamiðjan í hraðlinum felst í skipulögðum fundum þátttakenda með reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og öðrum sérfræðingum. Um er að ræða sannreynt ferli þar sem allt að tíu sprotaverkefnum er veittur aðgangur að breiðu tengslaneti leiðbeinenda úr atvinnulífinu og markvissri þjálfun sem miðar að því að koma vöru á markað.

Óskað er eftir öflugum teymum með hugmyndir sem byggja á hringrásarhagkerfinu og styðja við forystu Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum. Hraðallinn á jafnt við sjálfstæð teymi og þau sem starfa innan rótgróinna fyrirtækja. Opnað verður fyrir umsóknir í janúar 2021. Áætlað er að hraðallinn sjálfur fari af stað í mars á næsta ári.


TÍMARIT BÆNDABLAÐSINS 2021



TRYGGÐU ÞÉR AUGLÝSINGAPLÁSS Í TÍMA

Í mars nk. kemur út **Tímarit Bændablaðsins**.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Það verður prentað í **8.000 eintökum** og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaði. Lengd ritsins er yfir **100 síður** og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

**Þetta er kjörinn vettvangur til að koma starfsemi sinni á framfæri. Tímaritið liggur á borðum landsmanna svo mánuðum skiptir og því má segja að auglýsingar í slíkum blöðum séu langlíf.**

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **563-0303** og í gegnum netfangið **gudrunhulda@bondi.is**

Bændablaðið



RAUCH wir nehmen's genau

DESEMBER TILBOÐ Á RAUCH DREIFURUM



Þýskir hágæða dreifarar



10% AFSLÁTTUR

Verð frá kr. 645.000.- án vsk.

Búvís

Akureyri · Sími 465 1332

www.buvis.is



Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is

**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Ein aðgerð Nýsköpunar í norðri sneri að kolefnisbindingu með skógrækt og nýtingu heyfyrninga við landgræðslu. Myndir / NÍN

# Þingeyingar í sóknarhug

**Í fjáraukalagafrumvarpi 2020 kemur fram tillaga um heimild til kaupa á húsnæði í Mývatnssveit fyrir opinbera starfsemi. Um er að ræða húsnæði fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs, en jafnframt telur Skútustaðahreppur að mikil samlegðar- og nýsköpunartækifæri séu til staðar, verði af kaupum ríkisins á húsnæði Hótel Gígs í Mývatnssveit.**

### *Byggir á greiningarvinnu*

Ýmis nýsköpunartækifæri komu fram í greiningarvinnu íbúa í verkefninu Nýsköpun í norðri (NÍN) haustið 2019 og vorið 2020, en þá voru 30 íbúar Mývatnssveitar og Þingeyjarsveitar að störfum í rýnihópum NÍN. Að sögn Soffíu Kristínar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Mývatnsstofu og eins meðlima rýnihópa NÍN, var rýnihópastarf NÍN grundvöllurinn að mótun sex aðgerða sem miða að aukinni nýsköpun innan svæðisins, samhliða því að nýtt sveitarfélag verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar, tekið verði mið af tæknibreytingum og tækifærum tengdum þeim og byggðir upp og samnýttir innviðir sem treysta samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma.

### *Uppbygging rannsókna- og nýsköpunarklasa forgangsaðgerð*

Fyrsta aðgerð NÍN fjallaði um uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarklasa við Mývatn, þar sem áhersla væri lögð á nýsköpun, menntun og rannsóknir. Rannveig Ólafsdóttir leiddi starf rýnihópsins sem fjallaði um aðgerðina.

„Rýnihópurinn vann mjög vel saman, þrátt fyrir að COVID-19 hindraði hefðbundin fundahöld. Það má e.t.v. segja að íbúar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hafi tekið stökk inn í rafræna framtíð í rýnihópavinnunni, skjölum var deilt með rafrænum hætti og fundir voru haldnir á fjarfundaforritinu Zoom.

Að mati rýnihópsins felur uppbygging rannsókna- og nýsköpunarklasa í sér samlegðaráhrif fyrir fámennar stofnanir, að starfa saman undir einu þaki, og jafnframt í mörgum tilvikum betri starfsaðstæður og starfsumhverfi. Í öðru lagi verður þverfaglegur ávinningur af uppbyggingunni, þ.e. aukin samvinna og upplýsingaflæði á milli stofnana, sem hefur í för með sér víðtækari þekkingu og margfeldisáhrif fyrir rannsóknir á náttúru, umhverfi og samfélagi, o.fl. Samstarf og samskipti eru lykillinn að því að umbreyta rannsóknum og þróunarvinnu í raunverulega nýsköpun, vöruþróun, viðskiptatækifæri, samfélagsumbætur og aukna velferð.

Í þriðja lagi er það forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis í þekkingarsamfélagi nútímans að fyrir hendi sé opið flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana," segir Rannveig og bætir við að mikil tækifæri felist ekki síður í frekari uppbyggingu Matarskemmunnar að Laugum, sem var jafnframt hluti af aðgerðum NÍN.



Landgræðsla með heyfyrningum í samstilltu átaki.



Soffía Kristín Jónsdóttir.



Rannveig Ólafsdóttir.




Skjámynd af frumgerð stafrænnar leiðsagnar – Leiðarþing.

### *Samstarf við háskóla*

Sumarið 2020 var lögð áhersla á samstarf við háskóla og þekkingarstofnanir í héraði. Háskólinn á Akureyri, Listaháskólinn og Þekkingarnet Þingeyinga voru þar í öndvegi en 13 frumkvöðlar og nemendur voru ráðnir í störf tengd aðgerðum NÍN og blésu þannig lífi í verkefnin. Vinnumálastofnun styrkti sumarstörf tengt NÍN, auk þess sem Nýsköpunarsjóður námsmanna studdi við verkefni tengt hönnun og hagnýtingu líftækni.

### *Kolefnisbinding*

Önnur aðgerð NÍN sneri að kolefnisbindingu með skógrækt og nýtingu heyfyrninga við landgræðslu. Gróðursettar voru birkiplöntur á Hólasandi í samstarfi við Skógræktina og Landgræðsluna, auk þess sem nýttar voru gamlar heyrúllur frá bændum til landgræðslu í Bárðardal og nágrenni. Ungmenni sem störfuðu við verkefnið lærðu ýmislegt svo sem að mæla gróðurþekju, kyngreina víði, klippa hann og planta víðistiklingum. Eins voru mældir og lagfærðir göngustígar að Aldeyjarfossi og Sexhólagili. Sigurlína Tryggvadóttir leiddi þessa aðgerð og vinnur nú að skipulagningu svæða í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi sem hentað geta til stærri skógræktarverkefna, en stefnt er að því að við uppfærslu aðalskipulags verði slíkir möguleikar ræddir sérstaklega.

### *Stafræn leiðsögn og sameiginlegt vörumerki*

Auk aðgerða um kolefnisbindingu og uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarklasa, lögðu rýnihópar NÍN áherslu á uppbyggingu hringrásarhagkerfis og greiningu auðlinda, innviða, mannauðs og regluverks. Verður sérstaklega horft til þessa við gerð aðalskipulags sveitarfélaganna.

Þá töldu meðlimir rýnihópanna að leggja ætti áherslu á stafræna leiðsögn um svæðið og skipulagningu sameiginlegs vörumerkis gagnvart ferðamönnum, kaupendum matvæla og íbúum í nútíð og framtíð. Mývatnsstofa hefur haft veg og vanda að þeirri þróun, í samstarfi við nemendur Listaháskólans og Háskóla Íslands. Þróuð hefur verið frumgerð að veflausn sem gerir fólki kleift að kynnast sögu og menningu svæðisins, afþreyingu, gistingu, matvælum sem nálgast má beint frá býli og fleira.

Að sögn Soffíu Kristínar er stefnt að því að styrkja ímynd svæðisins, m.a. með því að bjóða upp á bændamarkaði innan svæðisins og hvetja bændur og aðra frumkvöðla til að nýta Matarskemmuna á Laugum enn betur, en þar má finna viðurkennda aðstöðu til matvælaframleiðslu sem stendur frumkvöðlum til boða. /SKJ

**LESENDABÁS**


Aldís Mjöll Geirsdóttir.


Oddný Harðardóttir.


Silja Dögg Gunnarsdóttir.

# Hvernig virkjum við alla til grænna umskipta?

**Á dögunum var haldinn stafræni leiðtogafundurinn Choosing Green, í aðdraganda loftslagsviðræðna COP26 í Glasgow, sem Norræna ráðherranefndin og Norðurlöndin í Brennidepli stóðu fyrir. Þar komu saman meira en 50 fulltrúar ungmennahreyfinga, iðnaðarins, félagslegra stofnana, félagasamtaka, vísindafólks, aðgerðarsinna í loftslagsmálum og stjórnmálafólk til að ræða græn umskipti á Norðurlöndunum í skugga kórónuveirunnar.**

*Áskoranir grænna umskipta*

Á sex umræðufundum „Choosing Green“ var rætt um flókin málefni sem snéru að hlutverki Norðurlandanna í hnattrænum loftslagsaðgerðum og áskorunum sem snúa að því að tryggja félagslega sjálfbær græn umskipti. Árið 2020 átti að vera loftslagsárið. Hvernig virkjum við alla? Og hvernig getur norræna velferðarlíkanið orðið stuðningur, til dæmis til að ná fram félagslegu réttlæti? Afleiðingar hins nýja græna veruleika fyrir vinnumarkaðinn, samkeppnishæfni og ekki síst menntageirann var einnig meðal umræðuefna á leiðtogafundinum.

Lögð var mikil áhersla á meginregluna „Leave no one behind“ og slagsíða loftslagsáskorananna þegar kemur að þjóðfélagshópum sem eru í viðkvæmri stöðu var til umræðu á leiðtogafundinum. Einnig var bent á loftslagsspor Norðurlandanna og því velt upp hvort lífsstíll okkar sé raunverulega til eftirbreytni. Við búum við þá staðreynd í dag að 10% íbúa jarðar nota meira en helming af sameiginlegum auðlindum jarðarinnar sem er umhugsunarvert.

*Allir þjóðfélagshópar með í samtalinu*

Norðurlöndin standa sig vel á mörgum sviðum en það er einfaldlega ekki nóg og því verðum við að vera metnaðarfull þegar það kemur að aðgerðum vegna loftslagsvárinnar – það þarf að grípa til nauðsynlegra aðgerða strax. Það verður að leggja áherslu á raunverulega þátttöku ungs fólks í samtalinu og sérstaklega í ákvarðanatöku. Loftslagsváin er ekki einangrað mál heldur mál sem verður að huga að við ákvarðanatöku og stefnumótun á öllum sviðum samfélagsins og brýnt að rými sé fyrir ungt fólk til þátttöku í þeirri vinnu.

Þörf er á að gæta þess að einstaklingar úr mismunandi hópum samfélagsins verði með í ákvarðanatöku í þessum málaflokki. Tryggja þarf að þegar ráðist er í kerfislægar breytingar á samfélaginu okkar í þágu loftslagsins sé jafnrétti tryggt. Við verðum að koma í veg fyrir það ójafnrétti sem hlýst af loftslagsvánni en einnig tryggja að okkar leiðir úr henni stuðli að jöfnuði. Því er hér, sem víðar, rými fyrir aukið norrænt samstarf og er ekki úr vegi að hafa lokaorðin hér eftir Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar sem lét eftirfarandi orð falla á leiðtogafundinum: „Við stöndum frammi fyrir mörgum sameiginlegum áskorunum en við eigum ekki síst fjölda sameiginlegra lausna.“

***Silja Dögg Gunnarsdóttir**, forseti Norðurlandaráðs,*
***Oddný Harðardóttir**, varaforseti Norðurlandaráðs,*
***Aldís Mjöll Geirsdóttir**, forseti Norðurlandaráðs æskunnar.*


Talinn galinn fjallar á opinskáan og einlægan hátt um tilþrifamikið og fjölbreytt líf Maggnúsar Víkings í 65 ár.




Það sem aðrir íhuguðu framkvæmdi hann með hvelli!

Fríar heimsendingar á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús til sendingar út á land.

Pantanir í síma 893-6599

Comac sótthreinsitæki





VORTEX ehf
vortexvelar.is comac.is
Grensásvegi 16, Rvk. 445-4885

Sjáðu myndskeiðið á comac.is

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR GOTT ÚRVAL





Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

CAT®

Allar stærðir af CAT rafstöðvum:



**Opnar stöðvar**
Stöðvar í húsi
**Stöðvar í gám**
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
**Öflug og góð þjónusta**

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR
**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is



HECHT rafmagns fjórhjól

Örugg og þægileg
Götuskráð fyrir 15ára og eldri

*Verð 650.000 kr.*

HECHT snjóblásari á beltum



7hp rafstart
Sex hraðar áfram og 2 aftuábak
Vinnslubreidd 66 cm

*Verð 296.000 kr. m/vsk.*

RAG
Helluhraun 4 Hafnarfirði
s. 565-2727 & 892-7502
import - export

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS


Þverskorin 'Fuyu' döðluplóma.

# Kakí er ávöxtur guða


Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Döðluplómur eru áhugaverður ávöxtur, eða öllu heldur ber, sem er farinn að ryðja sér til rúms hér á landi. Ávöxturinn er upprunninn í Kína og nýtu mikilla vinsælda í Asíu, ekki síst í Japan. Aldinanna er oftast neytt hrárra, eftir að hýðið hefur verið fjarlægt, eða þurrkaðra.**

Áætluð heimsframleiðsla FAOSTAD, Tölfræðideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, af kakí árið 2018 er um 4,7 milljón tonn.

Þar af framleiddi Kína um 3,1 milljón tonn, eða 66% heimsframleiðslunnar. Spánn var í öðru sæti með um 500 þúsund kíló, Suður-Kórea í því þriðja með 300 þúsund kíló og Japan í fjórða sæti með um 200 þúsund kíló. Auk þess sem aldinið er ræktað til útflutnings í Aserbaídsjan, Taívan, Úsbekistan, Ítalíu og Ísrael.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn tæp 8,4 tonn af Persimóníum árið 2019 og kom allt magnið frá Spáni.

### *Ættkvíslin Diospyros*

Diospyros er stór ættkvísl sem telur yfir 700 tegundir af sígrænum og lauffellandi trjám og runnum. Flestar tegundirnar vaxa villtar í hitabeltinu en nokkrar í tempruðu beltunum beggja vegna miðbaugs. Innan ættkvíslarinnar er að finna tegundir sem eru nýttar vegna viðarins sem er bæði harður og dökkur en aðrar eru nýttar vegna aldinanna eða sem punttré. Lauf allra tegundanna er gagnstætt og heilrennt. Plönturnar eru einkynja og gegna býflugur stóru hlutverki í frjóvgun þeirra.

Nokkrar tegundir innan ættkvíslarinnar gefa af sér æt aldin og eru ræktuð sem aldintré, D. virginiana, D. digyna, D. discolor, D. lotus og D. texana. Sú tegund sem er mest nýtt í dag til manneldis og aðallega verður fjallað um hér er D. kaki.


Kakíaldin í þurrkun í Kanzo-héraði í Japan. Aldinin eru afhýdd áður en þau eru hengd upp.

### *Tegundin Diospyros kaki*

Aldin D. kaki kallast persimóníur á vef Hagstofunnar, döðluplóma samkvæmt Wikipediu en hér verður það kallað kakí, persimónía eða döðluplóma allt eftir kenjum höfundar.

Persimóníutré ná allt að 12 metra hæð og eru með opna og hringlaga greinabyggingu sem verður 4 til 5 metrar að þvermáli. Trén eru með djúpt vaxandi trefjarót og lauffellandi. Stofninn gráleitur og með flögum. Laufið dökkblágrænt, egg- eða lensulaga, heilrennt, stinnt og leðurkennt viðkomu, 7 til 15 sentímetrar að lengd og 2 til 4 að breidd. Fær fallega gula, appelsínugula og rauða haustliti. Trén eru einkynja en í einstaka tilfellum tvíkynja og blómstra á þriðja til sjötta ári. Blómstra yfirleitt í maí og júní en geta myndað blóm á öllum árstímum í hitabeltinu. Blómin 2 til 2,5 sentímetrar að þvermáli, eilítið lúðurlaga og með fjórum kremhvítum krónublöðum. Karlblómin stundum með bleikleitum blæ og oft þrjú saman í hnapp og hvert með 24 frævla. Aldinið kúlu- eða sporöskjulaga, appelsínugul, gul og rauð, leifar af fjórum bikarblöðum og aldinstöngli eru áberandi á því. Ávöxturinn fullþroska í október og nóvember eða eftir lauffall trjánna og vegur allt að 500 grömm að þyngd. Hýðið slétt og vaxkennt, aldinkjötið ljóst og þétt í sér. Ung aldin innihalda talsvert tannín og eru römm en bragðið mildast og verður aldinið sætara og mýkra með auknum þroska. Grasafræðilega flokkast kakí sem ber. Fræin brún að lit og yfirleitt átta í hverju aldini, dropalaga og um hálfur sentímetri að lengd. Líftími trjánna er 40 til 60 ár.


Uppskera á kakíaldinum fer öll fram með höndum.

Yrki í ræktun skipta þúsundum og í ræktun hafa náðst fram plöntur sem bera bæði karl- og kvenblóm og jafnvel tvíkynja blóm. Blóm sem ekki frjóvgast mynda aldin án fræja. Aldinfall ófrjóvgaðra ávaxta er talsvert vandamál í ræktun og ekki óalgengt að um 50% aldina falli af áður en þau ná neysluhæfum þroska.

### *Uppruni og útbreiðsla*

Persimóníutré eru upprunnin í Kína og breiddust þaðan út með ræktun til Austur-Asíu. Ræktun á döðluplómum hófst á Spáni og víðar í löndunum við Miðjarðarhafið, í Kaliforníu, Suður-Afríku og í Brasilíu um miðja og í lok nítjándu aldar.

Ekki er langt síðan Ítalía var mesti ræktandi og stærsti útflytjandi kakí í Evrópu og þar er mest ræktað af yrki sem kallast 'Tipo'. Spánn hefur náð forskoti á Ítalíu og er stærsti framleiðandi aldinsins í Evrópu í dag. Algengustu yrkin í ræktun á Spáni eru 'Rojo Brillante'

og 'Pibera del Xuquer' og sennilegast þau sem flutt eru til Íslands og eru fremur sæt á bragðið og án fræja.

Á síðustu áratugum hafa komið fram yrki sem eru ræktuð í Albaníu og Búlgaríu þó það sé enn í smáum stíl.

### *Nafnaspeki*

Latneska ættkvíslarheitið Diospyros er upprunnið í grísku og mun vera gamalt heiti á aldini D. lotus sem vex villt í Kákasus milli Svarta- og Kaspíahafs. Heitið er samsett úr diós (Διός) og pyrós (πῡρός) og þýðir Seifur og hveiti eða hveiti Seifs en merkir fremur guðleg fæða eða ávöxtur guðanna. Tegundarheitið kaki er upprunalega japanskt, á kanji-máli, og þýðir ostra.

Auk heitanna persimmon og persimon á ensku gengur aldinið undir heitinu kaki, Gods pear, Jove's fire, oriental persimmon eða Japanese persimmon. Heitið persimmon mun dregið af putchamin, pasiminan eða pessamin sem kemur úr máli Powhatan-indíána og tilheyrir Algonquian-tungumálum frumbyggja norðausturhluta Norður-Ameríku og þýðir þurrkaður ávöxtur. Á ensku kallast aldin D. lotus date-plum, Caucasian persimmon, eða lilac persimmon.

Í Kína kallast aldinið shi eða shi zi, gam í Kóreu en phlap chin í Taílandi. Í Frakklandi og Ítalíu er það kallað kaki, caqui á spænsku og kakipflaume eða dattelpfaume á þýsku. Svíar segja persinom, Danir persimmon en Norðmenn daddelplomme.

Á íslensku þekkjast heitin persimóníum, persimóna, kakí og döðluplómur.

### *Saga*

Þrátt fyrir að ræktun kakí nái ríflega 2000 ár aftur í tímann í Kína og Japan var því fyrst lýst á prenti á Vesturlöndum 1780.

Á nítjándu öld lögðu Bandaríki Norður-Ameríku áherslu á að auka viðskipti sín við Japan sem hafði á þeim tíma verið lokað land í rúm 200 ár. Árið 1853 var sjóliðsforinginn Matthew Calbraith Perry, uppi 1794 til 1858, sendur með flota átta bandarískra herskipa til Japan. Tilgangurinn var að þvinga Japani til að opna hafnir sínar og landið fyrir viðskiptum við Bandaríkin. Perry fór með fjögur herskip í mynni Edo – eða Tókýóflóa og reyndi samninga en varð ekki ágengt. Því næst hélt hann til Nagasaki þar sem höfnin var opin fyrir útlendingum og hótaði þar að snúa aftur til Tókýó og brenna höfuðborgina til grunna ef Japanir gengju ekki að samningum við Bandaríkin. Það má því segja að Japanir hafi verið þvingaðir til að opna landið með fallbyssukjöftum.

Við heimkomuna til Bandaríkjanna hafði Perry með sér nokkur fræ af persimóníutrjám sem fóru í ræktun í Kaliforníuríki og er það ástæðan fyrir því að aldinið er oftast kennt við Japan þrátt fyrir að vera upprunnið í Kína. Seinna tóku japanskir innflytjendur til Kaliforníu aldinið til ræktunar þar.

### *Þjóðtrú og hefðir*

Í Kína er sagt að aldininu fylgi dulrænn kraftur og að neysla þess lini verki í fótum, baki og höfði. Víða í Asíu er aldinið sagt gott við verkjum í maga og stemmandi við steinsmugu. Óþroskuð aldin sögð hitastillandi sé þeim blandað við hunang og kakísafi er sagður lækka blóðþrýsting og vera hóstastillandi.

Samkvæmt þjóðtrú Osark-indíána sem bjuggu á Arkansas, Missouri og Oklagoma-ríkjum í Bandaríkjum Norður-Ameríku er hægt að spá fyrir um tíðarfar komandi vetrar með því að skera persimóníualdin, D. virginiana, í tvennt og lesa í aldinkjötið.

Skál með kakíköku, furugrein og appelsínu er tákn um löngun til að upplifa hundrað hamingjuríkástarsambönd. Kakí er þjóðaraldin Japans.


Persimóníum pakkað á Spáni.


Ung kakíaldin eru hörð og innihalda talsvert tannín og eru römm en bragðið mildast og verður eilítið sætt og ávöxturinn mýkri með auknum þroska.


Náttúruleg útbreiðsla Diospyros kaki.


Fjalir úr eboní. Kjarnviðurinn er svartur en risjan hvít.

### *Ræktun*

Persimóníutré þrífast við margs konar skilyrði en dafna best í skjóli á sólríkum stað og vel framræstum og eilítið súrum jarðvegi, pH 6,0, sem er hæfileg blanda af sandi og leir.

Tré bera ekki aldin fyrr en á þriðja til sjötta ári séu þau ræktuð af fræi en fyrir séu þau ágrædd. Til að viðhalda yrkjum eru persimóníutré í stórræktun ágrædd á rótarsorti sem eru sérræktaðar fyrir hvert yrki fyrir sig.

Þegar kemur af yrkjum er þeim skipt í fjóra meginflokka eftir tannín-innihaldi aldinanna og hvort þau séu með eða án fræja. Flokkarnir eru PCA, PCNA, PVNA og PVA og eru einungis þeir tveir fyrstu ræktaðir til manneldis vegna bragðsins.

Í Japan, þar sem kakíaldin njóta mikilla vinsælda, munu hátt í þúsund yrki vera í ræktun. Japanskar persimóníur þykja þær bestu sem fáanlegar eru og yrkin 'Fuyu', 'Goma' og 'Hachiya' vinsælust.


Þurrkað kakí tilbúið til átu.

Yrkið 'Tsurunoko' er selt undir heitinu súkkulaði-persimónía þar sem aldinkjötið er dökkt og 'Maru' sem kanil-persimónía vegna krydd-bragðsins sem af því er.

Uppskera á kakí fer öll fram með höndum.

### *Nytjar*

Í 100 grömmum af fersku kakíaldini eru um 70 kílókaloríur. Þar af eru 18,6 grömm af kolvetnum, 12,5 grömm sykur, 3,6 grömm af trefjum og 0,2 grömm af fitu. Aldinin eru rík af kalí, A- og C-vítamíni.

Fjöldi tegunda innan ættkvíslarinnar Diospyros eru nýttar á margvíslegan og fjölbreyttan hátt, til dæmis í jurtalækningum. Lauf D. melanoxylon eru vafin í vindlinga sem kallast bídí í Suðaustur-Asíu. Býflugur búa til hunang sem fólk nýtir úr frjói blómanna. Í Víetnam er unninn svartur litur úr D. mollis sem notaður er til að lita silki og þar í landi kallast aldin D. decandra gull-epli. Í Indónesíu og Srí Lanka kallast dökkur og nánast svartur harðviðurinn úr D. celebica og D. ebenum eboní og þykkir einstaklega fallegur og notaður í vandaða smíðagripi. Norður-ameríska tegundin D. virginiana er vinsæl meðal náttúruunnenda sem safna aldinum hennar þar sem tegundin vex villt auk þess sem trén eru ræktuð í stórum stíl til aldinframleiðslu og í heimagörðum sem aldintré. Indíánar í Norður-Ameríku átu aldin þeirra fersk og höfðu þau þurrkuð í brauð. Breski innflytjandinn kapteinn John Smith frá Jamestown og landstjóri í Nýja Englandi, uppi 1580 til 1631, sagði árið 1607 um amerískar persimóníur að óþroskuð aldin þeirra væru óæt og kvalafull í munni en að þroskuð væru þau mjög ljúffeng.


Við góð skilyrði gefa trén vel af sér.


Kóreskt döðluplómuedik.

Aldinanna er oftast neytt hrárra, eftir að hýðið hefur verið fjarlægt, eða þurrkaðra. Í Kóreu er aldinið vinsælt sem eftirréttur í gestaboðum og þá skorið í bita. Þar er einnig búið til edik, gamsikcho, og bragðsterk bolla, sujeonggwa, úr persimóníum.

Í Japan og Kóreu er lauf persimóníutrjáa haft í te og á sömu slóðum er þurrkað aldinið einnig notað í te.

### *Döðluplóma á Íslandi*

Líkt og búast má við með aldin sem er tiltölulega nýtt á markaði hér á landi er ekki mikið fjallað um kakíaldin í gömlum blöðum og tímaritum en því meira um kakískyrtur og -buxur.

Undantekningu frá þessu er að finna í Helgarblaði DV 2002. Þar er heilsíðuumfjöllun um aldinið. Af stöfunum undir greininni að dæma, GUN, er hún líklega unnin af Gunnþóru Gunnarsdóttur blaðamanni.

Fyrst er grein sem ber fyrirsögnina Döðluplómur – kakí. „Kakíávöxturinn er þjóðarávöxtur Japana og stundum nefndur „epli Austurlanda“. Hann hefur verið ræktaður austur þar í þúsund ár. Íslenska nafnið er döðluplóma, því bragð og áferð svipar mjög til döðlu og plómu. Kakí er líkt tómat í útliti en er appelsínugulara að lit og bikarblöðin fjögur eru þykkri og mikilfenglegri en á tómötum. Ávöxturinn hangir á trjánum löngu eftir að laufin eru fallin. Sé hann vel þroskaður er aldinkjötið mjúkt og ógn hlaupkennt. Best er að kaupa ávöxtinn áður en hann er fullþroskaður og láta hann dorma aðeins í lokuðum poka við eldhúshita. Mikið er af karóteni í döðluplómum og í Japan er ávöxturinn álitinn eitt besta lyfið við timburmönnum. Gott er að hafa hann í sósu með ís, sem mauk með krydduðum réttum, í salöt og búðinga. Þá bragðast hann mjög vel með ostum og reyktu kjöti.“

Árni Þór, fyrrverandi matreiðslumaður á Hótel Sögu, segir í umfjölluninni að kakí sé í hávegum hafður víða um heim og reiðir fram áhugaverðar uppskriftir með kakí.

„Döðluplóma eða kakí, eins og mér er tamara að kalla ávöxtinn, hefur komið fram á sjónarsviðið hér á landi á seinni árum,“ segir Árni Þór Arnórsson, matreiðslumeistari og aðstoðaryfirmatreiðslumaður á Hótel Sögu. Árni viðurkennir að ávöxturinn hafi ekki náð því að verða eitthvað sem lendir í innkaupakörfunni reglulega hér hjá okkur en segir afar gaman að nota hann til hátíðabrigða. Hann segir margar tegundir til af döðluplómum. „Þótt ávöxturinn sé upprunninn í Japan og sérlega vinsæll þar þá eru vissar tegundir hans líka hafðar í hávegum víðar um lönd, til dæmis í Bandaríkjunum. Þar eru meira að segja haldnar sérstakar hátíðar tileinkaðar honum! Döðluplóma er dálítið lík mangó og hentar vel í mauk, salöt og slíkt. Einnig er ávöxturinn oft notaður í búðinga og kökur. Hann hentar auk þess mjög vel til skreytinga því guli liturinn er exótískur,“ segir Árni Þór og gefur okkur hér uppskrift sem hann nefnir:

### *Núðlusalat með kjúklingi í kakífötum – fyrir 4-6*

2 kjúklingabringur

**Marinering:**
2 msk. appelsínumarmelaði
1/2 dl sojasósa

**Salatið:**
2 kakíávextir, skornir í teninga (döðluplómur)
2 pakkar Blue Dragon núðlur (Singapore með karrí og sesam)
1 dl sweet chilli sauce
2 vorlaukar, sneiddir
200 g baunaspírur
1/2 rauð paprika, skorin í strimla
1/2 græn paprika, skorin í strimla
1/2 agúrka, skorin í strimla
1 hvítlauksgeiri (smátt saxaður)
skreytið með ferskum coriander.
100 g cashew-hnetur
1 msk. ristuð sesamfræ

Aðferð: Skerið kjúklingabringurnar í strimla og marinerið í 2-3 tíma. Takið bringurnar úr marineringunni og steikið á pönnu uns strimlarnir eru gegnum steiktir. Eldið núðlurnar samkvæmt leiðbeiningum á pakka, bætið í þær sweet chilli sauce og hvítlauk. Kælið. Blandið saman kakí, (döðluplómu), vorlauk, baunaspírum, papriku, agúrku, cashew-hnetum og sesamfræjum. Og blandið þessu öllu saman við kaldar núðlurnar. Skiptið á fjóra - sex diska. Setjið kjúklingastrimlana ofan á salatið og skreytið með ferskum coriander.“

***Verði ykkur að góðu.***

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Sjaldgæfur sauðfjárlitur

## – Litaskrúð íslenska fjárins er verðmæt erfðaauðlind

**Á bls. 18 í Bændablaðinu 18. júní síðastliðinn var stutt frétt með mynd undir fyrirsögninni „Lúðóttur hrútur á bænum Sporði“. Sagt var að þetta óvenjulega litalamb héti Speslúði og var talið að þarna væri á ferðinni sami litur og á lúðóttum hrossum með dökkan haus og háls en ljósan skrokk. Þarna er þó sennilega ekki um sambærilegan lit að ræða.**

### *Skrauti í Bæ*

Í stuttri grein í Frey í mars 1983 sagði dr. Stefán Aðalsteinsson, heimsþekktur fyrir rannsóknir sínar á litum sauðfjár og fleiri búfjártegunda, frá þrílitum, kollóttum lambhrút á Bæ í Reykhólasveit fæddum vorið 1982 (1). Hann var mjög skrautlegur þar sem saman fór hvítt, svart og mórautt, enda kallaður Skrauti; foreldrar mislitir og ættaður í bæði föður- og móðurætt frá Reykhólum. Þetta kemur vel fram á mynd með greininni sem Stefán tók 14. nóvember 1982 og er litarlýsingin mjög skýr. Í lok greinarinnar segir Stefán að hrúturinn hafi verið notaður á fengitíma 1982 fyrir mórauðar og mófleKkóttar ær til að kanna litaerfðirnar. Niðurstöður þeirrar rannsóknar fékk Stefán síðan birtar í ritrýndri grein, ásamt myndinni sem var í Frey, í virtu vísindariti (2).

Í sem stystu máli sagt taldi Stefán að um mósaík litaafbrigði væri að ræða sem mætti rekja til stökkbreytts erfðavísis. Ég veit ekki til þess að þetta fyrirbrigði hafi verið rannsakað frekar hérlendis.



Speslúði vorið 2020, hugsanlega þrílitur því að örlítið er af rauðgulum/mórauðum hárum, einkum ofan við hægri nös. Mynd / Bríet Anja Birgisdóttir

### *Skrauti í Bandaríkjunum*

Haustið 1990, fyrir réttum 30 árum, flutti Stefanía Sveinbjarnardóttir Dignum í Kanada fé þangað úr Öræfasveit, en það myndaði stofn íslensks fjár í Norður-Ameríku. Í tímariti ISBONA, ræktenda íslenska sauðfjárins í Bandaríkjunum og Kanada, birtist sumarið 2012 grein eftir Laurie Ball-Gisch um hyrndan lambhrút undan móbotnóttri á og hvítum hrút í eigu hennar sem sýndi a.m.k. þrjá liti; hvítt, svart og mórautt og jafnvel líka grátt (3). Laurie hafði lesið grein Stefáns sem ég vísaði í hér að framan (2) og taldi að þarna væri einnig um mósaík litafbrigði að ræða þótt litamynstrið á lambinu væri töluvert frábrugðið því sem prýddi Skrauta í Bæ. Til heiðurs honum var sá bandaríski líka nefndur Skrauti enda gullfallegur af myndum í ritinu að dæma. Fékk ég leyfi til að nota litmyndina af honum, sem var á baksíðu ISBONA-ritsins 2012, í grein sem ég skrifaði í minningu Stefáns og birt var í bók um mislitt sauðfé í heiminum vorið 2014 (4). Reyndar var öll sú bók tileinkuð minningu Stefáns en hann lést 2009.

Einn þeirra sem kynnst hafði Stefáni og unnið nokkuð að litarannsóknum á búfé með honum var dr. Phillip Sponenberg. Phillip hefur verið þekktasti Bandaríkjamaðurinn á því sviði um áratuga skeið og hefur m.a. skrifað mikið um búfjárkyn í útrýmingarhættu (5). Laurie leitaði álits hans á Skrauta sínum og birti það í greininni. Phillip taldi líklegt, eins og Stefán, að um mósaík litaafbrigði tengt stökkbreytingu væri að ræða, sambærilegt bröndóttum lit kúa og fleiri dýrategunda. Einnig gæti hugsanlega verið að um að ræða svokallað chimera fyrirbrigði þar sem fósturvísar hefðu sameinast. Rétt er að geta þess ég átti þátt í því að fá Phillip til að flytja erindi hér á landi um verndun erfðaefnis búfjár haustið 2014, bæði á alþjóðlegri sauðfjár- og ullarráðstefnu á Blönduósi og í Norræna húsinu í Reykjavík.

### *Bröndótti hesturinn*

Áður en lengra er haldið er vert að geta þess að sama árið og Skrauti í Bæ fæddist var Stefán m.a. að skoða bröndótta litinn og erfðir hans. Hann hafði frétt af uppstoppuðum bröndóttum hesti á Náttúrugripasafninu í Leningrad, þá í Sovétríkjunum ( nú Sankti Pétursborg), þeim eina í heiminum þannig litum, eftir því sem best var vitað. Þegar við vorum staddir þar á ráðstefnu Búfjárræktarsambands Evrópu um miðjan ágúst 1982 bað Stefán mig að koma með sér á safnið. Það var mjög minnisstæð heimsókn því að eftir nokkra leit, en þarna var mjög þröngt um alla safnmuni, fundum við bröndótta hestinn, stóran og stæðilegan fyrrverandi námuhest. Safnvörður leyfði myndatöku eftir að við höfðum gert grein fyrir vísindalegum áhuga okkar. Stefán skrifaði lýsingu í litla minnisbók, tók myndir og í a.m.k. einu skotinu lét hann mig standa fast við glerbúrið sem mælikvarða á stærð hestsins. Ég samgladdist Stefáni innilega og við nutum þess að skoða safnið. Trúlega hefur honum verið hugsað til bröndótta hestsins þegar hann skoðaði Skrauta í Bæ um haustið.

### *Speslúði á Sporði*

Svo sem um var getið í upphafi greinarinnar fæddist kollótt hrútlamb með sérkennilegan lit á Sporði í Húnaþingi vestra í vor og hlaut nafnið Speslúði. Þegar ég sá myndina af honum í Bændablaðinu 18. júní fór ég að hugsa um Skrauta í Bæ sem Stefán rannsakaði fyrir nær 40 árum og Skrauta í Bandaríkjunum sem fæddur var fyrir tæpum áratug og einnig var fjallað um hér að framan.

Þau Oddný Jósefsdóttir og Þorbjörn Ágústsson, bændur á Sporði, brugðust vel við í sumar þegar ég óskaði eftir nánari upplýsingum um Speslúða, gjarnan með mynd af honum að hausti ef hægt væri að koma því við. Myndirnar komu strax eftir réttir. Skemmst er frá að segja að foreldrar Speslúða eru hvítir, móðir frá Árbæ í Reykhólasveit og faðir af Ströndum. Hann var tvílembingur á móti hvítu lambi, reyndist ágætlega vænn í haust en sagður fremur styggur. Með fylgja þrjár myndir af Speslúða, annars vegar mynd tekin í vor, nokkuð greinilegri en sú sem birtist í Bændablaðinu þá, og hins vegar tvær haustmyndir af honum.





Speslúði haustið 2020, óljóst hvort hann er tví- eða þrílitur. Sjaldgæft litamynstur. Mynd / Oddný Jósefsdóttir

Frá mínum sjónarhóli séð leyfi ég mér að setja fram þá tilgátu að um sé að ræða litarafbrigði á Speslúða sem gæti flokkast með þeim sem einkenndu Skrautana báða og fjallað var um hér að framan, annaðhvort mósaík eða chimera. Ég tel ólíklegt að þessi litur sé sambærilegur þeim lúðótta á hrossum.

### *Mikið litaskrúð*

Hvað sem líður tilgátu minni um litinn á Speslúða vil ég taka undir það álit Laurie í greininni frá 2012, að svo mikið er litaskrúðið íslenska fjárins, að í þessu eina og sama fjárkyni er hægt að finna alla sauðfjárliti og afbrigði þeirra. Nú á tímum mikilla umræðna um líffræðilegan fjölbreytileika þurfum við að gæta þess vel að varðveita m.a. þá erfðaauðlind sem felst í litunum. Erfðaauðlindir af ýmsu tagi eru reyndar margar í öllum gömlu íslensku búfjárkynjunum sem við köllum gjarnan landnámskyn. Jafnframt er um menningarverðmæti að ræða.



Dr. Ólafur R. Dýrmundsson.

***Tilvísanir***


1. *Stefán Aðalsteinsson (1983). Þrílitur lambhrútur. Freyr, 79. árg., 5.tbl., bls. 197.*
2. *Stefán Aðalsteinsson (1984). A black-moorit mosaic-colored Icelandic ram. The Journal of Heredity, 75, bls. 83-84.*
3. *Laurie Ball-Gisch (2012). Black-Moorit „Mosaic“ Ram born March 2011 at The Lavender Fleece. ISBONA NEWSLETTER, Icelandic Sheep Breeders of North America. Summer 2012, Volume 16, Issue 3, bls. 5,7 og 36.*
4. *Ólafur R. Dýrmundsson (2014). The colourful sheep of Iceland. Bls. 18-23 í bókinni Timeless Coloured Sheep, 272 bls., ritstj. Dawie du Toit, útg. Imhof Verlag, Þýskalandi, ISBN 978-3-86568-960-3.*
5. *D. Phillip Sponenberg, Jeannette Beranger & Alison Martin,The Livestock Conservancy (2014). An Introduction to Heritage Breeds, 240 bls. , útg. Storey Publishing, Bandaríkjunum, ISBN 978-1-61212-125-3.*



***Dr. Ólafur R. Dýrmundsson.***
*Höfundur, er sjálfstætt starfandi búvísindamaður og m.a. félagi í Slow Food, Rare Breeds International og Búfjárræktarsambandi Evrópu sem vinna að verndun erfðaefnis á alþjóðlegum grundvelli.*
*Netfang: oldyrm@gmail.com*



Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Tollasamningurinn sem tók gildi 2018 – hverju hefur hann skilað?

**Nýverið skrifuðu Breki Karlsson formaður og Brynhildur Pétursdóttir frkv.stj. Neytendasamtakanna, greinina „Tollar, tap og traust“. Í þeirri grein er m.a. eftirfarandi fullyrðing sett fram um tollasamning sem gerður var við ESB 2015 og tók gildi 1. maí 2018. „Samningurinn var mikilvægt og löngu tímabært skref sem hefur skilað neytendum lægra verði.“ Mér þótti því tilefni til að kanna hvort sannreyna mætti fullyrðingu með því að nálgast gögn frá Hagstofunni frá þeim tíma þegar samningurinn tók gildi og til dagsins í dag. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun vísitölu neysluverðs samanborið við verðþróun á kjöti samkvæmt sömu heimild.**




Gögnin sýna skýrt að þessi fullyrðing er einfaldlega röng. Þ.e. kjöt hefur hækkað meira en almennt verðlag í landinu. Af hverju setja fulltrúar Neytendasamtakanna svona fram án þess að kynna sér málið? Í áðurnefndri grein koma einnig fram kunnuglegir frasar um það hvernig tollverndin flytur verðmæti úr vasa neytenda yfir til innlendra framleiðenda og að samfélagið í heild tapi. En lífið er nú meira en excel og því hlýtur það að vera í besta falli barnaskapur að halda að með því að rýra stöðugt afkomu heillar greinar (bænda í þessu tilviki) sé hægt að skila einhverjum ábata beint til neytenda. Afkoma bænda hefur rýrnað verulega bæði með tollasamningum sem gerðir voru við ESB 2007 og 2015 og svo nú síðast með því að breyta fyrirkomulagi við útboð á tollkvótum. Það væri nú sárabót ef hægt væri að sjá þess merki að það tjón sem bændur hafa orðið fyrir myndi þó ekki nema að einhverju leyti skila sér í vasa neytenda. Myndin sýnir hins vegar engin merki þess. Hversu nærri á að ganga landbúnaðinum áður en stjórnvöld þora að taka á tollverndinni sem stöðugt rýrnar að verðgildi?


Ingvi Stefánsson.




### *Norsk laun og grískt verðlag*

Í áðurnefndri grein er einnig vitnað til nýlegrar skýrslu á vegum ANR þar sem fram kemur að tollar séu hvergi hærri en á Íslandi, Noregi og Sviss. Hver vill vera í samfloti með Norðmönnum og Svisslendingum? Þar eru víst allir að lepja dauðann úr skel, er það ekki? Á meðan við komumst ekki með umræðuna á það plan að ræða um hversu háu hlutfalli af ráðstöfunartekjum íslenska vísitölufjölskyldan ver til kaupa á matvælum til samanburðar við önnur lönd verður umræðan ekki ýkja málefnaleg. Auðvitað viljum við öll norsk laun og grískt verðlag, það er einfaldlega ekki í boði. Ég velti því oft fyrir mér þegar fjallað er um íslenskan landbúnað og þá staðreynd að hann nýtur tollverndar hver fréttin sé? Við erum að stunda landbúnað við mjög svo krefjandi aðstæður út frá hnattrænni legu og tollverndin er okkur því nauðsynleg. En svo ég vitni nú aftur í excel að þá mun hann alltaf gefa okkur þá niðurstöðu að „hagkvæmast“ sé að láta aðrar þjóðir sjá um að framleiða matinn fyrir okkur. Fæðuöryggi, kolefnisfótspor, sýklalyfjanotkun og dýravelferð, eru þetta einhver orð sem skipta neytendur máli? Að sjálfsögðu, en þau eiga það líka öll sameiginlegt að leiða til hærra matvælaverðs.

Bændur hafa talað um að vegna COVID og BREXIT áhrifa séu forsendur tollasamningsins frá 2015 brostnar. Í mínum huga voru aldrei neinar forsendur fyrir samningi við Evrópusambandið þar sem fórnað var hagsmunum hvíta kjötsins til að fá aukna tollkvóta fyrir mjólkurvörur og lambakjöt á markað Evrópusambandsins. Vonandi komumst við bændur sem allra fyrst á þann stað að átta okkur á því að heimamarkaðurinn er okkar langmikilvægasti markaður og honum eigum við fyrst og síðast að sinna. Kannski er það bara minnimáttarkennd hjá mér en ég tel einfaldlega að við eigum ekki möguleika á að keppa á erlendum mörkuðum við bændur sem fá margfalda uppskeru pr. flatareiningu lands, nota margfalt magn af sýklalyfjum í sína framleiðslu og annar tilkostnaður er langtum lægri.

### *Hver er staðan í svínaræktinni?*

Hér er ekkert nýtt undir sólinni, þ.e. bændur fá færri krónur í vasann á meðan neytandinn þarf að greiða fleiri. Félag svínabænda er margbúið að benda á og vara við þessari þróun síðustu árin en án árangurs. Þannig vöruðum við ítrekað við því að bæði tollasamningurinn sem gerður var 2015 en tók gildi 2018 og nýtt fyrirkomulag við útboð á tollkvótum (hollenska leiðin) myndi rýra afkomu bænda án þess að neytendur myndu njóta þess í hagstæðara vöruverði. Þessi gögn staðfesta það sem við höfum margoft sagt áður. Gleymum því ekki að innflytjendur á landbúnaðarvörum hafa á þessu tímabili fengið um 3 milljarða endurgreidda frá ríkinu (sem neytendur voru búnir að borga) vegna oftekinna skatta í formi tolla.

### *Stjórnlaus innflutningur*

Þá er rétt að minna á að innflutningur á svínakjöti hefur farið úr því að vera 6-10% í byrjun þessa tímabils yfir í að vera orðinn um fjórðungur af allri neyslu á svínakjöti. Þá er reyndar eftir að taka tillit til þess að innfluttar pylsur og unnar kjötvörur eru að uppistöðu til úr svínakjöti þ.a. innflutningur er í raun umtalsvert meiri. Hvað þá heldur, ef satt reynist, að ekki komi allur innflutningur fram í opinberum tölum. Ef þessi þróun heldur áfram styttist í að innflutt svínakjöt fari fram úr innlendu í neyslu. Svínabændur hafa margoft kallað eftir því að dregin sé lína í sandinn. Við teljum eðlilegt að það sé stundaður innflutningur á svínakjöti að einhverju marki en fyrst og fremst til að anna eftirspurn í einstaka vöruliðum. En það hljóta allir að sjá að þetta getur ekki gengið svona lengur. Við fyrrgreindar aðstæður getur svínarækt ekki þrifist á Íslandi til framtíðar. Þessa stöðu þarf að fara yfir í heild sinni á sanngjarnan hátt.

Það hefur verið sorglegt að vera vitni að áhuga- og getuleysi stjórnvalda síðustu 15 árin í að standa vörð um íslenskan landbúnað. Bændur hafa líka fram að þessu algjörlega sofið á verðinum. Ég mun aldrei geta skilið hvernig fulltrúar bænda hafa trekk í trekk skrifað undir samninga um starfsumhverfi landbúnaðarins án þess að þar sé einn stafur um tollvernd. Í okkar hagsmunagæslu hefur verið alltof mikil áhersla á að endurnýja búvörusamninga og síðast var það beinlínis gert á kostnað tollverndar einsog allir vita sem vilja vita. Ég gerði mjög vel grein fyrir þeirri atburðarás á Búnaðarþingi árið 2016. Gleymum því ekki að við erum að keppa við þjóðir þar sem markaðsstærðir eru á skala sem við eigum ekki með að skilja.

Sem dæmi má nefna að Danish Crown í Horsens í Danmörku slátrar 100 þúsund grísum á viku. Til samanburðar er slátrað innan við 80 þúsund grísum á ári á Íslandi. Þannig verður íslenskur landbúnaður seint eða aldrei samkeppnisfær við innflutt matvæli ef einungis á að reikna dæmið í áðurnefndum excel. Þetta umhverfi hefur leitt af sér mikla óvissu í minni búgrein og nú er svo komið að fjárfestingastyrkir sem hafa boðist svínarækt allt frá árinu 2017 liggja að mestu óhreyfðir. Úreldingarstyrkir voru hins vegar tæmdir strax. Fóður hefur hækkað mikið á þessu ári og birgðir hafa safnast upp bæði af innlendu og innfluttu kjöti og erfitt að sjá hvernig greinin á að komast klakklaust úr þessari stöðu.

Það hefur reyndar verið mjög ánægjulegt að sjá hvernig núverandi forysta BÍ – með liðsinni búgreinafélaga og annarra hagsmunasamtaka – hefur öll lagst á árarnar að vekja athygli á því hvernig fjarað hefur undan tollverndinni og vonandi mun sú vinna skila einhverjum árangri.

Þrátt fyrir að staðan sé svona í dag held ég að framtíðin sé björt fyrir íslenskan landbúnað til lengri tíma litið. Ég tel að bæði pólitíkin og bændur séu að átta sig á því að skynsamlegt sé að tryggja tollverndina og að einblína á að framleiða úrvalsvöru fyrir innlendan markað og haga framleiðslumagni í samræmi við það. Neytendur gera aukna kröfu um að fá heilnæma vöru og vilja vita upprunann þ.a. það er margt jákvætt í kortunum.

***Ingvi Stefánsson,***
*formaður Félags svínabænda*



## Sýningarárið 2020:

# Öflugt ár þrátt fyrir heimsfaraldur

**Þorvaldur Kristjánsson**
fyrrverandi ábyrgðarmaður í hrossarækt hjá RML
thorvaldur@holt.is



**Sýningarárið 2020 var að mörgu leyti öflugt ár í íslenskri hrossarækt. Þetta var um margt sérstakt ár vegna kórónuveirufaraldurs en kynbótasýningar gengu þó samkvæmt áætlun. Landsmót sem átti að vera á Hellu í ár var ekki hægt að halda en þess í stað var blásið til Landssýningar kynbótahrossa, þar sem efstu hross ársins voru heiðruð í öllum flokkum ásamt afkvæmahestum.**

Alls voru haldnar 16 sýningar um landið og aldrei hafa fleiri hross verið dæmd á miðsumarssýningum eins og nú. Alls voru felldir 1388 dómar og voru fullnaðardómar 1222. Þetta er afar góður fjöldi, sérstaklega miðað við að það var ekki Landsmót en við höfum náð að viðhalda afar góðri mætingu hrossa til dóms á síðastliðnum árum. Það sem hafði að öllum líkindum jákvæð áhrif á mætingu hrossa til dóms í vor, var fyrrnefnd Landssýning kynbótahrossa, sem haldin var á Gaddstaðaflötum við Hellu. Þetta var eins dags viðburður, haldin laugardaginn 27 júní.

Þar sem ekki var unnt að halda Landsmót þótti verðmætt að ná að halda einn hátíðardag hrossaræktarinnar þar sem hægt væri að kynna og heiðra efstu hross í einstaklingssýningum og ekki síst þannig að hægt væri að kynna þá stóðhesta sem áttu rétt á afkvæmaverðlaunum. Á þessum degi komu fram 10 efstu hrossin í öllum flokkum hryssna og stóðhesta. Þá voru fjórir hestar sýndir til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi. Það voru þeir Stormur frá Herríðarhóli, Ölnir frá Akranesi, Konsert frá Hofi og Skaginn frá Skipaskaga. Skaginn stóð efstur þessara hesta og hlaut að launum Orrabikarinn, en þetta var í fyrsta skipti sem þessi bikar er veittur efsta hesti með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi, gefinn af Orrafélaginu. Þá voru þrír hestar sem komu fram með afkvæmum og hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi en það voru þeir Loki frá Selfossi, Óskasteinn frá Íbishóli og Skýr frá Skálakoti en Skýr stóð efstur og hlaut Sleipnisbikarinn.

Það var Félag hrossabænda sem stóð að viðburðinum, ásamt Rangárbökkum ehf., Horses of Iceland verkefninu og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hægt var að horfa á streymi frá viðburðinum á vef Eiðfaxa og velja um streymi á íslensku, ensku og þýsku. Fjöldi manns í alls 20 löndum horfði á viðburðinn á streyminu en rúmlega 1.000 manns voru á staðnum.

### *Breytingar á ræktunarkerfinu*

Á Landssýningunni voru stóðhestar heiðraðir á grunni nýrra reglna um afkvæmaverðlaun í fyrsta skipti en þær má sjá í heild sinni inná heimasíðu RML. Ein aðal breytingin á afkvæmaverðlaununum er sú að nú hljóta hross verðlaun byggt annað hvort á aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs, sem farið var að reikna í fyrsta skipti í vor. Stormur frá Herríðarhóli hlaut fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og Loki heiðursverðlaun á grunni þessarar nýju aðaleinkunnar en þetta er afar verðmæt viðbót og skemmtileg. Þá hlutu þeir einnig afkvæmaverðlaun á árinu þeir Borði frá Fellskoti (fyrstu verðlaun) og Sveinn Hervar frá Þúfu í Landeyjum (heiðursverðlaun); ræktendur og eigendum allra þessara hesta er óskað hér enn og aftur til hamingju með árangurinn.

Fleiri breytingar voru gerðar á árinu eins og þekkt er en gagngerar breytingar voru gerðar á kynbótakerfinu; unnið eftir nýjum dómskala, aðaleinkunn var reiknuð á grunni nýrra vægistuðla og kynntar nýjar aðaleinkunnir sem aukaupplýsingar en það er hæfileikar án skeiðs og aðaleinkunn án skeiðs sem fyrr segir. Þessar breytingar gengu í heild sinni vel í gegn. Framtíðin mun að sjálfsögðu leiða í ljós gagnsemi þeirra og verðmæti. Þróunin mun að sjálfsögðu halda áfram. Hvað varðar notkun á hinum nýja dómaskala, þá er viðbúið að það taki tvö til þrjú ár þannig að nýr dómskali fari að virka að fullu, með t.d. þeirri samræmingu dómarahópsins sem þarf til. Þegar meðaltöl eiginleikanna eru skoðuð þá eru ekki miklar breytingar á þeim á milli ára (sjá töflur). Meðaltöl eiginleikanna hafa heldur verið að hækka á síðastliðnum árum en notkun á dómskalanum hefur haldist á milli ára sem lýsir sér í nánast óbreyttu staðalfráviki þannig að dómarnir eru ekki að verða t.d. miðlægari með árunum. Gaman er að skoða árlega hvaða feður eru á bak við sýnd hross en alls voru 275 stóðhestar sem áttu afkvæmi sem komu til dóms í ár. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvað stóðhestar áttu 10 eða fleiri sýnd afkvæmi á árinu.

Þá voru einnig tekin í notkun ný dómblöð í ár en þau gefa færi á því að stiga ákveðna undirþætti eiginleikana (t.d. fótaburður, skreflengd, mýkt…á tölti) á línulegum skala frá 1 til 5. Þetta gefur færi á því að lýsa hverjum hesti á mun ítarlegri hátt en áður og munu verða afar verðmætar upplýsingar til framtíðar. Þetta mun meira að segja kannski gefa færi á því að meta kynbótagildi hrossa sérstaklega fyrir framhæð eða mýkt eða fótaburð í framtíðinni!

**Hæfileikar – meðaltöl og breytileiki í einkunnagjöf**

| | Tölt | Brokk | Skeið | Stökk | Samstarfsvilji | Fegurð í reið | Fet | Hægt tölt | Hægt stökk | Hæfileikar | Aðaleinkunn | Hæfileikar án skeiðs | Aðaleinkunn án skeiðs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltal | 8,33 | 8,04 | 6,84 | 8,12 | 8,44 | 8,22 | 7,75 | 8,07 | 7,87 | 7,96 | 8,04 | 8,17 | 8,17 |
| Staðalfrávik | 0,50 | 0,56 | 1,47 | 0,50 | 0,43 | 0,45 | 0,67 | 0,51 | 0,53 | 0,35 | 0,27 | 0,38 | 0,29 |
| Hæsta gildi | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 10 | 9,5 | 10 | 10 | 10 | 9,11 | 8,94 | 9,3 | 9,12 |
| Lægsta gildi | 6 | 5 | 5 | 5 | 6,5 | 6,5 | 5,5 | 5 | 5 | 6 | 6,51 | 6,09 | 6,57 |

**Sköpulag – meðaltöl og breytileiki í einkunnagjöf**

| | Höfuð | Háls, herðar og bógar | Bak og lend | Samræmi | Fótagerð | Réttleiki | Hófar | Prúðleiki | Sköpulag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltal | 7,91 | 8,36 | 8,21 | 8,29 | 8,05 | 7,72 | 8,23 | 7,71 | 8,18 |
| Staðalfrávik | 0,49 | 0,36 | 0,53 | 0,43 | 0,48 | 0,48 | 0,45 | 0,74 | 0,25 |
| Hæsta gildi | 10 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 10 | 9,09 |
| Lægsta gildi | 6,5 | 7,5 | 7,0 | 7,0 | 6,5 | 6,5 | 7,0 | 6,0 | 7,41 |



Sólon frá Þúfum hlaut hæstu hæfileikaeinkunn ársins.

| Stóðhestur | Fjöldi afkvæma |
|---|---|
| Spuni frá Vesturkoti | 39 |
| Konsert frá Hofi | 34 |
| Stáli frá Kjarri | 33 |
| Skýr frá Skálakoti | 33 |
| Ómur frá Kvistum | 32 |
| Arion frá Eystra-Fróðholti | 32 |
| Hrannar frá Flugumýri | 31 |
| Sjóður frá Kirkjubæ | 22 |
| Loki frá Selfossi | 20 |
| Ölnir frá Akranesi | 20 |
| Jarl frá Árbæjarhjáleigu II | 19 |
| Óskasteinn frá Íbishóli | 18 |
| Eldur frá Torfunesi | 17 |
| Arður frá Brautarholti | 16 |
| Kiljan frá Steinnesi | 16 |
| Kjerúlf frá Kollaleiru | 14 |
| Trymbill frá Stóra-Ási | 14 |
| Viti frá Kagaðarhóli | 14 |
| Framherji frá Flagbjarnarholti | 13 |
| Hróður frá Refsstöðum | 12 |
| Aðall frá Nýjabæ | 12 |
| Álfur frá Selfossi | 11 |
| Hrímnir frá Ósi | 11 |
| Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum | 11 |
| Herkúles frá Ragnheiðarstöðum | 11 |
| Aron frá Strandarhöfði | 10 |
| Toppur frá Auðsholtshjáleigu | 10 |



Svarta Perla frá Álfhólum, „dunandi djasslag á fjórum fjaðrandi fótum".

### *Hæstu hross ársins*

Alls voru sýndar 49 fjögurra vetra hryssur í fullnaðardóm á árinu og voru þær um 5% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Drift frá Austurási eða 8,24, ræktendur Driftar eru Ragnhildur Loftsdóttir og Haukur Baldvinsson en eigandi er Anja Egger-Meier. Drift er dóttir Draupnis frá Stuðlum en fyrstu afkvæmi hans komu til dóms í ár og lofar hann afar góðu sem kynbótahestur. Fjögur afkvæmi komu til dóms; framfalleg og myndarleg og efnileg á gangi. Drift er stólpagripur með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og bak og lend og 8,5 fyrir samræmi. Þá hlaut hún 8,5 fyrir tölt, brokk og samstarfsvilja; skrefmikil, samstarfsfús og fluga hestefni. Drift stóð efst fjögurra vetra hryssna á Landssýningunni.

Með aðra hæstu einkunn ársins eða 8,28 var List frá Efsta-Seli, sýnd á miðsumarssýningu á Gaddstaðaflötum. Ræktendur hennar eru Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson og eigandi er Gæðingar ehf. List er undan Skaganum frá Skipaskaga og gæðingamóðurinni Lady frá Neðra-Seli en hún hlýtur heiðursverðlaun í ár. List er afar fínleg og framfalleg hryssa með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og 8,30 í aðaleinkunn sköpulags. Þá er hún gæðingsefni á gangi, hágeng og viljug með 8,27 fyrir hæfileika.

Með hæstu einkunn ársins í fjögurra vetra flokki hryssna í ár var Eygló frá Þúfum, með hvorki meira né minna en 8,59. Ræktandi hennar og eigandi er Mette Mannseth. Eygló er undan Eldi frá Torfunesi og Happadísi frá Stangarholti. Hún er afar fríð, og vel gerð hryssa í sköpulagi með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og bak og lend og fótagerð. Þá er hún skrefmikil og skrokkmjúk, með m.a. annars 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja enda afar þjál, með léttan og fyrirstöðulausan vilja.

### *183 hryssur í fimm vetra flokki*

Í fimm vetra flokki hryssna voru sýndar 183 hryssur og voru þær 18% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins eða 8,43 var Kastanía frá Kvistum en hún var sýnd á miðsumarssýningu á Gaddstaðaflötum. Ræktandi hennar og eigandi er Kvistir ehf. Kastanía er undan Ómi frá Kvistum og Kötlu frá Skíðbakka III. Hún hlaut 8,06 fyrir sköpulag; með hátt settan háls og sterka yfirlínu í baki. Þá hlaut hún 8,63 fyrir hæfileika; afar flink og mögnuð á tölti með 9,5 fyrir bæði tölt og hægt tölt, 8,5 fyrir skeið og 9,0 fyrir samstarfsvilja og fegurð í reið, ótrúlegar einkunnir fyrir svo ungt hross.

Með aðra hæstu einkunn ársins er undrahrossið Lydía frá Eystri-Hól. Hún hlaut í aðaleinkunn 8,46, ræktandi hennar og eigandi er Hestar ehf. Lýdía er undan Lexus frá Vatnsleysu sem hefur verið að gefa eftirtektarverð útgeislunarhross á síðastliðnum árum og móðir hennar er Oktavía frá Feti sem var eftirminnileg, einmitt fyrir útgeislun einnig. Lýdía er fegurðardjásn og sérstaklega framhá og sjálfberandi af svo ungu hrossi að vera. Hún hlaut 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og samræmi, afar reist og framhá og sameinar fínleika, léttleika og styrk í byggingunni. Þá hlaut hún 9,5 fyrir tölt, stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið; sannarlega eitt eftirtektarverðasta hross sem kom fram í ár.

Með hæstu einkunn ársins var svo Álfamær frá Prestsbæ en hún hlaut 8,55 í aðaleinkunn. Ræktendur og eigendur er Inga og Ingar Jensen. Álfamær er undan Spuna frá Vesturkoti og Þóru frá Prestsbæ en hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi nú í haust. Álfamær er vel gerð hryssa með 8,5 fyrir flesta þætti sköpulagsins. Hún er skrefmikil og skrokkmjúk alhliða hryssa. Þá er hún snillingur á skeiði en hún hlaut 9,5 fyrir skeið; sniðföst, takthrein og einkar jafnvægisgóð. Hún hlaut einnig 9,5 fyrir samstarfsvilja enda afar taugasterk, þjál og flugviljug.

### *204 hryssur í fullnaðardóm*

Í flokki sex vetra hryssna voru sýndar 204 hryssur í fullnaðardóm og voru þær 20% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Þrá frá Prestsbæ en hún hlaut í aðaleinkunn 8,59. Ræktendur og eigendur er Inga og Ingar Jensen. Þrá er undan Arion frá Eystra-Fróðholti og Þóru frá Prestsbæ. Þrá er með 8,40 fyrir sköpulag þar sem hæst ber 8,5 fyrir háls, herðar og bóga, enda með afar hátt settan háls og lausa, framskotna bóga sem bjóða upp á góðar hreyfingar. Þá er hún með 9,0 fyrir samræmi enda afar fótahá og 9,0 fyrir fótagerð. Þrá býr yfir mikilli skrokkmýkt, fótaburði og teygju en hún hlaut 9,0 fyrir tölt og skeið en einnig samstarfsvilja og fegurð í reið.

Með aðra hæstu einkunn ársins var Líf frá Lerkiholti. Ræktendur og eigendur eru Kári Steinsson og Lerkiholt ehf. Líf er undan Stála frá Kjarri og Maríu frá Feti sem stóð efst í flokki 6 vetra hryssna á Landsmóti 2011. Líf er með 8,06 fyrir sköpulag þar sem hæst ber 8,5 fyrir bak og lend og hófa. Þá er Líf afar öflug og mögnuð alhliða hryssa, hágeng og rúm. Hún hlaut 9,0 fyrir tölt og fet, 9,5 fyrir skeið og 9,0 fyrir samstarfvilja; afar fjölhæf alhliða hryssa.

Með hæstu einkunn ársins í sex vetra flokki hryssna var Askja frá Efstu-Grund. Ræktendur hennar og eigendur eru Sigríður Lóa Gissurardóttir og Sigurjón Sigurðsson. Askja er undan Skýr frá Skálakoti og Kötlu frá Ytri-Skógum og er heimsmeistarinn í tölti, Þokki frá Efstu-Grund, því bróðir Öskju að móðurinni. Askja stóð efst fjögurra vetra hryssna á síðasta Landsmóti og stóð efst í ár í sínum flokki á Landssýningunni. Askja er stórbrotin gæðingur; næm, afar viljug og virkjamikil á gangi. Hún hlaut

8,82 fyrir hæfileika; 9,0 fyrir tölt, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið og 9,5 fyrir brokk. Þá er einnig áhugavert að nefna hryssuna sem var í fjórða sæti í þessum flokki en það er klárhryssan Svarta Perla frá Álfhólum, ræktandi hennar er Sara Ástþórsdóttir en eigandi er Millfarm Corp ehf. Hún er undan Eldhuga frá Álfhólum og Dimmuborg frá Álfhólum. Svarta Perla er eitt eftirtektarverðasta hross sem kom fram í ár en hún hlaut 9,5 fyrir tölt, brokk, hægt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið. Þá hlaut hún einnig 9,5 fyrir samræmi en hún er afar fínleg, þurrbyggð og framhá. Svarta Perla er einstök hvað léttleika varðar og býr yfir miklu fjaðurmagni og flinkheitum á gangi, næm, létt og spilandi viljug og er í raun eins og dunandi djasslag á fjórum fjaðrandi fótum.

***289 hryssur komu til dóms í elsta flokki***

Í elsta flokki hryssna, 7 vetra og eldri, komu 289 hryssur til dóms eða um 28% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins, 8,60, var Auður frá Varmalandi í Sæmundarhlíð. Ræktendur og eigendur hennar eru Birna Sigurbjörnsdóttir og Sigurgeir Þorsteinsson. Auður er undan Auði frá Lundum II og Flugu frá Varmalandi. Auður er glæsilega og vel gerð hryssa með 8,83 fyrir sköpulag, þar sem hæst ber 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi og hófa og 9,5 fyrir bak og lend. Auður er alhliða hryssa með 8,48 fyrir hæfileika; 8,5 fyrir tölt, 9,0 fyrir skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið. Jafnar með 8,73 í aðaleinkunn eru þær Hremmsa frá Álftagerði III og Fold frá Flagbjarnarholti. Hremmsa er undan Eldi frá Torfunesi og Gjálp frá Álftagerði IV. Ræktendur eru Arngrímur Geirsson og Gígja Sigurbjörnsdóttir en Gígja er eigandi hryssunnar. Hremmsa er myndarleg og öflug alhliða hryssa með 8,43 fyrir sköpulag. Reist, framhá og fótahá. Þá er hún gæðingur á gangi með 8,89 fyrir hæfileika þar sem hæst ber 9,0 yfir tölt, samstarfsvilja og fegurð í reið, 8,5 fyrir skeið og 9,5 fyrir brokk. Eldur frá Torfunesi hefur verið að skila góðum afkvæmum til dóms á síðastliðnum árum, skrokkmjúkum og traustum í lund og virðist vera að gefa afar góða reiðhesta og svo afrekshross í bland.

Einnig með 8,73 í aðaleinkunn var á árinu Fold frá Flagbjarnarholti en hún stóð ofar á Landssýningunni þar sem hún var hærri fyrir hæfileika. Fold er undan Ómi frá Kvistum og Gyðju Baldursdóttur frá Lækjarbotnum, af afreks- og skeiðlínu í móðurlegg. Fold er fínleg og prúð hryssa með afar sterka yfirlínu í baki. Þá er hún flink á gangi, léttstíg og hágeng með 9,0 fyrir tölt, 8,5 fyrir brokk og 9,5 fyrir skeið enda frábær á þeirri gangtegund. Þá er hún afar viljug og þjál með 9,5 fyrir samstarfsvilja.

Með hæstu einkunn ársins í elsta flokki hryssna er Harpa Sjöfn frá Hvolsvelli en hún var sýnd á síðsumarssýningu á Hólum. Ræktendur hennar eru Helga Friðgeirsdóttir og Ásmundur Þórisson og eigendur eru Anja Egger-Meier og Bjarni Jónasson. Harpa Sjöfn er undan Mjölni frá Hlemmiskeiði 3 og Orku frá Hvolsvelli. Harpa er með 8,70 fyrir sköpulag; 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi og hófa, enda reist, sterkbyggð og bolfalleg. Þá er hún fjölhæfur alhliða gæðingur, skrefmikil og ganghrein með 8,95 fyrir hæfileika.

***31 hestur í flokki fjögurra vetra stóðhesta***

Í flokki fjögurra vetra stóðhesta voru sýndir 31 hestar eða um 4% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins er Árvakur frá Auðsholtshjáleigu en hann var sýndur á miðsumarssýningu á Hellu og hlaut 8,26 í aðaleinkunn. Ræktendur eru Kristbjörg Eyvindsdóttir og Gunnar Arnarson og eigandi er Gunnar Arnarson ehf. Árvakur er undan Álfarni frá Syðri-Gegnishólum og Rímu frá Auðsholtshjáleigu. Árvakur er stólpagripur sem á framtíðina fyrir sér, myndarlegur og skrefmikill. Hann hlaut 8,34 fyrir sköpulag þar sem hæst ber 9,0 fyrir bak og lend og 8,5 yfir samræmi, fótagerð og hófa. Þá er hann afar efnilegur alhliða hestur og hlaut fyrir hæfileika 8,22.



Skýr frá Skálakoti hlaut heiðurverðlaun fyrir afkvæmi á árinu og Sleipnisbikarinn.



Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum var hæsta dæmda kynbótahross ársins.

Með aðra hæstu einkunn ársins var Skyggnir frá Skipaskaga en hann hlaut 8,35 í aðaleinkunn. Ræktendur hans eru Sigurveig Stefánsdóttir og Jón Árnason en eigandi er Skipaskagi ehf. Skyggnir er undan Skýr frá Skálakoti og Skynjun Þóroddsdóttur frá Skipaskaga. Skyggnir er glæsilega gerður hestur með 8,56 fyrir sköpulag en hann hlaut 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi og fótagerð. Skyggnir er efnilegur alhliða hestur með 8,23 fyrir hæfileika en hann hlaut 9,0 fyrir samstarfsvilja og 8,5 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið.

Með hæstu einkunn ársins í flokki fjögurra vetra stóðhesta og efstur á Landssýningunni var Róbert frá Kirkjufelli, með 8,45 í aðaleinkunn. Ræktandi hans er Bryndís Mjöll Gunnarsdóttir og hún er einnig eigandi ásamt Skipaskaga ehf. Róbert er undan Skýr frá Skálakoti og Gjólu Gustsdóttur frá Skipaskaga. Róbert hlaut 8,54 fyrir sköpulag en hæst hlaut hann 9,0 fyrir samræmi, fótagerð og réttleika en einnig hlaut hann 8,5 fyrir háls, herðar og bóga. Þá fékk hann 8,39 fyrir hæfileika þar sem hæst ber 9,0 fyrir samstarfsvilja og 8,5 fyrir tölt, skeið, hægt stökk, fet og fegurð í reið og er Róbert efni í myndarlegan, skrefmikinn, ganghreinan og þjálan alhliða hest.

***99 hestar í fullnaðardóm í flokki fimm vetra stóðhesta***

Í flokki fimm vetra stóðhesta komu fram 99 hestar í fullnaðardóm eða 10% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Sindri frá Hjarðartúni með 8,58 í aðaleinkunn. Ræktandi er Óskar Eyjólfsson og eigendur eru Einhyrningur ehf, Bjarni Elvar Pétursson og Kristín Heimisdóttir. Sindri er undan Stála frá Kjarri og Dögun frá Hjarðartúni en hún er undan heiðursverðlaunahryssunni Dögg frá Breiðholti. Sindri er ágætlega gerður í sköpulagi með 8,0 fyrir háls, herðar og bóga og 8,5 fyrir bak og lend og samræmi. Þá er Sindri frábær alhliða gæðingur með 8,75 fyrir hæfileika; hágengur, fímur og rúmur, með 9,0 fyrir tölt og hægt tölt sem er afar verðmætt. Einnig er hann með 9,0 fyrir skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið.

Með aðra hæstu einkunn ársins var Hilmir frá Árbæjarhjáleigu II, undan Spuna frá Vesturkoti og Eldingu frá Árbæjarhjáleigu II og er hann því bróðir Jarls frá sama bæ. Ræktandi er Marjolijn Tiepen og eigandi er Katrin Taylor-Sheehan. Hilmir er mjúkvaxinn og sterkbyggður með 8,50 fyrir byggingu þar sem hæst ber 9,0 fyrir fótagerð. Hilmir er afar fjölhæfur og jafnvígur alhliða hestur með 9,0 fyrir tölt, hægt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið; skrefmikill, mjúkur og hágengur, með einkar trausta lund.

Hæstu einkunn í þessum flokki hlaut Leynir frá Garðshorni á Þelamörk en hann hlaut 8,77 í aðaleinkunn. Ræktendur hans eru Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir og eigandi er Sporthestar ehf, Leynir er undan Höfðingja frá Garðshorni á Þelamörk og Grósku frá sama bæ. Leynir hlaut 8,58 fyrir sköpulag, með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og bak og lend, enda með afar hátt settan, hvelfdan og reistan háls og sterka yfirlínu. Leynir hlaut fyrir hæfileika 8,88, afar viljugur og samstarfsfús, rúmur og teygjumikill í ganglagi, með 9,0 fyrir tölt, brokk og skeið og 9,5 fyrir samstarfsvilja.

***84 hestar í flokki 6 vetra stóðhesta***

Í flokki 6 vetra stóðhesta voru sýndir 84 hestar í fullnaðardóm eða um 8% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Tumi frá Jarðbrú með 8,61 í aðaleinkunn. Tumi er undan Trymbli frá Stóra-Ási og Gleði frá Svarfhóli, ræktandi og eigandi er Þröstur Karlsson. Tumi hlaut fyrir sköpulag 8,56 en hann er með afar sterka yfirlínu í hálsi og baki og hálsinn er reistur og rétt lagaður. Fyrir hæfileika hlaut Tumi 8,63 þar sem hæst ber 9,0 fyrir tölt og brokk, samstarfsvilja og fegurð í reið; enda hágengur og léttstígur og einkar taktviss og öruggur á brokki.

Með aðra hæstu einkunn ársins var Eldjárn frá Skipaskaga með 8,72. Ræktandi hans er Jón Árnason og eigandi er Skipaskagi ehf. Eldjárn er undan Jarli frá Árbæjarhjáleigu II og Glímu frá Kaldbak. Eldjárn er stórmyndarlegur, sterkbyggður og prúður hestur enda með 9,0 samræmi og hófa, 9,5 fyrir fótagerð, 10 fyrir prúðleika og 8,5 fyrir frambyggingu. Fyrir hæfileika hlaut Eldjárn 8,71; mjúkur og takthreinn á tölt, ferðmikill og öruggur á skeiði, viljugur með afar trausta lund og fasmikla framgöngu.

Með hæstu einkunn ársins í þessu flokki var svo Viðar frá Skör með 8,89 í aðaleinkunn. Ræktandi hans er Karl Áki Sigurðsson og eigendur eru Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen. Viðar er undan Hrannari frá Flugumýri II og Vá frá Auðsholtshjáleigu. Viðar hlaut fyrir sköpulag 8,76 þar sem hæst ber 9,0 fyrir bak og lend og 9,5 fyrir samræmi. Þá hlaut Viðar 8,96 fyrir hæfileika þar sem hæst ber 9,5 fyrir brokk og m.a. 9,0 fyrir tölt, fet, samstarfsvilja og fegurð í reið enda skrokkmjúkur, skrefmikill og hágengur og voldugur á brokki.

***Sýndir voru 76 hestar í elsta flokki stóðhesta***

Í elsta flokki stóðhesta voru sýndir 76 hestar eða rúmlega 7% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Rauðskeggur frá Kjarnholtum I með 8,87 í aðaleinkunn. Ræktandi og eigandi hans er Magnús Einarsson. Rauðskeggur eru undan Kiljan frá Steinnesi og Heru frá Kjarnholtum. Rauðskeggur er þekktur gæðingur og fór í ár í sinn hæsta dóm. Fyrir sköpulag hlaut hann 8,76; með reistan, hátt settan og hvelfdan háls, framhár og fótahár með sterka yfirlínu. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,92, þar sem hæst ber 9,5 fyrir skeið og samstarfsvilja og 9,0 fyrir tölt, hægt tölt, greitt stökk og fegurð í reið.

Með aðra hæstu einkunn ársins var Sólon frá Þúfum en hann er undan Trymbli frá Stóra-Ási og Kommu frá Hóli við Dalvík, ræktendur eru Gísli Gíslason og Mette Mannseth. Sólon er með 8,51 fyrir sköpulag; með reistan og mjúkan háls, hátt frambak og myndarlegur á velli. Þá er Sólon með afar fallega framgöngu undir manni, nýtir hálsinn afar vel, reistur og hvelfdur með léttar og háar hreyfingar. Hann hlaut 9,5 fyrir tölt, 9,0 fyrir brokk, skeið og fegurð í reið og 10 fyrir samstarfsvilja enda sameinar hann mikinn vilja, næmni og yfirvegun.

Með hæstu einkunn ársins í elsta flokki stóðhesta í ár var Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum með 8,94 í aðaleinkunn sem var hæsta aðaleinkunn sem kynbótahross hlaut á árinu. Ræktandi og eigandi hans er Olil Amble. Álfaklettur er undan Stála frá Kjarri og hinni mögnuðu Álfadísi frá Selfossi. Álfaklettur hlaut fyrir sköpulag 8,82 enda afar fríður á höfuð, með reistan, hvelfdan og fínlegan háls, sterka yfirlínu og einstakt samræmi; framhár, léttbyggður og fótahár. Fyrir hæfileika hlaut hann 9,01. Þar hefur hann magnaðar einkunnir, 9,5 fyrir skeið og samstarfsvilja; afar samstarfsfús og viljugur og 9,0 fyrir tölt, hægt tölt, brokk, greitt stökk og fegurð í reið. Hann var efstur á Landssýningunni í elsta flokki stóðhesta og skartaði þar sínum miklu og góðu kostum; léttleika, fimi og fjölhæfni og afar heillandi framgöngu en fínleikinn, fríðleikinn og léttleikinn setja punktinn yfir i-ið þegar kemur að hans miklu reiðhestskostum.

***Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa***

Heilbrigði kynbótahrossa var skoðað eins og undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm. Allir áverkar sem hrossin hlutu í dómi voru stigaðir í þrjá flokka og átti þetta við bæði særindi í munni og ágrip á fótum.

Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munni sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu.

Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítil sár í munni eða ágrip á fótum sem ná þó ekki einum cm.

Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverkar og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur ekki mætt til yfirlitssýningar. Skráð voru ágrip á fótum í 12% tilfella sem er töluvert lægra en undanfarin ár og hefur aldrei verið lægra en t.d. í fyrra þá var heildartíðni ágripa 19%.

Megnið af þessu athugasemdum eða tæplega 70% voru í flokki 1, tíðni eiginlegra áverka á fótum (flokkar 2 og 3) var því um 4%, þar sem áverkar af þriðja stigi fundust bara á einu hrossi. Þetta er lægra en í fyrra en þá var tíðni þeirra 5%.

Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 3,5% tilfella og var í nær öllum tilfellum um 1. stigs særindi að ræða. Það má því segja að staðan á þessum málum sé góð þar sem tíðni eiginlegra áverka er lág og hefur sem fyrr segir aldrei verið lægri. Það verða þó allir sem koma að sýningunum að vera á tánum í þessum efnum.

Undirbúningur og sýningar kynbótahrossa hafa að sjálfsögðu verið að batna og orðið hestvænni með árunum. Þá má leiða að því líkum að þessi góða niðurstaða í ár sé að hluta til nýjum dómskala og vægistuðlum að þakka þar sem meiri áhersla er lögð á yfirvegun, janvægi og gæði á hægum gangi.

***Starfsfólk og staðarhaldarar***

Að lokum er rétt og ljúft að þakka öllu starfsfólki sýninganna fyrir vel unnin störf á árinu eins og vant er.

Þetta er vel þjálfaður og samhentur hópur starfsfólks sem kemur að sýningunum á hverju ári. Þá tóku nýir dómarar til starfa í ár en það voru þau Elisabeth Marie Trost og Gísli Guðjónsson, þau eru boðin hjartanlega velkomin í hópinn en þau eru afar efnileg í þessu starfi; vel menntuð á þessu sviði og áhugasöm. Einnig vil ég þakka gott samstarf við staðarhaldara á hverjum stað en alls staðar er verkefninu tekið af áhuga og metnaði og reynt að hafa alla þætti sýninganna sem besta. Þá vil ég að þakka sýnendum, ræktendum og eigendum hrossanna fyrir skemmtilega viðkynningu og gott samstarf á árinu.




LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

# Viðskipti með kolefnisbindingu

**Við blasir að á komandi árum og áratugum verði æ dýrara að losa gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið. Kjósi fólk að ráðast í kolefnisjöfnun er nauðsynlegt að hún sé samkvæmt reglum og stöðlum og með viðurkennda vottun. Öðruvísi er ekki tryggt að hún verði viðurkennd í losunarbókhaldi.**

Fyrirtæki sem stunda efnahagslega starfsemi menga yfirleitt eitthvað eða hafa neikvæð áhrif á umhverfi sitt á einhvern hátt. Þetta er misjafnt eftir fyrirtækjum og eðli starfsemi þeirra. Stundum greiða fyrirtæki fyrir þessi neikvæðu áhrif með einhverjum hætti, t.d. fyrir meðhöndlun úrgangs. Ein gæði sem fyrirtæki hafa hingað til getað nýtt sér án þess að greiða fyrir er losun á koltvísýringi út í andrúmsloftið. Þannig endurspeglast kostnaður samfélagsins vegna loftslagsbreytinga ekki í verði þeirra vara sem fyrirtækin sem losa koltvísýring út í amdrúmsloftið framleiða. Þetta hefur breyst á undanförnum árum og mun sú þróun ágerast að fyrirtæki þurfi að draga úr losun eins og mögulegt er. Það er hins vegar alveg ljóst að næstum ómögulegt er fyrir mörg fyrirtæki að ná kolefnishlutleysi með því að draga bara úr losun þar sem nánast óhjákvæmilegt er að þau muni losa koltvísýring út í andrúmsloftið í starfsemi sinni. Þetta þýðir að fyrirtækin þurfa að greiða með einhverjum hætti fyrir þá losun sem óhjákvæmilega hlýst af starfsemi þeirra, s.s með því að kaupa kolefnisbindingu til að jafna á móti losuninni. Mynd 1. sýnir á einfaldan hátt hvernig þessi viðskipti munu geta átt sér stað.




Mynd 1. Leiðin að kolefnishlutleysi.

Fyrirtæki þurfa ekki bara í auknum mæli að svara ákalli viðskiptavina sinna um samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra nýtingu auðlinda heldur má einnig gera ráð fyrir því í náinni framtíð að þjóðríki muni skylda fyrirtæki til að ná kolefnishlutleysi. Skoðum aðeins þau skref sem þarf að taka á þessari vegferð, mynd 2.

- Kolefnisbókhald. Lykillinn að því að vita hvað fyrirtæki losar mikið kolefni er að fyrirtækið haldi kolefnisbókhald. Þar er gerð grein fyrir allri losun vegna starfsemi fyrirtækisins.
- Niðurstaða úr kolefnisbókhaldi verður óhjákvæmilega neikvæð þar sem fyrirtækið er bara að losa kolefni en hefur ekki tryggt kolefnisjöfnun á móti. Frumkvæði og metnaður fyrirtækja, krafa viðskiptavina og eftir atvikum lög og reglur skapa þannig eftirspurn eftir kolefnisjöfnun.
- Hér hefur fyrirtæki val um aðferð til kolefnisjöfnunar. Ein sú leið sem hægt er að mæla sterklega með er skógrækt. Ræktun skóga er náttúruleg og hagkvæm leið til að binda kolefni. Nú hefur fyrirtækið möguleika á að ná kolefnishlutleysi með því að kaupa kolefnisbindingu í skógrækt.
- Til þess að fyrirtækið geti haldið fram kolefnishlutleysi þarf allt ferlið að vera samkvæmt gildandi reglum og stöðlum og vottað af óháðum þriðja aðila, hvort sem það er losun, aðgerðir til að minnka losun eða aðgerðir til kolefnisjöfnunar.




Mynd 2. Virðiskeðja kolefnisjöfnunar.



Án vottunar verða engin viðskipti með kolefniseiningar en það er efni annarrar greinar sem birtist á næstunni.

***Hlynur Gauti Sigurðsson***
*framkvæmdastjóri*
*Landssamtaka skógarbænda*

Á FAGLEGUM NÓTUM

## Tollamál:

# Norðmenn gæta hagsmuna landbúnaðar gagnvart ESB

**Á grundvelli 19. gr. EES-samningsins gera aðildarríkin þ.e. ESB annars vegar og EFTA-ríkin hvert í sínu lagi, hins vegar, samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur. Íbúafjöldi Noregs er nú um 5,4 milljónir eða fimmtánfaldur fjöldi Íslendinga.**

Líkt og Ísland hafa Norðmenn gert slíka samninga að því best verður séð þrisvar sinnum, árin 2003, 2010 og 2017. Einnig hafa Noregur og ESB tvisvar gert viðskiptasamninga á grundvelli EES-samningsins, viðskiptasamning um markaðsaðgang á grundvelli EES-samningsins sjálfs, án skírskotunar til 19. gr., sem tekur að einhverju leyti til sömu vara.

Það er hins vegar langur vegur frá að tollfrjáls aðgangur ESB fyrir landbúnaðarvörur inn á Noregsmarkað sé neitt í líkingu við það sem Ísland hefur veitt ESB. Þannig er tollfrjáls kvóti ESB fyrir svínakjöt 1.200 tonn inn á Noregsmarkað samanborið við 696 tonn til Íslands. Helmingur kvótans, 600 tonn, er bundinn við kjöt í heilum og hálfum skrokkum. Hér á landi er kvótinn ekki bundinn við einstaka skrokkhluta. Það kallar á skýringar ef rétt er að því hafi verið haldið fram að ekki væri hægt að fá umrædda tollkvóta bundna t.d. við svínasíður þegar samningur Íslands og ESB var gerður. Alifuglakjötskvóti ESB inn til Noregs er 950 tonn en 1.056 til Íslands. Nautakjötskvóti ESB til Noregs er 2.500 tonn, 696 tonn til Íslands. Sá kvóti er einnig bundinn við einstaka tollflokka nautakjöts. Þá nemur tollfrjáls kvóti sem Noregur veitir ESB fyrir osta 8.400 tonnum. Á móti fær Noregur tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir 7.200 tonn af osti og 4.400 tonn af mysudufti. Norðmenn hafa að vísu aðeins nýtt um 30% af þessum ostakvóta og kvótinn fyrir mysuduftið er enn ekki kominn til framkvæmda.



Erna Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá MS.

Þá hafa löndin átt viðræður um að ESB og Noregur geri samning um gagnkvæma verndun afurðaheita, svipað og Ísland gerði árið 2015, sem leiddi m.a. til sérstakra tollkvóta fyrir slíka osta. Fulltrúar ESB hafa lagt að Norðmönnum að íhuga að taka aftur upp viðræður um þessa viðurkenningu en eins og segir í skýrslu ESB um málið: „Norska sendinefndin útskýrði að hún myndi ráðfæra sig við viðeigandi yfirvöld um möguleikann á að hefja þessar viðræður að nýju."

Það er því af nógu að taka þegar farið er að skoða hvernig þessi tvö lönd hafa skipað sínum málum gagnvart ESB þegar kemur að samningum um viðskipti með landbúnaðarvörur.

***Erna Bjarnadóttir**,*
*verkefnastjóri hjá MS*

Bændablaðið
Kemur næst út
17. desember

BÆKUR & MENNING

# Íslandsdætur

**Íslandsdætur eftir Nínu Björk Jónsdóttur er komin út hjá Sölku. Í henni er sögð saga rúmlega 40 framúrskarandi kvenna sem spanna tímann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag.**




Bókin segir meðal annars frá Hallveigu Fróðadóttur, fyrstu nafnkenndu landnámskonunni, Fjalla-Höllu, sem dvaldi áratugum saman á hálendinu á flótta undan réttvísinni, Vilhelmínu Lever, fyrstu íslensku konunni sem kaus í kosningum (heilum 19 árum áður en konur fengu þann rétt) og Ástu málara, sem einsetti sér að finna starf þar sem hún fengi borgað sömu laun og karlmaður og varð fyrst Íslendinga til að ljúka meistaraprófi í iðngrein. Í bókinni má einnig lesa um fyrstu konurnar sem gerðu ritstörf, myndlist, tónsmíðar, leiklist og höggmyndalist að starfsvettvangi sínum, sem og frá fyrsta kvenprófessornum, fyrstu konunni sem lauk einkaflugmannsprófi, fyrstu konunum sem tóku sæti í borgarstjórn, Alþingi, ríkisstjórn og fyrstu konunni til að verða forseti Íslands. Hér er einnig sögð saga kvenna sem hafa skarað fram úr í íþróttum og listum, hafa ekki látið erfiðar aðstæður stöðva sig eða hafa komist til æðstu metorða á sínu sviði. Yngstu konurnar í bókinni eru rétt að byrja að láta til sín taka.

*Um höfundinn*

Nína Björk Jónsdóttir er með MA-próf í alþjóðastjórnmálum, próf í hagnýtri fjölmiðlun og BA próf í frönsku og stjórnmálafræði. Hún er sendifulltrúi í utanríkisþjónustunni og gegnir í dag starfi forstöðumanns viðskiptaþjónustu, en hefur m.a. starfað í París og Genf. Þá starfaði hún áður sem blaða- og fréttamaður í nokkur ár og var friðargæsluliði á Balkanskaganum.

Hugmyndina að bókinni fékk Nína þegar hún var búsett erlendis ásamt börnum sínum og uppgötvaði að það vantaði bók um merkilegar konur í Íslandssögunni. Íslandsdætur er fyrsta bók Nínu Bjarkar en hún hefur einnig skrifað leikrit sem sett hafa verið upp af áhugaleikfélögum.

Auður Ýr Elísabetardóttir teiknar fallegu myndir bókarinnar. Auður Ýr er myndhöfundur, húðflúrari og sjálfstætt starfandi listakona. Hún lærði myndskreytingar í Academy of Art í San Francisco.





ÆVISAGA STEFÁNS, HREINDÝRABÓNDA Á GRÆNLANDI

Toyota
Betri notaðir bílar

TOYOTA PROACE VERSO LIVE

Skráður 06/2018, langur, 9 sæta, sjálfskiptur, dísil, ekinn 57.000 km.
Fullkominn bíll fyrir stórar fjölskyldur eða í smærri fólksflutninga.

BETRA VERÐ 4.990.000,-



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN




www.comfortslatmat.com

Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGUDÆLUR
HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Ingersoll Rand

**Loftpressur í hæsta gæðaflokki**

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

**Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.**

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 eða sendu línu á gma@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.




KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Z STÁLGRINDARHÚS



Þaulreynd hús við íslenskar aðstæður
Stuttur afgreiðslutími

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Japanir eru frægir fyrir kynbætur sínar og aðdáun á krýsa enda hafa þeir ræktað hana í þúsund ár og þeir hafa gert hann að sínu þjóðarblómi. Myndir / Guðríður Helgadóttir

# Krýsi – tryggðablóm

**Krýsi er skrýtið orð en það hefur náð að festa sig nokkuð vel í sessi í málinu. Það er myndað af latnesku heiti einnar ættkvíslar körfublóma, Chrysanthemum, sem er dregið af forngríska heitinu chrysos (gull) og anthemon sem þýðir blóm. Gullblóm. Eldra íslenskt heiti yfir tegundina er tryggðablóm eða krýsantema, jafnvel prestafífill.**



Íslenskir garðyrkjubændur hafa ræktað krýsa í gróðurhúsum í næstum því hundrað ár og alltaf heldur hann vinsældum sínum.

Við þekkjum margar tegundir skyldar krýsa úr görðum okkar og náttúru en varla kemst nokkur þeirra nærri hinum ræktaða krýsa að blómfegurð. Latneskt heiti tegundarinnar hefur lengst af verið Chrysanthemum morifolium.

### *Eldforn ræktunarjurt*

Krýsi er tegund sem á sér ævalanga ræktunarsögu. Hún hefur verið ræktuð til skrauts að minnsta kosti síðan á tíma Konfúsíusar í Kína og trúlega mun lengur. Japanir eru frægir fyrir kynbætur sínar og aðdáun á krýsa enda hafa þeir ræktað hann í þúsund ár og þeir hafa gert hann að sínu þjóðarblómi. Þar er krýsi bæði ræktaður sem garðplanta og afskorið blóm. Í Evrópu hefur tegundin verið þekkt í ræktun a.m.k. frá 17. öld. Snemma á 19. öld fóru evrópskir blómaáhugamenn að kynbæta krýsa, með ágætum árangri. Nú er krýsi í 6. sæti yfir vinsælustu afskornu blómin í heiminum.

### *Nær hundrað ár í ræktun á Íslandi*

Íslenskir garðyrkjubændur hafa ræktað tegundina í gróðurhúsum sínum í næstum því hundrað ár og alltaf heldur hún vinsældum sínum. Fjöldi afbrigða eru í ræktun, algengust eru svo kölluð „Spray“-afbrigði sem geta myndað fjöldamargar blómgreinar á sama blómstöngli og litaúrvalið er mikið. Einnig eru vinsæl „Standard“ afbrigði sem eru látin mynda eitt stórt blóm á hverri grein. Önnur yrki sem gaman er að nota í blómvendi eru með óvenjulega blómlögun, til dæmis kúlulaga eða hafa löng, þráðlaga smáblóm í körfunni.

### *Krýsi er skammdegisplanta*

Algengt var að garðyrkjubændur ræktuðu krýsa í gróðurhúsum sínum frá því snemma vors og fram eftir hausti. Með vaxtarlýsingu er vel hægt að rækta krýsa allt árið. Tegundin kýs við náttúrulegar aðstæður að blómstra þegar dag tekur að stytta. Til að ná fram blómmyndun á réttum tíma þarf þess vegna að stýra vexti plantnanna með daglengdarstjórnun. Græðlingar eru settir þétt saman í beð og þeim haldið í örum vexti við góð birtuskilyrði þar til plönturnar hafa náð hæfilegum þroska. Þá tekur við tímabil í ræktuninni þar sem plönturnar eru myrkvaðar hluta úr sólarhring. Séð er til þess að birtutíminn verði ekki lengri en 10-11 klukkustundir á sólarhring, til að koma blómmyndun af stað. Myrkvunartíminn getur verið um 2 mánuðir. Myrkvun er ýmist framkvæmd á þann hátt að ljósþéttur dúkur er dreginn yfir beðin kvölds og morgna eða þá að notaður er sjálfvirkur búnaður til að myrkva heil gróðurhús eða ræktunareiningar.

Myrkvun er vel þekkt til að kalla fram blómmyndun skammdegisplantna. Til dæmis eru jólastjörnur meðhöndlaðar á svipaðan hátt til að stýra því hvenær þær fá sinn fallega lit. Það sama á við um nóvember- eða jólakaktus, hann þarf að fá stuttan dag til að blómin njóti sín sem best. Að loknu myrkvunartímabilinu er ekki langt í að plönturnar taki að blómstra.

### *Fjölgað með græðlingum*

Græðlingar eru notaðir til að fjölga krýsa. Þeir eru ræktaðir hjá garðyrkjubændum af sérstökum móðurplöntum sem þarf að meðhöndla á allt annan hátt en þær greinar sem eiga að mynda blóm. Því er algengara að ræktendur, bæði hér á landi og í Evrópu notist við græðlinga sem framleiddir eru nær miðbaug, td. í Afríkulöndum og fluttir hingað með flugi. Ella myndi ræktunin verða óþarflega tafsöm og þannig má halda ræktunarkostnaði og útsöluverði niðri.

### *Íslensk framleiðsla allt árið*

Framleiðendur geta með daglengdarstjórnun og annarri ræktunartækni stýrt framleiðslunni mjög nákvæmlega svo bjóða megi ferskan og fallegan afskorinn krýsa allt árið. Eftir skurð og með réttri meðhöndlun í heimahúsum er hægt að njóta þeirra í 2-3 vikur. Langstæstur hluti krýsa á markaði hér á landi er ræktaður í íslenskum gróðurhúsum.

***Ingólfur Guðnason***
*námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskóla LbhÍ Reykjum, Ölfusi.*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Zebu kýr mjólkuð í Senegal. Þar hafa stjórnvöld lagt áherslu á það undanfarna áratugi að efla þarlendan landbúnað til að gera landið óháð innflutningi og hefur hér sérstaklega í því sambandi verið horft til mjólkurframleiðslunnar. Mynd / afrika-milk.org

# Fagleg ráðgjöf og nýtt erfðaefni hefur gjörbreytt kúabúskapnum í Senegal



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Þróunaraðstoð hefur margs konar birtingarform og algengt er að þeir sem þurfa á aðstoð að halda fái matargjafir, tæki og tól eða annað slíkt sem hefur verið keypt fyrir fjármagn sem hefur tekist að safna. Slík þróunaraðstoð á klárlega rétt á sér í ákveðnum tilfellum en stundum hentar annars konar aðstoð betur.**

Undanfarna áratugi hafa verið ótal þróunarverkefni í gangi í Afríku og hefur árangurinn ekki alltaf verið góður. Ágætt dæmi má nefna frá Túnis þar sem bændum í norðurhluta landsins voru færð tæki og tól til akuryrkju fyrir nokkrum áratugum en verkefnið var fjármagnað af frönskum aðilum. Bændurnir voru auðvitað þakklátir fyrir gjafirnar en það láðist að kenna þeim almennilega að nota tækin og viðhalda þeim og í dag má sjá þessar græjur víða um sveitirnar í Túnis, standandi óhreyfðar vegna vankunnáttu og viðhaldsleysis. Þetta eina verkefni, sem er líklega bara eitt af mörgum, sýnir að þróunarverkefnum þarf að fylgja eftir og vinna upp með annars konar hætti og líklega myndi ekki nokkrum detta í hug að gera svona í dag eins og gert var í Túnis hér á árum áður.

### *Ráðgjöf skilvirkasta þróunaraðstoðin*

Ein skilvirkasta leiðin til að veita þróunaraðstoð er að veita ráðgjöf og kenna verklag til að nýta þær aðstæður sem eru til staðar á þeim stað þar sem verið er að veita þróunaraðstoðina. Þetta er sú leið sem langoftast er farin í dag þegar verið er að þróa mjólkurframleiðslu í þróunarlöndunum og nýverið birtist einmitt um þetta einkar áhugaverð grein, í fagtímaritinu Journal of Dairy Science, um það hvernig staða kúabænda í Senegal hefur gjörbreyst í kjölfar þróunarverkefnis þar í landi.

### *Stóraukin eftirspurn eftir próteinríkri fæðu úr dýraríkinu í Afríku*

Senegal er í Vestur-Afríku og eitt af 54 löndum þessarar heimsálfu sem er hvorki meira né minna en 294 falt stærri en Ísland enda næststærsta heimsálfa í heimi! Senegal er land sem er flokkað sem lág- og meðaltekjuland og er eitt margra landa í Afríku sem eru flokkuð þannig, en með batnandi efnahag í þessum löndum er því spáð að eftirspurn eftir landbúnaðarvörum og þá sérstaklega kjöti og mjólk muni aukast verulega á komandi áratugum. Í dag er eftirspurninni eftir bæði kjöt- og mjólkurvörum í þessum löndum að mestu sinnt af hálfgerðum örbúum og smáframleiðendum innan landanna og svo með innflutningi. Segja má að flest löndin sem búa við þessar aðstæður, þ.e. að sjá fram á stóraukna eftirspurn eftir próteinríkri fæðu úr dýraríkinu, stefni að því að auka verulega framleiðsluna heima fyrir svo löndin verði síður háð innflutningi.



Kýr af afrískum uppruna mjólka oftast afar lítið og oft ekki nema í kringum 10 kíló á dag. Sem kunnugt er mjólka t.d. kýr af Holstein kúakyninu um og yfir 30 kíló á dag og allt upp í rúmlega 50 kíló á dag.

### *Í Senegal er lögð áhersla á að gera landið óháð innflutningi*

Stjórnvöld í Senegal eru gott dæmi um þetta. Þar hefur verið lögð




Senegal, sem er 196.712 km$^2$ sýnist ekki vera stór hluti af Afríku. Landið er samt nærri tvöfalt stærra en Ísland og munar þar 93 þúsund ferkílómetrum og íbúarnir 15,8 milljónir.




Með því að kynbæta Zebu-kúakynið sem bændur nota almennt í Senegal, með öðrum og afurðameiri kúakynjum náðist mestur árangur að jafnaði. Þetta kann að koma á óvart því mörg erlend kúakyn eru mun afurða- og afkastameiri og því hefði mátt búast við að hrein erlend kúakyn hefðu reynst betur en blendingar. Mynd / Africa-milk.org

áhersla á það undanfarna áratugi að efla þarlendan landbúnað til að gera landið óháð innflutningi og hefur hér sérstaklega í því sambandi verið horft til mjólkurframleiðslunnar. Þetta hefur m.a. verið gert með því að heimila innflutning á erfðaefni úr afurðamiklum kúakynjum í þeim tilgangi að auka tekjuflæði smábúa, en kýr af afrískum uppruna mjólka oftast afar lítið og oft ekki nema í kringum 10 kíló á dag. Sem kunnugt er mjólka t.d. kýr af Holstein kúakyninu um og yfir 30 kíló á dag og allt upp í rúmlega 50 kíló á dag að meðaltali. Þetta átak stjórnvalda í Senegal hófst árið 1994 með því að heimila innflutning á erfðaefni en lítið hefur verið gert í því að skoða hvaða áhrif þessi innflutningur hefur haft á afkomu þarlendra kúabúa og fyrir lágu því svo til engar upplýsingar eða tilraunir í landinu um ágæti erfðainnblöndunarinnar og segja má að stjórnvöld hafi einfaldlega tekið áhættuna á því að verkefnið myndi ganga upp og skila sér í bættri stöðu þarlendra kúabúa. Vegna þessarar óvissu var ráðist í sérstakt verkefni til þess að afla nauðsynlegra gagna svo þarlendir bændur gætu tekið upplýsta ákvörðun um uppbygginguna búa sinna með framtíðar hagkvæmni þeirra í huga.

Í þessu verkefni var skoðað sérstaklega hvernig hin mismunandi kúakyn og blendingar hefðu staðið sig á liðnum árum og náði verkefnið til búa sem voru bæði með hreinræktaða gripi og til annarra með blendinga af ýmsum gerðum. Þá var skoðað hvernig ráðgjöf bændurnir hefðu fengið og hvernig bústjórn búanna hefði mögulega breyst í kjölfar ráðgjafarinnar s.s. varðandi notkun og heppilega nýtingu gripanna svo hámarka mætti afurðasemi þeirra. Til þess að fylgjast með árangrinum var í þessu verkefni fylgst náið með 220 kúabúum sem voru með samtals 3.000 kýr, þ.e. hvert bú var með um 14 mjólkurkýr að meðaltali, og náði gagnasöfnunartímabilið til tveggja ára.

### *Blendingar af Zebu-stofni gefa bestan árangur*

Í ljós kom að með því að kynbæta kúakynið sem bændur nota almennt í landinu, kyn sem er af Zebu stofni, með öðrum og afurðameiri kúakynjum náðist mestur árangur að jafnaði. Þetta kann að koma á óvart því mörg erlend kúakyn eru mun afurða- og afkastameiri og því hefði mátt búast við að hrein erlend kúakyn hefðu reynst betur en blendingar.

Skýringin fólst í því að bændurnir sem tóku þátt í verkefninu áttu erfitt með að víkja langt frá fyrri hegðun við bústjórn, sem er nokkuð sem þarf til þegar skipt er algjörlega um kúakyn. Þau bú sem fóru þannig „hálfa leið“ ef svo má að orði komast stóðu sig því best afkomulega séð og náðu að 7,4 falda framleiðni búanna í samanburði við hefðbundin kúabú og hefðbundna bústjórn á kúabúum í Senegal. Þá sýndi það sig í þessu verkefni að þeir bændur sem notuðu hrein erlend kúakyn eða nánast hreinræktaða gripi voru með mestar afurðir en ekki mestan hagnað og var skýringin á því hærri fóðurkostnaður þessara búa í samanburði við þau bú sem notuðu blendinga.

### *Nýir bústjórnarhættir bættu árangur*

Það vakti einnig athygli og ætti raunar ekki að koma á óvart að þeir bændur sem tileinkuðu sér nýja bústjórnarhætti náðu allir bættum árangri og það óháð því hvort þeir voru enn með hið gamla landkyn eða eitthvert af hinum kúakynjunum eða blendingum. Þessi bú juku hagnað sinn frá 2,2 til 2,9 falt á við bú þar sem notuð var hefðbundin bústjórn.

Niðurstöðurnar sýna þannig að bætt fagleg ráðgjöf skilaði sér alltaf í auknum hagnaði búanna sem undirstrikar nauðsyn þess að ekki er nóg að skipta einungis um framleiðslutækin sem slík ef þannig má að orði komast um að skipta um kúakyn heldur einnig að með því að efla almenna þekkingu á kúabúskap skilar það sér beint í bættri afkomu. Fullyrða má að þessi niðurstaða eigi við um allan kúabúskap um allan heim óháð því hvaða kúakyn sé verið að nota eða við hvaða aðstæður.

*Heimild:*
*Journal of Dairy Science Vol. 103 No. 9, 2020.*

**HROSS & HESTAMENNSKA**

# 31 hryssa með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 2020

**Hryssan Þóra frá Prestbæ er í efsta sæti í heiðursverðlaunaflokki fyrir afkvæmi hryssa 2020. Hlaut hún 136 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 129 stig í aðaleinkunn kynbótamats án skeiðs.**

Í öðru sæti á listanum er Happadís frá Stangarholti með 127 stig í báðum kynbótamatsflokkum og Þjóð frá Skagaströnd er í þriðja sæti með 127 í aðaleinkunn kynbótamats og 121 stig í kynbótamati án skeiðs.

Alls hlutu 31 hryssa heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á árinu en til að hljóta verðlaunin þarf hryssan að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn eða aðaleinkunn án skeiðs.



**Þóra frá Prestbæ vermir efsta sæti í heiðursverðlaunaflokki fyrir afkvæmi hryssa 2020.**

Hérna má sjá lista yfir þær hryssur sem náðu þessum merka áfanga á árinu, kynbótamat fyrir aðaleinkunn og aðaleinkunn án skeiðs. Röðun hryssna er eftir kynbótamati aðaleinkunnar, nokkrar hryssur eru jafnar að stigum en röðun þeirra fer þá eftir aukastöfum kynbótamatsins. /HKr.

| Röðun eftir kynbótamati aðaleinkunnar | Fæðingarnúmer | Nafn | Uppruni | Kynbótamat aðaleinkunnar | Kynbótamat aðaleinkunnar án skeiðs |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | IS2003201166 | Þóra | Prestsbæ | 136 | 129 |
| 2 | IS2000236511 | Happadís | Stangarholti | 127 | 127 |
| 3 | IS2002256955 | Þjóð | Skagaströnd | 127 | 121 |
| 4 | IS2005284976 | Vordís | Hvolsvelli | 126 | 126 |
| 5 | IS2001266211 | Myrkva | Torfunesi | 122 | 122 |
| 6 | IS2003265892 | Karitas | Kommu | 122 | 132 |
| 7 | IS2006287105 | Storð | Stuðlum | 122 | 117 |
| 8 | IS2001286003 | Örk | Stóra-Hofi | 122 | 128 |
| 9 | IS1999287759 | Þruma | Hólshúsum | 121 | 126 |
| 10 | IS1997258874 | Hending | Úlfsstöðum | 120 | 130 |
| 11 | IS2000235940 | Vaka | Hellubæ | 120 | 122 |
| 12 | IS1995284600 | Gerða | Gerðum | 120 | 115 |
| 13 | IS1998284011 | Gná | Ytri-Skógum | 119 | 123 |
| 14 | IS2000266019 | Dúsa | Húsavík | 119 | 114 |
| 15 | IS1999286988 | Lady | Neðra-Seli | 119 | 111 |
| 16 | IS2003237209 | Hilda | Bjarnarhöfn | 119 | 114 |
| 17 | IS2000237637 | Alda | Brautarholti | 118 | 124 |
| 18 | IS1999286133 | Nótt | Ármóti | 118 | 114 |
| 19 | IS2000236512 | Kyrrð | Stangarholti | 118 | 127 |
| 20 | IS1995287138 | Urður | Sunnuhvoli | **117** | **123** |
| 21 | IS2001287660 | Gráhildur | Selfossi | 116 | 117 |
| 22 | IS1996286916 | Surtsey | Feti | **116** | **117** |
| 23 | IS1997266640 | Hrauna | Húsavík | 116 | 115 |
| 24 | IS2001287702 | Spóla | Syðri-Gegnishólum | 116 | 109 |
| 25 | IS2002265005 | Esja Sól | Litlu-Brekku | 116 | 106 |
| 26 | IS1995286808 | Tara | Lækjarbotum | 114 | 117 |
| 27 | IS2000284556 | Sveina | Þúfu í Landeyjum | 112 | 116 |
| 28 | IS1994257379 | Elding | Hóli | 112 | 120 |
| 29 | IS2002287811 | Jórún | Blesastöðum | 112 | 117 |
| 30 | IS1995284672 | Gáska | Álfhólum | 110 | 118 |
| 31 | IS1992258442 | Sending | Enni | 108 | 116 |



Tungumálið:

## Pétrísk-íslensk orðabók

**Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins og orðabókarhöfundur, var að senda frá sér 35. útgáfu af Pétrísk-íslenskri orðabók með alfræðiívafi. Umfang og vinsældir bókarinnar hafa aukist jafnt og þétt með hverri útgáfu og allar útgáfur orðabókarinnar selst upp.**




Að þessu sinni hefur séra Pétur bætt við og fundið nýjar merkingar á 270 nýjum orðum.

Til að gefa örlitla mynd af innihaldi bókarinnar verða hér af handahófi sýnd nokkur orð sem Pétur benti á og tengjast mat og landbúnaði.

Arfberi er garðyrkjumaður. Blakkát er át á hesti sem hét Blakkur. Bændablessun er matur þar sem landbúnaðarafurðir eru í hávegum hafður. Frumfóður er himnesk hamingja. Grasekkja er kona látins náttúrulækningamanns. Fjárveitingar er þegar bóndi gefur rollum sínum á garðann. Mjaltabás er standur fyrir rauð- og hvítvínsbeljur. Sullaveikur, maður sem er það veikur að hann sullar yfir sig og skordýr er sá sem skorar mörg mörk í kappleik.

Svona mætti halda lengi áfram og útskýringarnar bráðskemmtilegar. Að vanda rennur allur hagnaður vegna sölu til Kristnilegs félags heilbrigðisstétta. /VH

Myndir af núinu og af æskuslóðum á Vatnsnesi:

## Brot úr spegilflísum

**Brot úr spegilflísum er fyrsta ljóðabók höfundarins, Þórhildar Ólafsdóttur. Í ljóðunum eru dregnar upp myndir af núinu, af sorgum, augnablikum og heiman af æskuslóðum á Vatnsnesinu.**




*ÆTTERNI*

*Fjórar langömmur eins og*
*vera ber. Allar*
*fæddar árið eftir dönsku*
*stjórnarskrána, nema ein,*
*sú tíu árum eldri en skráin.*
*Sveitastelpur,*
*uxu beint upp úr mýrum og*
*móum, eyrum, upp af*
*fjörðum eða við ársprænur*
*þrjár úr Húnavatnssýslum, ein*
*af Árskógsströnd.*
*Ein niðurseta fimm ára, í einhverju*
*Gottorp. Urðu fullorðnar fljótt, það var venjan. Eftir fermingu.*
*Allar nema ein*
*giftust á eðlilegum tíma. Sú varð*
*einstæð móðir.*
*Þrjár misstu börn, nýfædd eða eldri. Eitt barnið*
*framdi sjálfsmorð, fullorðið. Ástarsorg?*
*Bjuggu á sveitabæjum, kotbæjum, hjáleigum, allt*
*komið í eyði fyrir löngu.*
*Tvær misstu menn sína innan við fertugt, sú þriðja*
*kærastann tuttugu og sex ára. Sjóslys, lungnabólga,*
*þetta venjulega.*
*Ein lét elsta barnið alast upp hjá ríka fólkinu*
*hafði verið vinnukona hjá því, vonaðist eftir molum*
*og kannski meiru handa drengnum.*
*Hann fékk mola. Annar sonur dó óskírður, kallaður drengur í*
*kirkjubók.*
*Ein skráð [. . .]*

Útgefandi er Skriða bókaútgáfa. /VH

Bændablaðið
Kemur næst út
17. desember

# Klettaborgin

**Bókaútgáfan Salka hefur gefið út bókina Klettaborgin eftir Sólveigu Pálsdóttur.**




Sólveig Pálsdóttir var ung send í sveit austur í Skaftafellssýslu og dvaldi í mörg ár sumarlangt á bænum Hraunkoti í Lóni. Segja má að tveir heimar hafi búið í Sólveigu alla tíð. Á veturna bjó hún í Vesturbænum en dvaldi einnig löngum á Bessastöðum þar sem afi hennar var forseti Íslands.

Klettaborgin byggir á minningum Sólveigar frá æsku og fram undir tvítugt og persónugalleríið er fjölbreytt. Hún skrifar um fólk og atburði, sem hafa haft áhrif á líf hennar, og lýsir horfnum heimi og annars konar lífsgildum en við þekkjum í dag.

***Dýrmætar minningar um dýrmætar manneskjur***

Sólveig hefur hingað til skrifað glæpasögur við góðan orðstír. Hún hefur sent frá sér bækurnar Leikarinn, Hinir réttlátu, Flekklaus, Refurinn og Fjötrar en fyrir þá síðastnefndu hlaut hún Blóðdropann, verðlaun fyrir bestu glæpasögu ársins 2019. Nú leitar hún á ný mið og rifjar með hrífandi og kærleiksríkum hætti upp atburði frá uppvaxtarárum sínum. Klettaborgin geymir fallegar sögur og dýrmætar minningar um dýrmætar manneskjur.

Nýlega kom Refurinn út á ensku í Bretlandi og hefur bókin fengið frábæra dóma þar í landi. Fjötrar koma út í Bretlandi árið 2021.

***Unnið að gerð sjónvarpsþáttaraðar***

Breskir framleiðendur vinna nú að gerð sjónvarpsþáttaraðar sem byggir á Refnum sem Sólveig sendi frá sér árið 2017. Stefnt er að því að taka þættina upp hér á landi en sögusvið bókarinnar er austurland, nánar tiltekið Höfn í Hornafirði og Lónið. Tina Gharavi hjá Bridge & Tunnel er meðal framleiðanda en hún hefur hefur verið tilnefnd til BAFTA-verðlauna sem og til verðlauna á Sundance-kvikmyndahátíðinni. Nicky Bentham hjá Neon Films kemur einnig að verkefninu en hún hefur unnið að verkefnum sem hafa fengið fjölda verðlauna. Þar má til dæmis nefna kvikmyndina Moon með Sam Rockwell og Kevin Spacey í aðalhlutverkum sem fékk BAFTA-verðlaun og verðlaun sem besta kvikmyndin á British Independant Film Awards og heimildamyndina Taking Liberties sem tilnefnd var til BAFTA-verðlaunanna.

# Hugurinn einatt hleypur minn

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi hefur gefið út bókina „Hugurinn einatt hleypur minn“. Er þessi útgáfa ekki síst áhugaverð fyrir þær sakir að talið var að kveðskapur skáldkonunnar sem fjallað er um í bókinni væri nær allur glataður.**

Bókin er um austfirsku skáldkonuna Guðnýju Árnadóttur og ljóðagerð hennar, en hún var uppi á nítjándu öld.

Guðný var mjög skáldmælt og fékk hún fyrir það auknefnið Skáld-Guðný. Þóra systir hennar var líka skáldmælt, en hún var langalangamma Helga Hallgrímssonar, náttúrufræðings og fjölfræðings á Egilsstöðum.

Helgi fæddist árið 1935 í Holti í Fellum og ólst upp á Arnheiðarstöðum og Droplaugarstöðum í Fljótsdal og nam líffræði, með grasafræði sem aðalgrein, við háskóla í Göttingen og Hamborg 1955–1963. Fékkst hann síðan við margs konar rannsóknir á náttúru Íslands, aðallega vatnalífi og sveppaflóru landsins og hefur ritað bækur um þau efni. Helgi var sæmdur hinni íslensku fálkaorðu árið 2014 fyrir ritstörf og rannsóknir á íslenskri náttúru.


Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur.


Skáld-Guðný – Guðný Árnadóttir.

***Leiðrétting***

*Í prentútgáfu síðasta Bændablaðs slæddist inn sá misskilningur að téður Helgi væri fyrrverandi vegamálastjóri. Það er ekki rétt og eru allir viðkomandi beðnir velvirðingar á þeim misskilningi.*




***„Hraðkvæðust“ Íslendinga***

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur og Rósa Þorsteinsdóttir rituðu um ævi Guðnýjar í þessari bók og skáldskap hennar. Bjuggu þau kvæðin einnig til prentunar ásamt Magnúsi Stefánssyni, ritstjóra bókarinnar.

Var talið að hún hafi líklega verið „hraðkvæðust“ Íslendinga að Símoni Dalaskáldi undanskildum, að því er fram kom í skrifum Benedikts Gíslasonar 1948. Þrátt fyrir það hefur lítið verið ritað um þess skáldkonu og var talið að kvæði hennar væru týnd og aðeins þekktar fáeinar vísur eftir hana. Þannig var hvergi minnst á Guðnýju í skrifum Stefáns Einarssonar í ritinu „Austfirsk skáld og rithöfundar“ sem út koma 1964.

Í bók sinni Völuskjóðu frá 1957 birti Guðfinna Þorsteinsdóttir (Erla) frá Teigi í Vopnafirði þátt um Guðnýju sem endurprentaður var í ritsafni Erlu 2013. Þar segir.:

„Guðný Árnadóttir hefur verið merk kona á sinni tíð. Þó að fátt eitt kunni enn að lifa á vörum fólks hér eystra sem ber því vitni. Stökur þær og kviðlingar sem hún mælti af munni fram við dagleg störf, eru nú flestar fallnar í gleymsku, enda hafa þær verið börn augnabliksins, ortar af gnægð hagmælskunnar, til að stytta sér og öðrum stundir, en ekki með tilliti til skáldfrægðar eða launa.“

Það þóttu því mikil tíðindi árið 1990 þegar í leitirnar komu fimm nokkuð löng kvæði eftir Guðnýju, í gömlu kvæðahandriti í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum. Var það kvæðahandrit ættað sunnan úr Nesjum í Hornafirði. Um sama leyti kom í ljós að eitt kvæði Guðnýjar var í handriti í Handritadeild Landsbókasafnsins. Árið 2019 gerðist það svo að Rósa Þorsteinsdóttir rakst á nokkur kvæði eftir Guðnýju á segulbandsspólu í þjóðfræðasafni Árnastofnunar. Eftir frekara grúsk hjá ættingjum Guðnýjar í Lóni og Hornafirði komu átta til níu mislöng kvæði, þar á meðal ljóðið „Ágrip ævinnar“ þar sem skáldkonan rekur æviferil sinn í stórum dráttum. /HKr.


Bjarni Harðarson, rithöfundur og útgefandi.

## Ný bók eftir Bjarna Harðarson, rithöfund og útgefanda:

# Síðustu dagar Skálholts

**Höfundur færir hér í letur ósegjanlega sögu af ringulreið við endalok Skálholtsstóls 1796. Brugðið er upp mynd af bekkingum skólapilta, lénsveldi Stefánunga, mannfelli förufólks, hinum sannheilaga Eilífagvendi og uppsveitadrjólum sem reyna að koma á byltingu.**

Barátta hefst með deilum milli hreppstjóra Biskupstungna og Skálholtsbiskup um samastað eins hreppsómaga. Málið kemur fyrir Alþingi á Þingvöllum og dagar þar uppi. Í kaflanum hér á eftir bregður höfundur upp mynd af íslenskum byltingarmönnum sem koma vígreifir heim á Skálholtsstað.

Síðustu dagar Skálholts eru lokaþáttur þríleiksins sem hófst með bókunum Í skugga drottins og Í Gullhreppum sem hlutu báðar afburða viðtökur lesenda.


Valgerðarkirkja.

***Bændauppreisn***

„Þegar það spyrst út um Skálholtssveitir að stiftskista Skálholts sé alfarin upp í Borgarfjörð verður kurr meðal almúga. Vinnufólk staðarins veit ekki lengur hvar það er niðurkomið því að ekki getur staðurinn Skálholt verið annarstaðar en þar sem stiftskistan er. Og sé hún farin þá hefur staðurinn farið með henni.




Herra Finnur Jónsson gleðst ósegjanlega þegar hann heyrir að ferjustrákur á Spóastaðaferju hafi vísað frá norskum hégómamönnum sem komu frá því að sjá goshverina á Söndunum. Þeir hefðu næst viljað sækja heim sögustaðinn Skálholt en strákurinn sagt þeim að halda áfram götuna og fara norður fyrir Mosfell og þá fyndu þeir á endanum Skálholt, það væri þar einhverstaðar. Þangað hafði hann séð farið með kistuna mánuði fyrr. Sumir sögðu reyndar að mennirnir væru ekki norskir heldur skoskir og enn aðrir að þarna hefðu verið breskir tignarmenn.

Háæruverðugum superintendant Skálholtsstiftis þykir það allt jafn hlægilegt og gott. Best sé að þetta hafi verið þrír mismunandi hópar sem allir dvelji nú norðan við Mosfell og leiti Skálholts. Mikils sé til að vinna að umferð hégómamanna afleggist enda geti hún hreinlega fordjarfað þetta viðkvæma og erfiða land. Tímasóun af þessu tagi sé heldur aldrei Guði þóknanleg og nær því að vera til háborinnar skammar fyrir þá menn sem svona fara um.

En það er ekki allt sem þessu fylgir ábati, og hvarf vísibiskups og stiftskistunnar vekur upp hina áður kulnuðu bændauppreisn Jóns Illugasonar. Kvis um að stólsjarðirnar yrðu nú seldar undan heiðarlegum landsetum hefur til þessa verið sem hvert annað fjarstæðutal ráðleysingja. En úr því að Skálholt er ekki lengur þá horfir allt uggvænlega. [. . .]

Eftir þessa ræðu verður löng þögn á kirkjuhlaðinu. Þegar frá líður sammælast þeir sjö karlar sem eftir eru af upprunalegum flokki að bíða þess að kirkjupresturinn Frant frá Hrepphólum eða einhver önnur standspersóna eigi hér leið um. Nei, þeir ætla ekki að blanda einhverri vinnumannsskepnu eða kvenmannsvæflu í þetta vandasama mál, fortakslaust ekki. Og foringjarnir monsjör Páll og bóndinn Eiríkur skorast báðir undan því að fara fylgdarlaust og án boðs á fund biskups, þess gamla gæflynda herra sem er í aldurdómi og mest við rúmið. Og þeir sjálfir sekir menn. Það finna þeir enn betur þegar þeir hafa nú skilið sitt samlag við skálkinn Jón Illugason.

Þeir hafa nú hummað utan við kirkjudyr í hálfra aðra eykt og farið er að kula á þessum síðsumarsdegi. Skálholtshlöð eru vita mannlaus á þessum Drottins degi, enginn maður rekur svo mikið sem nefið út og undir kvöld gefa mennirnir þetta allt frá sér. Draga sig af stað upp á sína Sultarsveit. Þeir nátta sig flestir miðsveitis og eru komnir heim úr erindisleysu sinni um miðjan mánudag.

Og þó halda þetta áfram að vera hinir harðfengu uppsveitardrjólar sem guðhræddu og lítilsigldu fólki í neðri byggðum stendur stuggur af.“ /VH

# Kindasögur, 2. bindi

**Hjá bókaútgáfunni Sæmundi á Selfossi er nú komin út bókin Kindasögur, 2. bindi, eftir Aðalstein Eyþórsson og Guðjón Ragnar Jónasson. Fyrra bindi Kindasagna kom út á síðasta ári og hlaut afbragðsgóðar viðtökur landsmanna.**

Höfundarnir eru áhugamenn um sögur og sauðfé og þeir segja kindasögur vera merkilega grein íslenskrar sagnaskemmtunar sem eigi sér langa sögu en endurnýist þó sífellt með breyttum tímum og búskaparháttum. Hér á eftir fer textabrot úr bókinni.

***„Fjárbúskapur í borginni“***

Árið 1964 kom svo að því að Alþingi samþykkti lög sem heimiluðu stærri kaupstöðum að banna eða takmarka búfjárhald innan sinnar lögsögu og í framhaldi af því setti Reykjavíkurborg reglur sem bönnuðu sauðfjárhald í borginni nema með sérstöku leyfi yfirvalda. Fjárborgin við Blesugróf fékk þó að standa áfram í bili en brátt fór byggðin að þrengja að henni. Þegar stjórnvöld, verkalýðshreyfing og atvinnurekendur tóku höndum saman árið 1965 um að byggja í Breiðholti varð einsýnt að Fjárborgin var fyrir nýrri byggð. Árið 1966 varð samkomulag um að flytja hana upp á Hólmsheiði en ekkert varð úr því þegar borgaryfirvöld hættu við á síðustu stundu á þeim forsendum að fjárhús á þessum slóðum ógnuðu vatnsbólum. Fjáreigendur mótmæltu hástöfum og bentu á að hestamenn hefðu hindrunarlaust fengið úthlutað landi sem teldist sömuleiðis innan vatnasvæðis Reykjavíkur og væri bágt að sjá hvernig sauðatað gæti verið meiri mengunarvaldur en hrossaskítur. Þá væri alkunna að hrossataði væri sturtað í bílförmum upp í Heiðmörk til uppgræðslu og áburðar, alveg upp við vatnsbólin.




En nú var svo komið að garðeigendur virtust njóta meiri samúðar í borgarstjórninni en fjáreigendur og yfirvöldum varð ekki haggað.

Þess má geta að árið 1980 var fyrrnefnd heimild sveitarfélaga til að takmarka búfjárhald rýmkuð með lögum svo hún náði líka til smærri þéttbýlisstaða. Um þær mundir hafði Alþingi einnig til meðferðar frumvörp um fækkun refa og minka og um framleiðslu smjörlíkis. Við umræður um búfjárhaldsmálið komst Stefán Jónsson alþingismaður svo að orði:

Herra forseti. Hér er að vísu á döfinni mál sem ég er andvígur. Ég er alinn upp í sjávarþorpi og kynntist þegar í æsku þessu dýrlega afbrigði íslensku sauðkindarinnar, garðrollunni, sem var kölluð stökkrolla á Austfjörðum, þar sem ég ólst upp, eða klifurrolla, því að sum afbrigði hennar hafa lært að klifra upp girðingarstaura. Það mun vera um þessi sérstöku afbrigði sauðkindarinnar líkt og um forustuféð að þeim afbrigðum er ekki til að dreifa í öðrum löndum. Ég er því mótfallinn að stuggað sé við þessu fé eða gerðar ráðstafanir til að útrýma því. Ég mun þó ekki gera það að úrslitaatriði nú á síðustu þingdögum. En hin tvö fyrri málin eru þess háttar, sem hér eru á dagskrá, að ég fylgi þeim eindregið. Ég er þeirrar skoðunar, að smjörlíki, þó vont sé, sé þess háttar að við komumst ekki hjá því að framleiða það og megi gera þær breytingar sem um er rætt. Ég tel einnig að við eigum að stuðla að fækkun refa og minka. Ég vík því til hæstv. forseta að við afgreiddum öll þessi mál í breyttri röð við 3. umr. ef það mætti koma því þannig til leiðar að refirnir yrðu þá látnir annast útrýmingu garðrollunnar og við gætum eitrað að svo búnu fyrir þá með smjörlíki.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Lífræn hreinsistöð




• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

# Jeep Compass Trailhawk bensín/rafmagnsjepplingur



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is




**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.770 kg |
| Hæð | 1.640 mm |
| Breidd | 1.870 mm |
| Lengd | 4.400 mm |

Jeep Compass Trailhawk. Myndir / HLJ

**Fyrstu tvinn-bílarnir frá Jeep sem eru með fjórhjóladrif, hátt og lágt drif og eru með hærra undir lægsta punkt en 20 cm eru komnir í sölu hjá Ísband. Um síðustu helgi gafst mér tækifæri á að prófa einn af þessum bílum, en fyrir valinu var Jeep Compass Trailhawk.**

### *Stuttur prufuakstur en bíllinn kom verulega á óvart*

Þegar ég kom að bílnum var hann fullhlaðinn á bílastæðinu fyrir utan Ísband og ekkert annað en að drífa sig af stað áður en næsta él skylli á.

Í upphafi var ekið á rafmagninu og á 90 km hraða var bíllinn hávaðamældur áður en að bensínvélin færi í gang. Mér til furðu þrátt fyrir lítinn bíl á grófum ónegldum vetrardekkjum mældist hávaðinn inni í bílnum ekki nema 67,4 db. Þessi bíll er að mælast betur en flestir rafmagnsbílar sem ég hef prófað (oftast mælast rafmagnsbílar á bilinu 68-71db).

Sætin í bílnum sérlega góð, fljót að hitna. Hitinn í stýrinu var kærkominn á þessum kalda laugardegi, en bíllinn var fljótur að hitna að innan.

Alls keyrði ég bílinn ekki nema um 60 km og þar sem snjór er yfir öllu var ekki hægt að prófa bílinn á holóttum malarvegi.

Þess í stað prófaði ég bílinn á frosnum slóða og fannst virknin í fjórhjóladrifinu fín og bíllinn lipur í slóðaakstri þó svo að ég hefði viljað reyna betur á fjöðrunina.

Í lok bíltúrsins hafði ég ekið á rafmagninu um 25 km og eftir á rafhlöðunni var 22% sem er uppgefið 7 km.




Hann kom vel út á grófum grjótslóðanum.



Snjóstillingin virkar eins og hún á að virka.

### *Margar stillingar á drifbúnaði*

Eins og áður sagði er bíllinn fjórhjóladrifinn, með hátt og lágt drif. Sjálfskiptingin er 6 gíra, en stillingarnar á skiptingunni eru sex; Auto, sport, snow, sand, mud og rock. Ég prófaði allar þessar stillingar og munurinn var mikill.

Að taka af stað í hálum snjónum í „snow“ stillingunni er þannig að bíllinn einfaldlega tekur ekki spól á neinu hjóli. Þetta er fyrsta „snow“ stillingin sem virkilega virkar af þeim bílum sem ég hef prófað til þessa.

Í sport-stillingunni er skemmtilegast að keyra, en þá dettur rafmagnsmótorinn út og 240 hestafla bensínvélin er hættulega fljót að henda bílnum á „ökuleyfissviptingarhraða“.

Mest keyrði ég á „auto-stillingunni“, þá var rafmagnið inni, en uppgefin drægni á fullri rafhlöðu eru 50 km. Í kulda gæti ég trúað að það sé eitthvað styttra (u.þ.b. 30 km mundi ég halda).

Þegar komið er í miklar torfærur þá kemur lága drifið sér vel og þegar það er komið á er hægt að læsa hjólum og setja „rock-stillinguna“ á.

### *Bara plúsar, fann engan mínus*

Oft hef ég talið upp plúsa og síðan mínusa, nú ber svo við að ég fann ekki neina mínusa á þessum tæpu 70 km sem ég ók bílnum.

Það sem ég var hrifnastur af voru þessar sex stillingar á skiptingunni fyrir mismunandi aðstæður og hrifnastur var ég af virkni á snjóstillingunni.

Ljósin kvikna allan hringinn, hitinn í stýrinu, bíllinn fljótur að hitna, öll sætin eru þægileg í að sitja, 230 W tengill fyrir lítil rafmagnstæki er í bílnum.

Öryggisbúnaðurinn er mikill. Akreinalesari, blindhornsvörn, árekstravari, hraðastillir, bílastæðaaðstoð (leggur sjálfur í stæði) og margt fleira.

Ég vil banna varadekkslausa bíla, en þessi bíll er með fullbúið varadekk (man ekki eftir rafmagns/bensínbíl sem ég hef prófað og var með fullbúið varadekk).



Öll sætin eru þægileg og meira að segja miðjusætið aftur í er það líka.



Alvöru varadekk.

Ef eitthvað væri til að gefa mínus þá er það verðið á bílnum, en ódýrasti Jeep Compass Limited bíllinn er á 5.999.000. Bíllinn sem ég prófaði kostar 6.499.000, en í honum er svo mikið af góðum búnaði að það er ósanngjarnt af mér að kvarta undan verðinu og fyrir vikið sem sagt, enginn mínus.




Það eru ekki margir bílar sem bjóða upp á 230 V 150W rafmagn.




Hljóðvistin var með því besta sem mælt hefur verið inni í bíl sem ég hef prófað.

Þetta verð miðast við forsöluverð, en vegna veikingar á gengi og hækkunar á VSK um áramótin næstu verður einhver hækkun frá þessu verði. Vilji einhver fræðast meira um bílinn þá má finna meiri upplýsingar um Jeep á vefsíðunni www.jeep.is.

Lely Center Ísland



Baggaspjót

**Reykjavík:** Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Stundum sárnar manni hvert eldsneytisskattpeningarnir fara


Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum umræðan um hættulegt malbik síðan í sumar eftir að banaslys var rakið til malbiks sem ekki stóðst kröfur og var orsök slyssins. Það sem færri vita er að þessar kvartanir bifhjólafólks hefur verið árlegar síðan á síðustu öld, en ég sem mótorhjólamaður síðastliðin rúm fjörutíu ár kannast vel við kvartanir um lélegt malbik fyrir okkur mótorhjólafólk.**

Við höfum bent á hættur ítrekað nánast á hverju ári síðan ég byrjaði mína mótorhjólamennsku fyrir 1980. Allir sem kaupa eldsneyti borga af því skatt til vegagerðar og vegabóta, en oft finnst manni þessi peningur fara annað en þangað sem hann á að fara.

*Blæðingar í malbiki gera vetrardekk gagnslaus í hálku og snjó*

Fyrir rúmri viku síðan átti ég erindi norður í land og þar sem veðurspáin virtist vera að hætta væri á snjókomu og hálku á þeim fjallvegum, setti ég nagladekkin undir bílinn minn. Eftir að hafa keyrt yfir Holtavörðuheiði tók ég eftir að töluverð tjara hafði safnast á dekkin þegar ég stoppaði í Staðarskála, það var lítið við þessu að gera annað en að halda áfram.

Á Blönduósi voru komnir tjöruklepprar á öll dekk og eftir var Öxnadalsheiðin. Áfram var haldið og upp á heiðinni var búið að snjóa það mikið að ekki sást í malbik og ekki enn byrjað að skafa. Gripið í nýju negldu dekkjunum mínum var nánast ekkert, sérhannað vetrarmunstrið var fullt af tjöru og ef ekki hefðu verið naglar í dekkjunum hefði ég verið í slæmum málum. Þarna kom vel í ljós nauðsyn nagla við þessar aðstæður, en þrátt fyrir naglana var bíllinn mjög laus á veginum því að vetrardekkja-eiginleikar dekkjanna voru ekki neinir vegna tjöru.

Svona blæðingar eru of algengar víða um land og þarf að bæta úr ef ekki á að verða slys, en fólk verður að geta treyst á að ekki safnist tjara í munstrið á dekkjunum á láglendi áður en haldið er á hærri vegi sem á er snjór og hálka.

*Ljótar myndir á spjallsíðum atvinnubílstjóra og áhugasamra um bættar samgöngur*

Í verði af hverjum lítra af eldsneyti fer samkvæmt lögum viss upphæð til vegagerðar og vegabóta og okkur sem notum vegi landsins sárnar alltaf hvað lítið er hlustað á vegfarendur þegar kvartað er út af slæmu ástandi vega. Síðustu árin hafa reglulega verið birtar myndir frá bílstjórum sem hafa lent í miklum blæðingum úr malbiki á veturna. Að fara með svona dekk á hálar heiðar er einfaldlega stórhættulegt og er ekki spurning um hvort heldur bara hvenær það verður svo alvarlegt slys af völdum þess að öll landsbyggðin verður í áfalli.

Það verður að hlusta á þessar kvartanir og vinna bót á þessu sem fyrst því að þetta ástand er ekki boðlegt, það er einfaldlega grátlegt að vera búinn að fjárfesta í bestu fáanlegu vetrardekkjunum og svo virka þau ekki vegna tjörublæðinga.

*Ábendingar hunsaðar og ekkert gert fyrr en umræðan er í öllum fjölmiðlum*

Oft hefur maður hlustað á Ólaf Guðmundsson umferðarsérfræðing í fjölmiðlum kvarta undan hörmulegu ástandi vega, en það er eins og ekkert sé hlustað á Ólaf og hans ráðleggingar. Oftar en ekki finnst manni að orð hans séu túlkuð á þann veg að hann viti ekkert hvað hann er að segja. Ekkert gert til að bæta og laga þær ábendingar sem hann gefur.

Fyrir nokkru síðan hóf mótorhjólaklúbburinn Sturlungar í Hafnarfirði söfnun til að bæta vegmerkingu á þeim stað sem félagi þeirra lést í slysi sumarið 2019.

Afskaplega dapurt fyrir ríkisfyrirtæki að lítill mótorhjólaklúbbur þurfi að taka af skarið og safna fé upp á eigin spýtur til að bæta vegmerkingar svo að ekki verði annað slys á staðnum þar sem þeir misstu félaga sinn.

Það var ekki fyrr en að söfnunin var komin í fjölmiðla að Vegagerðin merkti hættuna þrátt fyrir að í bráðabirgðaskýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa var bent strax á þessa hættu 2019, en nú haustið 2020 er búið að merkja hættuna, meira en ári eftir fyrstu ábendingar.

Söfnunarfé Sturlunga verður gefið á Grensásdeild þar sem Vegagerðin er búin að merkja hættuna, en mikið vildi ég sjá Vegagerðina gefa sömu upphæð á Grensásdeildina, bara svona til að laga aðeins neikvæða umræðu í þeirra garð. Í áframhaldi vona ég að Vegagerðin skoði alvarlega blæðingavandamál þjóðvega á landsbyggðinni áður.


Merkingar á slysadegi.


Tillaga Sturlunga sem þeir ætluðu að safna fé til og merkja.


Núverandi merking Vegagerðarinnar rúmu ári eftir slys og mikla baráttu félaga hins látna.



Það er grátlegt að vera búinn að fjárfesta í bestu fáanlegu vetrardekkjunum og svo virka þau ekki vegna tjörublæðinga.




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
kemur næst út 17. desember
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



**Þóra er fædd og uppalin í Enniskoti. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga og haft gaman af því að sinna búverkum. Eggert er fæddur á Akureyri en uppalinn á Laugum í Reykjadal. Hann var mikið í sveit þegar hann var krakki og í vinnumennsku þegar hann varð eldri. Þóra og Eggert fluttu árið 2015 í Enniskot og tóku svo við búinu af föður Þóru 2018.**

**Býli:** Enniskot.

**Staðsett í sveit:** Víðidal í Húnaþingi vestra.

**Ábúendur:** Þóra Björg Kristmundsdóttir og Eggert Örn Kristjánsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Þrír synir, Helgi Freyr, 10 ára, Kristján Ingi, 4 ára, Arnar Friðrik, 1 árs, 3 hundar, Bessi, Tryggur og Týr.

**Stærð jarðar?** Jörðin er um 290 ha og þar af rúmir 60 ræktaðir.

**Gerð bús?** Blandaður búskapur og smá verktaka.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 140 nautgripir, holdakýr og kálfar, 115 kindur, 24 hross og 16 endur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Við erum bæði í skólaakstri á veturna, svo við byrjum nú flesta daga á því að koma börnunum í skólann. Þegar það er búið þá er kannski fengið sér einn kaffibolli og einhverja næringu áður en við förum að líta eftir dýrunum.



Arnar Friðrik að klappa Púka sem er veturgamall ljúflingur.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er nú misjafnt hvað okkur finnst skemmtilegast. Þóru finnst skemmtilegast að velja sér ásetninga og sauðburðurinn en Eggert finnst nú best að vera bara í traktornum.

Leiðinlegast, það er sennilega að moka út úr andakofanum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Kannski svipaðan dýrafjölda, bara með enn betri aðstöðu.






Kristján Ingi og Helgi Freyr í Zetornum frægu.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara?** Við teljum að það séu mikil tækifæri í aukningu á nautakjötsframleiðslu með kynbótum á holdastofninum.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, smjör og haframjólk.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Gamla góða lambalærið með brúnni sósu, sultu, kartöflum og baunum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar miðjuguttinn okkar stakk af rétt rúmlega eins árs (var farinn að labba 10 mánaða og hlaupa 12 mánaða) eftir að hafa verið með okkur úti að brasa. Svo tökum við eftir því að hann er ekki með okkur og allir fá sjokk og fara að leita! Við leitum og köllum á hann en ekkert svar og allir orðnir mjög stressaðir. Þá allt í einu fer pabbi hans að horfa hærra og sér að litli kútur er hæstánægður uppi í gömlum Zetor, sem var úti á túni, að leika sér.

## MATARKRÓKURINN

# Lamba „t-beinsteikur“ og eggjakökur



**Bjarni Gunnar Kristinsson**
matreiðslumeistari

**Nú þegar gott úrval er af fersku lambakjöti, getur verið sniðugt að elda „t-bein steik“ úr lambakjöti, einnig kölluð kótiletta með lund. Það er góður skammtur í réttri stærð fyrir einn einstakling. Klofnir hryggir með lund hafa meðal annars verið seldir í Costco.**

### Kryddlögur

- 1 ½ msk. hakkaður skallotlaukur
- 1 ½ msk. hökkuð flatblaða steinselja
- 1 msk. hvítlauksrif hökkuð fínt
- 1 msk. hakkað rósmarín
- 1 msk. graslaukur
- ½ bolli olía
- 8 t-beinsteikur úr lambi, hryggjastykki með lund). Ef keyptur er heill, klofinn hryggur þarf að skera gegnum hrygginn með þungum hníf.
- salt
- pipar
- ostur
- graslaukur, timjan (valfrjálst)

*Aðferð*

1. Hrærið saman saxaðan skallotlauk, hvítlauk og kryddjurtir með olíu í bökunarfati sem er nógu stórt til að rúma allt lambakjötið. Setjið kjötið í löginn, veltið því upp úr marineringunni Hyljið kjötið og kælið í að minnsta kosti fjórar klukkustundir og upp í einn dag, snúið einu sinni eða tvisvar.
2. Takið steikurnar út klukkustund áður en þið ætlið að elda það, annaðhvort á pönnu eða grilla á svölum í frosti eða á grillpönnu.
3. Hitið grillpönnu að meðalhita. Þurrkið umfram marineringu af með pappír, kryddið síðan ríkulega með salti og pipar. Grillsteikum er snúið einu sinni, alls 10 til 12 mínútur eldunartími fyrir miðlungs eldun (60 gráður á hitamæli sem er svo látið hvíla). Flytjið hverja steik á fat, bætið við osti að eigin vali og látið bráðna yfir. Látið hvíla í fimm mínútur áður en þið framreiðið með meðlæti að eigin vali. Skreytið með graslauk eða garðablóðbergi.



### Eggjakaka

Eggjakökur, gerðar úr þeyttum steiktum eggjum í fitu á pönnu, hafa líklega verið borðaðar í Evrópu síðan á miðöldum. Þær má brjóta saman, velta þeim eða elda þær eins og pönnukökur, bornar fram fylltar með áleggi eða hreinar.

### Eggjakökur frá nokkrum löndum

Það eru hundruð afbrigða af eggjakökum og eggjakökuréttum um allan heim, þar á meðal:

- **Tamagoyaki:** Japönsk upprúlluð eggjakaka úr þunnum eggjalögum sem hefð er fyrir að elda á rétthyrndri pönnu.
- **Omurice**: Vinsæl eggjakaka líka frá Japan, fyllt með steiktum hrísgrjónum og borin fram með tómatsósu.
- **Masala-eggjakaka**: Indverskar masala-eggjakökur eru búnar til með lauk, chili, tómötum og kóríander.
- **Khai Jiao**: Stökkar og gómsætar taílenskar eggjakökur með fiskisósu.
- **Oyster eggjakaka**: Þessir taívönsku eggjakökur eru pakkaðar með ostrum og laufgrænu og þykktar með sætri kartöflu eða tapioka-sterkju. Þær eru bornar fram með hlaupasósu úr meiri sterkju, tómatsósu og sojasósu.
- **Kartöflu tortilla**: Extra þykk spænsk eggjakaka lagskipt með kartöflum, bakað á kringlóttri pönnu og borið fram við stofuhita.
- **Frittata**: Svipaðar spænskum kökum, ítalskar frittatas eru þykkar og bakaðar, en þær er að finna með hvaða fyllingu sem er, oft hvað sem er í boði og árstíðabundið.
- **Franskar eggjakökur**: Ameríska orðið eggjakaka kemur frá frönsku eggjakökunni, sem er með ljúfri, létteldaðri miðju. Látlaus réttur ef þú telur ekki hvað er mikið magn af smjöri sem hún er böðuð í.

### Hvernig á að fylla og bera fram eggjaköku?

Eggjakökur eru mildar einar og sér, svo þær eru fullkominn grunnur fyrir alls konar fyllingar, þar á meðal er sígilt: beikon, skinku í teningum, pylsu, mjúkum geitaosti, eða rifnum osti, spínati, lauk og papriku. Stráið yfir eldaða eggjaköku með smá hakkaðri ferskri steinselju eða graslauk til skrauts eða dreypið með heitri sósu eða tómatsósu fyrir bragðlauka. Berið fram eggjakökur í morgunmat með ristuðu brauði, kjötkássu eða ávaxtasalati. Köld eggjakaka passar frábærlega með einföldu grænu salati.

### Ráð til að búa til fullkomna dúnkennda eggjaköku

Góð loðfrí panna og sveigjanlegur gúmmíspaði eru bestu verkfæri til að búa til eggjaköku, sem er alræmd fyrir að vera viðkvæm og klístruð við eldun.

Reynið að nota skírt smjör (mjólkin tekin neðst eftir bræðslu), sem hefur hærri hitanæmi en venjulegt smjör, til að steikja eggjakökur sem eru stökkar og smjörkenndar en ekki brenndar.

Þegar þú ert að þeyta eggin, þeyttu þar til þau eru að fullu komin saman, án hvítra ráka, en hafið þær ekki of freyðandi (nema þið séuð að reyna að búa til eggjaköku-souffle).

Hægt er að sía eggjablönduna í gegnum fína möskvatrekt til að fá extra slétta áferð.

Penslið yfirborðið kökunnar eftir eldun með smá smjöri, fyrir gljáandi ytra byrði.

Borið fram strax eftir eldun, eggjakökur verða gjarnan gúmmíkenndar ef þær sitja of lengi.

- 2 stór egg



- salt, eftir smekk
- Nýmalaður svartur pipar, eftir smekk
- 1½ msk. ósaltað smjör, við stofuhita (eða ólífuolíu)
- 2 msk. ostur eða önnur fylling, sem er valfrjáls
- ½ matskeið saxaðar ferskar krydd-jurtir, svo sem graslaukur eða steinselja (valfrjálst)

1. Notið gaffal til að slá eggin, klípa af salti og nokkrir snúningar af nýmöluðum svörtum pipar, þeytið alveg þangað til blandan er komin saman, um það bil 30 sekúndur.
2. Á loðfrírri pönnu, hitið matskeið af smjöri yfir meðal háan hita þar til það verður aðeins freyðandi. Dreifið úr smjörinu á pönnunni. Hellið eggjunum út á pönnuna og notið gúmmíspaða og hrærið eggjunum hratt og stöðugt hringlaga eða í átt að miðju pönnunnar og skrapið stundum niður brún pönnunnar. Þegar eggin eru næstum soðin í botninum en samt hlaupandi að ofan, fjarlægið þau af hitanum og látið hvíla í mínútu. Bætið fyllingu við, ef hún er notuð, og brjótið eggjakökuna varlega saman.
3. Hallið pönnunni til að auðveldara sé að renna eggjakökunni varlega yfir á disk og toppið með ½ matskeið af smjöri og kryddjurtum.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Ástarvettlingar

**Prjónaðir ástarvettlingar og lúffur fyrir dömur og herra úr DROPS Eskimo. Stykkið er prjónað með mynstri með hjörtum.**

DROPS Design: Mynstur nr EE-292 og nr EE-293

**LÚFFA:**

**Stærð:** S (M/L)

**Garn:** DROPS ESKIMO (fæst í Handverkskúnst)

- Rauður nr 08: 150 (150) g
- Rjómahvítur nr 01: 50 (50) g

**ÁSTARVETTLINGAR:**

**Stærð:** S (M/L)

**Garn:** DROPS ESKIMO (fæst í Handverkskúnst)

- Rauður nr 08: 150 (150) g
- Rjómahvítur nr 01: 50 (50) g

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 7 (stærð S) eða nr 8 (stærð M/L) – eða þá stærð sem þarf til að 12L og 16 umf í sléttu prjóni (stærð S) eða 11L og 15 umf í sléttu prjóni (stærð M/L) verði 10x10 cm.

Sokkaprjónar nr 6 (stærð S) eða nr 7 (stærð M/L) – fyrir stroff.

Úrtaka: Byrjið úrtöku 1 lykkju áður en komið er að merki í hvorri hlið: Setjið 1L á hjálparprjón fyrir aftan stykkið, takið 1L óprj, setjið lykkju af hjálparprjóni aftur á vinstri prjón, prjónið 2L slétt saman, lyftið óprj lykkjunni yfir = fækkað um 2L. Endurtakið úrtöku í hvorri hlið vettlings = fækkað um 4L í umferð.

**Ástarvettlingur:**

Stærð S er prjónuð á sokkaprjóna nr 6 og 7.

Stærð M/L er prjónuð á sokkaprjóna nr 7 og 8.

Stroff á vettlingum er prjónað hvort fyrir sig. Síðan er lúffan/vettlingurinn settur saman og prjónaður áfram sem eitt stykki. Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna.

Fitjið upp 21L á sokkaprjóna nr 6 eða 7 með rauðu. Prjónið 1 umf sl, prjónið síðan stroff 1 sl/2 br. Þegar stykkið mælist 8 cm er prjónuð 1 umf slétt JAFNFRAMT er aukið út um 9L jafnt yfir (aukið er út með því að slá uppá prjóninn eftir ca aðra og 3. hverja lykkju) = 30L.

Í næstu umf er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt, þ.e.a.s. prjónað er aftan í lykkjubogann til þess að koma í veg fyrir göt). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 7 eða 8. Prjónið M.1 yfir allar lykkjur. Prjónið nú 1 umf með rauðu JAFNFRAMT er síðasta lykkja felld af = 29L. Setjið allar lykkjur á þráð. Prjónið 1 stroff fyrir lúffu alveg eins.

Setjið stroffin saman á sokkaprjóna nr 7 til 8. Prjónið 1 umf sl yfir allar lykkjur = 58L.







Setjið eitt prjónamerki í 29. lykkju og síðustu lykkju í umf (= miðja að framan og miðja að aftan). Haldið áfram í sléttu prjóni, JAFNFRAMT í síðustu umf er lykkjum fækkað hvoru megin við prjónamerkin – SJÁ ÚRTAKA Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf alls 5 sinnum = 38L. Prjónið 1 umf án þess að fækka lykkjum. Setjið 2 ný prjónamerki í stykkið, í 10. og í 29. lykkju talið frá miðju að framan (= í hvora hlið). Í næstu umf er lykkjum fækkað hvoru megin við nýju prjónamerkin – SJÁ ÚRTAKA Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf alls 8 sinnum = 6L eftir.

Klippið frá, þræðið þráðinn í gegnum þær l sem eftir eru og herðið að. Festið vel.

**Frágangur:** Saumið saman lykkjurnar yst efst á strofii.

**Lúffa/ur**

Stærð S er prjónuð á sokkaprjóna nr 6 og 7.

Stærð M/L er prjónuð á sokkaprjóna nr 7 og 8.

Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna. Fitjið upp 21L á sokkaprjóna nr 6 til 7 með rauðu. Prjónið 1 umf sl, prjónið síðan stroff 1L sl/2L br. Þegar stykkið mælist 8 cm er prjónuð 1 umf slétt JAFNFRAMT er aukið út um 3L jafnt yfir (aukið er út með því að slá uppá prjóninn eftir 7. hverja l. Í næstu umf er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt, þ.e.a.s. prjónað er aftan í lykkjubogann til þess að koma í veg fyrir göt) = 24L. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 7 til 8. Prjónið M.1 yfir allar lykkjur. Setjið eitt prjónamerki í 9. lykkju. Þegar M.1 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina er haldið áfram með rauðu þar til stykkið mælist 14 cm. Aukið nú út með því að slá uppá prjóninn hvoru megin við lykkju með prjónamerki fyrir þumal. Í næstu umf er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt. Endurtakið útaukningu í næstu umf = 5L fyrir þumal. Prjónið 2 (3) umf án útaukninga. Setjið síðan 5 þumallykkjur á þráð. Fitjið upp 1 nýja L fyrir aftan L á þræði = 24L. Setjið tvö prjónamerki í stykkið, í 1. og í 13. lykkju (= hliðar).

Haldið áfram í sléttu prjóni. Þegar stykkið mælist 24 (26) cm er fækkið lykkjum hvoru megin við l með prjónamerki – LESIÐ ÚRTAKA! Endurtakið úrtöku í hverri umf alls 5 sinnum = 4L eftir.

Klippið frá, þræðið þráðinn í gegnum þær l sem eftir eru og herðið að. Festið vel.

ÞUMALL:

Setjið 5 þumallykkjur aftur til baka á sokkaprjóna nr 7-8. Prjónið upp 5L aftan við þumal = 10L. Haldið áfram hringinn í sléttprjóni þar til þumallinn mælist 5 (6) cm. Setjið tvö prjónamerki í þumalinn, í 1. og í 6. L (= hliðar). Í næstu umf er lykkjum fækkað hvoru megin við lykkjur með prjónamerki. Endurtakið úrtöku í næstu umf = 2L eftir.

Klippið frá, þræðið þráðinn í gegnum þær l sem eftir eru, herðið að og festið vel.

HÆGRI VETTLINGUR:

Fitjið upp og prjónið eins og vinstri vettlingur, nema spegilmynd. Setjið prjónamerki í 4.L fyrir útaukningu á þumli.

**Hekluð snúra** (einungis fyrir lúffur):

Heklið 120 cm langa snúru með ll með 2 þráðum af rauður á heklunál nr 10. Snúran er saumuð föst að innanverðu á hvora lúffu við hlið á þumli.












**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | 5 | | | 8 | 2 |
| | 3 | | 9 | | 4 | | 1 | |
| 7 | | 5 | 8 | 1 | | | 4 | |
| | | | 5 | 8 | | 2 | | 4 |
| 5 | | 9 | 4 | | 6 | 3 | | 1 |
| 1 | | 4 | | 7 | 9 | | | |
| | 1 | | | 3 | 7 | 5 | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | | 3 | |
| 2 | 5 | | | 9 | | 4 | | 7 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 5 | | | 3 | 6 | | 8 |
| | | 3 | | 6 | | 7 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 3 | 9 | |
| 3 | 2 | | | 9 | 8 | | | |
| | 5 | | | | | | 8 | |
| | | | 1 | 7 | | | 3 | 4 |
| | 4 | 6 | | | 5 | 8 | 1 | |
| | | 7 | | 2 | | 4 | | |
| 1 | | 9 | 6 | | | 2 | | 7 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | | | |
| | | 5 | | 8 | 1 | | 4 | 7 |
| 1 | 3 | | | | | | 6 | 8 |
| | | | | | 4 | 5 | | 3 |
| | | 3 | | | | 6 | | |
| 4 | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | 1 | | | | | | 3 | 2 |
| 6 | 5 | | 2 | 7 | | 9 | | |
| | | | | 1 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | 4 | | | 3 |
| 3 | | 6 | 1 | | | 2 | | |
| | 4 | | | | 2 | | | |
| 8 | | 4 | | 6 | 3 | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | 7 | 2 | | 4 | | 5 |
| | | | 3 | | | | 7 | |
| | | 8 | | | 1 | 9 | | 6 |
| 7 | | | 2 | | | | 8 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Fór í eina af bröttustu vatnsrennibrautum á Tenerife

**Kristján Hrafn, eða Krummi eins og hann er alltaf kallaður, býr á Ísafirði og æfir fótbolta með Vestra og handbolta með Herði. Fjölskyldan á nokkrar kindur sem á sumrin ganga um fjöllin fyrir vestan og á haustin er skemmtilegt að smala þeim aftur heim.**



**Nafn:** Kristján Hrafn Kristjánsson.

**Aldur:** 12 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Á Ísafirði.

**Skóli:** Grunnskólinn á Ísafirði.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Mexíkóskt lasagna.

**Uppáhaldshljómsveit:** Imagine dragons.

**Uppáhaldskvikmynd:** Harry Potter og Jumaji.

**Uppáhaldsbókin þín?** Harry Potter.

**Fyrsta minning þín?** Veit ekki.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Fótbolta og handbolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Atvinnumaður í fótbolta eða handbolta.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Ég fór í eina af bröttustu vatnsrennibrautum á Tenerife.

**Hvað verður skemmtilegt að gera í vetur?** Fara á skíði.

**Næst »** Kristján Hrafn skorar á frænku sína, Hildigunni Sigrúnu, að svara næst.

FISKNYTJAR & NÁTTÚRA

# Litlu laxastofnarnir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur

**Á árinu 2017 birtu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar skýrslu þar sem sýnt var fram á innblöndun eldislaxa við litla laxastofna á vestanverðum Vestfjörðum. Í framhaldinu kom fram í umræðum áhyggjur vísindamanna um áhrif umfangsmikils laxeldis í sjókvíum á villta laxastofna. Bent var á mikilvægi þess að vakta þessa stofna.**



Valdimar Ingi Gunnarsson.



Hvannadalsá 3.

### *Rannsóknir á litlu stofnunum*

Í tengslum við uppbygginguni laxeldis á vestanverðum Vestfjörðum voru stofnar laxfiska kortlagðir á árunum 2015 og 2016 af Hafrannsóknastofnun. Í fyrri rannsókninni voru rannsakaðar 16 veiðiár og fannst lax í 11 ám og í 6 þeirra var lax ríkjandi tegund. Niðurstöður bentu til að útbreiðsla laxa væri að aukast í ám á vestanferðum Vestfjörðum og ummerki um hrygningu og samfellda nýliðun í mörgum þeirra. Í seinni rannsókninni voru einnig skoðaðar 16 veiðiár og var lax ríkjandi tegund í 10 þeirra. Í þessum tveimur rannsóknum fundust laxaseiði í 15 veiðiám en þó í mjög mismiklu mæli. Niðurstaðan var að rannsóknirnar bentu „til að víða megi finna allsterka laxastofna á svæðinu“. Jafnframt bentu greinahöfundar á að „þær grunnupplýsingar um útbreiðslu og seiðaþéttleika laxfiska sem fengist hafa í rannsóknunum tveimur munu gagnast við að meta mögulega áhrif fiskeldis á villta stofna á Vestfjörðum“.

### *Tjón á búnaði í Arnarfirði*

Á síðustu árum hefur verið rekið umfangsmikið laxeldi á vestanverðum Vestfjörðum, aðallega af Arnarlaxi. Tíð tjón á búnaði skv. upplýsingum frá Matvælastofnun verkur athygli (tafla 1). Arnarlax og önnur laxeldisfyrirtæki eiga að vinna eftir búnaðarstaðlinum NS 9415 sem er ætlað að koma í veg fyrir eða draga verulega úr líkum á tjóni á búnaði og mögulegum slysasleppingum. Tvö tjón á ári hjá Arnarlaxi getur ekki talist eðlilegt og vakna ýmsar áleitnar spurningar en það er utan efnistaka þessarar greinar.

### *Slysasleppingar og vöktun*

Það er ekki vitað til þess vöktunarrannsóknir á laxastofnum í Arnarfirði hafa verið framkvæmdar af Hafrannsóknastofnun frá árinu 2017 þar sem umfang laxeldis í sjókvíum hefur verið mest á síðustu árum. Í þessu samhengi er athyglisvert að rannsóknafyrirtækið Laxfiskar í samstarfi við heimamenn hefur sé ástæðu til að vakta þrjár veiðiári í Ketildölum í Arnarfirði frá árinu 2015. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um í hve miklu mæli eldislax slapp úr eldiskvíum Arnarlax á árunum 2018-2020. Einu viðbrögðin við þeim slysasleppingum voru þau að sett voru út net við eldiskvíarnar til að veiða þann fisk sem slapp. Slík ráðstöfun gefur litlar eða engar upplýsingar um umfang slysasleppinga og er því í reynd hrein sýndarmennska þegar litið er til nauðsynlegra mótvægisaðgerða við slysasleppingum. Í löndum þar sem slysasleppingar eru teknar alvarlega sem umhverfisvandamál er þeim sem valdur er að slysi gert að fjármagna aðgerðir til að vakta hvort eldislax sæki upp í nærliggjandi veiðiár og jafnframt að fjarlægja allan strokulax. Á Íslandi fá umhverfissóðarnir að njóta sín í skjóli laga um fiskeldi þar sem áhættumat erfðablöndunar leikur aðalhlutverkið. Þetta er íslenska leiðin og það er með ólíkindum að slík vinnubrögð séu látin viðgangast.

| Tafla 1. Tilkynningar Arnarlax á tjóni á búnaði á árunum 2018-2020, skv. upplýsingum frá Matvælastofnun. |
|---|
| ***Apríl 2020:*** Tilkynning frá Arnarlaxi (Fjarðalaxi) miðvikudaginn 15. apríl um gat á nótarpoka einnar sjókvíar Arnarlax við Eyri í Patreksfirði. |
| ***Apríl 2020:*** Tilkynning frá Arnarlaxi fimmtudaginn 2. apríl um þrjú göt á nótarpoka einnar sjókvíar við Hringsdal í Arnarfirði. |
| ***Ágúst 2019:*** Tilkynning frá Arnarlaxi (Fjarðalaxi) föstudaginn 16. ágúst um gat á nótarpoka einnar sjókvíar Arnarlax við Laugardal í Tálknafirði. |
| ***Janúar 2019:*** Tilkynning um gat á nótarpoka einnar sjókvíar Arnarlax við Hringsdal í Arnarfirði þann 22. janúar. |
| ***Júlí 2018:*** Tilkynning frá Fjarðalaxi (Arnarlax) um fisk utan kvíar og gat á nótarpoka sjókvíar fyrirtækisins að Laugardal í Tálknafirði að morgni 6. Júlí. |
| ***Febrúar 2018:*** Tilkynning frá Arnarlaxi þann 12. febrúar um að tjón hefði orðið daginn áður á tveimur sjókvíum fyrirtækisins, annarri í Laugardal Tálknafirði og hinni í Hringsdal Arnarfirði. Mörg göt á netpokum fundust annarrar kvíarinnar og í hinu tilvikinu var innri flothringur brotinn. |

### *Er erfðablöndun viðvarandi?*

Alþingi Íslendinga heimilaði erfðablöndun á íslenskum laxastofnum með að samþykkja áhættumat erfðablöndunar á árinu 2019, eina landið í heiminum þar sem opnað er fyrir slík í lögum svo vitað sé. Skv. rannsóknum Hafrannsóknastofnunnar frá árunum 2015 og 2016 var sýnt fram á innblöndun eldislaxa í sex af 16 veiðiám á vestanverðum Vestfjörðum þar af þrjár í Arnarfirði; Selárdalsá, Sunnudalsá og Mjólká. Áhættumati erfðablöndunar gerir ráð fyrir því að tekin séu sýni til erfðarannsókna til að vakta mögulega innblöndun eldislaxa í veiðiám í Arnarfirði og þá eingöngu í Selárdalsá en niðurstöður vöktunar hafa ekki verið birtar svo vitað sé. Vandamálið er að það er ekki til nein skilgreining á því hve mikil erfðablöndunin má vera til þess að hún sé óásættanleg fyrir villta laxastofna. Svo er það annað mál að viðmiðið ætti að vera að það væri óásættanlegt að erfðablöndun mældist í villtum íslenskum laxastofnum og allt ætti að vera gert til að koma í veg fyrir hana.

### *Vantar vöktun á hlutfalli eldislaxa?*

Í áhættumati erfðablöndunar er eitt viðmiðið að hlutfall eldislaxa í veiðiám megi ekki vera meira en 4%. Í úttekt vísindanefndar á áhættumati erfðablöndunar sem nú liggur hjá Alþingi er m.a. bent á að 4% viðmið sé of hátt fyrir litla laxastofna og vöktunin eins og hún er lögð fram í áhættumati erfðablöndunar sé ekki nægilega umfangsmikil. Það er með ólíkindum að áhættumat erfðablöndunar geri ekki ráð fyrir skipulagðri vöktun í litlu laxveiðiám í Arnarfirði þrátt fyrir umfangsmikið laxeldi í firðinum. Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar hefur í samvinnu við heimamenn haldið úti vöktun á þremur veiðivötnum í Arnarfirði frá árinu 2015, og þar hefur komið fram að hlutfall eldislaxa er langt yfir viðmiðunarmörkum. Jafnframt hafa verið send sýni af laxi sem veiðst hefur í Mjólká til Hafrannsóknastofnunar sem staðfestu fjölmarga eldislaxa en þar er engin vöktun framkvæmd af stofnunni. Áhyggjur vísindamanna Hafrannsóknastofnunnar sem komu fram fyrir nokkrum árum síðan virðast ekki vera til staðar lengur þrátt fyrir tíðar slysasleppingar í Arnarfirði. Hér má spyrja hvort áhættumat erfðablöndunar sé hindrun í vegi þess að Hafrannsóknastofnun framkvæmi fullnægjandi vöktun á laxastofnum í Arnarfirði þar sem slík vöktun er ekki fyrir hendi fyrir tilstilli annarra rannsóknaðila? Því geta vísindamennirnir eða Hafrannsóknastofnun best svarað.

### *Blendingar geta dreift erfðablöndun*

Sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar hefur bent á í fjölmiðli að „Erfðablöndun getur dreifst út fyrir eldissvæðin með strokulöxum úr eldi en einnig vegna blendinga villts lax og eldislax frá eldissvæðum. Rannsóknir sýna einmitt að blendingar hafa verri rötun en villtur lax og geta því gengið í ár til hrygningar langt frá sinni heimaá“. Það er óheppilegt að ekki sé fylgst með því hvað er að gerast á vestanverðum Vestfjörðum, vaktað hvort innblöndun eigi sér áfram stað og ef hún er til staðar að koma í veg fyrir að blendingar nái að dreifa og valda erfðablöndun yfir stærra svæði. Það er töluvert erfiðara að greina blendinga en eldislax og því skynsamlegt að leggja áherslu á vöktun á eldislaxi í veiðiám og koma í veg fyrir frekari dreifingu.

### *Hugsanlegar skaðabætur til veiðiréttareigenda*

Það getur komið upp sú staða að veiðiréttareigendur laxveiðiáa krefjist skaðabóta ef fram kemur í rannsóknum veruleg erfðablöndun. Hafrannsóknastofnun lagði til 50.000 tonna framleiðsluheimild á vestanverðum Vestfjörðum á árinu 2017 sem var samþykkt á Alþingi árið 2019 án þess að viðeigandi mótvægisaðgerðir væru gerðar til að koma í veg fyrir erfðablöndun. Ef fram kemur í rannsóknum áframhaldandi erfðablöndum á litlu laxastofnunum á vestanverðum Vestfjörðum getur Hafrannsóknastofnun útvegað veiðiréttareigendum gögn sem styðja málsókn þeirra og skaðabótakröfur á þeim forsendum að upptaka áhættumats erfðablöndunar sem stjórnsýslutækis hafi valdið erfðablöndun á villtum laxastofnum.

### *E.t.v. skynsamlegt að taka engin sýni*

Í áhættumati erfðablöndunnar eru lagðar til umfangsmiklar framleiðsluheimildir og aðferðafræði sem geta falið í sér brot s.s. á lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Í raun gefið norskættuðum strokulöxum frjálsan aðgang að veiðiám til að hrygna með íslenskum löxum í litlum veiðiám. Niðurstaðan gæti hugsanlega verið sú að íslenska ríkið þurfi að greiða skaðabætur til veiðiréttareigenda. Það er því e.t.v. best fyrir Hafrannsóknastofnun að taka engin sýni til erfðarannsókna úr litlum laxastofnum á vestanverðum Vestfjörðum.

### *Fórna til að skapa ávinning*

Vinnubrögð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi var mjög ábótavant og komu margar mjög alvarlegar athugsemdir við meðhöndlun málsins hjá Alþingi á árunum 2018 og 2019 m.a. veiðiréttareigendur á vestanverðum Vestfjörðum og rannsóknafyrirtækið Laxfiskar án þess að neitt hafi verið tekið tillit til þess. Í þessum átökum voru það fulltrúar laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila sem hömpuðu sigri enda var mikið lagt undir. Til að ná þeim fjárhagslegum ávinningi sem stefnt var að þurfti að fórna m.a. litlu laxastofnunum á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er með ólíkindum að svona vinnubrögð viðgangist á 21. öld hvorki íslenskir náttúru eða laxeldi í sjókvíum til hagsbóta þegar horft er til framtíðar.

*Valdimar Ingi Gunnarsson*
*Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.*

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

KAUPFÉLAGIÐ
MEÐ JÓNI GNARR

Hlustaðu á hlaðvarp Bændablaðsins á vefnum bbl.is og Soundcloud

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 56 30 300
Bændablaðið


# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarmála á Grænlandi óskar eftir garðyrkjufræðingi í Upernaviarsuk frá og með 1. febrúar 2021 eða eftir samkomulagi. Rannsóknarstöðin í Upernaviarsuk er í um 10 km siglingafjarlægð frá Qaqortoq í suðvesturhluta landsins. Á staðnum eru 10 íbúar, þar af 3 fastir starfsmenn við Sauðfjárvarðaskólann, einn á garðyrkjustöðinni ásamt aðstoðarfólki á ákveðnum tímabilum. Óskað er eftir sjálfstæðum garðyrkjufræðingi til að reka gróðurhús og garðyrkju utandyra, ræktun á grænmeti og blómum ásamt fjölærum plöntum, trjám og runnum í vermireitum. Reynsla af plönturannsóknum er kostur. Svæðið utandyra er um 2.500 fermetrar, um 150 fermetrar af vermireitum og um 70 fermetrar af upphituðu gróðurhúsi. Laun eftir hæfni og samkomulagi, ferðir og húsnæði. Umsóknir skulu sendar til Hans Hansen hjá ráðgjafarmiðstöðinni á Postboks 153, 3920 Qaqortoq, Grønland eða í símum +299 642306 og +299 534935, tölvupóstar info@nunalerineq.gl og hans@nunalerineq.gl fyrir 1. febrúar 2021.

terra

Terra umhverfisþjónusta auglýsir eftir umsjónarmanni jarðgerðarfyrirtækisins sem staðsettur yrði í höfuðstöðvum þess að Berghellu 1 í Hafnarfirði. Nauðsynleg réttindi, meirapróf og vinnuvélarréttindi. Nauðsynlegir eiginleikar; dugnaður, áhugi á umhverfismálum, geta til að vinna sjálfstætt, frumkvæði, umbótahugsun og hæfni til að vinna í hópi. Öll kyn eru hvött til að sækja um. Allar nánari upplýsingar gefa Sigurjón Guðmundsson, sigurjon@terra.is og/eða Arngrímur Sverrisson, arngrimur@terra.is



Nugent rúlluskeri með plastgrípara. Verð kr. 548.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com. Stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Mercedes Benz Atego 1542, tækjaflutningabíll. Sjálfskiptur, ekinn 500.000 km. Fastur pallur og loftdrifnar sliskjur. Burðargeta 8 tonn. Spil á palli. Góður bíll sem hefur fengið gott viðhald. Fast verð 4,9 mill. kr +vsk. Nánari uppl. í s. 692-9003.



Ifor Williams Kerra, 2020 árgerð, mjög lítið notuð. Eiginþyngd er 1150 kg og getur borið 2350 kg, heildarþyngd má vera 3500 kg. Afturhurðir er bæði hægt að opna hver fyrir sig til hliðar, eða opna fleka niður og nota sem ramp. Dekkjastærð 155/70R12c kerran er skráð og skoðuð, næsta skoðun er 2024. Verð. 1.950.000 kr. +vsk. Frekari upplýsingar er hægt að fá í skilaboðum eða í s. 846-1850.




Nugent Power skúffur. Öflug græja á þrítengi. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Erum að taka niður pantanir í sænskar snjókeðjur. Flestar stærðir fáanlegar. Uppl. Búvís í s. 465-1332.



Úrval af Tiki kerrum. Verð frá kr. 198.000 án vsk. Búvís, sími 465-1332.



Nýleg 9.500 l. Belmac haugsuga. Mjög lítið notuð. Sjálfvirkur áfyllibúnaður. Vökvaknúin dæla. Verð kr. 2.900.000 +vsk. vallarbraut.is - s. 454-0050.



Öflug Nugent hesta/gripakerra. Með milligólfi og skilrúmum. Verð 1.980.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Ný 110 kW rafstöð Cummins sem er sérhönnuð sem varaafl. Erum tilbúnir að taka þátt í flutningskostnaði til kaupanda. Helstu upplýsingar um stöðina veitir Máni í Rafey ehf. í s. 895-1916.



Vagnasmiðjan auglýsir: Eigum til flotta Hardoxskúffu á trailervagn. Botnplata sem nær upp á miðjar hliðar (50 cm), upp í gegn um allar beygjurnar er úr 8 mm. Hardox 450 stáli. Fram, afturgafl og hliðar, 5 mm. Hardox 450 stál. Fæst á gamla verðinu, aðeins kr. 2,5 millj. auk vsk. Til afgreiðslu strax. Einnig sterkar og ódýrar krókgrindur: Án gámalása, kr. 280.000 +vsk. Með gámalásum, kr. 380.000 +vsk. Styðjum íslenskan iðnað. Veljum íslenska framleiðslu. Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000 og 650-7373.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámokstursstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



VW-Touareg, 10/2004, 2,5 dísel, ekinn 235000 km. Dráttarbeisli. Mjög gott ástand. Verð 850.000 kr. Uppl. í s. 897-8600.



Scania 113, 360 4x4 árg. ´94. Nýskoðuð, í toppstandi. Verð: 1,3 mill. kr. +vsk. Uppl. í s. 694-8187.


VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -


Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 865.000 kr. + vsk


Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 983.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 995.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 1.130.000 kr. + vsk


Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Án festinga
3,6m Verð: 1.390.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.490.000 kr. + vsk

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga


Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 129.000 kr. + vsk


Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 299.000 kr. + vsk


Fjölplógur, 3p festing
VB-3200A, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.290.000 kr. + vsk


Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr. + vsk


Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.480.000 kr. + vsk

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Tokvam®
Styrkur og gæði frá Noregi



Fjölplógur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- & sanddreifari, TSA2100
Vinnslubreidd: 1-10 metra.
Þyngd 1.070 kg / 4.220 kg
Mesta magn 2,1 m3. Glussadrif.



Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



Snjóblásari F150 THS
Fyrir 25-45 hp vél.
Vinnslubreidd 150 cm.
Þyngd 260 kg.



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.
260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Desember tilboðspakki á Cortec vörum fyrir viðhald og rekstur á vélum og tækjum kr. 12.900 +vsk. Inniheldur 5 mismunandi vörur: Ep 2 grease, superpenetrant ryðleysi, Electricorr hreinsi og ryðvörn fyrir rafmagn, VpCi 369 þunn ryðvörn og VpCi 368 vax ryðvörn. Sendum að kostnaðarlausu um allt land. Uppl. í síma 692-7573/ jon@cortaekni.is



Kia sportage árg. 2016, nýr á götuna 2017. Einn eigandi, ekki bílaleigubíll, frábært eintak. Beinskiptur, dísel, keyrður 61.000 km, bakkmyndavél, gps. Uppl. í s. 780-1331.




Verdo gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg. Í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13-16.30 -www.brimco.is




Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Lítið notaður Halvorsen olíuketill til sölu. Verðhugmynd 4 millj. kr. Árg. 2004. Afköst 2.000 kg gufu/klst 12barg. Staðsettur í Hafnarfirði. Uppl. veitir Helgi í s. 898-2267 eða á helgi.laxdal.helgason@tempra.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Mercedes Benz B árg. 2007, sjálfskiptur og ekinn 123.000 km. Vel við haldið og lítur vel út. Vetrardekk og álfelgur. Verð 690.000 kr. Uppl. í síma 864-2395.



Til sölu notuð bílskúrshurð með mótor og braut, á Akureyri. Hún er 252 cm breið og 220 cm há. Myndir inni á Finnstaða fésbókar síðunni. Uppl í síma 868-1330.



Kia Sorento Ex, árg. 2006. Ekinn 213.000 km. Nýskoðaður 2021. Dísel, 170 hestöfl. Sumar- og vetrardekk. Dráttarkrókur (aftengjanlegur). Reyklaust tæki. Bíll í góðu standi. Verð 650.000 kr. Uppl. í s. 865-0653.



Epoke SH4900 sand- og saltdreifari með pækiltanka, með skammtastýringu. Árgerð 2014. Allar nánari upplýsingar í s. 892-1157.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís, sími 465-1332.



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2", 3", 4". Aflgjafar: rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Fjögur negld Michelin sóluð vetrardekk á felgum til sölu á vörubíl 285-70-19,5. Nánari upplýsingar í s. 892-1157.



Til sölu Recaro-barnabílstóll, lítið notaður. Uppl. í síma 893-2761.



Til sölu gamall trénegldur viðarskápur, um 100 ára gamall. Verðtilboð. Uppl. í síma 893-2761.



20 og 40 feta gámar til sölu. Uppl. í síma 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Matador - Continental brand 225/70 R 16, 225/65 R 16 C, 235/65 R 16 C; 215/70 R 17, 255/55 R 18,XL 250/55 R 19 XL. Tilboð. Sími 820-1071 og kaldasel@islandia.is



Sanddreifari sjálfmokandi með tjakk. 106 cm vinnslubreidd: kr. 470.000 án vsk. 126 cm vinnslubreidd: kr. 490.000 án vsk. 146 cm vinnslubreidd: kr. 510.000 án vsk. 186 cm vinnslubreidd: kr. 575.000 án vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Lagerskúffur fyrir stóra og smá hluti. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Umfelgunar- og jafnvægisstillingavélar, lyftur sem lyfta 30 cm, notaðar, til sölu. Sími 820-1071 og kaldasel@islandia.is




Snjótönn 165 cm með festingaramma. Vökvastýrð hæðarstilling og beygja. Kr 175.000 +vsk. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 gr. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Afkastamiklir kurlarar frá kr. 165.000 +vsk. Átta sortir í boði, með bensínvél eða fyrir traktorinn. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is - sími 896-5486.



VW Passat 2.0 4x4 árg. 2002. Ekinn aðeins 147.000 km. Einn eigandi frá upphafi. Beinskiptur. Heilsársdekk. Gott viðhald og lítið slitinn bíll. Skoðaður 10/2021. Uppl í s. 893-6818 (Baldur). Er í Reykjavík. Ásett 250.000 kr.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Nýjar gúmmímottur til sölu. Einnig 225/55 R 17, 225/55 R 16 vetrardekk á frábæru verði. Uppl. 773-0614 og á haraldur.matej@gmail.com



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 bar, flæði 21 l/mín. 700 bar, flæði 15 l/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterk og vönduð smíð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Nugent rúllugreiparnar eru komnar aftur. Verð kr. 169.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Nugent vélakerra 3.500 kg. Pallstærð 3,7 x 1,84 m. Verð kr. 1.100.000+vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485 með vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Krone Comprima CV 150 XC x-treme fastkjarna sambyggð rúlluvél. Árgerð 2016. Notkun 15.700 rúllur. CCI 200 isobus snertiskjár, 26 hnífar, netbindibúnaður. Nýtt aftara belti 2019. Vélin alltaf geymd inni. Til sölu Krone Comprima V 150 XC x-treme fastkjarna stök rúlluvél. Árgerð 2016. Notkun 24.200 rúllur. Delta snertiskjár, 17 hnífar, netbindibúnaður. Nýtt aftara belti 2019. Vélin alltaf geymd inni. Uppl. í síma 866-6766.



Rafdrifnir salt- og sanddreifarar aftan á pallbíla. Tvær stærðir, 900 og 1.200 lítra. Innbyggður pækiltankur. Dreifibúnaður úr ryðfríu stáli. Dreifimagni stýrt með GPS tengdum búnaði. Til afgreiðslu með stuttum fyrirvara. Allar nánari upplýsingar í s. 568-1504.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 x 200 x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.




Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Til sölu Göweil rúllupökkunarvél. Árg. 2005. Notkun 53.000 rúllur. Alsjálfvirk. Pakkar með tveimur plastkeflum. Getur verið aftaní rúlluvél ef vill. Vélin alltaf geymd inni yfir veturinn. Getur pakkað 160 cm rúllum. Uppl. í síma 866-6766.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsum. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Eigum ávallt til sturtukerrur á lager. 3.500 kg, 8 tonna tjakkur. Verð frá kr. 1.280.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Tiki kerra, tilvalin fyrir fjárflutninga kr. 715.700 án vsk. Háar grindur kr. 138.457 án vsk. Búvís - sími 465-1332.



Hitahanskar! Í sleðasportið, buggytúrinn, á skíðum eða bara í sveitina. Upphitaðir hanskar. Fást í netverslun www.509.is



Til sölu Volvo FLL árg. 2008, keyrður 240.000 km. Bíll í mjög góðu standi, fengið topp viðhald. Kælivél, kassi sem er 6 m og vörulyfta, virkar allt mjög vel. Má laga krossvið í gólfi. Ásett verð kr. 2,2 mill. +vsk. Tilboð óskast. Frekari uppl. gefur Helgi í síma 825-2130.



Jólagjöfin í ár - gefðu gjöf sem gefur! Glæný stór steypuhrærivél sem tekur allt að 300 lítra til blöndunar. Græjan er framleidd í Evrópu og með Honda bensínvél í frábærum gæðum. Aðrar týpur mögulegar í sérpöntun, sjá á: www.partis.is Upplýsingar í s. 858-4755 eða partis@partis.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is












**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*










Skarðsstrandarrolla og Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal. Skemmtiefni. Menningarefni. Sölusími 861-8993 og finnbh@simnet.is, Finnbogi Hermannsson.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Ifor Williamskerra til sölu. Árg. 2017. Tvískiptur hleri. Kerra í góðu standi. Verð 1.300.000 kr. Uppl. í s. 865-0653.



Jólagjöfin í ár. Stærð 45x30 cm. Verð 5.900 kr. Sendum um allt land. Skoðaðu úrvalið á lavaland.is - sími 773-4249.



Öflug Nugent hesta/gripakerra. Heildarþyngd 3.500 kg. Verð 1.520.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við kaup & flutning á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi /Evrópu til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. Erum á Facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719 og á sudurengland@gmail.com



Hattat 113 hö Perkins mótor 56.600 kr. pr. hestafl Sennilega ódýrustu hestarnir :-) Verð kr. 6.400.000 +vsk. vallarbraut.is - s. 454-0050.



Stórar gjafagrindur. Auðveldar í flutningi. Verð kr. 177.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Sænskur Glimakra trissu vefstóll, ásamt skeiðum og höföldum til sölu á sanngjörnu verði. Símar 848-2462 og 892-3305.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Lengdir 4,8/5,1/5,4 m Verð kr. 265 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Timbur 25x150 mm. 182 stk. 4,5 m og 139 stk. 5,4 m. Verð kr. 240 lm m/vsk. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhaukssonehf@simnet.is

Weckman þak- og veggjastál. 0,5 mm galv. kr. 1.550 fm. 0,45 mm litað kr. 1.590 fm. 0,6 mm galv. kr. 1.890 fm. 0,5 mm litað. kr. 1.990 fm. Öll verð með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Svefnbekkur frá Kristjáni Siggeirssyni, málaratrönur, skanni (myndvarpi). Ísskápur, uppþvottavél, hvíldarstóll. 5 skápar með skúffum og gleri mismunandi háir og breiðir frá Híbýlaprýði. Stór standlampaskermur. Tveir tekk bókaskápar. Svört kápa og ljós selskapsjakki, hvort tveggja nýtt og nr. 44. Uppl. í s. 864-7670 og 553-4430.

## Óska eftir

Rúlluplastvél fyrir plast 75 cm í góðu standi. Uppl. í síma 834-8444.

## Atvinna

Ábyrgur 14 ára drengur frá Selfossi óskar eftir því að komast í vinnu á kúabúi á Suðurlandi um helgar og í skólafríum. Hann hefur reynslu af að vinna á kúabúi með röramjaltakerfi og vinnu á liðlétting, Ferguson, Völtru, Case og Ford. Uppl. gefur Dís í s. 849-5060.

## Veiði

Til sölu eru veiðileyfi í hrúta. Veiðin fer fram í Skagafirði á tímabilinu 1. október 2021 – 31. október 2021. Einungis verður selt eitt leyfi á dag og er verð hvers leyfis 1.499 bandaríkjadollarar. Frekari upplýsingar: veidumhrut@gmail.com

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Eignaskiptayfirlýsingar. Yfir 20 ára reynsla af gerð eignaskiptayfirlýsinga, skráningartaflna og ýmsum útreikningum er varða kostnaðarskiptingu fasteigna, t.d. vegna útleigu, framkvæmda o.fl. Pétur Hilmarsson, M.Sc. Löggiltur aðili í gerð eignaskiptayfirlýsinga. Sími 897-8776 og netfang petur.hilmarsson@gmail.com

**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**





**Með nýjum göngu- og hjólastíg flyst umferð gangandi og hjólandi fólks af umferðaþungum og hættulegum vegarkafla í Eyjafirði.**

## Hjólreiða- og göngustígur er á teikniborðinu hjá Svalbarðsstrandarhreppi:

# Umferð gangandi og hjólandi vex ár frá ári

**Nýr hjólreiða- og göngustígur er á teikniborðinu hjá Svalbarðsstrandarhreppi, en hann mun í framtíðinni tengjast stígakerfum Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar, ná frá bæjarmörkum við Akureyri, yfir Leirubrú og að Garðsvík þar sem hreppsmörk eru í norðri.**

Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri segir að þegar sé búið að vinna tillögur að legu stígsins eftir ströndinni. Hönnunargögn liggi fyrir en eftir sé að ákveða og fastsetja legu stígsins og fullhanna hann út frá því. Þá á eftir að endurskoða fjárhagsáætlanir og semja við landeigendur.

Vegagerðin hefur óskað eftir áfangaskiptingu verksins. Þeir verða þrír, einn liggur frá Leirubrú við Akureyri að Vaðlaheiðagöngum, annar frá göngunum og að Svalbarðseyri og sá þriðji liggur þaðan og að Garðsvík. Björg segir ekki ákveðið á hvaða áfanga verði byrjað en líkur á að nyrsti hlutinn frá Svalbarðseyri og að Garðsvík verði síðastur í röðinni.

### *Hjólandi umferð af þjóðveginum*

Björg segir þeim fjölga mjög sem hjóla sér til heilsubótar.

„Við sjáum kippinn sem kom í umferð gangandi og hjólandi fólks þegar stígurinn fram að Hrafnagili var tekin í notkun og allir íbúar á svæðinu geta nýtt sér til útivistar. Við verðum líka vör við vaxandi umferð hjólreiðamanna ár frá ári. Með göngu- og hjólastíg fáum við hjólandi umferð af erfiðum þjóðvegi og gefum gangandi vegfarendum tækifæri á að njóta náttúru og útivistar,“ segir hún. „Fyrst og fremst eru stígarnir gerðir fyrir heimamenn og íbúa í nágrannasveitarfélögum en nýtist augljóslega fyrir aðra gesti og ferðamenn.“

Stefnt er að því að ganga frá samningum við landeigendur og Vegagerð fyrir gerð fjárhagsáætlunar ársins 2022 og að hægt verði að hefja framkvæmdir á því ári. Björg segir að í millitíðinni hafi verið unnið að gönguleiðum innan Svalbarðseyrar, meðfram ströndinni og nú sé verið að vinna kort þar sem gestir geti séð hvar hentugt er að leggja bifreiðum, hvar sé að finna borð og bekki, hversu langar gönguleiðir séu og hvað markvert ber fyrir auga á leiðinni.

Fyrr í sumar samþykkti sveitarstjórn Hörgársveitar að hefja undirbúning að göngu- og hjólastíg frá Lónsbakka við sveitarfélagamörkin við Akureyri og að Þelamerkurskóla. Samþykktin var gerð í tilefni af 10 ára afmæli Hörgársveitar. Hjólreiðafólk getur því hlakkað til að bruna á góðum stíg frá Þelamörk og út að Garðsvík einn góðan veðurdag innan fárra ára. Þá má geta þess að sumarið 2018 var tekin í notkun 7,5 kílómetra langur göngu- og hjólastígur sem liggur meðfram Eyjafjarðarbraut vestari frá Hrafnagilshverfi að bæjarmörkum Akureyrar og er hann mjög mikið notaður. /MÞÞ

ARIENS
SNJÓBLÁSARAR



Classic 24E
Vélarstærð: 208cc
Vinnslubreidd: 61 cm
Vinnsluhæð: 53,3 cm
Blásturslengd: 12,2 m
Afkastageta: Allt að 52,3t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539920328
Verð: 269.000 kr. m/vsk



Deluxe 24 DLE
Vélarstærð: 254cc
Vinnslubreidd: 61 cm
Vinnsluhæð: 53,3 cm
Blásturslengd: 15,2 m
Afkastageta: Allt að 56,2t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539921323
Verð: 410.000 kr. m/vsk



Pro 28 DLE
Vélarstærð: 420cc
Vinnslubreidd: 71,1 cm
Vinnsluhæð: 59,7 cm
Blásturslengd: 18,3 m
Afkastageta: Allt að 71,6t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539926339
Verð: 595.000 kr. m/vsk

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is




http://HVELLUR.com
..í einum grænum
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Smiðjuvegur 30, 200 Kópavogur



EYJALIND
Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 – S. 587-6350





Buick Lesabre til sölu
Mjög góður bíll, vel með farinn. Árgerð 1/1988, ekinn 126.000 km. Bensínknúinn, 3.800 cc slagrými, 232 hestöfl, sjálfskiptur, cruise control, skráður 5 manna. Armpúði, litað gler, rafdrifnar rúður, tveggja svæða miðstöð, vökvastýri, samlæsingar, loftkæling, rafdrifnir hliðarspeglar, útvarp, gírskipting í stýri, rafdrifin framsæti, tauáklæði, veltistýri. Nýlega ryðvarinn.
Verð - tilboð. Á góðu verði í beinni sölu. Sími 893-7065

GORMUR.IS
öðruvísi gjafavara



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframlenginar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Glerðryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO BÍLARAFMAGN
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

Bændablaðið Næsta blað kemur út 17. desember




# Ný verðskrá Yara komin út!




Á heimasíðu www.yara.is má finna verð og upplýsingar um áburðinn

Verðin gilda frá 1. desember 2020 til 15. febrúar 2021

## Yara tryggir gæði og þekkingu

Hægt er að panta Yara einkorna áburð á www.yara.is eða í síma 575-6070

SS Síðan 1907